af konungi. þeir öfunduðu Hallfred ok þótti þeim hann hafa of mikinn gang af konungi. ok eitt kveld er þeir drukku slógu þeir í deilu mikla ok var konungr hjá ok bar konungr viðtal þeira í hag Óttari því at hann sá at hánú endiz eigi þrætan við Hallfred ok gekk brott 5 síðan. ok eptir þat sló í kappmæli með þeim, en svá lauk með þeim at Hallfredr hljóp upp ok hjó Óttar banahögg með exinni Hákonar naut. Kálfr þreif Hallfred ok menn með hánú ok settu í fjötur. en þat voru lög at þann mann skyldi drepa er mann vægi í konungs herbergi. 10 Síðan fundu þeir konung ok kváðu þá sýnaz hvat manna Hallfredr var ok sögðu hann bleðja mundu ætla hirðina ok rægðu hann nú sem mest máttu þeir til þess at konungr bað láta drepa hann um morgininn eptir. Kálfr varð við þetta glaðr ok um daginn eptir leiddu þeir hann 15 út ok til dráps. Hallfredr mælti 'hvar er konungr?' þeir svöruðu 'hvat mundi þik þat skipta? dæmðr ertu nú til 'dauda'. Þá mælti Hallfredr 'er sá dauðr er ek vann á?' þeir kváðu svá vera. Hallfredr mælti 'ef sá er nokkurr 'hær við staddr er ek hefir vel til gert þá launi þat svá 20 'at leiði mik þar í nánd sem konungr er ok vil ek þakka 'hervist mína'. Þá kom þat framm sem mælt er at hverr á sér vin með óvinum ok voru þeir þar at við þat kennduz at hann hafði vel til gört ok leiddu hann þar hjá er konungr var ok byskup, ok er Hallfredr kom gegnt þeim 25 þá mælti hann 'minniz þess herra er þér hétuð at segja 'mik yðr aldri afhendan ok verðit eigi heitrofa við mik ... 'sá annarr hlutr at þú ert guðfadir minn'. Sigurðr byskup mælti við konung 'lát hann njóta slíkra hluta'. 'Svá skal 'vera' segir konungr ok bað þá þegar leysa hann. Nú var 30 svá gert ok likaði Kálfi all-þungt. Nú var Hallfredr enn með hirðinni ok kom sér brátt vel, en þó var konungr

færi við hann en áðr ok bætti þó víg þetta fyrir hann. Þat var einn dag at Hallfreðr gekk fyrir konung ok féll til fóta hánum. Konungr sá at hann felldi tár ok spurði hvat hánum þótti svá mikít. Hann svaraði 'nærr fellr mér  
 5 'reiði þín ok henni vilda ek af mér koma'. Konungr sagði 'svá skal vera. þú skalt fara sendiför mína eptir jól ok 'skulu vit þá sáttir ef þú kemr ferðinni framm, eða hvárt 'áttu sverð þat er ek gaf þér?' 'Á ek víst herra ok aldri 'hefir þat komit í umgjörð'. Konungr mælti 'þat samir vel  
 10 'at vandræðaskáldit eigi vandræðagripinn, eða muntu kunna 'at nefna sverð í hverju vísuorði?' Hallfreðr sagði 'við 'man ek leita ef þér vilit, ok allt mun ek til vinna at 'koma af mér yðvarri reiði'. Konungr mælti 'kveð nú þá'. Hallfreðr kvað þá vísu:

15 "Eitt er sverð þat er sverða.

"sverð auðgan mik gerð.

"fírir suipniorðum sverða.

"sverð ott mun nu verða.

"muna vansverðat verða.

20 "verðr em ek þriggja sverða.

"iarðar mens at yrði

"vm giorð at þ' sverði".

Konungr þakkaði hánum ok kvað hánum mikla íþrótt í skáldskap sínum ok gaf hánum umgjörð mjög vandaða  
 25 'ok þó at svá beri til' sagði konungr 'at þik hendi þat 'viti at þú komir eigi under borð eða til kirkju þá skal 'þér framarr upp gefa en öðrum'. Hallfreðr þakkaði konungi. Eitt sinn var þat at konungr spurði hvar Hallfreðr veri. Kálfr sagði 'hann mun enn hafa vanda sinn at blóta  
 30 'á laun ok hefir hann líkneski þórs í pungi sínum af 'tönn gert ok ertu of mjög dulinn at hánum herra ok 'fær hann eigi sannreyndan'. Konungr bað Hallfreð þangat

kalla ok svara firir sik. Hallfreðr kemr þar. Konungr  
 mælti 'ertu sannr at því er þér er kennt at þú blótir?'  
 'Eigi er þat satt herra' sagði Hallfreðr 'skal nú rannsaka  
 'pung minn, hefi ek hér ekki undanbragð mátt hafa þó  
 'at ek vilda'. Nú fannz engi sá hlutr í hans valdi er til 5  
 þess veri. 'Þetta er dauðaróg' sagði Hallfreðr 'ok mun  
 'Kálfi at illu verða ef ek nái svá til hans, hann kom mér  
 'enn fyrri til dauða'. Konungr mælti 'eigi er ykk saman  
 'vært, ok skal Kálfr fara til búa sinna, en þú Hallfreðr  
 'skalt fara sendiför mína til Upplanda til Þorleifs hins spaka. 10  
 'hann vill eigi við kristni taka ok skaltu drepa hann eða  
 'blinda ella. (hann er dóttur son Þorleifs Hörða-Kára sonar).  
 'skal ek til leggja mína giptu ok haf menn svá marga  
 'sem þú vill'. Hallfreðr kvað ferðina órífliga 'en allt at  
 'einu skal fara sem þér vilit, en Jósteynn móðurbróðer 15  
 'yðvarr vil ek at fari með mér ok bekkjunautar mínir  
 'þeir sem ek kýs til svá at vér sém saman iij ok xx'.  
 'Ger sem þér likar' sagði konungr 'en sent hefi ek fyrri  
 'menn til Þorleifs ok hafa þeir engu til leiðar komit því  
 'er ek vilda at veri'. Síðan riðu þeir Hallfreðr brott frá 20  
 konungi ok til þess er þeir komu í skóg þann er skammt  
 var frá bé Þorleifs. Þá stigu þeir af hestum sínum í  
 rjóðri einu. Þá mælti Hallfreðr 'hér skulu þér biða mín  
 'til hinnar þriðju sólar, en fara þá aprt ef ek kem eigi  
 'hér'. Jósteynn bauð at fara með hánum. Hann vildi þat 25  
 eigi. Hallfreðr tók þá stafkarls gervi, hann lét leggja  
 lit í augu sér ok sneri um á sér hvörmunum ok gerði  
 mikla brýtni á yfirlitum sínum. langan bagga hafði hann  
 á baki ok var þar í sverð hans konungs naufr. hann gekk  
 nú at be Þorleifs ok at haugi þeim er hann sat á ok 30  
 var þat snemma dags. Þorleifr heilsaði hánum ok spurði  
 hverr hann veri. 'Ek er fátæk maðr einn' sagði hann  
 'kom ek til konungs ok vildi hann mik til trúar brjóta,  
 'en ek hljóp á brott leyniliga ok drap ek áðr einn kon-  
 'ungs mann, nú vilda ek biðja þik nokkurrar ásja'. Þor-

leifr svaraði fá um þat, en spyr hann margs um lönd eða hafnir. Hann leysti ór öllu fróðliga. Þorleifr mælti 'var nokkurr sá maðr með konungi er Hallfreðr heitir?' Hann svaraði 'heyrða ek hans getið ok sjaldan at göðu'.

5 Þorleifr mælti 'sá maðr dreymir mik jafnan, en þó er þat ómerkiligt, en koma munu konungs menn hingat brátt, 'en hann Hallfreðr er svá manna at ek skil sízt hvat 'manna at er at frásögn manna, ok horfinheilla er mér 'hvat sem eptir kemr'. Þá grunar Þorleif hverr maðrinn

10 var ok vildi upp standa, en Hallfreðr þreif til hans ok rak hann under sik er hann var miklu sterkari. Þeir ultu ofan firir hauginn ok varð Hallfreðr efri. hann setti hæl á augat Þorleifs ok hleypti ór hánum auganu. Þorleifr mælti þá 'konungs gipta fylgir þér, en við þik hefi ek

15 'lengi áhugafullr verit, en nú er þat framm komit, en 'veit ek at þú gerir konungs boðskap at blinda mik eða 'drepa, en nú vil ek biðja þik at þú gefir mér annat auga, 'en ek vil gefa þér knif ok belti (ok er hvártveggja góðr 'gripr) ok koma þér þó at liði ef svá berr til ok ertu

20 'ekki ólíkligr at þurfa þess við'. Hallfreðr kvaz eigi vilja svá brjóta konungs boðskap at þiggja af hánum góðgripi til þess, kvaz heldr vilja taka þat á sik at gefa hánum annat augat. Þorleifr þakkaði hánum ok skildu þeir at því. ferr Hallfreðr til sinna manna ok varð þar

25 fagnafundr. Þorleifr gekk heim til bæjar ok sagði engum manni áverkann fyrr en þeir voru langt á brottu. Þeir Hallfreðr riðu leið sína þar til er þeir komu til Kálfs um farinn veg. Þá mælti Hallfreðr 'drepa skal þenna enn illa 'mann'. Jósteinn mælti 'ger eigi þat, blöndum eigi giptu

30 'við úgiptu'. Hallfreðr svaraði 'eigi hefir hér at högum 'verit til skipt: góðr dreingr er meiddr, en mannfýlan lifir' ok þreif hann höndum ok stakk ór hánum augat. Kálfr



varð hryggr við. Hallfreðr mælti 'nú sýnir þú enn grey-  
 'skapinn'. Síðan fóru þeir brott ok komu til konungs ok  
 sat hann at tafli. Þeir kvöddu hann. Konungr spurði tíð-  
 enda. Hallfreðr sagði alla sögu konungi. Konungr mælti  
 'vel hefir þú gert ok sýn mér augat'. Síðan tók Hallfreðr 5  
 augat Kálfs. Konungr mælti 'hvar fekktu slíkt auga?'  
 'Þetta er Þorleifs auga'. 'Nei' sagði konungr 'fleira  
 'muntu unnit hafa en ek bauð þér'. Síðan sýndi hann  
 auga Þorleifs. Þá mælti konungr 'þetta er hans auga  
 'ok er enn ekki betr en hálfgerð'. Hallfreðr mælti 'nú 10  
 'galt ek Kálfi er hann stangaði mik spjóts-oddinum þá er  
 'hann leiddi mik til bana' ok segir nú allt sem farit hafði.  
 Konungr mælti 'viltu nú fara til Þorleifs öðru sinni?'  
 Hallfreðr sagði 'eigi vil ek þangat fara, en fara vil ek  
 'til Kálfs ok stinga ór hánunum annat augat'. Konungr kvað 15  
 þar standa skyldu. tók Hallfreðr þá sendir með konungi.

7. Af Hallfreði. Capitulum. Þat var eitt sinni er  
 Hallfreðr var firir konungi at hann mælti 'leyfi vilda ek  
 'hafa í sumar at sigla austr til Eyrar, kaupferð'. Konungr  
 sagði 'eigi skal þat banna þér, en svá segir mér hugr 20  
 'um at eigi sé þér óannara aptr til mín en þér er í brott  
 'ok mart mun yfir þik líða'. Hallfreðr sagði 'til þess verðr  
 'nú at hætta'. Síðan fór Hallfreðr á brott. hann spurði  
 at Sigvaldi jarl var höfðingi mikill. Hallfreðr kemr á  
 fund hans ok kvez hafa ort kveði um hann. Jarl spyrr 25  
 'hverr ertu?' Hann segir. 'Ertu skáld Óláfs konungs?'  
 'Svá er' sagði Hallfreðr 'ok vilda ek hljóð fá'. Jarl mælti  
 'hví mun raðr þat eigi vel sama er Óláfi konungi líkar  
 'vel?' Hallfreðr kvað kveðit ok var þat flokkur. Jarl þakk-  
 aði hánunum kveðit ok gaf hánunum gullhring þann er vá 30  
 hálfu mörk ok bauð hánunum þar at vera með sér. Hallfreðr  
 þakkaði hánunum boð 'en til Svíþjóðar skal nú fyst fara'.

Jarl bað hann ráða. Þat sama haust fór hann í Vik austr ok brutu þar skipit austan fjarðar ok týndu miklu fè. Þaðan fór Hallfreðr til Konungahellu ok dvaldiz þar um hrið. ok einn dag er Hallfreðr gekk úti at kaupstefnu þá  
 5 gekk maðr í móti hánun. Þeir kvödduz ok spurði Hallfreðr hverr hann veri. Hann kvaz Auðgísl heita ok kominn vestan af Englandi 'ok skortir mik eigi fè, eða er þetta 'Hallfreðr vandræðaskáld?' Hann kvað svá vera. 'Ek hefi 'frétt' kvað Auðgísl 'at þú hefir hitt í fjártjón, eða viltu  
 10 'slá kaupi við mik at fara austr til Gautlands með mér 'til vetrvistar, 'en ek skal gefa þér x merkr silfrs til 'fylgdar, því at mér er sagt at þín fylgd sè fè kaupandi'. Hallfreðr kvaz þat vilja. Vegrinn var óhreinn ok hurfu margir apr. Þeir Hallfreðr höfðu v klyfja hesta ok einn  
 15 at riða. fóru nú austr á markernar, ok einn dag sá þeir at maðr fór móti þeim. Þeir spurðu hverr hann veri. Hann kvaz Önundr heita. hann var mikill vexti ok kvaz vildu fara með þeim ef þeir gæfi hánun leigu nokkura 'ero mér hér vegir allir kunnigir'. Auðgísl kvaz lítið  
 20 um hann, lèz eigi vita hverr þegn hann veri. Hallfreðr var eggjandi at við hánun veri tekit ok þat varð ok skyldi hann hafa xij aura silfrs. Hallfreðr var þá sem gildastr, en Auðgísl var við aldr. Nú fóru þeir sem leið lá. Önundr fór firir um daginn ok komu at sæluhúsi um  
 25 kveldit. Þá mælti Hallfreðr 'nú munu vèr eiga þrenn 'verk, ok skaltu Önundr víða heim (þú hefir exi mikla), 'Auðgísl skal eld gera, en ek skal vatn sékja'. Þá mælti Önundr 'þat er þá bezt at víða ótæpiliga til húss, því at 'margir þurfa eldiviðinn þeir er hér koma'. Hallfreðr  
 30 kvað þat vel sagt. Þá mælti Auðgísl 'fúsari vera ek at 'taka vatnit, en þú gerðir eld Hallfreðr'. 'Látum þá svá 'vera' sagði hann. Síðan kveykti hann eldinn, en Önundr fór "m; býrði" ok gerði þat hverr er boðit var. Hallfreði þótti þeim seint verða. hann grúfði at eldinum ok hafði kastat belti sínu á háls sèr ok var þar knifr mikill er

mönnum var þá tíðt at hafa ok var knífrinn á bak hánum. Nú kemr Önundr inn með byrði. hann hleypr þegar at hánum Hallfreði ok hjó til hans tveim höndum með exinni ok kom í tygilknífinn, en Hallfreðr greip til fóta hánum ok hêt á guð ok mælti 'dugi þú mér Hvítakistr ef þú 5 'ert svá máttugr sem Óláfr konungr segir lát eigi þenna 'mann stíga yfir mik'. síðan réttiz Hallfreðr upp undir hánum með fulltingi guðs ok giptu Óláfs konungs. tók hann þá Önundr upp ok rak niðr svá mikit fall at hann var í óviti ok hraut exin ór hendi hánum. Hallfreðr hafði 10 sax eitt lítið ok brá því ok þá vitkaðiz Önundr. Hallfreðr spyrr 'hefir þú drepit Auðgísl?' Hann kvað svá vera. þá lagði Hallfreðr saxinu í gegnum hann ok dró hann út ór skálanum en byrgði síðan fast, ok um nóttina bran Önundr á hurðina en Hallfreðr stóð við innan ok 15 gekk því til dags. Um morgininn fann Hallfreðr Auðgísl dauðan við lækinn ok tók af hánum kníf ok belti ok hafði með sér. hann bjó um Auðgísl eptir síðvenju. sá hann nú at Önundr mundi verit hafa illvirkinn ok drepit menn til fjár sér ok þat hús var auðigt at fè ok varningi. Hall- 20 freðr kvað þá visu:

Ól ek, þar er aldri véla

auðgildanda vildag,

hyrjar njót á hvítu

hrafnvíns á fè mínu. 25

vann ek til góðs við grenni

gunnmáss sem ek kunna,

en fúrskerðer færði

fjörtál at mér hjörva.

Síðan reið hann austr á fjallit ok hitti illar leiðir. 30

8. Fjör ráð við Hallfreð. At kveldi eins dags heyrði hann við felldan ok reið þagat eptir. þá varð rjóðr firir

hánum ok var þar maðr ok hjó við. hann var búandligr ok rauðskeggjaðr skolbrúnn ok heldr illmannligr. sjá maðr heilsar hánum. Hallfreðr spyr hvær hann veri. Hann kvaz Björn heita 'ok far með mér til gistingar'. Hann  
 5 þiggr þat. Björn var allbeinn við hann. Bóndi lá í lok-hvilu, en Hallfreðr í annarri. Hann grunar Björn ok stóð upp undir tjaldit með brugðit konungs naut ok í því lagði Björn í rúmit en Hallfreðr hjó hann banahögg. Húspreyja bað menn upp standa ok taka þenna glæpamann.  
 10 Menn báru klæði á vápn Hallfreðar ok var hann handtekinn ok bundinn. Síðan voru send orð þeim manni er Ubbi hét. hann átti sér bróður er Þórir hét. hann var þar höfðingi. hann átti dóttur er Ingibjörg hét. hana hafði átt Auðgísl ok var hinn mesti kvenskörungr. Nú koma  
 15 menn til fundar þessa at dæma Hallfreð, þar kom Þórir ok Ubbi ok Ingibjörg, ok kom þat ásamt með þeim at hafa Hallfreð til blóta. Hann gekk at Ingibjörgu ok kvaddi hana ok kvaz hafa þar gripi er Auðgísl hafði sendt henni. Hón sagði 'kenni ek gripina'. Hann sagði henni alla söguna  
 20 ok kvað hann vísu:

"Svá hefk hermíla harmí.

"hugballdr í gný skiallda.

"baugs erum suípr at sueigi.

"sár línz rekit mínna.

25 "en lofnugginn liggja.

"let ek balldr roðins skialldar.

"ekkk hefnda sua ockar.

"auðgísl hia dauðan".

Ingibjörg spurði vandliga at um atburði.

30 "Ekk bar elldaskrauckuis.

"aulnaskeiðs af reiði.

"lagða ek hendr at hundi.

"hundz glæuara mundar.

“stendr ei sa sendr.

“siðan hlackar skiða.

“bál rauð ek ýggjar iela.

“iels við þioða velum.”

Ingibjörg mælti ‘sè ek at þú munt með sönnu fara ok 5  
 ‘skaltu fara heim með mér’. fór Hallfredr heim með  
 henni ok var þá stirðr af böndum ok lét hón næra hann.  
 Þau þórir ok Ingibjörg sendu menn á fjallit ok fundu  
 þar þau merki öll er Hallfredr hafði sagt. var þat allmikit  
 fè er þaðan var flutt. var þat allra samþykki landsmanna 10  
 at Hallfredr tæki fè þat er Önundr hafði átt ok héldu  
 þeir mikit tal af hánum. Hallfredr lagði hug á Ingibjörg  
 ok bað hennar. Hón svaraði ‘eigi mun þá vel firir öllu  
 ‘sèt er þú ert kristinn ok hér útlendr, en þú skalt finna  
 ‘föður minn ef þú vill’. Hann gerir svá ok tjár þetta 15  
 firir þóri ok verða þeir vel á sáttir. gekk svá til at Hall-  
 fredr fekk Ingibjargar ok unni mikit. þar stóð saman auðr  
 mikill ok hafði Hallfredr þar virðingar miklar. þat hafði  
 hann helz til trúar at hann blés í kross yfir drykk sínum  
 áðr hann drakk, en fátt söng hann. Eitt sinn talaði hann 20  
 firir Ingibjörgu ‘ek ætla mér at fara á fund Óláfs Sviakon-  
 ‘ungs ok færa hánum kveði er ek hefir ort um hann’. Hón  
 kvaz ætla at hann mundi heyra vilja lofit.

9. Capitulum. þat sumar fór Hallfredr til Sviþjóðar  
 ok kom á fund konungs ok kvaddi hann. Konungr spyr 25  
 hverr hann veri. Hann segir til sín. Konungr mælti  
 ‘viða ertu nefndr ok skáld göfugra manna’. ‘Kveði hefi  
 ‘ek ort um yðr ok vilda ek hljóð fá’. Konungr jätti því.  
 Siðan flutti hann kveðit. Konungr bauð hánum með sér  
 at vera ok gaf hánum góðar gjafir. Hallfredr kvaz eiga 30  
 bú ok konu í hans skattlandi ‘ok vil ek þangat vitja’.  
 Konungr bað hann vel fara. Hallfredr kom aprt til konu



sinnar. Þar var hann ið vetr. ok á hinum þriðja vetri var þat eina nótt at hánum þótti Óláfr konungr koma til sín ok var reiðuligr ok kvað hann mjög kasta kristni sinni 'far á fund minn ok lið þitt'. Hallfreðr andvarpaði mjög  
 5 er hann vaknaði. Ingibjörg spyr hvat hann hefði dreymt. Haun segir henni 'eða hversu mun þér um gefit? viltu 'nokkut fara með mér? á ek þér mikit gott at launa ok 'þá fenga ek þér helzt ömbunat ef þú tekir við trú'. Hón sagði 'þess er ván at þik muni þangat lánga ok skil ek  
 10 'at sá mun vera siðr miklu betri ok mun ek með þér 'fara'. Auðgísl hét son þeira ok var hann þá tvævetr. Þau fara á fund Óláfs konungs ok tók hann vel við Hallfreði ok ávitaði hann þó mjög ok bað prest skripta hánum. Ingibjörg fæddi þá sveinbarn ok hét sá sveinn Hallfreðr  
 15 ok gaf faðer hans hánum nafn sitt. var þá Ingibjörg skírð ok synir hennar báðer. Óláfr konungr mælti þá við Hallfreð 'nú skaltu bæta yfir við guð er þú hefir lengi 'verit með heidnum mönnum ok gengit mjög trúnni.' Hann kvað þat gjarna vilja ok orti uppreistardrápu, gott kveði.  
 20 Þann vetr andaðiz Ingibjörg ok þótti Hallfreði þat allmikill skaði. Um várit sagði hann konungi at hann lysti at sjá Ísland. Konungr sagði at þat skyldi sem hann vildi 'hefi ek þik reynt at góðum dreing, en koma mun 'þar at þú munder heldr vilja með mér vera at því skap-  
 25 'lyndi sem þú hefir. en þessa gripi skaltu þiggja af mér: 'pellsskikkju hring ok hjálm, því at óvist er um fundi 'okkra. lóga eigi gripunum' segir konungr 'því at með 'þér skulu til kirkju fara, en í kistu leggja hjá þér ef þú 'andaz í hafi'. hringrinn stóð ið aura. Hallfreði þótti  
 30 mikit firir skilnaði við konung. Auðgísl son Hallfreðar fór austr til þórisss móðurföður síns. Hallfreði syni sínum fekk hann fóstr gott. Hallfreðr lét í haf. hann kom skipi

sínu í Kolbeinsárós eptir þing. hann mælti til skipara sinna ‘ferð liggr fyrir mér suðr um heiði at finna föður ‘minu ok skulu vèr riða xij saman’. Nú var skip upp sett, en þeir riða á brott xij saman ok sneru vestr til Langadals. Þeir voru aller í litklæðum ok stefndu til selja Gríss. 5 Kolfinna var þar ok konur nokkurar hjá henni. Þar voru fleiri sel ok stóðu selin í Laxárdal milli Langadals ok Skagafjarðar. Saudamaðr Kolfinnu sagði at xij menn riðu at selinu ok voru aller í litklæðum. Hón sagði ‘þeir ‘munu eigi kunna leiðina’. Hann sagði ‘kunnlíga riða þó’. 10 Nú koma þeir til seljanna. Kolfinna fagnar vel Hallfredi ok frétti tíðenda. Hann sagði ‘tíðendi ero fá, en í tómi ‘munu sögð vera ok vilju vèr hèr í nótt vera’. Hón svaraði ‘þat vilda ek at þú riðir til vetrhúsa ok mun ek ‘fá þèr leiðsögumann’. Hann kvaz þar vera vilja. ‘Gefa 15 ‘munu vèr yðr mat’ sagði hón ‘ef þèr vilit þetta eitt’. Nú stíga þeir af hestum sínum ok um kveldit er þeir voru mettir sagði Hallfredr ‘þat ætla ek mér at liggja ‘hjá Kolfinnu, en ek lofa félugum mínum at breyta sem ‘þeir vilja’. Þar voru fleiri sel ok er svá sagt at hverr 20 þeira fengi sér konu um nóttina. En er þau komu í sæng Hallfredr ok Kolfinna spyr hann hversu mart veri um ástir þeira Gríss. Hón kvað vel vera. Hallfredr sagði ‘vera má at svá sè, en annat þíki mér finnaz á ‘vísu þeim, er þú hefir kveðit til Gríss’. Hón kvaz 25 engar kveðit hafa. Hann sagði ‘ek hefi litla stund hèr ‘verit ok hefi ek heyrt vísurnar’. ‘Lát mik heyra’ sagði Kolfinna ‘hverninn verki sá er at mér er kenndr’.

“Leggr at lýsibrecku.

“Leggiar is af grísi.

“kuol þólr hlín hia hanum.

“heitr ofremdar sueti.

30

en dreypilig drúpir  
 dýnu rán hjá hánun  
 (leifi ek ljósra vífa  
 lund) sem ált á sunði.

5 'Ekki er slíkt bót annars ok níkit unðr at hraustr maðr  
 'vill slíkt gera'. Hallfredr sagði 'enn hefi ek heyrð aðra':

þrammar, svá sem svimmi  
 silafullr, til hvílu  
 fúrskerðandi fjarðar,  
 10 fúlmárr á tröð báru,  
 áðr en orba stríðir  
 ófriðr þorir skríða  
 (hann era hlaðs við gunni  
 hvíluþráðr) unð váðer.

15 Kolfinna sagði 'ekki mun Gríss yrkja um þik ok semði  
 'þer betr at óvingaz eigi svá við hann því at eigi veit  
 'hvar manni mætir'. Hallfredr kvað vísu:

"Lit mun halr enn hvíti.  
 "híalm grandr firir þur skalm.  
 20 "hann muna aura. eyrar.  
 "an ok strutr enn graní.  
 "þott orþægir eigi.  
 "ófriðr stavðul víðan.  
 "hírdandi nýtr híarðar  
 25 "híorfangs ok kui langá".

Kolfinna styggðiz þá við. Hallfredr kvað vísu:

"Kolfinna lez kenna.  
 "kueð ek vm hlut þenna.  
 "huat queða vitru vífi.  
 30 "vallda fvíllt af skállði.  
 "enn af vngum suanna.  
 "auðhnýkkíanda þýkkir.

“oð em ek giarn at giarn at greiða  
“ganga dýrligr angi.”

Smalamaðr reið brott um nóttina ok sagði Grís hvat komit var, en hann reið heiman við xx menn. Snemma um morgininn búaz þeir Hallfreðr ok áðr hann steig á hest 5 kvað hann vísu:

“Litt hirða ek lautar.

“lundr hefir hett til sprunda.

“viggs þótt verða hogginn.

“vað ihondum suara. 10

“ef ek næða síf slæðu.

“soma karms meðal arma.

“malkað ek lioss um liosa.

“lind oftrega bindaz”.

Síðan hljóp hann á bak ok brosti. Kolfinna mælti ‘hví 15 ‘brosir þú nú?’ Hann kvað vísu:

“Vetkað ek hitt huat verða.

“ver gloðar skal troða.

“rennu ást til vnnar.

“vnnar dags a munni. 20

“ef fiolgegnir fregna.

“fagnendr iotuns sagna.

“flo ek af galltar grísi.

“geit belg huat mik teitir.

Hallfreðr vildi gefa Kolfinnu skikkjuna konungs naut, en 25 hún vildi eigi þiggja, ok áðr þeir riðu brott kvað Hallfreðr vísu:

Heim koma hirðinaumur

(hams er góðr á fljóðum)

sævar báls frá seljum 30

sléttfjallaðar allar.

nú sel ek af, þótt ýfiz  
 ölbekkar syn nakkvat,  
 (hverr taki seggr við svarra  
 sínum) ábyrgð mína.

5 Eptir þat ríða þeir á brott.

10. Af Hallfreði ok Grís. Nú kemr Gríss til seljanna.

Kolfinnu var skapþungt. Gríss sá þat. hann kvað vísu:

Nú þíkkir mér nokkurr  
 námskorð vera orðinn  
 10 "lit ek á sumt vm suetir"  
 sveimr meðan ek var heiman.  
 hér hafa gestir görva  
 (gengr út kona þrútin)  
 [þerrir sjáligr svarri]  
 15 slaug þungliga [augu].

þar var með Grísi Einarr son Þóris Þrándar sonar. Gríss vill eptir ríða, en Kolfinna latti ok kvað eigi víst hvárt hans hlutr batnaði við. Gríss vill þó eptir ríða. þeir ríðu framm hjá Auðólfssstöðum til Blöndu. þá voru þeir

20 Hallfreðr komnir á miðja ána. þá skaut Gríss spjóti til Hallfreðar, en hann tók á lopti ok skaut aptr til Gríss, en Einarr brá við exi. spjótið kom firir brjóst Einari ok fekk hann bana. Gríss kvað Hallfreð renna. Hann kvaz eigi mundu fara lengra en af ánni ok bað þá at sækja,

25 en Gríss reið eigi at. þá lögðu menn þat til at Hallfreðr skyldi bétu Grísi firir ósóma þann allan er hann hafði gert hánum. Hallfreðr spyr hvers hann beiddiz. Gríss svaraði 'því munda ek una ef ek hefða hringa báða jarls 'naut ok konungs naut'. Hallfreðr sagði 'fyrr mun annat

30 'at beraz' ok skildu við þat. Hallfreðr reið suðr til bróður síns, en þá var fader hans andaðr, ok var þar um vetrinn. ok um várít er hann fór norðr þá rak á firir þeim hrið.

2 nakkvat < nekkvat. 11 heiman < heima. 12 görva >  
 gerua. 24 ánni = áam.

Hallfreðr kvað þat vera gjörningaveðr. Þeir riðu ofan eptir Vazdal þar til at firir þeim varð einn garðr ok spruttu þar upp xx menn. Þar var kominn Márr af Mársstöðum. hann hleypr firir Hallfreð, en Hallfreðr höggv þegar til hans, en Márr brá firir blóttrugli ok varð hann 5 ekki sárr. Hallfreðr reið þá ór garðshliðinu. Márr kallaði 'sækjum at þeim'. Hallfreðr kvað vísu:

“Míog tegaz sueimasockuir.

“snót verð ek þegns firir hotum.

“ver munum dag huern dýrra. 10

“dulrækinn mík mík sækia

“hellr mun hælí baldrí.

“hrævinz firir því minna.

“van erumz slik atsléikia.

“sinn blottrýgil inān”. 15

skildu þeir við svábúit. Húnröðr hét maðr er bjó at Móbergi. Gríss var þingmaðr hans. Þorkell krafla bjó þá at Hofi, en Ingólfr var dauðr. Þenna vetr orti Hallfreðr vísur um Grís. ok er Gríss frá þat fór hann til móts við Húnröð ok bað hann ráðagerðar 'því at Hallfreðr herðir 20 'at eins fjandskap við mík'. Húnröðr sagði 'þess fýsi ek 'þik at þú búir mál til ok stefnir Hallfreði til Húnavazþings'. Gríss gerði svá, reið suðr um várit til Hreðuvatn því at þeir Galti ok Hallfreðr bjuggu þar þá. Gríss stefndi Hallfreði um víg Einars til Húnavatnþings. ok er þeir voru 25 brottu mælti Galti við Hallfreð 'hver er tilætlan þín um 'mál þetta?' Hann svaraði 'ek ætla at sækja traust þorkels mágs mins'. Þeir riðu sunnan um várit ok voru saman xxx. þeir gistu at Hofi. Hallfreðr spurði þorkel hvert traust hann skyldi þar eiga. Þorkell kvaz mundu 30 veita at málum ef boðin veri nokkur semd. Nú koma menn til þings ok á þinginu gingu þeir Hallfreðr ok Galti til búðar þorkels ok frétu hvar koma skyldi. Hann sagði 'ek mun bjóðaz til gerðar ef þér vilit þat hvárir-



‘tveggju ok mun ek þá leita um sættir’. ganga þeir nú út ór búðinni, en Brandr Ávalds son bróðir Kolfinnu lá á búðarveggnum. hann hjó Galta banahögg í því er hann gekk út. Hallfredr sagði Þorkatli vígit. Þorkell gekk  
 5 með hánum til búðar Gríss ok bað hann framm selja manninn ‘ella munu vér brjóta upp búðina’. Þá hljóp Hildir móðir Brands í dyrrnar ok spyr hvat Þorkell vildi. Hann segir eyrindit. Hildir mælti ‘eigi mundi þér þat í ‘hug at drepa son minn þá er ek skaut þér undan skikkju-  
 10 ‘skauti mínu ok firrða þik bana eptir víg Glæðiss þá er ‘þeir Þorgils ok Þorvaldr vildu drepa þik’. Þorkell mælti ‘líðit er nú þat, gangi konur út ór búðinni ok viljum vér ‘leita mannsins’. Brandr var faldinn ok komz hann svá út ok hittiz hann eigi. Þorkell kvað hann farinn mundu  
 15 til búðar Húnröðar. Hallfredr mælti þá ‘grunr er mér nú ‘á um líðveizluna ok býð ek nú Grísi hólmgöngu’. Gríss kvað hann þat boðit hafa “fyr”. Þá kvað Hallfredr vísu:

“Þa mun reyndr at radnu.

“róghnýckiandinn þickia.

20 “míns at malma sennu.

“minn hugr við kolfinnu.

“ef sua at órr a eyri.

“vppsatrs boði mata.

“vel hýggjum þat viggjar.

25 “visar mer at grísi”.

Gríss hafði í hendi sverðit þat er Garzkonungr hafði gefit hánum. Hallfredr sá einn dag hvar Kolfinna gekk. hann kvað vísu:

“þicki mer er ek þeckí.

30 “þunn isunga gunni.

“sem fleý brautar floti.

“fleý meðal tueggia eýia.

“en þa er ser a sagu

“saums í kuenna flaumi.

“sem skrautbun skriði.

“skeið með gýlldum reiða”.

Þat var um nóttina áðr þeir skyldu berjaz at Hallfreðr svaf í sæng sinni. hánum þótti Óláfr konungr koma at sér ok þóttiz hann verða feginn ok þó hræddr. konungr 5 mælti ‘svefnis er þér, en þó mun þér sem þú vakir. þú ‘ætlaz ógott ráð firir at berjaz við Grís við ill málaefni, ‘en hann hefir svá firir mælt ok beðit guð at sá ykkarr ‘skyldi sigr fá er betri málaefni hefði. haf ráð mitt. tak ‘með þökkum at engi hólmganga verði ok bæt fè. en á 10 ‘morgin er þú ert klæddr gakk út á holt þat er hjá þing- ‘staðnum er þar sem götur mæta. menn muntu sjá riða ok ‘haf við þá tal ok kann vera at þér þikki þá annat meira ‘vert en hólmganga Gríss ok hirð eigi þótt hánum þikki ‘sem þú hræðiz’. Hallfreðr vaknar ok íhugar hvat firir 15 hann hefir borit ok segir þeim manni er hjá hánum var. Sá svaraði ‘hræðiz þú nú grísinn, ok veri betra at hafa ‘tekit fyrr gott ráð þá er hann mælti vel til, en nú mun ‘virðt af óvinum þínum sem þú þorir eigi at berjaz’. Hallfreðr mælti ‘virði þat hverr sem vill. hafa skal ek 20 ‘ráð Óláfs konungs, þau munu mér bazt gefaz’. Um morg- ininn gekk hann út á holtið ok sá menn riða í litklæðum at sér. Hann spurði þá tíðenda, en þeir sögðu fall Óláfs konungs. Hallfreði varð svá við sem hann veri steini lostinn ok gekk þegar heim til búðar með miklum harni 25 ok lagðiz þegar niðr í rúm sitt. Þá mæltu Gríss menn at hánum yrði lítilmannliga. Gríss svaraði ‘þat er ekki ‘á þá leið. minna sóma hafða ek af Garzkonungi ok þóttu ‘mér þau mest tíðendi er ek missta höfðingja míns — ‘er heit lánardrottins ást, ok er gott er ek skal eigi 30

3 þeir > þeir þeir.

12 sem > se.

24 Hallfreði

↳ Hallfreðr.

‘berjaz við konungsgiptuna, vil ek enn at Þorkell dæmi  
 ‘sem ætlat var’. Þorkell mælti ‘ek mun nú taka máli fyrir  
 ‘Hallfred ok sætta ykk’. Þessu jätti Hallfredr. Þat er gerð  
 ‘min’ sagði Þorkell ‘at víg Einars komi fyrir víg Galta ok  
 5 þar með heimsókn við Kolfinnu fyrir manna mun. en  
 ‘fyrir Grissvísur skal Hallfredr gefa Grísi grip einn góðan’.  
 Þá kvað Hallfredr vísu:

“Avðs hef ek illrar tíðar.

“alldreingiliga fingit.

10 “mik hefir gæddan gulli.

“gramr ok jarl ok framdan.

“ef glapskýldir gjallda

“gjalfrteigs ok hefeg eigi.

“maurk fyrir minztan verka.

15 “matuisum skal ek grísi”.

Þorkell bað hann hætta verkanum ‘ok lát framm grip  
 ‘nokkurn þótt eigi sé af konungs nautum’. Þá lét Hallfredr  
 framm hringinn Sigvalda naut ok skildu at því.

11. Af Hallfredi. capitulum. Síðan fór Hallfredr  
 20 suðr um heiði ok fekk búit í hendr Valgerði systur sinni,  
 en hann fór utan í Kolbeinsárósi ok kom við Orkneyjar.  
 Þaðan fór hann til Noregs ok kom á Sognsæ um vetr-  
 náttu skeið ok spurði þá at um fall Óláfs konungs. Hann  
 orti þá Óláfsdrápu ok er þetta stef í:

25 “Nu ero oll vm orðin.

“auð lond at gram dauðan.

“allr lemr friðr af falli.

“flugstýgs sonar tryggua”.

Hánum þótti svá mikit um fall Óláfs konungs at hann undi  
 30 engu ok ætlaði suðr til Danmerkr eða austr til Svíþjóðar.  
 Þeir lögðu í einn leynivág. Þat spurði Hallfredr at Eiríkr  
 jarl var þaðan eigi langt á brott á land upp. Þat gerði

hann sèr í hug at drepa jarl þótt þegar veri hann drepinn. ok um nóttina dreymdi hann at Óláfr konungr kemi at hánum ok mælti 'þetta er ónýtt ráð er þú ætlaz firir, 'yrk heldr drápu um jarl'. Um morgininn eptir gekk Hallfredr á bé þann er Eiríkr jarl var ok at stofu þeiri 5 er jarl drakk inni. Hallfredr var kenndr. hann var tekinn ok færðr jarli. Jarl vildi láta drepa hann firir þat er hann meiddi Þorleifr spaka ok bað fjötra hann. en er fjöturrinn var borinn at hánum þá þreif hann til ok hnykkti af þeim er á hann skyldi leggja ok laust í höfuðit svá at 10 sá hafði þegar bana. Jarl bað þegar drepa hann at hann gerði eigi fleira illt. Gamall maðr reis upp utar á bekkinn ok gekk firir jarl ok bað hann gefa Hallfredi líf, ok var þat Þorleifr enn spaki. Þá mælti jarl 'þat er ok 'ómakligaz at þú biðir hánum gríða, eða mantu eigi at 15 'hann meiddi þik?' Þorleifr svaraði 'þat vil ek herra at 'Hallfredr hafi gríð'. Jarl kvað svá vera skyldu sem hann vildi. Þorleifr tók Hallfred í sveit sína. hann mælti við Hallfred 'viltu at ek dæmia með jarli ok þér?' Hallfredr kvaz þat gjarna vilja. 'þá skaltu yrkja kveði um jarl ok 20 'haf gert innan þriggja náltá'. Ok er iij nætr voru líðnar þá færði Hallfredr kveðit, ok er þetta upphaf á:

“berr er hroðr at heýra.

“hialldr auðr vm þik gervan”.

Jarl launaði hánum vel kveðit 'en ekki vil ek þik með 25 'mér hafa sakir Óláfs Tryggva sonar'. Þorleifr bauð Hallfredi til sín, ok þangat fór hann. Þorleifr reyndiz hánum hinn bezti dreingr. Ok at sumri fór Hallfredr út til Íslands ok kom skipi sínu í Leyruvág firir sunnan land. Þá bjó Önundr at Mosfelli. Hallfredr átti at gjalda 30 hálfá mörk silfrs húskarli Önundar ok svaraði heldr harðliga. kom húskarlinn heim ok sagði sín vandræði. Hrafn

kvað slíks ván at hann mundi lægra hlut bera í þeira skiptum. ok um morguninn eptir reið Hrafn til skips ok ætlaði at höggva streingina ok stöðva brotferð þeira Hallfredar. Síðan áttu menn hlut í at sætta þá, ok var goldit  
 5 hálfu meira en húskafl átti, ok skildu at því. Annat sumar eptir áttu þeir Hallfreðr ok Gunnlaugr ormsunga ferð saman ok komu á Melrakkasléttu. þá hafði Hrafn fengit Helgu. Hallfreðr sagði Gunnlaugi hversu hánúms hafði vegnat við Hrafn. Hallfreðr var leingstum í ferðum  
 10 ok undi sér engu eptir fall Óláfs konungs. hann fór til Svíþjóðar at vitja Auðgils sonar síns ok fjár síns. hann ætlaði þar at festaz. þá var Hallfreðr nærr fertugum manni er hann ætlaði til Íslands at sækja fè sitt. Hallfreðr son hans var þá með hánúms. þeir höfðu útivist  
 15 harða. Hallfreðr jós at sínum hlut ok var þó sjúkr mjög. ok einn dag er hann gekk frá austrí settiz hann niðr á ásinns ok í því laust áfall hann niðr í skipit ok ásinns ofan á hann. þá mælti þorvaldr 'er þer bróðir erbitt við  
 'orðit?' Hann kvað vísu:

- 20 "Hnauð við hjarta ok síðu.  
 "hreggblasnum mer así.  
 "sua hefir ýðr at oðru.  
 "afall tekít varla.  
 "meit hnauð minum knerrí.  
 25 "míog er ek vatr of latinn.  
 "muna vrbægin eira.  
 "alldan sínu skalldí".

þeir þóttuz sjá sótt á hánúms ok leiddu hann apr eptir skipinu ok bjuggu um hann ok spurðu hversu hánúms  
 30 segði hugr um sík. Hann kvað vísu:

Sprund mun hvítí hendi  
 hördúki um brá mjúka

(fljóð gat fremdar æði)  
 fjölerrin mjög þerra,  
 ef dauðan mik meiðar  
 morðveggs skulu leggja  
 (áðr var ek ungu fljóði)  
 út um borð (at sítum).

5

Þá sá þeir konu ganga eptir skipinu. hún var mikil ok í brynju. hún gekk á bylgjum sem á landi. Hallfredr leit til ok sá at þar var fylgjukona hans. Hallfredr mælti 'í sundr segi ek öllu við þik'. Hón mælti 'viltu þorvaldr 10 'taka við mér?' Hann kvaz eigi vilja. Þá mælti Hallfredr ungi 'ek vil taka við þér'. Síðan hvarf hón. Þá mælti Hallfredr 'þér son minn vil ek gefa sverðit konungs 'naut, en aðra gripi skal leggja í kistu hjá mér ef ek 'öndumz'. Litlu síðarr andaðiz hann ok var í kistu lagðr 15 ok gripir hans með hánum, skikkja hjálmr ok hringr, ok skotið síðan firir borð öllu saman. Kistan kom í eyna helgu í Suðreyjum ok fundu sveinar ábóta. Þeir brutu upp kistuna ok stálu fenu, en sökktu líkinu í fen mikit. Ábóta dreymdi þegar um nóttina at Óláfr konungr kémi 20 at hánum. hann var reiðuligr ok kvað hann illa sveina eiga 'hafa þeir brotið skip skálds míns ok stolit fè hans 'en bundit stein við háls hánum. nú haf þú sannar sögur 'af þeim, ella munu yðr ~~~~~ hver undr'. ~~~ voru sveinar ~~~~~ it frelsi. *Lik Hall ~~~~~ kirkju ok var grafit 25 virðul ~~~~~ kalekr ~~~~~ en altarisklæði af skikk ~~~~~ kur ór hjálminum. Þeir þorvaldr ~~~~~ Óttarsstadi ok voru þar ~~~~~ um sumarit. En Hall ~~~~~ kalladr vandræðaskáld. hann r ~~~~~ maðr. Er mart manna frá hánum komit. Ok ~~~~~ llf'. 30*

23—30. \_\_\_\_\_ sögur af þeim, ella 'mun yðr henda hver undr'. Síðan hvarf konungr frá



honum, en ábóti vaknaðe. lét hann taka sveinana, en þeir gengu þegar við því er á þá var borit. var þeim þá sú sök upp gefin. Lík Hallfreðar fannst ok var grafit virðuliga þar at kirkju. Kalekr var ger ór hringinum, en 5 altarisklæðe af skikkjunne, kertastikur ór hjálminum. Þeir Þorvaldr tóku Ísland um haustit ok voru á Óttarstöðum um vetrinn. Síðan fór Þorvaldr utan, en Hallfreðr setti bú saman á Óttarstöðum ok bjó þar. var hann ok kallaðr vandræðaskáld sem faðir hans. hann varð göfugr maðr 10 ok mikilmenni ok eru margir menn frá honum komnir.

### III.

## SAGA AF ÞORSTEINI SÍÐU-HALLS SYNI.

1. \*\*\* hverfingunni ok váro þau drepin bæði. Þetta sumar ætlaði Þorsteinn utan með Þorleifi ok váro búinir fyri þing. Þá var um rætt, hverjom hann mundi 5 fá í hendr goðorð sitt. Þorsteinn svaraði 'verit myndi 'þat hafa at ek mynda eigi leitast hafa víða ef Þórhaddr 'veri jafnner . . . en nú veit ek ei, at þessum mála- 'vöxtum sem nú eru . . . hefir hann ok flesta luti til, 'bæði vit ok harðfengi . . . er nú fæð með okkr'. Svo 10 er sem mælt er at ferr orð er um munn líðr ok koma þessi orð til Þórhadda. Hann ferr þegar á fund Þorsteins ok mælti 'vel gezt mér at orðum þeim sem ek hefi spurt, ok gerum 'svo vel ok setjom niðr fæð þá sem á hefir verit með okkr, en 'tökum upp nýtt vinfengi; ok ef þér sýniz þat ráð at ek 15 'taka við goðorði þínu, þá skal ek boðinn ok búinn til 'þess starfs sem þú vilt mik til nýta'. Þorsteinn kvað þetta vel mælt ok tók Þórhaddr við goðorðinu á þingi ok skildu með vinátto. fór Þorsteinn utan ok kom við Orkneyjar. Þá réð fyri eyjonum Sigurðr jarl Hlödvers 20 son. hann fagnaði vel Þorsteini ok bauð honum til sín; ok hann var með jarlinum of vetrinn, vel metinn. ok er váraði þá spurði jarl Þorstein hvárt hann vildi fara

2 Fragment Saugu Þorsteins Síðu Hallz sonar. 10, 14 okkr  
> ockor. 23 hvárt > hvert.

með honum í hernat eðr vildi hann eptir vera. Þorsteinn kaus at fara ok var stafnbúi á skipi jarls ok var enn hraustasti maðr á skipi sem hann væri vanr því starfi. Þorsteinn var maðr ráðugr ok vitr ok frækn, ok bað jarl  
 5 hann lengi með sér vera síðan hann kannaðiz við ætt hans ok hann vissi frændsemi þeirra í milli — því at Þórey Özurar dóttir var móðir Halls á Síðu en Özurr var son Hrollaugs Rögnvalds sonar af Mæri, Torf-Einarr jarl var son Rögnvalds jarls af Mæri en faðir Þorfinns jarls hausa-  
 10 kljúfs föður Hlödvers jarls föður Sigurðar jarls. en Sigurðr jarl herjaði víða um sumarit um Skotland ok frýði engi maðr Þorsteini framgöngu ok hugar, flutti þetta hvártveggja fram mál Þorsteins — ætt hans ok hraustleiki. jarl drap mart óþjóða-fólk en sumt flýði undan á  
 15 skóga, ok fór jarl víða um Vestrlönd ok brenndu. Síð um haustit fór hann heim til Orkneyja ok hafði þá kyrrsetu iij mánuði ok gaf þá vinum sínum góðar gjafir. Jarl mælti þá við Þorstein 'góða fylgð hefir þú mér veitta ok 'drensiliga, ok þigg af mér öxi gullrekna, hana samer  
 20 'þér at bera'. Þorsteinn þakkar jarli, því þat var en mesta gersemi. Þetta haust kom Brennu-Flosi til Orkneyja ok hans menn ok fóro skipti þeirra Sigurðar jarls sem segir í Njáls sögu.

2. Þenna vetr bjóz Sigurðr jarl til Írlands ok þá  
 25 bardiz hann við Brján konung ok hefir sú orrosta frægst verit fyri vestan haf bæði at fjölmenni ok stórtíðindom þeim sem þar urðu. ok er jarl bjóst heiman, spurði hann Þorstein, hvárt hann vildi fara. Þorsteinn kvað sér eigi annat sama enn fara ok fylgja honum í háskanum 'er  
 30 'oss þikkir gott at hafa hóglifi með yðr í fríðinóm'. Jarl þakkaði honum orð sín. Þeir fóro síðan til Írlands ok börðuz við Brján konung ok urðu þar mörg tíðindi í senn sem segir í sögu hans. Þar féllu iij merkismenn

19 þigg > þygg. 26 fjölmenni > fiolm. 28 hvárt > hvert.

Sigurðar jarls ok þá bað jarl þorstein bera merkit. Þá mælti þorsteinn 'ber sjálf krák þinn jarl'. Þá mælti einn maðr 'rètt gerir þú þorsteinn, því at af því hefi 'ek misst iij sonu mína'. Jarl tók merkit af stönginni ok lét koma milli klæða sér ok barðiz þá alldjarfliga ok 5 litlu síðarr heyrðu mælt í loptinu 'ef Sigurðr jarl vill sigr 'hafa, þá sæki hann á Dumazbakka með lið sitt'. Þat \*\*\* fylgði jafnan jarli ok svo var þá. þar féll jarl í þeirri atlögu ok mart lið með honum. ok í þessu drap Bróðir Brján konung. en Óspakr bróðir hans tók hann ok 10 hleypti út þörmunum ok leiðdu hann of eik eina ok dó hann svá. þá urðu mörg tíðindi senn i manna látum. þorsteinn ok þeir nokkorir saman námu stað við skóginn. þá mælti einn maðr 'hví flýr þú eigi þorsteinn?'. Hann svaraði 'því at ek tek eigi heim i kveld þó at ek flýja'. 15 þorsteini váro grið gefin ok fór hann aprt til Orkneyja ok þaðan til Noregs ok kom til hirðar Magnúss konungs Óláfs sonar ok gerðiz hans hirðmaðr ok var ólíkr þeim er heima spyrja tíðindin, at búum sínum. hann var með mörgum rikum mönnum ok vel virðr ok þótti enn mesti 20 ágætismaðr. hann var ok enn mesti rausnarimaðr i búi ok vel mátti bær hans jafnaz við rikra manna herbergi. þorsteinn var vinhallr ok glaðr ok lítillátr vitr ok þolinmóðr djúpsær ok langrækr en grimmr mótgerðarmönnum sínum góðr við ölmusur ok alla þá er hans þurftu en ina 25 stærri menn bar hann opt ofriki þá er hann var hér á landi. uppruni hans var merkiligr. hann fekk sér ok góða mægð ok traust þeirra Vápnfirðinga. en er hann hafði iij vetr utan verit ok var orðinn frægr mjök þá fór hann út higat. þá var þorsteinn tvítugr er hann var i Brjáns- 30 orrosto. hann kom út i Fjörðum austr fyrri leið of haustit ok fór heim til búss síns ok urðu honum fegnir frendr

6 heyrðu < heyrðu menn. 25 ölmusur > ölmusr. 28 Vápnfirðinga > vapnfyrðinga.

hans ok vinir ok allir hans þingmenn. en meðan þorsteinn var utan þá hélt þórhaddr vel þingmenn hans. þar með fekk hann mikit af fè Hauks, ok et fyrsta sumar er hann tók fjárheimtuna var honum goldinn ketill mikill ok góðr.

5 ok er þeir funduz um skiftin urðu þeir vel á sáttir þar til er ketillinn kom upp, þá mælti þórhaddr 'þenna grip 'vil ek hafa til míns búss en þú haf annat fè í móti'. Haukr kvaz eigi missa mega ok kvað hann þó mega vel við una er honum var gefit allt ok eigi sannhkt í mót at

10 mæla at hann hefði. þórhaddr kvað svá vera en lét þó fleirum mönnum nauðsyn til kalla en honum einum. reið hann í brott. þá kom Guðleif at í því ok mælti 'eigi 'myndir þú á katlinum hafa haldit ef ek hefða ráðit ok 'mun þat illa gefaz við ofsa föður míns ok ríði eptir

15 'honum ok biði hann hafa ketilinn'. Haukr mælti 'engi 'þörf er þess ok mun heimt annat ef annat er veitt'. Hón mælti 'eigi vilda ek hætta til órráða föður míns ok kauptu 'heldr þér annan ketil'. þá var riðit til fundar við þórhadd ok boðinn honum ketillinn. 'Hitt er ráð' sagði hann

20 'at Haukr hafi ketil, en vær manom fara með váro máli 'sem oss líkar'. Haukr spyrr þetta ok þótti honum vel. Guðleif kvað illt mundu af leiða. ok et næsta haust lét þórhaddr reka af fjalli yxn v er Haukr átti ok xxx geldinga ok lét drepa ok mælti at svo skyldi segja Hauki at

25 þetta veri nokkorr lutr af ketilverðino. Hauki þótti ósæmili-  
liga til sín gert, en mátti ekki at hafa meðan þorsteinn var í brottu, ok þótti sér illa launat fjártillagit. Guðleif kvað mikit at gert, en kvaz vilja hætta til þess at þá veri kyrrt. vel var þórhaddr til annarra manna þar um

30 sveitir ok hugsaði rétt milli manna. ok annat haust lét þórhaddr reka fè jafnmart af fjalli þat er Haukr átti ok drepa í bú sitt ok bað enn segja Hauki at þat var nokkorr lutr af ketils-verðino. Haukr kvaz eigi vita hvat hann

ætlaði til um rán við sik, kvaz sakna Þorsteins vinar síns. nú liðu þau misseri. ok et þriðja haust bjóst Þórhaddr til fjallgöngu ok allir synir hans ok lét þá reka af fjalli e geldinga ok x yxn er Haukr átti ok lét slátra í bú sitt. þetta mæltiz illa fyri. í öðru lagi hélt hann sér til ymsa 5 skulda. Haukr leitaði ráða við Guðleifu hversu með skal fara. Hón kvað óhægt um at ráða ofbeldi hans at svá búnu 'mun Þorsteinn brátt til koma'.

3. Þetta sumar kom Þorsteinn út sem sagt var ok leið framan til leiðar ok riðr Þorsteinn með margá 10 menn til leiðar. Þar kom Þórhaddr ok fjölmenni mikit ok ræddu menn um mál sín ok héraðsstjórn, kvaz Þorsteinn spurt hafa at Þórhaddr hefði vel fylgt fyrir utan mál Hauks — þat kvað hann ónýtt standa svá búit. Þórhaddr kvað þá mága mundu á þat sættaz sjálfa, en 15 kvað þó fleirum hafa gagu at orðit. Þorsteinn kvað þat makligt at hvárr ræði sínu 'nú mun ok vel fundit at 'ek taka við goðorði míno'. Þórhaddr svaraði 'þetta 'skyldir þú fyrri talat hafa en lögskil færi fram, en nú 'samir betr at selja goðorð af hendi á várþingi ádr lögskil 20 'fara fram, enda þarftu ekki goðorð í vetr'. Þorsteinn reiddiz mjök er hann náði eigi goðorðinu ok skildu við þat ok leið sumarit ok vetrinn ok leið at vorþingi. ok ádr Þorsteinn reið heiman mælti Ynghvildir kona hans 'eigi er makliga með ykkur Vápnfirðingum ef þú skalt eigi 25 'bera hærra nafn en einn bóndi'. ok er þeir Þorsteinn nálgaz þingit mælti Þorsteinn 'hér manom vér nema 'staðar ok bíða Þórhadds, ok eigi skulum vit Þórhaddr 'báðir koma á þetta þing ef ek næ ei goðorði míno'. Litlu síðarr kom Þórhaddr ok synir hans ok riðull manna. 30 Þorsteinn spratt upp ok bað hann selja af höndum goðorðit ok rétta fram höndina 'eða ella skolom vit reyna

6 Guðleifu < Guðleif. 17 hvárr < hvern. 25 Vápnfirðingum > vapnfyrðingum. 29 næ < ná.



'með okkr' kvað eigi hæfa at bændr veri ræntir en höfð-  
 ingjar svívirðir ok taldi mjök á hann um skipti þeirra  
 Hauks ok kvað hann eigi Hauk svívirða heldr ok dóttur sína.  
 Þórhaddr kvað hann djarfan 'heldr er sannara at meiri svi-  
 5 'virðing gerir þú Hauki er þú gengr í sömu sæng hjá konu  
 'hans hvert sinn er þú gístir þar ok launar svo Hauki góðar  
 'gjafir'. Þorsteinn svaraði 'vel lýgr sá er með vitnum lýgr ok  
 'væntir ek at eigi láir þú vitni til at ek hafa nè eina  
 'mannskonu tekit, er þat bæði at ek em vel kvænt endá  
 10 'em ek henni trúr. gjör nú skjótt um at þú sel fram god-  
 'orðit eðr annarr skal verri'. Þórhaddr svaraði 'ákaf-  
 'maðr ertu ok eigi mjök stilltr ok muntu ná godorði þínu  
 'þó at þú heitiz eigi til ok eigi gerði faðir þinn svo þá  
 'er hann missti Ljóts sonar síns á alþingi þá mælti hann  
 15 'þó allt vægiliga ok var þat þó manna-raun en þetta engi'.  
 nú áttu margir lut í ok tók Þorsteinn við godorði sínu  
 á þingi. fóro fram lögskil, ok at þinglausnum í þing-  
 brekku stóð Þorsteinn upp ok mælti 'kunnikt er mönnum  
 'um skifti þeirra Hauks ok Þórhadds, ok ef slíku skal  
 20 'fram fara þá eru bændr mjök forystulausir; skal ok  
 'Þórhaddr brátt vita þat ek em rikari en hann ok  
 'lýsi ek því Þórhaddr at þér er ætlaðr bústaðr á þeim  
 'bæ er á Stræti heitir á Berufjarðarströnd ok skaltu á  
 'brottu verða af Rannveigarstöðum með allt þitt áðr hálf-  
 25 'mánaðr sè liðinn ella skal ek færa þik á brott með engri  
 'vægð, en eigi skaltu flýja ór héraði at mínu ráði nè  
 'synir þínir því at vér erum makligstir Austfirðingar  
 'at hræra um ykkur vandræði, en ef þér farit ór héraði  
 'án mínu ráði þá skal ek verja innihöfn ykkra ok segja  
 30 'þá upp er yðr taka'. Þórhaddr kvað óráðamannliga til  
 orðs tekit 'ok mætti svá á standaz at litil gæði stæði af  
 'minni innivist ef oss er allmjök til þreingt, enda hefi ek

1 okkr > ockor. 2 svívirðir > svívyrdir. 26 at < án.

27 Austfirðingar > austfyrðingar. 28 ykkur > yckar.

'sjálfr ráðit bústað mínum hér til'. Þorsteinn kvað nú svo vera skyldu sem hann hafði mælt ok skildu at því. fór Þórhaddr heim ok gussaði ekki, leið svo fram um nokkorar stundir, mælti Þórhaddr at Þorsteinn myndi eigi kunna dagatal \*\*\*\*\* hauGi hans um nóttina. nú leið 5 sú nótt. ok er hann ætlaði kyrru fyri at halda kom þar Þorsteinn með xv menn ok kvaz því eino hafa heitit Þórhaddi er hann skal efna. ok þenna morgin snimma kom inn smalamaðr Þórhadds ok sagði honum at xv menn riðu at bænum 'en þú sagðir at Þorsteinn myndi eigi daga- 10 'tal, en mér líz sem hann mun koma nú'. Þórhaddr mælti 'stöndum upp ok neytum vápna, mart mun í geraz áðr 'vèr erum drepnir'. ok er Þorsteinn kom at garði þá stigu þeir af baki ok kvað Þorsteinn eigi skyldu spilla túni Hauks. gengu þeir þá til bæjar ok var þeim sagt at 15 Þórhaddr myndi inni bíða ok synir hans, en hurðir váro aptr. Þorsteinn gekk at dyrum ok mælti 'ef Þórhaddr 'má heyra mál mitt þá býð ek engan úfríð ef hann gengr 'út ok vill í brott fara'. Þórhaddr bað hann at sækja. en Þorsteinn kvaz spara menn sína til þess at ganga á vápn 20 þeirra 'skulum vèr bera eld at húsum, en bæta Hauki 'húsbruna'. þeir gerðu svo ok báru eldinn at. Þorsteinn leyfði konum útgöngu. nú gerðiz brátt svæla mikil í húsum ok reykr tók at vaxa. Þá mælti Helgi 'illr dauði 'þykki mér at brenna inni sem melrakkar ok vil ek heldr 25 'út ganga til gríða eða þola járn at öðrum kosti' ok svo gerði hann. ok svo sem þeir komu út þá lét Þorsteinn binda þá en gera þeim ekki annat síðan var bú þeirra í brott fært ok reka fé á Stræti. lét Þorsteinn skifta þar öllu í helminga ok varð svo at vera sem Þorsteinn 30 vildi ok bjó Þórhaddr á Stræti, en Þorsteinn fór heim til Hofa. váro nú orð ger Hauki ok tók hann þar við fé

14 skyldu > skyllði. 15 bæjar > bæar. 16 bíða > byða.

32 ger > gerð.

- sínu. varð nú af nýju fjandskapr með þórhaddi ok þorsteini ok mest af þórhaddi er hann var svo mjök nauðigr, gerðiz nú orðflaug mikil af þórhaddi ok sonum hans til þorsteins ok váro þeir enir mestu fársmenn í orðum.
- 5 Einn aptan kom þar maðr til gistingar sá er Grímkell hét. hann var flökkunarmaðr ok hróps-tunga mikil. þórhaddr gerði sér tíðhjalat við hann ok dvaldiz hann þar um hrið. þórhaddr kaupir at honum at hann skal fara á vestanvert land ok bera þar upp rógmæli um þorstein
- 10 Halls son með því móti at þorsteinn veri kona ena íx. hverja nótt ok átti þá viðskifti við karlmenn, ok yfir þessa flugu gein Grímkell ok fór yfir landit vestr ok hrópaði þorstein ok fór síðan svo vestan yfir rógmælit. þetta fór svo at rógmælit kom ner í hvers manns hús ok
- 15 lögðu óvinir þorsteins á hann óvirðing mikla hér fyrir en vinir hans hörmuðu. Kolr bróðir hans gekk fyrz í berhögg við hann um þetta mál, var hann þá á vist með honum ok hafði komit út um sumarit. Kolr mælti eitt-hvert sinn við þorstein 'finnr þú nokkot til frændi hverr
- 20 'fjandskapr við þik er hafðr ok fáheyrð ok undarlig upp-  
'lostning, eru ok því vinir þínir færri við þik enn verit  
'hafa en sumir gera glott at, er ok þetta mál sett með  
'miklum fjandskap ok látit sem vestan sé at komit en ek  
'hygg<sup>o</sup> at nær þer mun boðinn upp rísa, ok má slíks eigi
- 25 'of hefnt vera'. þorsteinn svaraði 'klækis efni eru í höfð,  
'er ok líkaz at illan enda eigi, ok alls fjandskapar varði  
'mik annars af þórhaddi ok sonum hans heldr enn þessa'.

4. \*\*\* hét maðr er bjó í Breiðdal at Kleif. með honum var á vist sá maðr er Steinn hét ok var kallaðr \*\*\* steinn.
- 30 hann ræð betr drauma enn aðrir menn. hann tefldi ok manna bezt \*\*\* "up" í Hlið í Lóni. Ingjaldr hét maðr. hann bjó á \*\*\* þess er bjó á Berunesi á Aðalbóli. hann var góðr bóndi \*\*\* dvalðiz meðan at Kleif. þórhaddr var

þá kátr mjök ok mælti at þeir mundi tefla 'því mér er  
'sagt at þú teflir manna bezt, en ek hendi ok gaman at  
'því'. Steinn bað hann ráða. þeir tefldu ok hafði þórhaddr  
ekki við. hann mælti þá 'eigi er of mikit sagt af þessi  
'íþrótt þinni ok manom vit nú hætta at tefla því at ek á 5  
'önnur eyrindi við þik'. Steinn spurði hver þau væri.  
þórhaddr mælti 'þat er mér sagt at þú ráðir manna bezt  
'drauma ok vil ek þat reyna því at mik hefir mart dreymt  
'undarligt ok er mér forvitni á at vita hversu þú ræðr'.  
'Ógerla kann ek drauma at ráða en eigi er þat ólíkligt 10  
'at þik dreymi mart því at þú mælir mart'. Þórhaddr  
mælti 'þat dreymdi mik at ek þóttumz hlaupa með stöng  
'upp at fjallinu frá Stræti ok yfir gryfjor nökkvarar ok  
'götur en ek þóttumz þar niðr koma er heitir í Hvarfi'.  
Steinn sagði 'þat ætla ek at þá ráða ek rétt draum þinn 15  
'at yfirhlaup mani verða í ráði þíno um réttar götur, þat  
'er þá er þú hverfr frá réttu ok tekr upp rangt, en þat  
'má verða þér ljái þess hugar at hverfa astr ok em  
'ek þar hræddr um'. Þórhaddr mælti 'litt ræðr þú í hag  
'mér'. Steinn svaraði 'seg mér þá eina drauma at þú 20  
'vill at ek ráða eplir því sem ek ætla at vera muni'.  
'Sá var annarr draumr minn' sagði þórhaddr 'at ek sá  
'tungl ij ok fór annat at venjo en annat var í fjalli at  
'húsbaki ok þóttumz ek taka þat ok eta ok þóttumz ek  
'leifa af litinn mána ok hirða í þussi mínum'. Steinn 25  
mælti 'undarliggr er draumr þinn, en sjá þikkjomz ek  
'hvat hann er. þar hefir þú etit heims undr ok merkir  
'þat glæpyrði þín þau er fram fara af munni þínum ok  
'muno enn eigi öll mælt þau sem þú hirðir í hjarta þínu  
'er þú hirðir sumt af tunglino'. Þórhaddr mælti 'eigi er 30  
'munlikt um þat er mik má henda, enda má vera at eigi  
'sè góðs efni í. Sá var enn iij. draumr at ek þóttumz

6 önnur > önr.    14 götur > gotr.    16 götur > gavtr.

31 mik má < mik man.

- 'vera í smiðju ok gera spjót en synir mínir blésu at ok  
 'þótti mér aldri soðit verða til loks en spjót varð ávallt  
 'úr'. Steinn mælti 'þat eru gómaspjót yður ok orð sem  
 'þér mælit ok sindrar af of allt land ok mun yðr þikkja  
 5 'aldri fullger ok ert þú upphafsmaðr at en synir þínir  
 'fylgja því'. Þórhaddr mælti 'sá er enn iv. draumr minn  
 'at ek þóttumz ganga í aðra smiðjo ok þá brá því við  
 'er mér þótti undarligt at ek þóttumz þar finna mik fyrir'.  
 Steinn svaraði 'svo er ok at í aðra smiðju er komit um  
 10 'ráð þitt enn verit hefir þá er þú hafðir mannvirðing ok  
 'góðaheill, en nú hefir þú fjandskap margra manna, ok  
 'er eigi ólíkligt at þú finnir sjálfan þik fyrir at lyktum.'  
 Þórhaddr svaraði 'sá var draumr minn enn v. at ek þótt-  
 'umz ganga til sjávar þar sem var saltsviða mikil ok  
 15 'synir mínir með mér ok þóttumz ek eta glóanda salt ok  
 'drekka sjáinn við'. Steinn mælti 'þat merkir svivirðingar-  
 'orð þín'. Þórhaddr mælti 'alllitt hlifir þú mér í drauma-  
 'ráðningunni'. Steinn kvaz ráða eptir því sem hann ætlaði  
 at vera mundi. Þórhaddr mælti 'sá er enn vj. draumr  
 20 'minn at ek þóttumz ganga frá bæ mínum ok synir mínir  
 'með mér ok koma milli bjargs ok sjóvar ok þótti mér  
 'sem boði nokkorr lysti oss í bjargskoru nokkora ok þótti  
 'mér mjök þröngt at oss. þá þótti mér svá löng höndin  
 'á mér at ek þóttumz seilaz upp á bjargit ok svo kom-  
 25 'umz ek upp á ok síðan tók ek á móti sonum mínum ok  
 'heimta ek þá til mín ok stóðum vèr þá allir saman á  
 'bjargino'. Steinn svaraði 'þar sem hendr þínar váro  
 'lengri enn at hætti ok eðli — þat sýniz í því at langar  
 'muni verða fyrir þínar tiltekjor ok draga þar eptir þér  
 30 'sonu þína á þat óráð, ok þar sem þér stóðut á bjargi  
 'þá mano þér alla yðra björg undir fótum troða'. Þór-  
 haddr mælti 'þenna draum ætla ek góðan'. Steinn kvað  
 svo ganga mundo sem hann sagði. Þórhaddr mælti 'sá

3 yður &gt; yðr.

14 sjávar = stafar.

31 alla &gt;.

‘var enn vij. draumr at ek þóttumz fara leiðar minnar ok  
 ‘fara hjástig hjá götunni ok koma á brekkur nokkorar á  
 ‘bak bænum á Stræti, en mér þótti þorsteinn Halls son  
 ‘ganga undir niðri rétta götu’. Steinn kvað þat auðsætt  
 at þorsteinn gengi réttan stig ‘en þú rangan í ykkrum 5  
 ‘skiftum ok mun hann koma upp undir þér at lyktinni’.  
 Þórhaddr mælti ‘sá var draumr minn enn viij. at mér  
 ‘þótti tungan svo löng í mér at ek þóttumz krækja henni  
 ‘aptr í hnakkann ok fram í munninn öðrom megin’. Steinn  
 svaraði ‘þat er auðsætt at þér mun tungan um höfud vefjaz 10  
 ‘í helzta lagi’. Þórhaddr mælti ‘sá er hinn ix. draumr  
 ‘minn at ek þóttumz vera á fjalli því er Gervir heitir,  
 ‘þat fjall er í Austfjörðum, ok þaðan sá ek um mörg  
 ‘lönd en hvergi í nánd mér því at myrkri laust yfir allt’.  
 Steinn mælti ‘þar er þú vart á fjalli því er Gervir heitir 15  
 ‘— þat sýniz mér at ráð þitt var gerviligt þá er þú  
 ‘vart með goðorð þorsteins ok veittir mörgum bæði í  
 ‘fjártillögum ok málafylgjum, en nú gefr þér glámsýni er  
 ‘þú hefir illt ráð upp tekit ok þú sér eigi satt um þat er  
 ‘há þér er en þat sér þú glöggt er fjarri þér er.’ Þór- 20  
 haddr mælti ‘sá var enn x. draumr minn at ek þóttumz  
 ‘koma á mót fjölmennt ok þótti mér sem kastat veri í  
 ‘fyrirskyrta mér járnum þeim sem rær heita . . . en  
 ‘enir stærri menn járnútum þungum . . . ok féllu niðr  
 ‘rærnar’. Steinn mælti ‘þess get ek til at sættarfundr 25  
 ‘mani lagðr með ykk þorsteini, ok væntir mik at smærri  
 ‘menn ok alþýða mani gott til leggja með þér ok láta  
 ‘þik njóta þess er þú vart þeirra formælandi, en enir  
 ‘stærri menn mano því öllu niðr slá er þér er til gagns  
 ‘ok virða meira fjandskaparorð þín’. Þórhaddr mælti ‘sá 30  
 ‘er hinn xj. draumr minn at ek þóttumz fara upp eptir  
 ‘Breiddal ok hafa svo mikinn faðm at ek þóttumz mega  
 ‘vöndla upp allt héraðit.’ Steinn svaraði ‘þar muntu hafa

2 brekkur > breckr. 16 þat sýniz mér < þar sýniz. 23  
 -skyrta > -skirtu. 32 Breiddal o: Breiddal.



‘alla héraðsmenn í fangi þér ok í móti þér í sínom ráðum’. Þórhaddr svaraði ‘sá var enn xij. draumr minn at ek þóttumz fara ór Breddal Hjarðarskarð ok til bæjar þess er í þroti heitir ok þótti mér sem ekkja nokkor byggi  
 5 þar ok þóttumz ek drepa fótum í þúfu ok falla en mér þótti þorsteinn riða um þvera götuna í móti mér’. Steinn mælti ‘eigi kemr mér þat á óvart at þú farir Hjarðarskarð ok drepir fótum í banapúfu ok þrotnir þar.’ Þórhaddr kvað eigi ólíkligt at hann yrði eigi langær, ok hættu nú  
 10 talinu. síðan fór þórhaddr heim.

5. Nokkoru síðarr áttu héraðsmenn lut í ef nokkorar vonir veri sátta ok báðu þorstein til koma. Hann kvaz ætla at til lítills mundi koma at tala um mál þeirra þórhadds ‘en ef tala skal um héraðsstjórn þá mun ek koma  
 15 þótt þórhaddr sé þar ok synir hans.’ Þessi fundr var á Berunesi. kom þar þorsteinn ok fjöldi bónda ok létu fyrst talat um héraðsstjórn, hversu fara ætti, ok urðu á þat vel sáttir. Þá mælti Órækja Hólmsteins son Bessa sonar Özurar sonar Brynjólfs sonar ens gamla (hann var frendi  
 20 þórhadds) ‘þik kveð ek at þessu þorsteinn ef nokkot skal mega til sætta tala með ykk þórhaddi, viljom vér þar allan lut í eiga ok ekki til spara hvárki fè nè annat, máttu á þat líta at þeir frendr veri þér til margs vel fallnir en þetta mun þér at engri svívirðu verða ok eigi  
 25 minnkar höfðingskap þinn orð þeirra ferlig.’ Þá fylgðu at aðrir héraðsmenn ok túlkuðu mál þórhadds ok kvóðu þorstein af því mundu fá frama, segja þórhadd góðan hug hafa á lagt at fylgja hans málum þá er hann var eigi við. Þá svaraði Kolr bróðir þorsteins ‘undarlig er  
 30 slik eptirleitan fyrir hönd þórhadds þess manns er svo illa hefir fyrir sér gert ok allir þeir feðgar’. ok svá svöruðu þá þegar margir til, frændr þorsteins ok vinir. Þá mælti þorsteinn ‘eigi þarf hér mart um at tala, eigi

‘manom vit þórhaddr sættaz’. ok fór sættarfundrinn sem  
 Steinn gat. Þórhaddr mælti ‘eigi skulum vér þar ok mörg  
 ‘orð til leggja, en vita skaltu þat þorsteinn at ek em  
 ‘draumamaðr mikill ok ei ólíkligt at brátt ræsi suma en  
 ‘allir mano eiga nokkorn stað. mik dreymdi þat at hvíta- 5  
 ‘björn mikill fór af hafi utan ok ljóp yfir höfutum oss feðgum  
 ‘hér á Berunesi ok rann síðan á braut með brekkum  
 ‘nokkorum löngum, en síðan sá ek at refr nokkorr skautz  
 ‘úr urðum ok banaði birninum, ok ráð þú þorsteinn’.  
 Þorsteinn kvaz eigi ráða mundu draum hans ok ekki tal 10  
 eiga við hann. Þórhaddr svaraði ‘ek skal þá ráða at slíkt  
 ‘sem flýgr yfir at öðrum mönnum þá veit ek at þú hefir  
 ‘þungan hug á mér ok kann verða at þér verði audit at  
 ‘verða minn skaðamaðr ok sona minna ok er þat gott at  
 ‘taka dauða af slíkum manni sem þú ert hjá því sem af 15  
 ‘vændismanni sem standa mun yfir þínum höfutsverðum.  
 ‘en sá var annarr draumr at mér þótti þorsteinn sem vit  
 ‘ættim mat saman ok synir mínir ok var hverjom várom  
 ‘deildir hálfir hleifr brauðs en öllum saman suflit ok þótti  
 ‘mér sem vér ætim vora hleifa til loks feðgar en þorsteinn 20  
 ‘hefði etit brauðsuflit allt frá oss ok hálfan sinn hleif, ok  
 ‘ráð þú þorsteinn þenna draum’. Þorsteinn spratt upp  
 ok kvaz ei ráða mundu drauma hans. Þórhaddr kvað  
 sér sparat mundu at ráða ‘ok skal svo vera ok ræð ek  
 ‘svo at vær feðgar manom brátt lúka várom lífdögum ok 25  
 ‘muntu þorsteinn nema frá oss lífsbjörgina ok kann þó  
 ‘vera þú eigir skammt ólifat’. ok skildu síðan fundinn ok  
 fóro menn heim ok óx ávallt óþokki með þeim. Þenna  
 vetr átti þorsteinn heimanferð norðr til Vápnafjarðar at  
 hitta Skeggbrodda mág sinn. Kolr bróðir hans fór með 30  
 honum ok nokkorir menn aðrir ok váro þar um hrið ok  
 váro þeir mágur jafnan á tali. Broddi leysti þorstein í  
 brott með góðum gjöfum. ok er þeir fóro norðan um

16 höfutsverðum = hafutsv'þū. 20 vora = v'.

Smjörvatzheiði þá hrapaði maðr þeirra fyrir brekku nokkora ok hló þorsteinn þat ok margir menn aðrir er manninn sakaði eigi. Þá mælti Kolr 'undarlikt þikki mér bróðir 'er þú mátt hlæja slíkt orðtak sem þórhaddr hefir mælt

5 'við þik ok muntu aldri hefna vilja ok beint er þér farit 'sem ólmum dýrum er smádýrum verða at skaða ok ferr "sklokr" þeirra víða ok fýkr fyrir vindi ok mun ek hefna 'verða'. Þorsteinn kvað eigi betr at meir veri eggjat en kvaz sjaldan setit hafa svivirðingar ok eigi annarra við

10 þurft at hefna. kvomu heim ok váro heima of vetrinn. en of várit öndurt fór þorsteinn suðr at fjárfari síno ok at hitta þingmenn sína. Þar var á mikil ok kvámu þeir þó vel yfir ok hittu þórhadd öðrum megin er þeir kvámo af ánni. hann fór með klyfjahross ok spurði hversu yfir

15 ána veri. Þorsteinn kvað honum ófært einom saman 'ok 'skal ek fá til kná menn at fylgja þér'. Þórhaddr létz þat þiggja mundu ok þótti þó undarligt er hann veitti honum þenna forbeina ok komz þórhaddr yfir. en er þorsteinn var at spurðr hví hann gerði þetta þá svaraði hann

20 'þeir hafa fáir lutir verit er mér hafi meira um verit enn 'at koma þórhaddi heilum yfir ána því at ek ætla honum 'annan dauða enn drukna'. Þorsteinn fór heim, ok litlu síðarr dreymdi þorstein at Jóreiðr móðir hans kom at honum. hún var þiðranda dóttir, en hún var þá öndut.

25 hún spurði 'ætlar þú nú brátt til sættarfundar við þórhadd?' Hann kvaz ei þat hafa í hug sér. 'Viltu hefna þá?' sagði hún. Hann kvaz þat hugsat hafa. Hún mælti 'eigi þarftu 'þá lengr at fresta, því at eigi mun fyrri niðr falla ill-'mælit enn hefndin ferr fram' ok kvað þá vera ráð um

30 daginn eptir 'tak ok öxar þínar báðar jarlsnaut ok þiðr-'andanaut ok haf þá í hendi til hefndanna er þyngri er 'í hendi, því at þiðrandanautr hefir opt vel gefiz þótt

---

7 sklokr < slokr(?). fýkr > fikr. 23 dreymdi > dreimdi.

31 þyngri > þingri.

‘hón sè eigi jafnfögr sem hin’. Síðan vaknar hann ok þóttiz sjá svipinn hennar er hón gekk í braut. Þann dag var ofviðri mikit. Þorsteinn tók öxarnar ok jafnvætti í hendi sèr ok var þiðrandanautr þyngri ok þótti honum eigi þó þess von. Síðan bjóst hann til ferðar ok stígr á 5 ferju, fóru til Hofshólma ok tóku þar langskip gott ok reyru út ór Álftafirði snimma of morgin. Þeir váro xvij saman ok fóro svo norðr til Laudsness. Þorsteinn var heldr úkátr áðr enn boði féll yfir skipit hjá Æðasteini ok fyllidiz skipit undir þeim ok jósu þeir upp ok gladdiz 10 Þorsteinn síðan ok þótti þetta vel verða er þeir stýrðu undan háskanum. ok er Þorsteinn var heiman farinn varð varr við austmaðr hans er á vist var með honum. hann hafði verit fyrr með Þórhaddi. þat varð hans tiltæki at hann ljóp á fjörðinn. ok er hann kom til fjarðarbotnsins 15 ok hitti menn þá spurði hann tíðinda, þá var hann svo móðr at hann fekk eigi mælt meira enn þetta þá féll hann niðr. Þeir Þorsteinn koma norðr undir Bakka á Berunesi ok hittu sauðamann Ingjalds ok spurði Þorsteinn hvat þar væri gesta. Hann mælti ‘mér er eigi laun á, 20 ‘þeir eru hér Helgi Þórhadds son ok bræðr hans Þorvarðr ok Naddr, en ek hygg at Þórhaddr sè at Þorkels ‘á Berunesi ok Ásbjörn með honum.’ Þorsteinn mælti ‘vel ferr þér frásögnin’ ok skilduz at því.

6. Nú skal segja frá Þorsteini ok mönnum hans at 25 þeir sneyru til bæjar á Karstaði ok gengu undir húsgafl allir saman. þá mælti Þorsteinn ‘vitu þér þann málavöxt ‘um ferð vára at ek ætla til hefnda minna harma, en ek ‘vil at eingi yðvarr veiti mér lið í móti Þórhaddi nema ‘líf mitt liggi við, því at ek vildi allra þeirra bani verða. 30 ‘vara ek yðr því við at reiði mín liggir við ef eigi er ‘svo gert’. Þorsteinn gekk til dyra ok kvaddi hurðar ok kom Ingjaldr út ok heilsar Þorsteini. Hann spurði hvat

4 þyngri &gt; þingri.

20 er +.

26 bæjar &gt; bæar.

þar veri gesta. Ingjaldr varð farr við ok sagði þó. Þorsteinn svaraði 'er eigi þat at þeir geriz mágar þínir synir þórhadds ok hitti dætr þínar? bið þá út koma ef þeir vilja at vær talim um sættir várar, er nú eigi fjölmenni

5 'boðit'. Bóndi kvað gott ef svo væri at þeir sættiz. hann gerði svá, gekk inn ok sagði þeim at Þorsteinn veri kominn úti ok vildi tala við þá. Helgi kvaz eigi vita hvárt honum veri þat nokkut í hug. Þorvarðr kvaz vilja út ganga ef Þorsteinn veri einn ok gekk hann út ok

10 Naddr, en Helgi var hóti seinni. ok er þeir kvámo út það Þorsteinn þá niðr setjaz ok tala. Þorsteinn gekk frá at jörva nökkvarum ok þeir eptir ok kvað hann ei mundu vera allskammt talit ok kvað því hæfa at sitja. Þorvarðr settiz niðr, ok var enn vörpulistgi maðr, ok í því er hann

15 settiz niðr hjó Þorsteinn Nadd banahögg, en í því er Þorvarðr vildi upp standa hjó Þorsteinn hann banahögg áðr hann kæmiz á fætr. Í því kom Helgi út ok ljóp undir stein einn er þar var í túninu ok varðiz þaðan. hann var bæði mikill ok sterkr ok garpr enn mesti. Þorsteinn sótti at honum ok áttuz við um hrið. en Sigurðr enn auðgi hét maðr er í ferð var með Þorsteini, hann ljóp at Helga ok lagði til hans með sverði, en í þessu hjó Þorsteinn til Helga með öxi ok veitti honum bana, en kvað Sigurð illa hjá sitja en kvað við hann mesta

20 vorkunn ok kvað engum öðrum skyldu hlýtt hafa 'en þó 'veitta ek honum bana'. Sigurðr kvaz eigi lengr þolat hafa atgang þeirra en \*\*\* bróðir Jóreiðar faðir Helga ok Gríms Droplaugar sona. Hallkatla var móðir þorkels Geitis sonar í Krossavík. Óluf hét systir Halls á Síðu,

25 hún var móðir Kolbeins Flosa sonar Þórðar sonar freysgoða at Svínafelli. Ljótr son Halls átti Helgu dóttur Einars frá Þverá ok var þeirra dóttir Guðrún er átti Ari

8 hvárt > hvít (o: hvert). 25 hlýtt > hlitt. 27 faðir > faður. Helga > Helgu. 28 var +.

Þorgils son af Reykjanesi. Annarr son Halls var Þorsteinn er nú hefir verit frá sagt um hrið. Þriði son Halls var Egill. hann átti Þorlaugu dóttur Þorvalds ór Ási ór Hjaltadal. þeirra dóttir var Þorgerðr móðir Jóhans biskups ens helga. Kolr var enn iiij. son Halls. hann átti Álöfu 5 dóttur Ózurar frá Breiðá. Dóttir Halls var Gróa er átti Teitr son Gizurar hvíta. þeirra son var Hallr faðir Gizurar föður þeirra Magnúss biskups ok Þorvalz föður Gizurar. Ingvildr hét dóttir Halls. hana átti Eyjólfur son Guðmundar ens ríka af Möðruvöllum. þeirra dóttir var 10 Þórey móðir Sæmundar ens fróða föður Lopts — — — föður Sæmundar í Odda. Teitr Ísleifs son átti Jórunni. hennar móðir var Þórdís dóttir Þorvalz Halls sonar af Síðu. Þorgerði dóttur Halls á Síðu átti Þorgrímur son Digr-Ketils. Gró dóttur Halls átti síðan Snorri Kálfs son, en eptir hann 15 átti Gró Þorvarðr krákunef. Þórdísi dóttur Síðu-Halls átti Þórðr Haldórs son ór Forsárskógum. ok lýkr svo þessi sögu er frá Þorsteini er sögð.

---

17 lýkr > líkr.

---



## IV.

### FRÁ HELGA OK ÚLFI.

Sigurðr jarl Löövers son réð fyrir Orkneyjum. hann var höfðingi mikill. Maðr hét Úlfr illi. hann bjó í Sauðey  
5 í Orkneyjum. hann var mikill hermaðr ok fylgdi nafni. Haraldr hét maðr er bjó í Rínansey. Helgi hét son hans. hann var efniligr ok vænn í ásjónu. hann mælti til föður síns 'skipa vilda ek at þú aflaðir mér ok vilda ek herja 'á Skotlandsfjörðu ok vita hvat fyrir legðiz.' Hann svarar  
10 'þat má ek gera ok er þat ungra manna siðr.' Síðan herjaði Helgi ok fer vel með hernaði sínum þótt hann veri heiðinn þá voro þó eigi allir jafnir. ok er Helgi var í burtu ór Orkneyjum þá ferr Úlfr inn illi til Rínanseyjar ok hittir Harald ok mælti 'lendur þínar vilda ek  
15 'kaupa, þær falla mér vel í hag, enu ek skal fá þær lausafé 'fyrir.' Haraldr kvezt eigi mundu honum eignir sínar selja, kvezt eigi þess vita ván at hann ætti eigi þar vist nè veru. Úlfr kvez ætla öðru sinni er hann kæmi at hann mun verða laust at láta þat er kraft verðr. Estir  
20 þat skildu þeir. Fám nóttum síðar kom Úlfr á óvart ok

tók Harald höndum ok kvez ætla at þau umskipti mundi nú verða at hann mun láta bæði löndin ok lífit ok lét Úlfr síðan drepa hann. Þetta verk mæltist illa fyrir. ok er Sigurðr jarl spurði, lastaði hann verkit. Úlfr kom á fund jarls ok sagði honum. Jarl segir at honum líkar 5 illa slík tiltekja 'ok vil ek at þú bætir frændum sæmiliga'. Úlfr kvað hann mundu því ráða enn kvað sér mart hafa verit í mót gert af Haraldi. Nú varð eigi mjök eptir gengit málinu er Helgi var eigi í eyjunum. Maðr hét Bárðr fagri frændi Úlfs illa. hann var vinsæll maðr ok 10 vel at sér ok var þó opt með Úlfi. eitthvert sinn mælti Bárðr til Úlfs 'ekki munu vit samhuga verða: þú slæst á 'illvirki ok er þat fjarri mínu skaplyndi ok mun ek í 'burt ráðaz'. Úlfr svarar 'þat er nú meðallagi ráðligt 'meðan málum er ekki sett enn Helgi Haralds son er í 15 'vikingu'. Hann kvaz þó fara mundu ok býr sik með skipi ór Rögnvaldsey. ok í því er hann er búinn þá sigldi Helgi at eyjunum ok hafði þá spurt dráp föður síns, heitr nú á menn sína at þeir drepi Bárð, kvað hann skyldastan mann Úlfi einnhvern. Bárðr bjóz við ok kvaz 20 ekki til saka hafa gert við haðn enn sagðiz eigi vilja frændsemi í sundr segja við Úlfi. síðan berjaz þeir ok fellr Bárðr þar því at Helgi hefir mikit lið. ok er Ulfr spyr þetta safnar hann sér liði. enn er Sigurðr jarl fréttir þetta stefnir hann Helga á sinn fund ok er þeir finnast 25 mælti jarl 'þú hefir gert illt verk í móti hörmum þínum 'ok leitaðir eigi eftir þinni sæmd með voru ráði, var nú 'áðr sættum á komit ok þær sæmd huguð.' Helgi svarar 'þá skal enn vera allt á yðru valdi, enn úkunnigt var 'mér um sætt þá'. Jarl mælti 'þat mun ek vilja at gera 30 'sætt með mínum mönnum hér í eyjunum'. ok síðan heldr Helgi í burt. Úlfr gerir þegar menn til hans með ij skipum ok hittust eigi ok var Helgi fyrr heim kominn til búa sinna ok frétti þetta ok kvez ætla at honum mundi engi ró í eyjunum ok seldi jarðir sínar ok bjó sik

burt ok kvað þá vel þó þeir Úlfr hittist ef hann vildi  
 eigi hlíta dómi jarls sem hann gerði sik beran í. Síðan snýr  
 hann til búa Úlfs ok var hann eigi heima. Helgi rænir þar  
 ok tekr í brott dóttur hans er Helga heitir ok kvað sér  
<sup>5</sup> slíkt helzt henta í föðurbætr. Hón bað hann þat eigi  
 gera 'því at faðir minn mun þrálíga eftir sækja'. Hann  
 kvaz hætta mundu til þess. síðan fór hann suðr um eyjar.  
 enn er Úlfr spyr þetta fer hann eptir honum með mörg  
 skip ok kvaz opt hafa hefnt minni svívirðingar. enn er  
<sup>10</sup> þeir hittust þá börðust þeir ok var Helgi liðferi ok rudduz  
 skip hans enn hann varðiz vel ok varð sárr. enn er náttaði  
 þá gerði á storm veðrs ok er þat hans fangaráð at hann  
 hleypr fyrir borð með dóttur Úlfs ok lagðiz með hana  
 frá skipunum ok kemz svá til lands í náttmyrkri ok í skóg  
<sup>15</sup> ok sá þar eld ok einn mann við. Helgi spyr hvern sá  
 veri. Hann kvaz vera bóandkarl einn 'ok veit ek deili á  
 þær ok fórtu vel með hernaði þinum við oss smábændr'.  
 Helgi sagði honum svá sem var um sína hagi. Bónði  
 þessi hét Þorfinnr ok veitti hann Helga um vetrinn allt  
<sup>20</sup> slíkt er hann þurfti ok gafz þeim báðum vel. Helgi kvaz  
 vilja gera brúðlaup sitt til Helgu í hans húsi. Þorfinnr  
 kvað þat dælligt enn ekki virðuligt. enn þat fór þó fram  
 ok liðr vetrinn af hendi. Þá kvaz Helgi vilja leiga jörð  
 af bónda ok kvaz ætla at vera mundi annat hvárt at Úlfr  
<sup>25</sup> mun deyja skjótt eðr hann mun finna hann. Nú leigir  
 hann jörð ok gerir bú. Síðan spyr hann at Úlfr var  
 dauðr. Helgi átti son við konu sinni Helgu ok hét hann  
 Bárðr. hann var vel í lýðsku ok siðlátr, vænn maðr ok  
 gjörr at sér. ok er ij vetr liðu þá fara þau Helgi aftr  
<sup>30</sup> til Orkneyja ok taka við eignum sínum bæði þeim er  
 Úlfr hafði átt ok þeim er Helgi átti eftir feðr sinn Harald  
 ok skorti nú eigi fè. ok er Bárðr son hans var xij vetra  
 vildi hann á burt ok kvaz vilja afla sér fjár. Helgi

kvað hann enn ungann til ferða. Bárðr mælti 'vit erum  
 'úskaplíkir faðir minn' sagði hann 'ok vil ek til þeirra  
 'þjóða fara er mér er sagt at trúí á sjálfan hinna guð'.  
 Helgi kvað hann ólíkan Úlfi móðurfeðr sínum. Síðan  
 fór hann ok kom til eins bónda mjök í fjarlægð ok kvaz 5  
 vilja vinna fyrir honum. Bóndinn kvað sér þat vel líka.  
 Hann sat at fè ok vann sér einn enn bóndi var harðla  
 ríkr. Sveinninn var lítt klæddr enn þó fór sýslan vel  
 fram ok kvaz bóndi mundu gefa honum kú í kaup sitt. Hann  
 kvaz þat vilja ok ferr hann nú til skógar um daginn. ok í 10  
 skóginum mætti hann stafkarli einum. Þessi bað Bárð gefa  
 sér kúna til Pètrs þakka. Bárðr svarar 'þú kannt vel at  
 'biðja ok skyldi Pètr þessi verða vinr minn, enda skal  
 'ek gefa honum kúna'. Bárðr kom enn til bónda ok vann  
 fyrir honum ok fóru þau misseri enn betr fram um fè 15  
 bónda ok fekk honum þá enn kú aðra. fór enn sem  
 fyrr at stafkarlinn kom með sama hætti ok beiddiz enu  
 kýr fyrir Pètrs skyld enn Bárðr gaf honum. Bóndinn  
 spurði hvat af varð kúnum. Bárðr sagði þá hafa er þurftu.  
 Meðr þessum bónda var Bárðr hinn þriðja vetr ok gætti 20  
 enn fjár ok voro þá nær tvau höfuð á hverju því er hann  
 átti ok lukti hann Bárði kú enn þriðju. kom enn á sama  
 degi stafkarlinn til hans í skóginum ok kvaz enn vilja  
 þiggja þessa kú í Pètrs nafni. Hann veitti þat þegar ok  
 gaf kúna. Þá mælti þessi maðr til Bárðar 'nú vil ek fara 25  
 'höndum um þik' ok svá var ok þótti honum sem dofi  
 færi ór hverju hans beini. síðan mælti hann 'hamingju-  
 'maðr muntu verða' ok þá setti hann bók á öxl honum  
 ok sá Bárðr þá víða um lönd. Þá mælti stafkarlinn 'þikki  
 'þær nú launaðar kýrnar?' 'Svá er víst' sagði Bárðr. síðan 30  
 sá hann um allt Írland. Þá mælti enn hinn komni maðr  
 'þikki þær þá launaðar kýrnar ef þú hefir vald jafnvíða

9 Hann > ok. 10 ferr +. 21 tvau > tua. 22 kú enn

< kú ena < kú enu. 32 jafnvíða > jafn víða.

‘sem nú sér þú?’ Bárðr kvað svá vera. ‘Hér er nú kominn  
‘Pètr postuli’ sagði hann ok gaf hann honum þá plenarium  
‘ok skal ek svá launa þér kýr at vit skulum aldri skildir  
‘vera’. Síðan fann Bárðr bónda ok sagði honum þenna  
atburð. Bóndi kenndi hann trautt, svá var hann bjartr  
5 ok hamingjusamligr, ok bauð honum at þiggja af fè sínu  
slikt er hann vildi. Hann bað bónda klappa sèr einn  
stein ok svá var gert. var hann þá skírðr enn settiz  
síþan í þann sama stein ok varð allmikill dýrðarmaðr.  
Eftir nokkur ár liðin varð hann biskup á Írlandi ok hinn  
10 mesti höfþingi. þar kom til hans faðir hans ok móðir, bræðr  
ok systr, ok gæddi hann þau öll mörgum góðum hlutum.  
launaði allsvaldandi guð honum sem öllum öðrum sitt  
lítillæti sem hann sjálfr vottar at hverr er sik lægir í  
augliti skaparans þann skal hann sjálfr upp hefja. Faðir  
15 ok móðir Bárðar fóro aptr til Orkneyja ok náðu öllum  
eignum sínum ok bjuggu þar til elli. ok lýkr þar þessi  
söghu.

---

## V.

### VERALDAR SAGA.

1 1. Moyses hét guþs dýrlingr í Gyðinga fólki sá er  
 fyst hóf "na ney lekasta" sýslu at rita helgar "bókr" um  
 guþs stórmerki. Þat ero v bekr er hann gerði: en fyrsta 5  
 frá upphafi heims framan til sinnar eifi, en fórar of þau  
 típendi er urðo um *hans* daga. þær eru undirstöðr allra  
 heilagra ritninga bæði í fornum lögum ok nýjum. en þar  
 hefr *hann* þá sögu er guð skapaði himin ok jörð, ok er  
 í þeim freðum mörkuð all skepna himnesk ok jarðlig. 10

2. Svá segja helgar bækr at guð skapaði á sex  
 dögum alla skepno. Enn fysta dag skapaði hann alla hluti  
 sýniliga ok ósýniliga, ok var þá engi skepna greind önnur  
 frá annarri: saman *fór* þá allt, himinn ok eldr, vatn ok  
 jörð, í þviliku rúmi sem nú fylla fjórar höfoðskepnur. Á 15  
 þeim degi váro allir englar skapaðir. ok þegar er inn  
 hesti engill sá fegrð sina þá *villtiz hann ok varð inn*  
*versti guð* anskoti ok þeir englar allir *er eptir honum*

2 +. 3 Gyðinga > heidunga ~ heidunga. 6 eifi > iefi  
 ~ iefi. 7 þær ~ þer. 8 lögum +. nýjum = nýgvm.  
 9 hefr +. sögu ~ sögo. er guð ∞ eig<sup>7</sup>. 10 freðum <  
 atkvæðum. all ~ oll (o: öll). jarðlig = iarlig. 12 fysta ∞ fyfka.



hurfo. svá er kallað sem inn tíundi *lutr haf* fariz af englum guð. — Á öðrum degi veraldar skapaði guð himin ok skildi vötn þau er yfir himni er frá þeim er í himni eru, ok var þá öll önnor skepna líkamlig lokin í  
 5 himninom innan svá sem karni í notar skurni. — Á þriðja degi skildi guð vötn ok jörð ok skrýddi jörðina viði ok 2 grasi. — Á fórða degi skapaði guð sól ok tungl ok allar störnur, at þau mætti deila degr ok mánuðr ok misseri ok lýsa heim þenna. — Á fimmta degi skapaði hann öll  
 10 sækykvendi ok fiska ok fogla alla. — Á setta degi skapaði guð öll jarðkykvendi, ok síðarst skapaði hann manninn í líkende gufs sjálfs í því at honum er gefin önd skynsamlig ok mannvit meira en hverjo kykvendi annarra. eru til þjónustu við hann sköpuð öll önnor kykvendi ok  
 15 til yndis etluð, ef hann vilði lýðni veita skapara sínum; en öll angursemi sú er maðrinn kennir síðan af kykvendunum eða annarri skepno guðs hefir af því orþit at hann vildi eigi gudi lýða ok þjóna. Yndisstaðr sá var görr í austanverpum heimi er Paradisus hetir. sá staðr er fjar-  
 20 legr harðla þeim jörpum öðrom er nú eru byggðar af mönnum. sá staðr er fegri ok fríðare öllom öðrom löndom. þar sprettr einn mikill brunnr. sá er harðla gróðrsamr ok vökvar allan þann stað. en ór þeim brunni renna þjóðar fjórar hingat í heim í kunnleik mönnum. þeirra er ein Ganges,  
 25 önnur Tigris, þær ero bápar austr í Asia. in þriðja er Nilus, hún fellr um Bláland allt en síðan um Egíptaland ok þaðan í sjá. in fjórða er Evfrates er fellr fyrir austan Gyðingaland. Í Paradiso eru alls kyns aldirtré ok eru 3

5 karni o: kjarni. í +. 6 skrýddi > fkyrdi. viði > vildi.  
 7 sól >. 8 þau > þa. deila degr > d. egr. misseri ok > misseri at. 11 jarðkykvendi > iard fkykvendi. 12 líkende ~ líkinde. 14 við >. 19-20 fjarlegr = fjarlegr.  
 22 harðla > harlða. 23 stað. en > 'staden ~ staðrn. brunni μ. 24 kunnleik +. 25 bápar > þar ~ þat. 26 fellr > fell.

einna gez þau er annat hetir lifstrè en annat kallat fróð-  
leikstrè góðs ok ills. í þann dýrþar-stað var settr inn  
fyrsti maðr. ór hans síðu sofanda tók guð eitt rif ok  
fyllði rúm rifsins með holdi, síþan samdi guð konu fagra  
ór rifinu ok gaf hana karlmanninum til samveldis ok yndis 5  
þess at af þeim mætti menn alaz. hann gaf þeim nöfn  
ok kallaði karlmanninn Adam en konuna Evain ok bað  
hann þau frævaz ok fylla heiminn af sínu kyni. þau Adam  
ok Eva váro eigi langa stund dags í Paradiso áðr þau  
bruto boðorð guþs ok váro þegar á brot rekin þaðan. 10  
þessir lutir allir váru gervir á setta degi af guði. — En  
þá er algervir váru himnar ok jörð ok öll prýði þerra,  
þá er svá at kveðit at guð hvildiz af öllom verkum sínum  
á sjaunda degi ok blezaði inum sjaunda degi ok helgaði  
daginn. þann dag halda Gyðingar helgan í viku hverri 15  
jam-skylllega sem rétttrúaþir menn halda drottinsdag.  
Inn fyrsti dag veraldar er þrim nóttum fyrir Benedictus-  
messo. Jamdægr er [ok] at Rúmverja tali Benedictusmesso,  
þat er inn iiii. dag veraldar, ok þá var sól sköpuð ok öll  
4 himintungl. Inn vi. dag veraldar var Adam skapaðr. sá inn 20  
sami er ok pínungardagr várs drottins: er sú sögn Beda prests  
ok margra annarra skynsamra manna at á þeim degi árs  
ok svá viku var guðs sonr pindr til lausnar öllu mannkyni  
sem Adam hafði fyrifarið sér ok allri sinne ætt í ólýðni  
við guð. — Ok þá er þau Adam ok Eva váro sett svá sælliga 25  
í Paradiso at þeim var engis vant ok þau náðu at mæla  
við guð ok helga engla þá bauð guð þeim varna við ald-  
intrè því er fyrr var nefnt er hét fróðleikstrè ok sagði  
at á þeim degi mundu þau missa þeirar sælu er þá  
höfðu þau sem þau bryti guðs boðorð ok vera ráþin til 30

2 dýrþar > ðyrþar.    3 ór > oc.    7 kallaði > kallði.  
11 gervir = gerfir.    14 inum sjaunda > inū ata.    16  
rétttrúaþir > retravþir.    17 þrim >.    20 dag > daga.  
21 pínungar > pinugar. er sú sögn Beda prests > (bædit p. ~)  
bæða p.    24 fyrifarið ~ fyrirfarið.    27 engla >.

dauþa því at þau váru skylð at lýsa lýðni ok litillæti við  
 guð. en sá fjandi er orþinn var djöföll af björtum engli  
 ok rekinn ór himinríkis fagnaði í alls-vesöld helvítis af  
 ofmetnaði sínum hann öfundaði þá sælo mannsins er hann  
 5 vissi sik frá rekinn. síþan kveykði hann orm einn at mæla  
 við Evo. taldi hann þat at engu mundu verþa er guð  
 hafði mælt ok hætt þeim bana ef þau æti epli af trénu,  
 sagði heldr þat mundu af geraz at þau mundu guði lík  
 verþa ok vita beði gott ok illt, ok sagði guð þess fyr-  
 10 muna þeim ok hafa því bannat þeim aldinit. Eva tók við 5  
 því vélræði beði af ágirni ok veggirni, tók síþan aldinit  
 ok át, gaf þá sumt búanda sínum, ok át hann sem hón.  
 en eptir þat kenndu þau líkams losta ok skemmðar þeirar  
 á liðum sínum er hórdómi fylgir. ok er guð spurði þau  
 15 hví þau hefði boðorð hans brotit ok leitaði ef þau vildi  
 játa glæp sinn ok iðraz þá komu þau svör af þeim at Adam  
 hélt á hönd Evo völdum þess verks en hún kenndi orminum.  
 en síðan sagði guð hvárotveggja þeira víti þat er þau mundu  
 fyrir hafa syndina: at Adam skyldi ala önd sína við víl ok  
 20 erfði, kvað hann opt mundu litil erfðislaun taka þó at hann  
 orkaði á jörðina sér til bjargar unz hann mundi í jörðina  
 hverfa ok at moldar auka verþa; en konuna kvat hann skyldu  
 liggja undir ríki ok drottun karlmannsins ok ala börn við  
 25 ok setti engla sína at verja þann stað með eldi brennanða  
 svá at þangat kom engi maðr fyrr en Jesús Krístr leiddi  
 þangat önd þjófs þess er líf sitt lét á krossinum hjá  
 drottni. Adam ok Eva byggðu síþan í austrhálfu þar sem  
 Ebron hetir. þau gátu ii sonu þá er annarr hét Abel  
 30 en annarr Kain, ok er þeir váro menn fulltíða, þá geriz

5 kveykði hann > kýevði ~ kýevði. einn = ·r. 13 eptir  
 +. kenndu > kend. skemmðar >. 14 hórdómi > hordómi.  
 15 vildi > vildi. 16-18 at Adam—————hvárotveggja  
 þeira +. 19 ala > alla. ok +. 21 til > ti. 23  
 drottun > drottnv. við > v.

Kain akrverksmaðr, en Abel getti sauða. þá færði hvárr-  
 tveggi guði fórnir, Kain af akra ávexti, en Abel frum-  
 6 burði hjarþar sinnar. en af góðvilja ok gæzko þá guþ fóru  
 Abel. þat öfundaði Kain ok lagði fjandskap á bróður sinn  
 Abel. Guð bað hann stöðva synð þá er honum lék í 5  
 hug. en hann hafði at engu guþs áminning ok varð hann  
 síþan bani bróður síns. þat kom heiptarblóð fyst á jörð.  
 Síþan var Kain rekningr frá guði ok allt þat mannkyn  
 er frá honum kom. en Abel er dýrkaðr í öllum helgum  
 bókum, ok er fyrir því kallaðr frumváttr guþs at hann var 10  
 fyrst veginn helgra manna fyr guþs sakir. Adam ok Eva áttu  
 mörg börn. Adam lifði deccc vetra ok xxx vetra. Seth  
 hét sonr hans sá er lifði deccc ára ok xii. hann var guþs  
 maðr. Hann átti þann son er Enos hét ok lifði deccc ára  
 ok v. Hans son var Kainan ok lifði deccc ok x ára. 15  
 Hans son var Malaleel er lifði decc ok lxxx ok v ár.  
 Hans son var Jared er lifði deccc ok lx ára ok ii ár. Hans  
 son Enoch. hann var í heimi ccc ok lx ok v ár. Enoch  
 var ástvinr guðs. hann tók guð ór heimi hëðan ok lifir  
 hann enn — hefir guð hirðan hann í fagnaðarvist þeiri er hann 20  
 einn veit — ok skal enn koma í heiminn síðarla ok ganga  
 í móti Antichristo. en áðr hann hvarf hëðan þá ritaði  
 hann nokkur orð um dómadags ógnir þau er á bókum  
 7 finnaz. Hann átti þann son er hét Matusale ok lifði deccc  
 ok lx ok ix. Lamech var hans son er lifði dcc ok lxx ok 25  
 vii ár. Nói hét hans son, hann lifði fyrir flóðit de ára ok síðan  
 ccc ok l. hann var í örkinni xii mánuðr ok x daga meðan

1 akrverksmaðr > akrv<sup>7</sup>maðr.      3 fóru = for<sup>7</sup> (< fórnir).  
 4 lagði > lagði.    fjandskap = fianfkap.    7 heiptarblóð >  
 heitar blóð.    10 fyrir > f. kallaðr +.    11 helgra = hellg.  
 13 xii > xv (xu).    14 deccc > decc.    15 var > v.    17  
 ára > ar.    ii ár > var (uar).    18 son < son var.    v ár  
 > var.    20 hann í > i.    21 veit ∪ vett.    skal > skl.  
 22 hëðan > heðan þan.    25 lxx > lx.    26-27 síðan ccc  
 ok +.    27 í örkinni +.

- flóðit stóð yfir. Þessir x langfeðgar váro allir patriarche í  
 fysta aldri heims. Svá sem vi eru skepnodagar svá eru ok  
 vi aldir heims þessa frá upphafi til enða. Enn fyrsti aldr  
 heims er taliðr frá upphafi til Nóafloðs, þat eru ii þús-  
 5 undir ára ok cc ok lx ok ii ár. Á þeim tíðum váro menn  
 langlífir svá at margir höfðu lítit fátt í m ára, váro stórir  
 sem risar ok váro synðgir ok siðlausir flestir allir nema  
 fáer menn. Nói átti iii sonu þá er hann hafði cccc ára.  
 þeir hétu svá: Sem, Kam, Jafeð. Guð mælti við Nóa  
 10 'þik virði ek mann góþan ok réttlátan í mínu augliti, en  
 'ek iðrumz er ek hefi manninn skapaðan' kvað guð 'því  
 'at alðýðan er höll til illsku ok synþa. nú hefi ek ráþit  
 'at drekkja öllu mannkyni ok öllum þeim kykkvendum er  
 'á jörðu fæðaz. en þú Nói' kvað hann 'skalt gera örk ýr  
 15 'irjám ófúgjörmum, þriggja hundraða álna langa, ok fimmtigi  
 'álna breiða, en xxx álna djúpa. hana skaltu bika alla 8  
 'útan ok innan. þú sjálfr skalt ganga í örkina ok kona  
 'þín ok synir þínir iii ök konur þeira, ok tvenn kykendi  
 'af hverjo kyni óæt, en sjau þau er æt eru af tegunð.  
 20 'þú skalt hafa alls kyns mat með þér í örkinni til fæzlu  
 'þér ok öllu því er með þér er. öркиn skal vera því  
 'mjóri er ofarr er ok eigi ofan meiri en álnar yfir at  
 'mæla'. Nói gerði alla luti sem guð bauð honum. sá  
 farkostr var í smíð tíu tigi vetra áðr algerr veri.  
 25 3. IIa etas. Annarr aldr heims þessa hefz þar er  
 Nói ok kona hans ok þrír synir hans ok þeira konur  
 gengu í örkina ok alls kyns kykvendi með þeim svá  
 sem guð bauð Nóa. Í þeim aldri heims eru talit ".d.c.c.c.c  
 ara oc . xl oc . ii . ar". Síþan tók at rigna ór himni xl  
 30 daga ok xl náttu en sjórinna æstiz at móti ok gerþi

1 stóð yfir >. 2 skepnodagar > skepnodagar. 2-3 ok vi >  
 oc vii. 3 fyrsti ∞ fjúrti. 5 lx < xl. 6 í +. 9  
 svá > fav. 15 ófúgjörmum >. 19 sjau > fiv. 21 öllu  
 > ollv. 25 IIa > ii'. 28-29 ".d.c.c.c.c ara oc . xl oc . ii .  
 ar" < m lxx ára ∪ cc lxxxx ii ár. 29 himni > himi.

vötnin svá djúp at þau váro xv álna á inum hestum fjöllum. Þá drukknuðu síþan menninir allir ok öll kykvendi nema þau er í örkinne váro með Nóa. en örkina reidi um haf innan fyr vindi xii mánuðu ok x daga. Síðan lét guð þverra vötn ok löndom upp skjóta. Þá 5  
 9 lét Nói fljúga rafn ór örkinne ok vita hvárt lönd veri upp komin, en hann kom eigi apr. Litlu síþar lét Nói út fljúga dúfu af örkinni. hón kom apr at aftni dags ok hafði í munne sér viðsmörskvist með grenu laufi. síþan beið Nói vii daga ok lét þá enn fljúga út dúfuna ok kom 10 hón eigi apr. Örkin varð landföst á fjöllum Armenie. Þá gekk Nói ór örkinne ok kona hans ok synir hans ok konor þeira ok öll kykvendi er þar höfðu verit. þer tóku síþan at vinna jörðina ok æxla mannkynit í heiminum. Guð bauð Nóa ok sonum hans at neyta þeira 15 kykvenða allra er nú eru æt kölluð, baunaði hann þeim at eta kjöt með blóði. Þá var síþan sénn regnbogi svá sem friþar mark á meðal guðs ok manna, en eigi fyrir flóðit. Nói gerþi altara fyrstr allra manna guði ok færði honum fórnir, en guð blezaði honum ok þá fórnir hans. 20 Frá þessum iii sonum Nóa er komið allt mannkyn. þær þjóðir eru komnar frá Kam er byggðu suðrhálfu heimsins; en þer frá Sem er austrveg byggðu, ok þaðan er 10 Gyðingalýðr; en þær þjóðir frá Jafæð er norðrhálfu byggðu. Þat var einu sinni at Nói gerþi vingarþ ok drakk vín af 25 [jardar] ávexti hans ok lagðiz niðr síþan eptir drukkinn ok sofnaði í tjaldbúð sinne ok varþ hann berr svá at eigi váro hulð karlsköp hans. en Kam sonr hans sagþe breðrum sínum til ok hló at. þeir Sem ok Jafæð tóku möttla á axlir sér ok létu falla á beran likam föður síns 30 ok huldu karlsköp hans ok horfðu frá meðan ok sá eigi

2 drukknuðu > ðrvcnvðv. 4 reidi o: reiddi. 8 hón >. aftni = afni. 13 höfðu μ. 17 sénn > sem. 25 vingarþ > vingþ. 26 ávexti = avexti. 27 í tjaldbúð > itallbavð. 30 á axlir > axlir. 31 horfðu > horfv.



á liðu hans. en þá er Nói vaknaði veitti hann makligt formeli sonum sínum fyrir þat viðlífe er hvárir höfðu haft við hann. En er mannfjölde óx í heiminum af nýju þá óxu ósiðir í heiminum enn sem fyrr bæði í hórdómi 5 ok í ofmetnaði. Þá urðu þau tiltæki nökkurra manna at þeir gerðu kastala ok þat mannvirki at þeir hugðoz mundo ganga í himin upp, því at þeir spurðo til þess at guð hafði drekkt öllum heimi í Nóaflóði er fólkit var illa siðat, ok hugðuz mundu geta sín við flóðinu, en etluðu 10 sér ekki bella mega. en guð hnekkði svá því ofmetnaþarverki at engi þeira mátti skilja hvat annarr mælti, ok stukku þeir í brut af þessum býsnum á síns vegar 11 hverr ok gerþoz þaðan af svá margar tungur í heiminum sem þeir váro, en þat eru ii ok lxx, en áðr var Ebrea- 15 tunga ein. Þessir váro langfeðgar í öðrum aldri heims ok patriarche: Nói ok Sem, Arfaxat ok Cainan, "sal" ok Heber er Hebrei eru frá komnir. í húsi Heber hélz in sama tunga sem áðr hafði mælt verit; af hans nafni hetir ebreska sú tunga er á Gyþingalandi er mælt. eptir Heber var 20 sonr hans "salec", en þá "ragav". í þann tíð váro blótuð goð fyst. eplir "ragav" var "servch", þá var Nachor, þá var Thare faðir Abraham.

4. Tertia etas. En þriði aldr heims þessa hófz at öndurðri æfi Abrahams ok er talðr til þess er David tók 25 konungdóm yfir Gyþingafólki. í þeim aldri eru tölð deccc ok xl ára. Abraham var höfðingi austr á landi því er Kaldea heitir. þeir váro þrír breðr: Abraham ok Aran ok Nachor, ok er fjölmenni mikit komit frá þeim öllum. í þann tíma tók alþýðan at blóta skurðgoð ok fyrir 30 því at þeir Abraham og Aran breðr vildu eigi blóta þá 12 var þeim báðum skotið í elð brennanda en eldrinn mátti ekki gera at Abraham fyrir sakir verðleika hans ok helgi

8 fólkit var > var folkit. 9 geta = getta. 13 heiminum > heinū. 14 var +. 15 langfeðgar > langfedar. 23 Tertia > tertí. 27 Kaldea = calldea.

en Aran lét þar líf sitt í eldinum ok átti eptir einn son er Loð hét. Síþan bauð guð Abraham at fara af fóstrlandi sínu ok frá frendom ok bað hann leita lanz þess er vèr köllum Jórsalaland 'ok mun ek' kvað drottinn 'bleza þèr Abram ok fylgja þèr ok vinum þínum, ok 5 'munu margar þjóþir frá þèr koma ok í þínu kyni munu 'blezaþar vera allar þjóþir'. Abram fór síþan með Loð bróþursyni sínum ok byggðu á Jórsalalandi ok gerþiz síþan svá mikill ástvinr guþs at hann er kallaðr dýrstr allra höfuðfeðra várra ok frá honum eru komnir allir 10 guðs dýrtingar í Gyðingafólki ok svá er at kveðið at í hans faðm fari allar helgar andir þer er ór þessum heimi líða. Guð gaf honum alls kyns auðæfi ok ríki mikit at þessa heims tign. Hann byggði mjög í nánd því er nú 13 stendr Jerusalem. en Loð frendi hans fór byggðum í 15 þann lut lanzins er stóðu Sodoma ok Gomorra. þangat fóro konungar herskildi ór austrveg ok vágo sigr á þeiri þjóð er þær borger byggðu ok fengu þar mikit herfang ok þar varþ Loð í því herfangi ok öll æiga hans. en er þat spurði Abram er Loð var hertekinn þá sté hann í 20 herkleði sín ok húskarlar hans með honum, átján menn ok ece, ok fóro síþan eptir hermönnunum ok komu þeim á óvart ok drápu mart manna af þeim en tóku herfangið allt ok svá Loð með allri eigu sinni. en þá er Abram fór heim ór herförinne þá kom í mót honum Melchisedec er 25 var konungr ok kennimaðr guþs ok ferði lofs fórnir guði Abraham ok vín ok þakkaði guði þann sigr er Abram hafði fengit. en Abram gaf honum tiund af herfangi sínu. Hitt var litlu síðarr at guð lét rigna eldi ok brennusteini yfir Sodoma ok Gomorra ok svá héroð þau er í nánd 30 váro ok sekkþi þeim svá at þar er vatn er borgirnar 14 höfðu staðit. svá refsaði guð hórdóms ósóma er þar hafði verit berari ok djarfari en í öðrum stöðum ok með meira ósóma en menn viti dæmi til. en guð laysti Loð ór þeim

3 sínu ~ síno. 4 mun +. 8 á +. 11 kveðið >. 14 nánd > nad. er +.

manntapa fyrir sakir gæzku hans ok þeirar alúpar er  
 guð hafði við Abram föðurbróður hans. Abram tók af  
 guði fystr boðorð til umskurðarskírnar. hann markaði sig  
 sjálfan því hrenlifis marki ok allt sitt hyski. Þat mark  
 5 gekk svá langt fram í hans kyn at Krístr drottinn var því  
 marki merkðr sjálfir á inum átta degi aldrs síns. Abram  
 tók með því boðorði þann auka nafns síns at síþan hetir  
 hann Abraham, en áðr hét hann Abram. Honum ólsk  
 sonr þá er hann var tíræðr. sá hét Isaac. en þá er hann  
 10 var frömvaxti þá freistaði guð, hvessu lýþinn Abraham  
 vildi honum vera, á þá lund at hann bauð honum at sæfa  
 son sinn Isaac, ok fera hann guði í fórn, þann er hann  
 unni sem lifi sínu. en Abraham dvalde eigi at gera sem  
 honum var boðit. hann fór með son sinn á fjall þat er  
 15 guð vísaði honum til. þá batt hann son sinn ok lagði  
 síþan altara. eptir þat reiddi hann sverð brugðit at honum. 15  
 en engill guð stöðvaði höggit. síþan var rúttr einn fastr  
 á milli víða ok var sæfðr ok ferðr guði í fórn, en Ysaac  
 gekk undan. Guð drottinn blezaði Abraham enn af nýjo  
 20 fyrir þetta verk. en sjá lýðni hans er at minnum höfð  
 síþan. Abraham lifði c ára ok lxx ok v ára. Ysaac gerþiz  
 erfingi Abrahams beði at audæfom ok mannkostum. hann  
 fekk kono, þá er hann var fertugr at aldri, þeirar er Re-  
 becca hét ok átti við henne ii sonu, tvíbura. hét annarr  
 25 Esau en annarr Jacob. Sú þjóð er komin frá Esau er  
 kolloð er Idomeus, en Gyþingalýðr frá Jacob. þá er  
 Ysaac var gamlaðr ok óskyggn þá blezaði hann syni sínum  
 Jacob ok sagði honum marga luti fyrir þá er síþan komu  
 fram um hans kyn en hann hugðiz við Esau þeim blez-  
 30 unar-orþum mælt hafa ok gerþiz þaþan af óþokki mikill  
 milli þeira breðra langa stund. Jacob var alúparvinr guþs

1 gæzku > gækv.    4 sjálfan > sjaflan.    5 svá > sa.  
 8 ólsk > olk.    10 frömvaxti = fraṽ vaxti. hvessu =  
 hvefv.    11 at hann > a hann.    16 brugðit > brvðit.  
 23 var > v.    24 sonu > sonv.

svá sem faðir hans ok föðurfaðir. hann lifði c ára ok xl ok vii ár. hann átti xii sonu ok er frá þeim kominn allr  
 16 Gyðingalyðr. Þeir váro vi sammæðra: Ruben ok Simeon, Levi, Judas, Isakar ok Zabulon. Frá Judas var Kristr drottinn várr kominn ok af hans nafni eru Gyðingar Judei 5 kallaðir. En þeir váro ii sammedra Jósep ok Benjamin. Þeir váro ambáttarsynir “dán” ok Neptalin, Gath ok Asser. Ok er þeir óxo upp þá unni Jacob Jósep mest sinna sona. Þat fundu breðr hans ok öfunduðu hann svá mjök at ekki kváðu þeir gott orð at honum. Þat æxlti mjök ópokka 10 þeira er hann sagði drauma sína þá er hann draundi ok þeir réðu til þess at hann mundi verða yfirmaðr breðra sinna. Síðan seldu þeir hann sem þræl fyrir xx penninga en sögðu Jacob þess líkende at dýr hefði banat syni hans. en Jacob grét síþan son sinn langa æfi. Jósep var 15 færðr á Egiptaland ok var þar þræll kallaðr. hann fekk svá mikla virðing af drottni sínum at hann seldi Jósep alla sína eigu til varðveizlo. en drottning hans girtiz hans ok vildi samræði eiga við hann, en hann lét eigi at þeim glæp eggjaz. ok er hón fekk þat eigi þá ló hón á 20 hann og regði hann við drottin sinn ok því næst var Jósep í myrkvastofu settr ok þar haldinn nökköra vetr. Guð fylgði hans ráði þá sem fyrr. hann ræð drauma hirðmanna konungs ii ok spáði öðrum bana en öðrom aptrkvámo til hirðvistar ok metnaðar slíks sem hann hafði 25 fyrr af konungi. þat gekk eptir sem hann ræð draumana til um hvártveggja. Tveim vetrum síþarr dreumdi Farao konung ii drauma á einne nótt ok urðu eigi ráðendr til áðr Jósep var heimtr ór myrkvastofu af áminningo byrlans þess er Jósep ræð fyr drauminn. Þá var hann leiddr 30

4 Levi, Judas > levi jvðaf. 5 drottinn > ðrotin. Judei > iudei.  
 11 þeira er 8 þeira ei. draumdi > ðravmði. 13 þeir +. 16 kallaðr >. 18 varðveizlo = var veizlo. 21 drottin > ðrotin. 22 nökköra = nockavra. 24-25 aptrkvámo > aptr kavmo. 27 vetrum > vettrv. 28 drauma > ðravma. 30 drauminn = .d..

fyr Farao konung ok sagði konungrinn honum drauma sína. en Jósep ræð til eins báða: at vetr vii mundi koma með þjóðari svá miklu víða um lönd at engi maðr mundi muna þvilíkt fyrr, en eptir þá vii vetr munu koma aðrir vii  
 5 vetr með svá miklo óárani at í enskis manns minni mundi slikt verit hafa fyrr. Jósep talði þat sitt ráð at konungr setti til nokkyrn vitran mann ok hagspakan er varþveitti afgang jarðarávaxtar þann er eigi þyrfti at neyta þá vii vetr ina ársömu ok veri afgangrinn sparaðr hinum vii  
 10 óárans vetrum er eptir mundu koma ok kvað hann þá mundu lanzfólkit hjálpað ef svá veri gört. Konunginum féllu vel í skap ráð hans ok setti síðan Jósep forráðs- mann ok höfðingja yfir lanzfólkit. Brátt skipaðiz árangr- inn eptir spásögu Jóseps. Þá lét hann gera hlöþur stórar  
 15 í hverjo héraði ok reiða þar í korn þat er eigi þyrfti at neyta eptir ok þótti kornit eigi ónæggra en ægisandr. ok liðnum þeim vii vetrum tók árangr at spillaz ok óx sultr víða um lönd. drifu menn þá flokkum á Egiptaland til matkaupa. þá lét Jósep upp lúka kornlöpum ok lét selja  
 20 hverjom sem nauzyn átti til bæði utanlands ok innanlands því at hvergi gat matkaup annarstaðar. ok er liðin váro nökkur misseri óárans þá komu bræðr Jóseps x, en Benja- min var heima með feðr sínum. þeir gengu fyrir Jósep ok lyto honum sem aðrir menn ok kenndu hann eigi. en  
 25 hann kenndi þá ok hafði þó túlk á meþal þeira. hann gerði þá alla gagnrædda ok hafði í höptum iii daga, en bað eigi koma í augsýn sér nema þeir hefði vit sér bróður  
 30 meon bróður þeira í höptum. þeir fóro heim við svá búit ok sögðu sína för óbeina. ok er þat var þrotið er keypt hafði verit þá fara þeir öðro sinne ok höfðu Benjamin

4 þvilíkt ∞ þvilítt. 5 svá +. 13-14 árangrinn = arangr.  
 14 lét = leit ∪ lett. 17 árangr = ahangr. 19 lét = leit  
 ∪ lett. 22 óárans = o harannf. 27 bað < bað þá.

með sér. þeir gengu enn fyrir Jósep ok fëllu á knè fyrir honum. en hann gerði þá enn gagnredda sem fyrr. en áðr þeir skildiz þá sagði Jósep til sín ok gerði þá stórfegna er þeir kenndu hann. Hann bað þá fara eptir feðr sínum ok flytja þangat allt lið sitt ok alla sína eigu ok 5 lèz hann þar mundu fá þeim alla reiðu. Jacob kom síþan á Egiptaland með öllu liði sínu ok var þar fagnafyndr með þeim feðgum. þar váro þeir allir feðgar meðan þeir lifðu. Frá þeim kom mart mannkyn á því landi ok höfðu þar ina beztu kosti meðan Jósep lifði. en hann lifði 10 lengst þeira feðga ok var grafinn með mikilli dýrð á Egiptalandi. — Hér tekr til in fyrsta bók Moyses.

5. Frá Joseph ok bræðrum hans. Eptir annlát Jóseps 20 gerðiz konunga skipti á Egiptalandi ok urðu þeir konungar er eigi vissu deili á Jósep nè hans kyni ok tók 15 þá versna rëttir þeira frenda. váro þeir þá þjáðir í alls kyns þrelverkum, barðir ok beystir af lanzmönnum at umböði konungs. svá var boðit af konungi at öll sveinbörn af Israel kyni veri út borin á ána er Nilus heitir en því meir óx kyn lýðs þess á landi þar er meir var við leitat 20 at mýja. þar óx upp maðr sá er Moyses hét í kyni þeira. Bróðir hans hét "ááron" en Maria systir hans. Guð vitraðiz Moises á þá lund ið fyrsta sinn at hann mælti við hann ór runni þeim er honum sýndiz allr loga ok brann eigi. Guð bauð honum þat erendi at hann fer 25 til fundar við Pharao konung ok segði honum þau guð orð at hann vildi at fólk Israel fóri á brot af landi at frálsu ok veri eigi þrelkat þar lengr. en konungr vildi eigi lýða guð orðum. þá gerði inn helgi Moyses mörg stórvirki af guð krapti. býsnir komu yfir landit stórar, en 30 guðs fólk fekk ekki af þeim vandreðum. þat var eitt undr á Egiptalandi at vötn öll urðu at blóði. annat váro pöddor

9 landi >. 16 frenda > fenda. 24 hann +. er ∞ ei.  
31 vandreðum < vandreði.



margar. þriðja váro flögur þer er ciniphes heita. fjórða váro þer flugur er "cinomia" heita. fimmta drepsótt. sétta 21 var bólnasótt. sjaunda var hagl stórt með eldingum. átta var locusta. níunda var myrk þat er þreifa mátti um. 5 tíunda var dauði alls frumburþar á Egiptalandi bæði manna ok fænaðar. Á þeirri nótt var Gyðingalýðr allr í húsum sínum ok át hold lambs þess er guð bauð þeim at sæfa á þeim sama aptni ok þeir riðu blóði lambsins á ofdyri húsa sinna ok báða dyrastafi. Litlu síðarr lét guð opna 10 götu fyrir þeim Moises í gegnum Sjóinn Rauða ok gengu þeir þar í gegnum þurruu fótum en áðr var djúpr sjór. en Farao konungr ok herr sá er honum fylgdi fór eptir þeim ok vildi draga þá aptr ok þjá enn sem fyrr. þar drykknaði Farao konungr ok allr herr hans svá at engi 15 maðr komz lífs á land. Síðan gekk Moyses ok synir Israel í óbyggð. en leiðarvísi þeirra var stólpi sá er stóð ór himni ofan ok á jörð niðr ok var á honum skýs litr um daga en elz of netr. sá stöpull fór fyrir þeim þá iiiii tigu vetra er þeir váro á leiðinne Egiptalanz ok Jór- 20 dánar. margar aðrar jarteinir gáfoz þeim í þeiri för af 22 guðs trausti ok jartegnum ok árnun Moyses: vatn hljóp ór hellu einne er Moyses laust á vendi sínum, en þeim var áðr vatnfátt; at þeim rigndi fezlu ór himni þeirri er manna heitir, þat er í munni sem hunang. þeim váro 25 gefin lög er menn kalla Moyses lög þá er hann hafði áðr fastat fjóra tigi daga á fjallinu Sina. þar váro x laga orð á tveim hellum rituð. Moyses lét gera tjald þat er kallat er Sæltartjald ok marga aðra luti gerði hann guði til dýrðar. þá var gör örk sú er köllut var Lögsmálsörk.

---

1 flögur = flavgvr. ciniphes ∞ emifes. 3 sjaunda > Siavda. 4 þreifa = þreiva. 8 lambsins > læbfil. 16 leiðarvísi þeirra ∞ leidar vísl þeirra. 19 leiðinne < leiðinne á meðal. 21 hljóp > hlop. 23 rigndi > rigdi. himni > heini. 29 gör +. köllut > lavllvt.

hón var gulli varit utan. í henni var hirð skjóla sú er í var manna ok lagahellur ii ok vöndr “ááron” bróður hans sá er laufgaðiz í þurru sandi á einni nótt. tjaldit var þakið utan með vaðmálum ok gærum en innan var búit inum dýrstum vefjum. í því tjaldi váro guði fórnir færðar á hverjom degi. Moyses var orþinn svá bjartr á fjallinu af guðs viðmæli at menn máttu eigi í gegn honum sjá nema hann hefði huldu fyrir anliti sér eða augum. hann var svá í delleikum við guð of allt viðrmeli sem engi maðr hafði áðr verit. Sú jartein gerþiz í för þeira Moyses þá er þeim var mein at ornum ok eitri þeira þá lét Moyses gera orm af eiri ok draga upp í trè hátt ok hans manna hverr er þangat renndi augum til eirorinsins varð heill þó at áðr veri kvaldr af eitri. þá er synir Israel ok Moyses komu til Jórdáunar þá heimti guð Moyses frá öðrum mönnum á fjallit Sina ok andaðiz hann þar en guð hirði lík hans þar er menn fundu eigi.

6. Miraculum. Eptir annlát Moyses tók Josue fóstri hans höfðingja nafn yfir Gyðingum. hann gerðiz inn dýrligsti maðr ok gerði margar jartegnin í guðs nafni. Af hans jartegnum gengu synir Israel yfir Jórdán þurru fótum. Lögmálsörk var borin út á ána miðja. þá rann áin til sávar ofan þaðan frá en fyrir ofan óx áin svá sem hátt fjall en allir hermenn gengu fyrir neþan. síðan er þeir komu yfir ána þá féll hón at venju til sævar. þat varð enn at féllu borgarveggir allir þeir er váro um Jerico af hornblestri ok herópi. Síþan áttu þeir margar orrustur vit þær þjóðir er fyrir váro landinu ok eignuðoz þeir Josue allar þær jarðir er guð hafði heitit Abraham. Einu sinne var þat at Josue dvaldi sólina mjög langa stund svá at hón gekk eigi fram at venju, því at honum var

1 henni >. 11 er ∞ ei. 19 höfðingja > hodingja.

21 Jórdán > hafit ravða. 23 :ávar = safar (o: sjávar).

25 sævar = læfar.

áðr dagfált til sóknar þeirrar er þá átti hann. Josue skipti öllu landinu með ættum Gyðinga, hverjar borgir eða hérað hafa skyldi hver ættin. Þat landaskipti hélz alla æfi síðan meðan Gyðingafólk byggði þat land.

5 7. Frá *dómendum*. Eptir Josue tóku at stýra Gyðinga-  
fólki tólf menn er dómendr váro kallaðir hverir eptir  
aðra ok stóð þat ccc ára ok v ár. Í þeiri sveit váro  
þeir Samson inn sterki, Gedeon ok Samuel spámaðr. Margir  
váro þeir helgir menn ok leystu opt guðs fólk undan  
10 hernaði heiðinna konunga með guðs trausti. Gedeon  
vitradiz guðs engill að hann mundi leysa Gyðingalýð ýr  
heiðinna manna höndum. Hann bað guð at þat veri  
sannat með því at hann mundi leggja ullarreyfi í layka- 25  
garð ok félli döggr á reyfið en garðrinn veri þurr, ef  
15 guðs vili veri til at fólkit veri leyst; ok þat veitti guð  
honum. Þá bað hann aðra nótt at döggr félli á garðinn  
allan en reyfið veri þurrt, ok svá varð. En þá er þessi  
merki urðu hvártveggi þá fór hann með lítið lið at guðs  
boðorði til sóknar í móti miklum her. þeir höfðu í hægri  
20 hendi blástrhorn en í vinstri hendi leirkurkur ok ljósker  
í, ok síðan er liðit sótti í nánd herinum blésu þeir í  
hornin en brutu leirkrukkurnar ok skinu þá vit ljósin ok  
lögðu fjandr þeira á flótta þegar allir. Samson dómandi  
var svá sterkr at hann brot borgarliðs umbúning af hand-  
25 magni sínu einu ok bar á fjall upp. Á dögum Samuel  
spámanns tóku Gyðingar sér konung er Saul hét. hann  
var inn fyrsti konungr Gyðinga. Cis hét faðir hans.  
hann var góðr öndurþa efi sína en illr ofanverþa. hann  
var konungr “.x.x. vet”.

30 8. Enn fjórði aldr heims hófz þá er David tók kon-  
ungdóm ok er taldr til herleiðingar Babilonis, þat eru

7 ccc < cccc. 8 spámaðr > spámdr. 11 að? 12  
bað  $\mu$ . 23 þeira > þeir. 30 Enn > N.

cccc vetra ok lx ok v vetr. David var konungr xl ára.  
 hann var vígðr til konungs í ósku sinne af þeim guðs  
 26 vin er Samuel hét. David var smalamaðr áðr fyrir þui  
 föður síns í Beðleem ok svá mjög lengi síþan ok efldi  
 guð hann til margra þrekvirkja: hann reif í sundr kjapta 5  
 ins óarga dýrs ok hann brot bjarnar ramma af handmagni  
 sínu þá er hann getti sauða föður síns ok hann felldi  
 Goliat risa með slöngusteine ok tók svá af guðs fólki  
 skemmd ok ótta. En þá er Saul konungr sá at David  
 fekk tíðleik ok metnuð af verkum sínum þá lagði hann 10  
 öfund ok fjanskap á hann ok leitaði opt við at drepa  
 hann ok David varð lengi landflótti af heiptúð konungsins  
 ok bar hann vel ok þolinmóðliga ok lítillátliga. þat var  
 tysvar at David lét Saul ór færi ganga þá er hann átti  
 kost at drepa hann. en er hann frá Saul konung fallinn 15  
 í orrustu þá grét David dauða hans sem ins bezta vinar  
 síns. David tók konungdóm eptir Saul ok var vii vetr  
 konungr í Ebron yfir kyni Juda at eins, en iii vetr ok  
 xxx í Jerusalem yfir öllu kyni Israel. Guð gaf honum  
 sigr hvar sem hann átti sóknir við óvine sína. hann var 20  
 vegaamaðr af mörgom manndýrðom ok mest af lítillæti.  
 hann hafði spáleik af inum helga anda. David gerði bók  
 27 þá er Saltari heitir er alls kyns løf er guði sungit. Þann  
 glæp hendi David at hann tók konu ríðara síns ok átti  
 lag við hana en ræð honum banaráð. Þá sendi guð Nathan 25  
 vin sinn at ávíta konunginn. Síþan fekk David mikla  
 iðrun, en guð lagði refsing á hönd honum til yfirbótar  
 þá at Afsalon sonr hans gerði uppreist í mót honum ok  
 David varð landflótti fyrir honum: þeir áttu margar orr-  
 ustur ok féll Afsalon í inni síðurstu. Við þeiri konu átti 30  
 David son þann er Salomon heitir ok spakastr maðr hefir  
 verit ok allir konungar Gyðinga eru frá komnir. Salomon

17 vetr +.      20 óvine > ovime.      24 ríðara ~ riddara.  
 29 varð μ.      30 féll > fella.

gerði guði til dýrðar þat hús er bazt hefir verit ok ítar-  
 ligast. þat var gert utan hvítum steine en innan var þat  
 þakit gullspöngum svá at ekki var at sjá í refrið nema  
 gull eitt. ker váro þar mörg ok kertistikur ok margar  
 5 aðrar gersimar af brenndu gulli gervar. hús þat var í  
 smíð vii vetr ok vii mánuðr ok vígt á inum átta mánaði  
 ins átta ársins þapan frá er smíðin var byrjuð. mustari  
 þat er Salomon lét gera í Jórsalaborg er kallat Templum  
 Domini eða Salómons mustari. Hann gerði iii helgar bækr. 28  
 10 þó hendi Salomon mikla úhamingo í elli sinni af eptir-  
 lætislifi við heiðnar konur þer er hann unni of mikit. þó  
 venta menn honum miskunnar af guði at því er helgir  
 menn ræða um: Ambrosius ok Augustinus ok Jeronimus.  
 Eptir Salomon var konungr sonr hans Roboam. Undan  
 15 honum hvarf mikill luti Gyðingafólks ok tóku sér konung  
 þann er Jeroboam hét. Hann gerðiz blótmaðr ok mjög  
 svá allir þeir konungar er hans ríki höfðu hvern eptir  
 annan. Eptir Roboam var Abia sonr hans konungr at  
 Jórsölum, þá Asa hans sonr, þá Josaphat sonr hans. Þapan  
 20 frá váro konungar ór kyni David yfir Jórsalaríki hvern  
 eptir annan, svá sem guð hafði heitið honum, til herleipingar  
 Babilonis: [síþan] tók ávallt konungdóm sonr eptir föður  
 meðan konungar héldoz í Gyðingafólki. Sumir váro þeir  
 guðs vinir en flestir váro syndgir ok villtoz frá guði til  
 25 blóta ok annarra ósiða margra at því er helgar bækr  
 segja. Í þeiri tölu váro helgir konungar ok dýrligir:  
 Ezechias ok Josias er bazt manna hélt páska í þann tíð.  
 Á dögum inna efsto Jórsalakonunga kom Nabogodonosor  
 Babilonis konungr með her sinn á Jórsalaland ok brot  
 30 alla Jórsalaborg ok svá Salómons mystari. þaðan tók hann  
 fjárlýti mikla ok ferði í Babilon. hann hafðe at herfangi 29  
 Jeconias konung ok allan Jórsalalýð með honum. Í þeirri

7 ársins > arinf.    13 Jeronimus > eronim?.    17 höfðu  
 > hof.    24 flestir >.    28 Nabogodonosor > nabogonosor.

herleiðingu var Daniel spámaðr ok þeir Annanias ok Zakarias ok Missael er ortu Benedicite í ofni fullum af brennanda elde. Um konunga æfi váro flestir helgir spámenn uppi í Gyðingafólki þeir er jarteignir gerðu. Helias var í fyrsta lagi. hann gaf líf dauðum mönnum ok hann réð fyrir veðrum með guði bæði til árs ok óráns. hann lét koma eld ór himne yfir blótmenn ok brunnu þeir í þeim eldi. hann fastaði xl daga svá sem Moyses hafði fastað. eptir þat var hann hafðr í lopt upp af einglum í elligri kerru ok er hann nú hirðr öðrum mönnum í hvíld mikilli. hann mun koma í sýn við menn fyrir dómadag ok mun hann píndr vera til bana af Antichristo, ok þeir Enok báðir. Þá er upp leið á æfi Gyðinga óxu blót ok aðrir ósiðir í Jerusalem af konungum ok öllum Gyðingalyð svá at þeir blótuðu börnum sínum til djöfla þakka. en guð sendi spámenn sína Ysaiam ok Jeremiam ok marga aðra at ávita þjóðina um ósiðu ok sægja þeim at hefnd hörð mundi yfir þá koma ef þeir hyrði eigi af. Gyðingar ráko fjónum alla guðs vini þá er hans erendi boðuðu.

30 Eptir Helias var föstri hans Heliseus spámaðr er mörg tákni gerði. Fjórir eru kallaðir inir meiri spámenn: Ysaias ok Jeremias, Ezechiel ok Daniel. þeira hverr hefir gerva mikla bók af tilvisun heilags anda. Aðrir xii eru kallaðir inir minni ok eru þessi þeirra nöfn: Osee, Amos, Jonas, Micheas, Johel, Naum, Sophonias, Abbakuk, Aggeus, Abdias, Malachias, Zacharias. þeir hafa allir haft heilags anda gipt — ok lýkz þar inn fjórði aldr heims.

9. Hinn fimmti aldr. Sá var inn fimmti aldr heims er hófz í Babilonar herleiðingu en laukz í hingatkvámu Jesu Christi drottens várs. Í þeim aldri eru talit d vetra

6 veðrum > feðrum. 8 sem +. 16 en >. 22 Ezechiel > ezechiaf. 23 gerva = gerfa. heilags = heilax. 24 minni > meiri. nöfn = nopn. Osee = Oféé. 26 Zacharias +. heilags = heilax. 27 lýkz = lýgz. 29 Babilonar > babilona.



ok lxxx ok ix vetr. Þau tíðendi gerðuz á inum v. aldri  
 heims at allr Gyþyngalýþr var hertekinn af Nabogodunusor  
 konungi austan af Babilon en Jerusalem var brotin öll  
 til jarþar og Templum Domini brotin og brennd en  
 5 hertekit allt gull ok gersimar er váro saman komnar  
 guði til dýrþar. Konungrinn Sedecias ok allt stórmenni  
 Jórsalaborgar var herleitt í Babilon ok þjáþir þar vii tigi  
 vetra. Í herfangi urðu teknir guðs vinir nökkörer þeir  
 er í guðs trauste ok hans nafni gerðu margar jarteinir  
 10 til þess að hugga þann enn auma lýþ er þar þjónaðe  
 heiðnum konungum. Þar var Daniel spámaþr einn af 31  
 þeim er þat meinvæti lagði á hönd sér á unga aldri í  
 konungs höll at hann hafði eigi aðra fæzlo enn ertr ok  
 vatn. en guþ gaf honum svá mikla spekt — ok mannvit meira  
 15 ok getspeki enn öðrum mönnum — at hann sagði konung-  
 inum draum sinn þat er hann munde eigi sjálfr at segja  
 ok síþan réþ hann til þeirra stórtíðenda er síþan gerðuz  
 um alla veruld. konungr hóf hann til enna mestu metorþa  
 ok gerði hann sér kærastan allra manna eptir þessa  
 20 jarteign. annan draum konungs réþ hann til þers at  
 konungrinn mundi verþa at gjalti ok lifa sem dýr eða  
 fenuþr úti á skógum vii vetr fyrir sakir ofmetnaþar síns  
 ok ofstopa, en eptir þat kvað hann konunginn vitkaz  
 mundu ok koma aðr í ríki sitt, ok gekk svá eptir. Eptir  
 25 Nabogodunosor hélz konungdómr í kyni hans um nokkurra  
 konunga efi unz Baltasar konungr var veginn. Eptir þat  
 var Darius yfirkonungr. Daniel varð fyrir öfund vándra  
 manna af því at Darius hafði á honum elsko mikla ok  
 virðing. en öfundarmenn bettu svá konunginn vélum at  
 30 nær varð hann þeim Daniel nauðigr í hendr at selja. en  
 þeir settu hann í gróf með inum óörgum dýrum þeim er

4 brotin og brennd < brotit og brennt. 5 er < er  
 þar. 9 gerðu +. 12 unga ~ ungs. 15 at +. 16  
 draum +. þat o: þann ~ þar. 22 ofmetnaþar > of meþn-  
 aþar. 28 hafði á +. 30 nauðigr > navdgan.

svelt váro til þess at þá veri þau ólmare en áðr. guð sá  
 til vinar síns at hann var heill ok ómeiddr ner viku með  
 32 dýrunum en þau lágu hjá honum viku fastandi. mat sendi  
 guð honum þangat: þat færði honum Abbakuc spámaðr  
 af Gyðingalandi svá, at engill guð bar hann á einu auga- 5  
 bragði ok svá apr. Þeir Sidrac ok Misael ok Abdennago  
 váro fóstbreðr ok frendr Daniel er Baltasar hét öðro  
 nafni. þeim var skotit í eld brennanda at ráði Nabogo-  
 dunosor konungs ok bundnir rannliga í eldinum, brunnu  
 bönd af þeim en þeir gengu lausir í eldinum ok sungu 10  
 guði lofsöng þann er Benedicite er upphafit. guðs engill  
 kom í eldinn hjá þeim ok stökkði loganum frá þeim.  
 Eptir Darium var Cirus frendi hans ylikonungr. Cirus  
 var konunga baztr, þó var hann heidinn. At hans lofi  
 fóru Gyþingar apr til Jórsalalands. Jesus hét kennimaðr 15  
 göfogr er höfþingi var í förinni. Þeir tóku síþan upp  
 at bæta Salómons mustari er brennt hafði verit, gerþo  
 þeir þat upp með sama vexti en skrauti minna en fyrr  
 hafði verit. Þeir váro at kirkjugerð þeirre xl ok vii  
 vetr af því at þeir urðu at verjaz þjóðum þeim er tálma 20  
 vildo verk þeira. Þá stýrðu byskupar Gyðingafólki langa  
 æfi síþan þeir komu apr ór Babilon. Eptir Cirum var  
 Cambises sonr hans konungr í Babilon inni nýjo á Egípta-  
 33 landi ok er hann stundum kallaðr Nabogodunosor. á  
 hans dögom var "holofernt" hertugi hans veginn, honum 25  
 banaði Judid heilög ekkja. Eptir Cambises hélz Babilonis  
 riki til þess er Alexander inn mikli Grikkja konungr felldi  
 Darium konung ok eignaðiz allt riki hans. Alexander  
 kaunaði alla syðrhálfo heims ok bardiz við marga konunga  
 ok hafði jannan sigr. hann lagði ok á háls konungom ok 30  
 lét þá draga kerru undir sér um borgir. Alexander var

5 Gyðingalandi >. 11 lofsöng > lof favg. 12 frá >  
 frá. 19 xl ok vii < vii (v iii v xx). 20 þeir ∞ þen.  
 22 ór > i. 27 mikli >. 30 ok á háls konungom ok >

yfirkonungr xii vetr. hann drakk eitru til bana í Babilon. hann lét gera höfuðborg þá á Egiptalandi er Alexandria hetir. Alexander skipti ríki sínu með xii mönnum ok váro þeir allir konungar eptir hann. þá þan hefz Grikkjaríki þar  
 5 til er Rómverjaríki hófz. Eptir Alexander var Tholomeus konungr á Egiptalandi ok þaðan af hét hverr sem einn konungr Tholomeus öðru nafni á Egiptalandi svá sem fyrr meirr hét Pharao. Tholomeus inn fyrsti var konungr xl vetra.

- 10 10. Frá konungum. Antiokus hét konungr grimmr ok illr á Sýrlandi. við hann er kennd borg sú er Antiokia heitir er hann lét gera. hann tók konungdóm þá er liðit var e ok “xxx. ok .iii.” vetr þá þan frá er Alexander eignaðiz Babilon. Antiokus gekk hart á hönd Gyðingum  
 15 ok saurgaði Jerusalem ok svá Templum Domini í blótum heidinna goða. marga Gyðinga píndi hann til bana þá er halda vildu guðs lög þar til er Mathathias ok synir hans 34 gengu í móti honum. fyst drápu þeir sendimann Antiokus ok gerðiz Mathathias höfðingi Gyðinga. en eptir hann  
 20 var Judas Makabeus sonr hans höfðingi Gyðinga. hann háði margar orrostor við heidnar þjóðir ok hafði ávallt sigr ok vörðu þeir bræðr oddi ok eggju lög sín ok lönd. þeir bræðr unnu stór verk svá at engir hafa verið meiri afreksmenn né sigrselli í Gyðingafólki. þeira frænda var  
 25 síðarst “ravnan” sonarsonr Mathathias höfðingi, en hans líf þraut litlu fyrir hingatburð Krists.

11. Frá skurgoðum. Belus hét konungr í útlöndom. af honum hafa blót hafiz því at hann var dauðr blótaðr. eptir honum var skurgoð gert þat er sumar þjóðir kalla  
 30 Baal en Gyðingar nefna Belzebub ok létu þeir at í byggi höfðingi allra djöfla. Ninus hét sonr Beli. hann lét gera

12 heitir — hettir (o: hetir).  
 Johannes Hyrcanus.

16 til +.

25 “ravnan” o:

Ninive borg þá er mest hefir verit ger í heiminum. Ninus átti þá konu er Semiramis hét. hún lét gera Babilon ina gömlo í þeim stað sem Babel hafði staðit. svá hét stöpull sá er risarnir gerðo ok hugðoz þaðan mundu ganga upp í himin, hugðoz þeir ok haldnir mundu vera þó at flóð 5  
 35 yrði slíkt sem Nóaflóð hafði verið. Fjögur hafa konungriki máttkuz verit í veröldu áðr Rómverjaríki hófz. eitt var ríki Assiriorum í Ninive. annat var ríki Kaldeorum í Babilon frá dögum Nabogodonosor konungs. þriðja var Persarum ríki þaðan frá er Cyrus var konungr. Grikkja 10  
 ríki var it fjórða síþan Alexander inn víðförli var konungr.

12. Frá "mathie 7 filij eius." Síþan sonarsynir Mathathie önduðuz þá höfðu Gyðingar þá eina höfðingja er fátt er í bókum frá sagt. Aristobulus hét yfirmadr Gyðinga ok kallaðiz hann bæði konungr ok byskup ok svá 15  
 váro kallaðir allir þeir höfðingar er frá Aristobulo váro komnir ok svá alit þar til er Herodes konungr heiðinn hafði ríki yfir Gyðingum at ráði Rómverja í þann tíma er Krístr var borinn ok var hann illr konungr ok grimmr.

13. Sú hefir orrusta verit mest ok ágæzt í heiðnum 20  
 bókum er Grikkir unnu borg þá er Trója hetir. sú orrusta hófz litlu eptir daga Moyses eða Josue. Priamus hét konungr í Trójo. synir hans váro þeir Ektor ok Alexander ok Elenus, Deiphobus ok Troilus. Alexander tók konu af Grikklandi þá er Elena hét. hún var ákafa fögr. hana 25  
 átti Menelaus bróðir Agamemnonis Grikkjakonungs. þeir bræðr eflðoz at liði ok fóro til Trójo með xvii skipum miðr en tólf hundruðum tíræðum. Priamus hafði ok  
 36 ógrynni liðs, sótti til hans fjöldi kappa ok höfðingja. Í liði Trójomanna váro mestir kappar Ector ok Troilus synir 30

1 heiminum = hein̄v. 2 Semiramis > simeramis. 6 slíkt = slígt. 10 Cyrus > Cirus. 14 Aristobulus > Aristobolvf. 16 Aristobulo > aristobolo. 24 Deiphobus > depheb'. 26 Agamemnonis > Agamenonif.

Priami ok Eneas mágr hans. En í Grikkja liði váro þeir mestir kappar Acilles ok Ajax ok Diomedæs. Spekingar þeira váro þeir Nestor ok Ulixes. Grikkir sátu x vetr um Trójo áðr borgin yrði unnin. Í bardögum þeim er 5 þeir áttu féll mikill hluti liðs hvárratveggjo ok féllu þar flester allir höfðingjar. þar féllu synir Priami allir nema Helenus. ór Grikkja liði féll Akilles ok Palamedes. Þá er farnir váru mjög forstöðumenn Trójo nema Priamus, en hann vildi aldregi upp gefaz, þá sviko þeir Antenor ok 10 Eneas Priamum ok luku upp borgina of nótt fyrir Grikkjum. Þá var Priamus konungr felldr ok mikill luti borgarliðs, en Antenor ok Eneas ok Elenus komuz undan. Grikkir brutu Trójo alla en brenndu síþan. Menelaus hafði Ælenu konu sína með sér ok þeir Agamemnon konungr bróþir 15 hans. Eptir orrustuna ræð Antenor ok synir hans ríki því er Frigia heitir ok Trója hafði í verit. Helenus sonr Priami eignaðiz litlu síþarr ríki þat er Æpirus heitir. Með honum fór frá Trójo Hecuba móþir hans ok Andromaca 37 er átt hafði Ector bróðir hans. Stundo síðarr eignuðoz 20 synir Ectoris Trójoríki með fulltingi Helenus söðurbróður síns. Eneas fór á brot af Trójolandi ok með honum faðir hans gamall er Anchises hét ok sonr hans er Ascanius hét eða Iulus. Eneas fór víða ok fekk hvergi staðfesto áðr hann kom á þat land er Italia hetir. þar felldi 25 hann kappa þann er Turnus hét. hann var sonr Daunus er ríki hafði í þeim stað er nú er Rúnaborg. Eneas gekk at eiga Lavinia dóttur Latinus konungs er látínutunga er víð kennd því at "Nicostã" kona hans fann látínu-stafrof. Eneas var konungr á Italialandi iii vetr. Eptir hann 30 var konungr Ascanius sonr hans xxx ára ok vii ár. hann

3 sátu ~ sátu. 5 þar > þ'ar. 16 því ∞ þat. heitir ~ hettir (o: hetir). 17 Æpirus > æphir<sup>2</sup>. 18 Andromaca ∞ Andromacia. 25 Daunus ∞ danıvı ~ damıvı. 27 Lavinia > lavınea ~ lavınea.

gerði borg þá er Alba heitir ok stendr skammt út frá Rúmaborg. Í þeirri borg héldo þeir langfeðgar xv konungdóma allt til þess er þeir Romulus ok Remus bræðr gerðo Rúmaborg. Þá ræð Romulus Remum bróður sínum bana en gaf borginne nafn af sínu nafni ok kallaði Roma. 5 Romulus hafði þar ríki xxx ára ok viii ár. Þá þan frá höfðu Rúmverjar konunga yfir sér til þess er Tarquinius inn mikilláti var konungr. hann rak Brutus rúmverskr 38 höfðingi ór konungdómi fyrir sakir illsku hans ok ofmetnaðar. Eptir þat váro ii höfðingar yfir Rúmverjom á 10 hverjo ári, þeir váro consules kallaðir. Svá læð fram cccc ok xl ok iiiii ár ok ræðu þá stund alla consules Rúmverjom. Á ofanverðri þeiri tíð váro iii höfðingar settir yfir Rúmverja her. einn var Pompejus inn mikli, annarr Marcus Crassus, þriði var Julius Cesar. Pompejus 15 Magnus fór í austrveg ok barðiz þar við marga konunga ok hafði jafnan sigr. hann skattgildi Gyðinga undir Rúmverja, ok margar aðrar þjóðir. Markus Crassus fór á Serkland með sinn her ok háði þar margar orrostur. hann var þar handtekinn af Babilonis mönnum. þeir drápu hann 20 með því at þeir steyftu vellanda gulli í munn honum ok báðu hann þat hafa ærið er hann þyrsti ey ok ey til. Julius Cesar fór norðr um fjall ok háði margar orrostor við Saxa ok fór hann norðr á England. Tíu vetr var Julius Cesar fyrir norðan fjall ok skattgildi öll þau ríki 25 undir Rúmverja er þar eru. Eptir þat gerðiz missætti með þeim Pompejo ok Julio. þeir efldoz at liði mjög svá of allan heim ok áttu orrostor stórar. Sú var mest ok öfst er þeir börðuz í [tesla] Thessalia. þat er á Bolgaralandi. þar varð allmikil mannfall, ok hafði Julius sigr, 30 39 en Pompejus flýði á Egiptaland ok venti sér þar trausts

12 cccc ok > cccc ok ok ∪ cccc n. iiiii ∪ vii. xl ok iiiii ár < lx ok i ∪ lx ok viii. 13 höfðingar > hofðig<sup>r</sup>. 21 steyftu >. í munn >.



af Tholomeus konungi en hann sveik Pompejum í tryggð ok drap hann. Síþan fór Julius til Egiptalands ok vildi Tolomeus ok svíkja hann. Tholomeus drukknaði í á þeiri er Nil heitir ok var þá áðr yfirkominn í orrosto af

5 Julius. Þá gaf Julius Egiptaland Cleopatre drottningu systur Tolomei ok frillu sinni ok ræð hún því lengi síðan. Julius Cesar var fyrstr Rómverja yfirkonungr alls heims. Af hans nafni var hverr konungr Cesar kallaðr sá er þat ríki hefir haft. Julius setti misseristal ok talpi til hlaupárs

10 svá sem látinumenn telja nú. Af hans nafni tók mánuðr sá nafn er heitir Julius en áðr hét Quintilis. Julius hafði ríki v ár ok hann var veginn í höfudhofi í Rómaborg. hann var særðr v sárum ok xx. Brutus hét maðr en annarr Cassius er upphafsmenn váro at drápi Julii. Eptir

15 dauða Julii váro þeir höfðingar heimsins Augustus Octavianus ok annarr Antonius. hann hafði ríki fyrir utan haf, en Augustus fyrir norþan. Antonius læt eina systor Augusti ok gekk at eiga Cleopatra drottning á Egiptalandi. þaðan af urðu þeir ósáttir Antonius ok Augustus.

20 þeir áttu iii orrostur miklar. Antonius var yfirstiginn 40 ok banaði sér sjálfr með eitri ok svá Cleopatra kona hans. þaðan frá varð Augustus einn keisari yfir öllu veraldar ríki. Hann setti frið um allan heim ok lét rita allra manna nöfn. Af hans nafni heitir mánuðr Augustus

25 sá er áðr hét Sextilis. Augustus hafði ríki vi ár ins setta tigar.

14. Sexta etas. Hinn sètti aldr heims er frá því taliðr er Krístr var borinn ok til enda veraldar. Þá hafði Augustus verið keisari ii vetr ins fimmta tigar er Jesús

1 af ∞ ap. Pompejum > pō peio. 3 drukknaði > ðrven-  
aði. 4 yfirkominn > íyfir kominn. 15 dauða > ðavða.  
18 Cleopatra > Cleopatra. 20 miklar > mklar. 21 Cleo-  
patra ∞ Clopatra. 27 Sexta > sex<sup>2</sup>.

Kristr var borinn. Í þann tíð var Herodes konungr yfir Gyðingom heiðinn at burðum. hann lét drepa börn í Bedleem ok vall litlu síðarr möðkum í hel. Eptir hann var Archelaus sonr hans konungr yfir Gyðingalandi, en hann regðu Gyðingar við Augustum ok rak Augustus 5 hann af konungdómi ok í útlegð ok dó hann þar. Síðan setti Augustus iiii höfðingja yfir Gyðingafólk. Þá ræð Pilatus jarl fyrir Jórsölom; en Herodes konungr er tetrarcha var kallaðr. hann ræð fyrir Galileahæraði. hann var son ins illa Herodis. hans kona var Herodias er Philippus 10 bróðir hans hafði áðr átta. þau hjú ollu lifláti Jóans baptista. sá inn sami Herodes samþýddiz við Pilatum um písl drottins várs. Herodem færði Gajus keisari í útlegð ok dó hann þar. Eptir Herodem tetrarka var Herodes 41 Agrippa sonr Archelaus konungr yfir Gyðingom. hann lét 15 höggva Jacobum postula bróður Johannes postula ok hann hafði í böndum Pétur postula þá er guðs engill leysti hann ór myrkvastofu. litlu síðarr drap guðs engill Herodem ok dó hann svá.

15. De Tiberio. Eptir Augustum var Tiberius keisari 20 stjúpsonr hans xx ii ár. hann var undirhyggjomaðr mikill ok drakk mjög. Á hans dögum var Jesús Kristr krossfestur. þat mislíkadi mjög Tiberi keisara ok vildi hann láta Jesús hafa í gopatólo, en öldungar Rómverja vildo því eigi trúa. Eptir þat er Tiberius var andaðr þá var 25 Gajus keisari iiii ár. hann var maðr vándr ok grimmr. hann vildi sig láta göfga sem guð. við allar þjóðir var hann illr ok allra verstr við Gyðinga, hann lét setja upp skurdgöð í Jórsalaborg ok bauð at alþýða skyldi þau dýrka. af hans ráðum var svá mjög þröngt Pilato jarli at hann 30 banaði sér sjálfr sinni hendi. Gajus framdi nálíga allt

4 Archelaus > archila<sup>2</sup>. 10 Philippus > phlpp<sup>2</sup>. 15 Archelaus > archila<sup>2</sup>. 23 Tiberi < Tiberio.

munuðlifi ok hann fór mjög með gjörningar “heidni” menn  
 hans vágo hann. Claudius var keisari því næst xiii ár  
 ok vii mánuðr. hann var góðr ok sigrsæll. á hans dögum  
 gerði Matheus guðspjall sitt á ebreska tungu ok á dögum  
 5 Claudii settiz Pètr postuli í páfastól í Rómaborg. Nero 42  
 var keisari eptir Claudium. hann var síðarsti keisari ór kyni  
 Julius Cesar. Nero banaði móður sinni ok brópur sínum  
 ok fóstura sínum er Seneca hét ok honum hafði baztr  
 manna verit. Nero lét ekki úgert í hórdómi þat er mönnum  
 10 hefir heimsligast í hug komit at drýgja sín í milli. hann  
 var keisari xiii ár ok vii mánuðr. Nero bauð fyrstr ófrið  
 kristnum mönnum. hann lét krossfesta Pètr postula ok  
 háalshögga Paulum. litlu síðar ærþiz Nero ok varð at  
 gjalti. ætla menn at dýr hafi rifit hann í sundr úti á  
 15 skógum. Vespasianus var því næst keisari x ár, ríkr maðr  
 ok harðráðr. Þá var Titus sonr hans ii ár varla full —  
 honum unni hvert barn — ok léz týna hverjom degi þeira  
 er hann gerði eigi nökkvat ágetlikt verk ok gott. Titus  
 var ok miskunnsamr um fram aðra heiðna konunga. Þeir  
 20 Vespasianus fedgar fóru með her sinn á Gyðingaland ok  
 settuz um Jórslaborg á páskatið. Jerusalem urðu hvers  
 kyns býsnir áðr Rómverja herr kom þangat ok fleira  
 illt gekk yfir Gyðingalýð en yfir neina þjóð aðra áðr  
 borgin yrði unnin ok upp gefin: þar átu menn börn sín  
 25 ok hvers kyns óæti annur fyr sultar sakir, þar drápuz 43  
 sjálfir borgarmenn til litils matar. Í umsætu Jórslaborgar  
 laust Titus xii kappá með xii örum. Eptir þat brutu  
 Rómverjar Jerusalem alla til jarðar ok hvert hús er í  
 henni var svá at engi steinn lá þar sem áðr. kom þat  
 30 fram þá sem Krístr drottinn várr sagði um auðn Jerusalem

6 Claudium >. síðarsti > fýfti. 7 banaði > bañaði.  
 15, 20 Vespasianus > Vefpañi?. 21 Jerusalem < í Jerusa-  
 lem. 24 átu > attu. 25 kyns > kým. 27 örum >  
 áyr̄v. 30 auðn > avðv.

litlu áðr en hann veri þínðr. þá váro allir Gyþingar reknir á brot af Jórsalalandi ok margir í ánauð seldir nær of allan heim. þat var ii vetrum [síðar] minnr en fjórum tígum vetra eptir þíning Krists. Eptir Titum var Domicianus, inn yngri bróðir hans, keisari xv ár. hann bauð ófrið 5 kristnum mönnum næst eptir Neronem. hann setti Jóan postula í vellanda viðsmjör, ok er honum varð ekki mein at því þá lét keisari færa postula guðs í útlegð í ey þá er Padmos heitir. þar sá Jóan postuli himna sýn, ok hét sú bók Apokalipsis er hann gerði þar. á því ári var Do- 10 micianus veginn at ráði öldunga í Rúniaborg. Nerva var keisari xv mánuðr eða xvi. at hans lofi fór Jóan postuli ór útlegð ok til Effesuborgar ok gerði þar guþsspjall sitt. Trajanus var keisari xx ár ok vi mánuðr. Rómverjaríki hafði heldr minnkaz síþan Augustus var keisari, en Tra- 15 janus æxti þat mjög á marga vega á sínum dögum. í þann tíð var úfriðr kristnum mönnum ok lét Clemens páfi lif sitt fyrir guþs sakir at boði Trajanus. þó var honum mart vel gefit, ok um hann er þat ritað at Gregorius “pp” hafi þegit önd hans ór helvítis kvölum. Helius 20 Adrianus var keisari xxi ár. hann lét upp gera Jórsala- 44 borg ok bauð at hón skyldi Elia heta af hans nafni. hann kúgaði Gyðinga er þeir váro áðr ólýðnir ok bannaði þeim vist í Jórsalaborg. Þáþan frá váro keisarar þeir er fátt er frá sagt. Antoninus inn mildi var keisari xx ok iii ár. þá var 25 Markus Antoninus — — — Verus xviii ár. of hans daga var ófriðr kristnum mönnum. Elius Aurelius Kommodus xiii ár. Elvius inn gamli vii mánuðr. Septimius xviii ár. þá var ófriðr kristnum dómi. þá váro þær Perpetua ok Felicitas beittar dýrum til bana. Antoninus Bassianus Caracalla vi 30

3 fjórum > fimm. 5 xv > xvii. 12 mánuðr > ar. 24 í +. fátt er > fat. 25 Antoninus > Antonívf. mildi > míkl. ok iii +. 26 Antoninus > antonívf. xviii > xvii. 27 Elius Aurelius Kommodus > Ivei' antoni' komodvf. 28 Elvius > Elívf. vii <. mánuðr >. Septimius > Cernívf ~ Cernívf. xviii > xii. 30 Antoninus Bassianus Caracalla vi > Antonívf bassívf Caracarla 'xx'.

ár. Macrinus i ár. Marcus Aurelius iiii ár. Aurelius Alex-  
 ander xiii. á hans dögum var úfriðr kristnum mönnum.  
 Mammea hét móþir hans. hún varþ kristin af orðum  
 Orogenis prests. Alexander var vel við móður sína ok  
 5 af hennar sökum þvarr ófriðr við kristna menn. Maximinus  
 iii ár. — — — Philippus ok “philipvi” sonr hans vii ár.  
 þeir feðgar váro báðir vel kristnir. Decius var keisari eigi  
 alla ii vetr. hann drap báða Philippum, ok af fjandskap  
 við þá bauð Decius inn mesta ófrið kristnum mönnum.  
 10 þá var Fabianus “pp” líflátinn fyrir guþs sakir ok Ci-  
 prianus erkibyskup. Gallus var keisari ii ár. honum gekk  
 at óskum allt í upphafi síns ríkis, en því næst bauð hann  
 ófrið kristnum mönnum ok týndi þaðan af bæði ríki sínu  
 ok lífi. Valerianus ok Gallienus sonr hans xv ár. þeir  
 15 buðu ófrið kristninne. því næst varð Valerianus hertekinn  
 af konungi þeim er Sapor hét ok var síþan blindaðr ok 45  
 hafðr allan aldr í ánauð ok óvirðing. Sapor konungr sté  
 á bak honum áðr hann stigi á hest sinn en Valerianus  
 skyldi standa undir fótum honum á höndum ok knjám ok  
 20 í þeiri ánauð dó hann. af býsnum er Valerianum hendo  
 varð Gallienus reddr ok gaf frið kristnum mönnum. á dögum  
 þeira urðu miklir skaðar á Rómverjaríki. í þann tíð lét  
 Stephanus “pp” líf sitt fyrir guþs sakir ok því næst Sixtus  
 “pp” ok Laurencius erchidjárn at ráði konungs þess er  
 25 Decius hét. Claudius var keisari i ár ok ix mánuðr. hann  
 vá sigr á þjóðo þeiri er Gothi heitir. Aurelianus var — —  
 — ok vi mánuðr. hann bauð ófrið kristnum dómi. honum  
 gekk elding svá ner at býsn eru að. litlu síðarr var hann  
 á förnum vegi veginn. Tacitus var keisari vi mánuðr  
 30 ok var drepinn. Florianus iii mánuðr varla fulla. Probus  
 vi ár ok iii mánuðr. hann gerði frið fyrir norðan fjall

1 iiii > m. 3 móþir hans > moþir hanf moþir. 4 móður >.  
 5 Maximinus > Maxim'. 6 vii < vi ∪ v. 21 Gallienus >  
 Galerian'. 23 Stephanus > stepan'. því > i. þ'.

ok rak fyrir víkinga er þeir höfðu gert ófrið langa stund. Carus ok synir hans Carinus ok Numerianus ii ár. Numerianum drap mágr hans sá er Aper hét. honum banaði Dioclecianus sinni hendi í hefnd Numeriani. Dioclecianus ok Maximianus Herculus váro keisarar xxi ár. 5  
 46 á þeira veldi var mjög blómi langa rið. en á ofanverðum dögum sínum buðu þeir ófrið kristnum mönnum. í þann tíma hófz vípa ófriðr í Rómverjaríki ok þá var mestr ófriðr guðs kristni ok lengst samfast. á einum mánaði váro í Rómaborg ok í þorpum þeim er þar liggja til xvii þúsundir 10 manna af lífi teknir fyrir guðs sakir. þá váro þessir menn þínir: Gajus "pp" ok Sebastianus, "Tiber ei'" ok Pantaleon, Vitus ok Vincencius, Cosmas ok Damianus ok Herasmus. Dioclecianus kastaði niðr ríki sínu ok þótti eyvitar maðr. í þat mund dó Maximianus. Maximus systursonr Diocleciani 15 ok Maxencius sonr Maximianus kölluðuz keisarar v ár. þá váro þeir þínir Marcellus "pp" ok Ciriacus ok Timotheus.

16. Constantinus sonr Constantii ok Heleno var keisari xxx ár ok x mánuðr. hann háði margar orrostur 20 áðr hann eignaðiz allt Rómverjaríki. á hans dögum örfurpum var ófriðr kristnum mönnum. Constantinus var líkþrár í þann tíð. þá kom Silvester "pp" ok skírði hann, en í skírninni varþ keisariinn heill af líkþrá. en Constantinus efldi síðan mest allra manna guðs kristni. hann lét 25 kirkju gera í Latran Jóani baptista ok Johanni postula. þar er "pp" stóll. Péturs kirkju lét hann ok gera í þeim 47 stað sem Pétur var krossfestr. Páls kirkju lét hann gera fyrir utan Latran þar sem hann var höggvinn. í

1 þeir < þar. langa > lang. 2 synir hans > f. hanf var.  
 3 Numerianum > Numeranum. 4 hendi > hend. 5 Herculus > herculvlf. xxi > xx. 8 ófriðr > ofrið.  
 12 Tiber ei' ~ Tiber ei'. Pantaleon > pantaleē. 15 Maximianus > Maximiam' ~ Maximiant'. systursonr > sonr.  
 16 v < viii. 20 hann >. 24-25 Constantinus > conftanti'.  
 26 Latran ∞ fataran.



Rúmaborg lét hann gera þá kirkju er heitir Jerusalem ok þar lét hann vera kross drottins várs. Constantinus lét gera Agneskirkju at bón Constancie dóttur sinnar. Laurencius lét hann kirkju gera. Marcellino ok Petro

5 lét hann kirkju gera ok þar lét hann leggja lík Helenu mópur sinnar í dýrlikt leiði. Constantinus keisari setti at allir byskupar skyldo lýða “pp” svá sem konungar keisara ok hann gaf alla Rúmaborg undir “pp” veldi. Síþan lét hann gera mikla borg ok af hans nafni heiter

10 sú borg Constantinopolis. þar er keisarastóll. sú er æzt allra borga í Austrriki. Á dögum Constantini hóf Arrius prestur villu utan af Alexandria þa at hann taldi son guðs ok helgan anda minna vera guði feðr ok taldi son ok helgan anda skepnu en eigi skapara, ok var af því sem

15 hann eyddi allri þrenningu guddómsins en hann vildi trúa á guð í einingu at eins. eptir hánum hurfu margir menn í skilningu. Arrius varþ bráðdauðr ok gekk ór sér öllum iðrum. Þeim dauða hans leyndu lengi vinir hans. en er fjöldi manna hafði fallit í þá villu er Arrius “pp” hafði

20 tekit þá hafðu byskupar þing í borg þeiri er Nicea heitir. 48 á því þingi var Silvester “pp” ok Constantinus keisari ok átján byskupar oc ccc. á því þingi var þat skýrt gert at faðir ok sonr ok heilagr andi er einn guð í þrenningu, ok er sonr guð, ok heilagr andi guð, ok er þó einn guð,

25 en eigi þrír. á því inu sama þingi var settr allr kristinn dómr, en þeir menn váro allir bannsettir er á mót mæltu þeiri trú er þar var skýrð eða þeim boðordum eigi lýða er þar váro upp tekin. Constantinus sendi Helenu mópur sína, at leita at krossi drottins várs, til Jórsala. af hennar atkalli

30 ok tilvísion þess manns er Judas hét var kross drottins várs tekinn ór jörðu crucismesso á vár. Eptir Constantinum váro keisarar synir hans Constancius ok Constantinus ok Constans.

2 vera > gera. 12 hann +. 16 hánum ∪ honum. 20 er +  
 22 átján > iatjan. 31 váro > v̄. 32 keisarar = kei.

Constancius lifði þeira lengst myklu. hann villtiz í trú ok vildi alla menn færa til þeirar trúar er Arrius prestur bauð. Constans bróðir hans fylgdi fast réttri trú meðan hann lifði. þeir bræðr höfðu ríki xxiiii ár ok v mánuðr ok xiii daga. í þann tíma var Athanasius byskup mestr 5 mótstöpumaðr villumönnum. Julianus níþingr var keisari 49 í vetr ok viii mánuðr. hann var í æsku kristinn ok lektor at vígslo. síþan kastaði hann kristnum sið ok gerþiz fjölkynnigr. hann gerþi bækr í mót guðligum krapti ok dó með guðlöstun ok lét marga menn þína þá er kristnum 10 sið vildu fylgja. Julianus fekk sár af guþs krapti ok dó með því. þat er mælt at lík hans velli í biki í útlöndom. Jovianus góðr höfþingi ok vel kristinn — hann hafði ríki viii mánuðr. Valentinianus ok Valens bróþir hans váro keisarar xi ár. Valens var villumaðr ok hélt mjög 15 á Arrius villu. hann flæði ór bardaga í þorp eitt ok var þar í eldi brenndr af þeim mönnum er Guthi eru kallaðir. á þeim típum var Hilarius byskup ágetr af kenningom sínum ok jartegnum. Valentinianus dó fyrr en Valens. þá höfðu synir Valentiniani ríki með fæðurbróður sínum 20 iii ár, Gracianus ok Valentinianus. Valens bauð at munkar skyldu fremja ríðaraskap eða ellegar vera barþir stöngum í hel. Gracianus ok Valentinianus höfðu ríki vi ár. Gracianus gaf ríki Theodosio. hann háði margar orrostur við heiðnar þjóðir ok var allsigrsæll. á þeim típum var Mar- 25 tinus Túronsborgar byskup ágæztr manna af hælagleik sínum ok táknum þeim er hann gerþi. Maximus hét konungr á Bretlandi. hann fór með her sinn á Frakkland ok 50 beitti vélum Gracianum svá at hann var veginn í borg þeiri er í Lugdunum heitir. síþan rak Maximus Valentini- 30

1 Constancius > Constantin<sup>2</sup>.    2 prestur = p.    7 i > ii.  
 13 Jovianus > joviman<sup>2</sup>.    14 Valentinianus ∞ Vastiman<sup>2</sup>.  
 16 þorp > þrop.    17 brenndr >.    21 iii > iii.  
 22 ríðaraskap > ríðara.    23 vi < vii ~ viii.    28 Bretlandi  
 > breelandi.    30 Lugdunum ∞ lundunvm.

anum ok Jústino móður hans á brot af Italia. hún var villt í trú Arrii prests ok spillti mjög fyrir búanda sínum ok svá syni. Þeodosius inn mikli var v vetr konungr í Austrriki með Graciano, en eptir hans daga var hann <sup>5</sup> keisari xi ár. honum til handa flýði Valentinianus inn yngri, en Theodosius færði hann á rétta trú ok efldi hann til þess at hann hefudi bróður síns ok drap Maximum við borg þá er Aquileia heitir. í þann tíð dó Justina drottning. síþan felldi Theodosius viking þann er Eugenius <sup>10</sup> hêt ok sêr hafði eignat Rómverjaríki. á þeim tíþum var Ambrosius byskup í Meilansborg harða tíðr ok ágætr. þá var ok Jeronimus prestr allágetr af fróðleik sínum. Arcadius ok Honorius synir Theodosius höfðu ríki xiii ár, Honorius ok með honum Theodosius inn yngri xv ár. <sup>15</sup> í þann tíma eignapiz Alarikus konungr Gothorum Rúmborg. hann brenndi nokkurn hlut borgarinnar ok dó litlu síþarr. í þann tíð fanz heilagr dómr Stephanus frumvátts Jesu Christi svá sem vitrað var Luciano presti. Theodosius inn yngri sonr Arcadii var keisari ii ár ok xl. á <sup>20</sup> hans dögum andaðiz Augustinus byskup, ágætr kennimaðr <sup>51</sup> utan af Affrika. Eudocia kona Theodosii færði helgan dóm Stephani til Rúmborgar ok er hann nú þar dýrkaðr í kirkju Laurencii. Marcianus [ok Faustinianus] höfðu ríki vii ár. í þann tíð fanz höfuð Jóans baptista út á Jórsala- <sup>25</sup> landi svá sem hann sjálfr vísaði til munkum ii. Leo inn ellri var keisari xvii ár. Leo inn yngri var keisari i ár. Zenon var keisari xvij ár. á hans dögum fanz Barnabas postuli svá sem hann sjálfr vísaði til ok þar með

1 af Italia ∞ apitala. 2 prests = 'p'. 3 v > 'vr'. 5 til? 7-8 Maximum > Maximā. 8 Aquileia = aqlegia. 9 drottning >. 10 hafði >. 12 prestr = 'p'. 13 Arcadius > Archadivf. 14 með >. 16 hlut +. 17 tíð >. frumvátts > frv vtz. 18-19 Theodosius = Teodofivf. 19 Arcadii > archadíj. ii ár ok xl > vi. ar ok. xx. 21 Eudocia > Eudoxia. 26 xvii > ii. i > xvii.

guðspjall Matthei postula af sjálfum honum skrifat. í þann tíð eignaðiz Theodoricus konungr Godorum Rómaborg. Anastasius var keisari viii ár ok xx. hann hvarf í villu þá, er Eutiches hóf upp, ok bauð ófrið kristnum mönnum. Eutiches sagði svá at Jesús Krístr sonr guðs, er sann- 5  
liga er bæði guð ok maðr, sè nú guð at eins en engi maðr. Justinus inn ellri var keisari átta ár. á hans dögum sveltí Theodoricus Jóan "pp". litlu síþarr drap hann höfðingja ii rúmverska: annarr hêt Simmachus, en annarr Boëthius. litlu síðarr varð Theodoricus bráðdauðr. í þann 10  
52 tíð vann Benedictus ábóti í Monte Cassin alls kyns jar-tegnir sem Gregorius "pp" segir frá í bók þeiri er Dia-logus heitir. Justinianus inn mikli systursonr Justini var keisari xxx ára ok viii ár. hann sigraði margar þjóðir þær er áðr spilltu Rómverjaríki, svá at aldri mögnuðoz 15  
þer síþan, bæði Vandali ok Godi er flest illt gerðu áðr. Justinianus lét gera lögbók mikla. í þeiri bók samdi hann saman in fornu lög ok inu nýjo kristin lög svá at allir menn mætti ein lög halda í hans ríki. sú bók heitir Co-dex Justinianeus ok standa enn þau lög [eru] víða 20  
í Suðrriki sem býðr í þeiri bók: lét hann fylgja öll ný lög þau er hann setti ok heitir sú bók "novella". Justi-nianus lét gera í Miklagarði guþs mustari þat er á Girka tungu heitir Agia Sophia en vèr köllum Egisif ok er þat hús bazt gert ok mest í öllum heimi svá at vèr vitim. 25  
Justinus inn yngri var keisari ix ár. við hann ok við hans konu Sophiam var Narses öldungr rægdør af Rómverjom fyrir öfyndar sakir svá at þau tóku af honum öll metorð

1 Matthei = mathei.    3 viii < vii.    4 Eutiches (o: Eutyches)  
= eutices.    kristnum > cristnum.    5 Eutiches = Evtices.  
6 eins +.    8 sveltí > svelletí.    9 Simmachus (o: Symmachus)  
= simac<sup>2</sup>.    10 Boëthius = boeci<sup>2</sup>.    13 Justinianus > Jv-  
stiman<sup>2</sup>.    16 Godi (o: Gothi) > G<sup>7</sup>éodi. illt +.    20 Justi-  
nianeus > ivstimana.    21 fylgja >.    22 er +.    23 á  
Girka = agrka.    25 heimi = heī.    26 ix > xi.    27 Sophiam  
o sopherā.    28 honum +.    metorð > metod.

fyrir róg vándra manna ok lifði hann litla stund síþan. Narses eyddi öllu ríki Gotorum ok drap konunginn Tuti- 53  
lam at umboði Justiniani ins mikla. Tiberius Constan-  
tinus var keisari viii ár. á hans dögum var Gregorius  
5 sendimaðr páfans, Pelagi, í Miklagarði ok hafði mikil met-  
orð af Tiberio keisara ok öllum góðum mönnum. þá  
skýrði hann Jobs bók svá sem Leander bað hann til,  
byskup. Mauricius var keisari xx ár. á hans dögum tók  
inn helgi Gregorius páfadóm. hann sendi Augustinus  
10 byskup til Englanz er kristnaði mestan luta þess lands ok  
hafði byskupstól sinn í Cantarabyrgi. á dögum Gregorii  
“pp” gerði Agilulfus Langbarða konungr mörg vandræði  
Rúmverjom áðr Theodolinda kona hans bað hann af láta  
at herja á Rúmverja, ok honum sendi Gregorius “pp” bók  
15 þá er Dialogus heitir ok páfinn gerði. Focas var keisari  
viii ár. hann gaf Bonifacio “pp” blóthús þat er Pantheon  
hét. hann rensaði þat af blótum ok gerði at Máriaúrkirkju  
ok allra heilagra. þáþan af hófz allra heilagra messo hald.  
í þann tíð herjaði Kosdrói konungr á Jórsalalandi. hann  
20 tók kross drottins várs á brot ór Jerusalem ok gerði  
mart illt. Heraclius var keisari xxxi ár. hann vá sigr á  
her Kosdróa ok drap hann sjálfan. síþan færði hann kross  
drottins várs aptr í Jerusalem ok á þeim degi er haldin  
crucis messa á haustið er inn helgi kross kom aptr í Je- 54  
25 rusalem. — — — Heracleonas ok móðir hans Martina höfðu  
ríki iiii mánuðr. Constans var keisari xxvii ár. hann villtiz  
í trú ok lét færa Martinum “pp” í útlegð fyrri því páfinn

3 Tiberius >. 5 páfans > pavavaf. 7 bók +. 8 xx > xxi.  
9 páfadóm = pava dō. 10 lands >. 12 Agilulfus > Agiv  
lf'. 13 Theodolinda > theolinda. 15 páfinn = pavin.  
16 Bonifacio > benifacio. Pantheon = panteon. 20 Jeru-  
salem > erufalem. 21 mart >. xxxi > xxvi. 23 í +.  
á +. 25 Heracleonas > heraclonaf. 26 iiii mánuðr >  
'ii' ár. Constans > Constantin'. xxvii > xx' viii'. 27 því <  
því at. páfinn = pavfin.

stóð í mót villu þeiri er keisariinn bauð. Martinus andaðiz í útlegð í þeim stað er "cersona" heitir ok verða þar margar jartegnir at hans helgi. Constans kom í Rúma- borg ok rænti þar mörg heilög mustari búningi ok fjár- lutum ok víða plokkaði hann menn með ráni. hann 5 var veginn í lögu. Eptir hann var keisari Constantinus son hans xvi ár. á hans dögum var fundr byskupa í Miklagarþi "cl". þá váro villumenn fyrirechnir ok rættiz Georgius patriarcha er áðr hafði villu fylgt. Constan- tinus keisari fylgdi fast trú rættri. hann lét Jóan byskup 10 sendimann Agatho "pp" syngja sér messo inn átta dag frá páskadegi. Justinianus inn yngri var keisari x ár. af honum stóð fastriki mikit, en síþan villtiz hann í trú ok var rekinn í útlegð. á hans dögum andaðiz Nicholas byskup af Mirrea ok í þann tíð tók Villibrordus 15 byskups vígslu af Sergio "pp" ok var hann síþan erchi- byskup í Trekt á Frislandi. Leontius var keisari iii ár. 55 í þann tíð var Cudbertus byskup á Englandi ágetr af heilagleik sínum ok jartegnum. Tiberius hafði ríki vii ár. eptir hann kom Justinianus aprt í ríki sitt ok var 20 síðan með Tiberio syni sínum vi ár keisari. hann lét höggva Leontium ok Tiberium er ríki hans höfðu sér eignat svá at fjöldi manna sá bana þeira. í þann tíð kom Constantinus "pp" í Miklagarð at orðsendingu Justiniani ok var honum harðla vel fagnat. þá tók Justinianus cor- 25 pus domini ór hendi "pp" num ok fal sig under bænir hans. síþan sendi Justinianus her sinn at drepa Philippikum er hann hafði áðr sendan í útlegð ok latti þess mjög "pp". síþan hvarf herr sá til handa Philippiko ok fór aprt til Miklagarðs með honum. þá var Justinianus drepinn. En 30

3 Constans > Constantin'. 6 lögu ~ logu. 7 hans xvi > m fyrra c stantinn' xvii. 9 Georgius > Gregori'. 16 vígslu = víxlu. erchi- ∞ eith-. 17 Leontius > leo. 18 Cudbertus ∞ evdþt'. Englandi ∞ eiglandi. 21 vi > vii. 22 Leontium > leonē. 26 domini ∞ dvmni.



Philippicus hafði ríki í ár ok v mánuðr. hann var inn mesti villumaðr meðan hann var. Anastasius tók Philippi- kum ok blindaða hann. hann var keisari iii ár ok var vel trúaðr. Theodosius var keisari í ár. hann átti orrostu  
 5 mikla vit Anastasius ok var hann handtekinn ok sór eiða Theodosio ok var at hans ráði Anastasius vígðr til prests. í þann tíð eyddiz villa sú er Philippicus hafði upp tekil ok olli Theodosius því. Leo var keisari xxiiii ár. í þann 56 tíma var Ljúðbrandr Langbarða konungr ok færði hann  
 10 bein Augustini utan af Sardinia í “eý” þá er “papia” heitir ok lét ítarliga um búa í Péturskirkju. Constantinus var keisari xxxv ára. Leo x ár. Hirene drottning með syni sínum x ár. Constantinus einn vii ár. Hirene ein v ár. Niceforus ix ár. — — — Michael curopalates ii ár. Leo inn ermski vii  
 15 ár. Mikael ix ár. Á dögum þessa keisara gengu Langbarþar ok margar þjóðir aðrar yfir Rómverja ríki. þeir beiddu opt keisara þá er váro [er] í Miklagarði sér liðveizlo. en þeir máttu eigi Rómverjom at liði verþa fyrir því at þeir höfðu svá mikit vandræði at trautt máttu þeir halda  
 20 sínu ríki fyrir heiðnum þjóðum er á hendr þeim gengu því síðr máttu þeir öðrum at liði koma. þaðan frá sóttu þeir traust þeira höfðingja er fyrir norþan fjall váro á Frakklandi, ok síþan er Pipinus tók konungdóm yfir Róm- verjom at vilja Stephani “pp” þá hurfo Rómverjar undan  
 25 Miklagarðs konungom. höfum vèr þaðan engar sannligar sögur síþan Rómverjar hurfo undan þeim. síþan kallaz hvárr þeira öðrum meiri: stólkonungr í Miklagarði ok keisari á Saxlandi. — þessir eru langfeðgar Karls ins mikla, keisara. Örnólfr byskup heilagr af Metis; Ansigius 57

1 í ár ok v > 'n' ár ok 'vr'. 2 Anastasius > Anstafivs.  
 3 blindaða < blindaði. 4 Theodosius = Teodofi'. 6 Theodosio  
 = teodofio. prests = 'p'. 8 Theodosius = teodofi' (< Ana-  
 stasius). xxiiii > 'xv'. 9 færði < fardði. 11-12 Constantinus var  
 keisari xxxv ára. Leo x ár. > leo 'c' stantim' v kei. xxx v. ára.  
 15 gengu +. 28 Karls < karff. ins > m. 29 Metis = mettis.

hertogi; Pippinus; Karolus, hann var konungr í Frakklandi; hans son var Pippinus faðir Karlamagnúss keisara. Pippinus konung vígði Bonifacius erchibyskup af Meginzoborg ok síðan var hann vígðr af Stephano páfa. Karl inn mikli son Pipini var keisari fystr þeira er fyrir norþan 5 fjall hafa verit — — — xlv ára, en xvii ár keisari. hann kórónaði Leo páfi inn fyrsta jóladag í Pétrskirkju í Rúma-borg. þá kallaði allr lýðr þrysvar 'Karli inum mikla 'keisara Rómverja af guði kórónuðum haldiz sigr ok 'langt lif'. Eptir hann var sonr hans Ludovicus keisari 10 vii ár ok xx. hann hló aldregi at því er sagt er. þá var son hans Lodovicus ok bræðr hans með honum iii: Lotharius, Karolus ok Pippinus, xxx vi ár. — — — þá var "arnalldvi" son Karolimanni xii ár. hann vá sigr á Danakonungum Godefrido ok Sigefrido er áðr höfðu herjat 15 um allt Saxland ok Frakkland, hann drap af þeim c þús-unda. Eptir "arnalldvm" var Ludevicus sonr hans keisari xii ár. þá hafði Konráðr Konráðs son ríki vii ár. þá Heinrekr hertogi xvii ár. Hans son var Otto inn mikli er ríki hafði xxx viii ára. hann brot Danavirki ok kúgaði 20

58 Harald Gorms son til at taka við kristni. Otto sonr hans hafði ríki ix ár. Otto sonarson ins mikla Ottonis hafði veldi xviii ár. honum banaði kona með eitri í Rúmaborg, en hann hafði áðr látit drepa búanda hennar er Crescentius hét. Eptir hann var Heinrekr hertogi af "benara"- 25 landi keisari xxiii ár. þá son hans Konráðr inn mildi xv ár. því næst var son hans Heinrekr inn mildi keisari xvii ár. hann lét gera Máriukirkju í Spíru ok hann átti iii-vefr Gunnhildi dóttur Knúts ins ríka, ok með honum

8 Karli > Carch. 12 iii ∞ v̄. 13 Lotharius > lothrivf. 14 hann > hans. 19 xvii > 'viii'. 22 sonarson > son. Ottonis = 'O'. 24-25 Crescentius > Grefcent'. 25 hann > hanf. benara ∪ benara. 27 var +. mildi > mildi v̄. 29 Knúts = knvz.

fór Knútr til Rúms. Þá var Heinrekr il ára. hann brot Rómaborg af missætti þeira Gregorius “pp” ins selta með því nafni. Eftir hann var Heinrekr sonr hans keisari xviii ár. hann andaðiz í Trekt. Því nest var Liuderus 5 hertogi af Saxlandi keisari. hann var Lotharius kallaðr. hann færði Innocencium “pp” í stól sinn ok hann rak Rogerium Sikileyjar jarl af Púli. Lotharius var keisari xiii ár. Konráðr var keisari er Gizurr Halls son var suðr. En því næst Friðrekr.

---

3 sonr > þoþ (o: bróþir). 4 xviii > xvii. Trekt ∞ teekt. 7 af +. 8 xiii > iii. Konráðr ∞ kánradr ∪ kanradr.

---

VERALDAR SAGA, 16 (101<sup>3-6</sup>): hann var keisari iii ár ok var vel trúaðr. Theodosius var keisari i ár. hann átti orrostu mikla vit Anastasius ok var hann handtekinn ok sór eiða Theodosio ok var at hans ráði Anastasius vígðr til prests. í þann tíð eyddiz villa sú er Philippicus hafði upp tekit ok olli Theodosius því. < hann var keisari iii ár ok var vel trúaðr. í þann tíð eyddiz villa sú er Philippicus hafði upp tekit ok olli Anastasius því. Theodosius var keisari i ár. hann átti orrostu mikla vit Anastasius ok var hann handtekinn ok sór eiða Theodosio ok var at hans ráði Anastasius vígðr til prests.

---

## VI.

### STÓRÞING.

Frá boðorðum höfuðfedra. Fjögur hafa stórþing verit þau er skylt er kallað at halda þau boðorð er þar hafa boðin verit af helgum fedrum. Eitt í Niceaborg á dögum 5  
59 Constantini keisara. þá var Arrius fyrirdæmðr ok villa hans af ccc ok xviii byskupum. Annað var í Constanti-  
nopoly um daga Graciani keisara ok Damasi “pp”. þá var Macedonius fyrirdæmðr ok villa hans af c l “iiii” byskupum. Macedonius taldi helgan anda eigi guðdóm hafa. 10  
samþykkr sínum kompánum bæði Silano ok svá öðrum, enn þó lagði hann mesta stund á at semja herinn til orrosto. hann trúði illa þeim forna her sem fyrr hafði verit í Africa. ok er Metellus hafði búit her sinn vestr í Africam með ráði höfðingja þá væntu allir góðs af honum því at hann var ekki reyndr at fégirnri. enn er hann kom í Africam selr Spurius Albinus honum í hendr allan herinn ókunnan ok úvígligan ok óþolinn við háska ok erfíði ok þann sem djarfari var meðr tungu enn með hjarta: meirr var höfðingjum ván af þeim únáða ok áhyggju heldr enn liðsemdar. nú hugsar Metellus þat þó at stundin tæki at skemmaz til skiptingardaga þá vill hann þó heldr biða bardaga ok semja riddara svá sem síðvenja hafði til verit hinna fyrri höfðingja ok ætlaði at svá mundu hvessaz hugir þeira. — enn í fyrstu er Albinus kom í Numidiam ok spurði ófarar hersins ok skömm bróður síns þá ætlaði hann at temja herinn ok berjaz. hann hélt saman liðinu í herbúðum ok færði þær einar herbúðir er æigi mátti annan veg sakir vista. hann lét halda vörðu eptir síðvenju ok ganga undir merkjum. leikarar ok trúðar váro margir í herinum enn þorparalýðr sá er þar var spillti ökrum manna ok fóro í þorpin ok ræntu fè enn börðu menn ok flest görðu þeir þat er ferligt var. — enn Metellus var æigi úkjænni at koma af herinum þersi úvenju enn í orrosto seálfri. hann skipaði at enginn skyldi leikari vera í herinum ok enginn skyldi þá selja soðinn mat edr bakat brauð ok enginn þorpari skyldi hafa eyk nè þeónostumann hvárki í herbúðum nè fylkingum, enn öðrum mönnum setr hann þann skammt sem honum sýniz. hvern dag flutti hann herinn framm á leið ok jafnan at aptni lét hann diki grafa umhverfis herbúðirnar. hann lét ok gera traust virki svá sem úvinir hans væri hjá honum ok

1 Silano > fillano.    4 Africa = affrica.    5, 7 Africam = affricam.    8 úvígligan ~ óvígligan.    (25, 26, 27 enginn = engin, engín.)    29 skammt ∞ skánt.

hann ljét jafnan vörðu halda um nætr. hann skynjaði optaz seálfr um þá. jafnan fór hann meðr fylktu liði. Metellus var stundum í öndverðu liðinu enn stundum síðarst eðr hér ok hvar ok skynjaði um hvern lut ok hvar  
 5 hveerr ætti undir merki at vera því at jafnan var undir merkjum gengit. Rómverjar báru sjálfir vist ok vápn. ok á lítilli stundu stöðvaði hann svá ókynni hersins, meðr erfiði enn æigi með refsingum, at hermenn treystuz ok styrktuz.

10 16. Fra Metello ok Jugurtha konungi. Enn er Jugurtha spyrr hvat Metellus hefz at þá ætlar hann at hann muni svá grandvarr sem hann var. nú óltaz Jugurtha ok nú hit fyrsta vill hann með sönnu upp gefaz ok sendi menn til Metellum með lítillátligum orðum biðjandi sér  
 15 lífs ok griða ok sonum sínum frelsis, enn allt annat gefr hann í hans vald. enn meðr því at Metello var kunnig lausyrði Numidiemanna þá talar hann meðr sendimennina leyniliga ok lokkar sér hvern með fögrum orðum ok fé-gjöfum at þeir komi Jugurtha á hans fund með lífi en  
 20 heldr daudum enn æigi 'ok segit honum at hann man 'sættir fá ef hann kemr til mín'. fám dögum síðarr ferr Metellus með herinn í Numidiam: þat hérað var allt fullt með mönnum ok fénadi. hertogar ok aðrir ríkismenn fóro á mót Metello ok færðu honum hveiti ok aðra vist:  
 25 þeir buðu honum alla sína þjónostu. enn æigi at síðr ferr hann svá varliga sem honum væri viss úfriðrinn: hann lét halda njósnir langt í frá sér alla vega. Metellus var 458 í öndverðri fylkingh ok þar með valit lið fótgöngumanna ok bogmanna ok þeir menn sem slöngur höfðu. Gaius  
 30 Marius var síðarst með riddara sveit. enn Jugurtha bjóz við mikilli slagð því at enginn maðr vissi hvárt hann vildi halda frið eðr æigi; æigi vissu þeir ok hvárt honum

8 erfiði > erifiði. 12 muni > muní æigi. 16, 24 Metello  
 > Metallo, metallo. (31 enginn = engín.)

var skaðvænna því at honum váro allir stigar kunnigir ok mjök kjænn með orrosto. skammt frá veg þeim er Metellus fór var kastali sá er Vaga hét: sá var einn fjölmennastr í Numidia: þangat sækja kaupmenn af ýmissum löndum ok mest af Italia. þangat vill Metellus fara ok vita at hann fái unnit staðinn því at þat var höfuðstaðr landsins. þeir fá nú unnit kastalann ok eplir þat ljet hann þangat flytja bæði vist ok herklæði ok ætlaði kastalann sér til mikils trausts. enn at þessu görvu sendi Jugurtha menn með bréfum á fund Metelli at biðja sér lífs ok griða ok sonum sínum ok bauð alla luti upp í hans vald. enn Metellus freistaði sendimanna með fégjöfum ok fortölum at blekkja þá sem hina fyrri at svíkja Jugurtham ok bað þá svá segja konungi at Metellus vill æigi níta handgöngu hans. ok er þeir koma til Jugurtha finnr konungrinn at Metellus setr ráð í móti öllum hans vælum. Jugurtha samnar nú her saman ok ferr leynistigu nokkura á veg Metelli ok ætlar til samkeypiss við hann. þat var í þeim luta rikissins er Adherbal hafði átt, xx mílur í frá á þeiri er “carpses” heitir. á millum árinna ok fjalls þers er þar var lá vegr manna Metelli. hann setr menn sína víða um heiðina í kjörr nökkur. Bomilcar setr hann yfir fila sína ok suma sveitina fótgöngumanna ok kennir honum hversu hann skal með fara; en hann sjálfr var nærr staðr fjallshlíðinni með sína riddarasveit ok eggjar þá: biðr þá nú muna hina fyrri framngöngu ‘ok munu vær ‘annat hvárt hljóta þenna dag sigr æða bana’. Metellus var með sínu líði skammt frá her Jugurthe ok veit hann ekki til hans. Metellus sér at hálsinn er undarliga vorðinn ok getr at líta hvar hestarnir gengu í runnunum því at þunnr var skógrinn ok svá lágr at æigi huldi hestana:

3 Vaga > vacka. 5 Italia > ýtalía (∞ ýtaða). 19 Adherbal > aterbalem. 21 Metelli > metellif. 22 nökkur = nöckr. Bomilcar > Bolmíkar. 30 runnunum > runnina. 31 æigi ~ ækki.

nú máttu þeir Metellus ægi seá þá enn þó vissi hann at umsátin var. þá setti Metellus sinn hinn hægra fylkingar-  
arm í móti umsátinni ok lætr hann þrifalt standa: hann  
skipar bogmönnum sínum þar fyrir. ok fór Metellus með  
5 liði síno enn sá kappi er Marius hét fór síðarr með  
suman herinn.

17. Frá bardaga Jugurthe konungs ok Rómverja.  
capitulum. Jugurtha sér nú at hin síðarri fylking Metelli  
var komin framm um allt lið hans; enn þat var ægi  
10 minna enn ijja mílna leið er lið Jugurtha konungs var.  
nú gengr Jugurtha konungr ofan af hálsinum ok tekr  
milli þeira ok fjallsins ok lætr kveða við lúðra með ópi  
ok atgangi ok vill vita ef Rómverja fylkingar svigna fyrir.  
Rómverjar tóku val við; enn síðan hófuz þeir undan ok  
15 skutu á þá ok særðu marga menn; enn ægi máttu þeir  
höggum við koma. svá höfðu Rómverjar hart kennt þeim  
at Numide flýðu æ undan hvar sem Rómverjar komu framm.  
ok þá hlupuz þeir á riðlum ok görðu hvárir öðrum mikit  
mannspell. enn Numide váro svá skjótir sem hundar: flýja  
20 þeir nú undan, enn Rómverjar drápu mart manna af þeim.  
Metellus sá nú at Rómverjar váro djarfir ok kjænir til  
orrosto, enn Numide váro hræddir ok þó góðir bogmenn, 459  
ok tók nú at heimta herliðit saman í fjórar fylkingar (því  
at sumt liðit sat uppi í brekkunni ok hvilir sik þar). hann  
25 bað þá berjaz val ok drengiliga. Jugurtha konungr bað  
nú sína menn endrnýja orrostona ok duga mannliga. nú  
vissu Rómverjar aldri hvar hann mundi framm koma því  
at hann flýði þaðan ávallt sem þá kom hann framm enn  
hann kom þar jafnan framm sem sízt varði. — Bomilcar  
30 fór með filana sem honum var boðit ok með bogmannaher.

10 lið > leid. 17, 19, 22 Numide > Numidie, Numídie,  
numidie. 23 tók > t°. 29 Bomilcar > Bolmífk. 30  
bogmannaher ○ 134<sup>28</sup>.

hann sér hvar Rutilius fór framm til árinna. Bomilcar ferr í mót Rutilio. Rutilius sér at reykr leggur upp á himininn, enn þeir sá ægi herinn fyrir skógum ok ætla fyrst at vera muni vindr. enn litlu síðarr urðu þeir varir við at úfriðr var ok taka þeir at vápnaz ok standa fyrir 5 herbúðum sínum. enn er hinir komu runnu þeir at. verða Numide nú seinni í athlaupinu þeir er með filana fóro ok varð þeim ægi saman komit sem þuðfti fyrir því at skógrinn var þröngur, enn Numidis var at filunum mestr styrkr. ok sem filarnir hvarfa um skóginn renna Rómverjar 10 at þeim sem fastaz ok drepa nú hvern um þveran annan. dróz þá enn saman mikill flokkur Numidarum ok var nú mjök komit at nátt: heyra nú hvárir annarra lúðra ok heróp enn þó varð enginn bardaginn sakir náttmyrkr. hælaz nú ægi síðr blaudir enn fræknir at val hafi framm 15 gengit.

18. Frá Metello ok Jugurtha konungi. capitulum. Nú sitr Metellus í herbúðum hinar næstu iij nætr ok lætr binda sár sinna manna. hann þakkar mönnum sína fylgd ok gefr þeim gjafir er honum þóttu þers verðir ok nú 20 sendir hann menn í Numidiam at njósna um ferðir Jugurthe konungs. verða þeir skjótt við þat varir at Jugurtha hefir liðsdrátt ok býz til bardaga. Metellum grunar nú at Jugurtha muni enn berjaz vilja. Rómverjar spyrja ok hvat Metellus hefz at ok þikkir þeim þat feginsaga er hann 25 hefir tamit herinn eptir síðvenju hinna fyrri höfðingja. ok er þeir höfðu þetta sannfrétt þá ofra þeir fórnir goðunum í Rómaborg því at þeir höfðu aðr verit mjök ræddir um þenna úfrið. Jugurtha konungr njósnaðr enn um ef Metellus sendir nokkura menn frá herinum ok ætlar þegar 30 at veita þeim áhlaup. stundum ljóp hann á Metellum, enn

1 Bomilcar > Bolmifk.    6 runnu < runnuz.    7 Numide > numifde.    9 Numidis > Numifdifs.    12 Numidarum > numifdorū.    (14 enginn = engin.)    17 Metello > Metellū.



stundum á Marium, stundum á þá er eptir fóro: enn þegar við þeim var snúiz þá flýðu þeir því at þeir váro svá skjótir at enginn hundr né maðr tók þá. litlu síðarr verðr Jugurtha varr við at Marius ferr til vistakaupa í eitt 5 hérað er heitir "Jtaron". Jugurtha ferr nú þangat með miklu herliði. enn er Rómverjar verða þessa varir hlaupa þeir í borgarhlidin ok verjaz þaðan. ok sem bardaginn tekz þá eggjar Jugurtha borgarmennina at þeir skulo sláz á bak Rómverjum 'ok ef þær gerit svá þá freálsit þær alla 10 'oss'. enn þat þorðu borgarmenn með öngu móti. nú gerir Marius svá harða hríð at allir runnu fyrir honum — — — til Zamam. þersi borg stóð á sléttum ok var meira vígi í múrinum enn í grundvelli borgarinnar. í þessi borg var gnótt manna, vista ok vápna. Metellus setz um borgina 15 með her sinn. hann setr höfðingja yfir hver d manna. þeir sækja nú fast at borginni með alls kyns vígvælum. enn borgarmenn færðu ofan á þá grjót ok helltu þar með biki ok brennusteini ok skutu á þá logandi staurum. margir menn urðu ok særðir með handskoti ok öðrum skotum 20 ok jafn-mikill háski var þeim er nærr gengu sem hinum er fjarri váro. enn þó skilduz þá deigir frá dugandis 460 mönnum.

19. Frá bardaga Jugurtha konungs ok Rómverja. Á þeim tíma er sem mestr var bardaginn við Zamam kemr 25 þar konungrinn Jugurtha með fylktu liði sínu á þá úvara er geymdu borgarhlidauna. Jugurtha hljóp þegar á þá ok braut virkisshliðit ok gekk inn í herbúðirnar. tóku þá sumir Rómverjar frá enn sumir dugðu. var þar mart manna drepit ok sært. enn xl af þessum fjölda ljópu upp 30 á haugh einn ok vörðuz svá at hverr af Numidís sem á þeira fund kom þá dó skjótt. enn er Metellus berst sem

I fóro > v̄. (3 enginn = engin̄.) 12 Zamam > tamañiam. 23 Jugurtha > Jugurto. 24 Zamam > tamañiam. 29 xl > l̄x. fjölda +. 30 Numidís > Numidys.

djarfligaz þá sér hann á bak sér flóttu sinna manna. hann sendi nú til herbúða Gaium Marium með sínar sveitir ok bað þá hjálpa Rómverjum svá at þeir yrði æigi sigraðir. Marius gerir skjótt þetta boð. finnr Jugurtha þá æigi fyrr enn herrinn kemr at þeim, ok varð þeim seint at hlaupa 5 yfir dikit. taka nú undan hverr sem mátti. sumir váro drepnir í dikiu enn sumir ljópu millum herbúðanna í þröngina ok váro þar drepnir. enn allir þeir sem lifit þágu flýðu með Jugurtha konungi. Metellus hvarf frá borginni þegar er náttáði ok fór þá til herbúða sinna. ok 10 um daginn eptir skipaði hann herinum þar fyrir herbúðirnar sem á var laupit ok skipti höfðingjum til at gjeta hliðanna. en hann ferr til borgarinnar ok berst þar. enn annan dag eptir veitir Jugurtha áhlaup til herbúðanna ok verðr þar snarpr bardagi. Metellus sækir fast at borginni ok svá 15 váro hans menn ákafir at þeir váro gjarnari at særa aðra enn at hlifa sér. enn þá er nokkut hlé varð á bardaganum þá sá borgarmenn hvar riddararnir börðuz við herbúðirnar. þá glödduz þeir mjök ok þóttuz vita at þar var konungr þeira. ok er Marius sá gleði þeira lét hann minnka 20 sóknina ok lét þá skynja hvat er þeim lysti. síðan lét hann bera stiga at borginni ok gekk þar upp með marga menn. enn er borgarmenn sá þetta bera þeir á þá stórgrjót ok brutu stigana: váro þar sumir lamdir enn sumir drepnir ok snöru við þat frá. Metellus sér nú at þat var 25 ekki ráð at sitja lengr um þessa borg ok svá þat at hann kemr öngum bardögum á við Jugurthan nema með áhlaupum. sneri hann nú frá borginni ok setr sína menn í aðrar borgir er hann hafði fyrr unnit. hann sendi ok menn til Bomilcar' er mestr trúnaðarmadr var Jugurthe með miklum 30 fægjöfum at færa honum hann annat hvárt lífs eðr dauðan. Metellus fær skjótt snúit hans lyndi því at hann var bæði

2 sendi > fneríz. 10\_náttáði > mornadí. 13-14 annan dag eptir <. 30 Bomilcar > bolmífk.

- áhlýðinu ok svikmall ok því tekr hann með þeim orðsend-  
ingum. ok einn tíma talar hann með Jugurtham konung  
ok spurði hvárt honum sýndiz æigi ráð at hann gjæfiz  
upp í vald Rómverja ok hafit þér nú fengit úsigr í mörgum  
5 'orrostom ok mart fólk drepit ok bertekit fyrir yðr ok  
'eylt víða landit'. konungr hlýðir á fortölur hans ok sendir  
menn til Metellum ok vill gefaz í hans vald. Metellus  
stefnir þá at sèr höfðingjum sínum ok hinum beztum  
mönnum. var nú þat ráðit at Jugurtha skal senda Metello  
10 M punda silfrs, ef hann vill þá sættaz, ok alla þá fila,  
sem hann á, vápn ok hesta. þetta görir Jugurtha í stað.  
Metellus býðr öllum grið ok frið þeim er honum á hönd  
vilja ganga ok ero þeir allir leiddir bundnir á hans fund  
í Provinciam enn sumir flýðu í Mauritaniam til Bocchum  
15 konungs ok vildu æigi ganga á hönd Metelli. — — —  
nú sèr Jugurtha sik ræntan mönnum ok vápnum ok miklu  
fè. hann hugsar nú sinn skaða. svá minniz hann ok hvern  
skaða hann hefir gört Rómverjum ok frestar fyrir þann 461  
óttu marga daga at ganga á hönd Metello. enn æigi  
20 treystiz Jugurtha at halda bardaga ok ljet fallaz ór konung-  
dóminum ok í þrældóm ok þóttiz nú ósynju eytt hafa  
miklum styrk er hann hafði þá upp gefit: ræðr þat ór at  
ganga æigi á hönd ok vill halda upp orrosto eptir öllu  
sínu megni.
- 25 20. Frá Metello consule ok Gaius. Nú berr þat til  
tíðinda í Róm at þá er at skiptingardögum kom tóko  
þeir Metellum til consulem, skal hann ok hafa einn allt  
Numidiam. Gaius Marius fór þenna tíma í þann stað er  
Utica heitir ok færir þar guðunum fórnir ok leitar eptir  
30 um örlög sín. en guðin sögðu honum at yfir hann skyldi  
ganga mart ok ógurligt ok mjök ágjættligir lutir ok hann

10 M = M (&lt; cc þúsunda).

14 Provinciam &gt; numanciam.

Mauritaniam &gt; mauritaniām.

Bocchum = bochū.

25 Me-

tello consule &gt; Metellū cōsulē.

29 Utica &gt; vtue.

mundi langt um framm verða alla sína ættmenn. Gaius var ekki af miklum ættum. hann styrkiz nú mikit af fyrirheitum guðanna ok treystir þegar sem mest á allar hamingju-raunir ok ganga honum allir lutir farsælliga. honum kom ok i hug at beiðaz at verða consul, þóttiz hann til þers 5 vera val fallinn bæði fyrir sakir vits ok allrar atgörvi. hann var ok mikill bardagamaðr ok hinn spakasti at viti. hann þoldi vel vás ok erfiði ok á allar íþróttir var hann hinn röskvasti. ok þegar hann hafði fengit riddaranafn af Rómverjum þá görðiz hann öllum hugþekkr bæði sakir 10 mildi ok fræknleiks. enn æigi hafði hann enn áræði til borit at beiðaz at verða consul. enn nú sakir þers at guðin höfðu honum vísat til þeirar tignar þá vill hann ok freista at hann fái hana: biðr nú Metellum orlofs at fara til Róms. enn þótt Metellus hefði ærinn manndóm 15 þá hafði hann þó þann löst sem flestir tignir menn hafa at hann vildi seálfan sik mestan ok mælti 'ek vil minna þik á at þú hefir æigi burði til at beiðaz sliks'. nú reiddiz Marius ok þótti Metellus forsmá sik: lastar nú jafnan Metellum fyrir höfðingjum ok hann skyldi löngu hafa 20 unnit Jugurtham 'enn nú dregr hann einart undan sakir 'atferðarleysis Metelli'. enn mörgum þóttu hans orð sannlig vera. i herinum var sá maðr er hét Gauda son Mastanabalis sonar Masinisse. þenna hafði Micipsa annan til arfs leitt ok var sjá drjúgum hálf-ærr. hann beiddiz at sitja i 25 háseti hjá Metello en hann vildi þat með öngu móti. þenna mann eggjar Marius til at hrópa Metellum, enn sagði hann vera vel til konungs fallinn ef Jugurtha væri drepinn enn þat mundi skjótt verða ef hann yrði consul. Gauda gerir sem hann var beðinn. Marius lokkar ok 30 Rómverja til at skrifa til Rómaborgar sakir Metelli enn

23 Gauda > Gaída. 23-24 Mastanabalis > Manastabile.

24 Masinisse > Maffimiffe. Micipsa > Miffepfa. 25 sagði >

tegdí. 30 Gauda > Gaída.

beiddiz at Marius væri görr consul. Þetta líkaði mörgum val ok fluttu hans mál því at lýðrinn var gjarn til nýjungarinnar. Jugurtha býz nú til bardaga ok eflir borgir sínar at veggjum ok múrum. hann lætr ok búa vápn sín  
 5 ok kaupir hvar sem hann kann at fá ok vildi fyrir hvern mun hrinda af sér þessum úfriði. hann freistar enn með fæðum þeira er í borgunum sitja ok eflir nú sinn styrk eptir öllum mætti.

21. Frá Jugurtha konungi ok Rómverjom. capitulum.  
 10 Sú borg er Vaga heitir gekk fyrst undir Rómverja. til hennar ferr Jugurtha með her sinn ok býðr borgarmönnum fè. enn þó at þeir væri þjónostumenn Rómverja þá var þeim þó vel við Jugurtham ok ljetu lokkaz ok sóru honum 462 trúnaðareida. ok hinn þriðja dag frá því er eiðarnir váro  
 15 svarðir þá var heilagt haldit um allt Numidiam. Numide bjóða þá til sín þeim er kastalann byggja ok svá sjálfum greifanum er Turpilius Silanus hét, ok á þessu boði váro allir Rómverjar drepnir hvar sem staddir váro utan Turpilius einn. enn alþýðan er vissi þetta ráð... þótti sá fremstr  
 20 er verst gat gert Rómverjum. enn rómverskir riddarar er sá þenna atburð vissu æigi hvert þeir skyldu flýja. svá váro Numide grimmir at þeir ljetu öngvan lífs undan ganga af Rómverjum nema Turpilium. enn þat er æigi greint með hverjum hætti hann komz undan, enn hitt er  
 25 skrifat at honum þótti betra ljótt líf með löngu ámæli enn deyja sæmiliga með sínum kompánum. ok sem Metellus spyr þetta verðr hann bæði hryggir ok reiðr. um kveldit eptir sólarfall kallar hann út ór herbúðum allt þat lið er með honum hafði verit um vetrinn: enn þat váro  $\bar{v}i$  ok

9 Jugurtha > Jugurto. 10 Vaga > vacka. 15 Numide (- Numverjar ⊙ 595 A: ener num uerfku haofðingiar — þeffir fkiller uoru numuerfker) > Romveriar. 17 Turpilius Silanus > tipullíus siluanus. á (= a) < at. 18-19 Turpilius > tipullius. 22 Numide > Numídie. 23 Turpilium > tipullkum. 29  $\bar{v}i$  ∴ 6000.

de lx ok vi menn; hann hafði ok Numidas með sér þá sem honum á hönd höfðu gengit. Metellus bað þá búaz sem skjótaz ok fóro alla náttina sem mest máttu þeir, ok um morgininn koma þeir á nökkura litla hæð. Metellus talar þá fyrir liðinu ok biðr þá vel framm ganga. hann skipar 5 nú riddörum sínum til atgöngu: lætr Numidas fyrst riða ok þar næst gangandi menn ok hafa ekki merki fyrir enn hann býðr þeim. borgarmenn ætla aptr at lúka borgarhliðum. enn Metellus ok hans riddarar geta fyrri tekit hliðin, slá nú upp merkjum ok æpa heróp, drepa nú alla 10 utan þá er flýðu í heilög hof undan -- einn veg váro drepnir karlar sem konur ok svá börn enn fœit allt tekit at herfangi. Turpilius greindi nú svikin öll ok hversu hans kompánar váro drepnir. enn at síðarstu var greifinn hálshöggvinn ok var hann ættadr af því héraði er La- 15 tium hét.

22. Hér segir frá Jugurtha konungi ok Rómverjum. capitulum. Þat er sagt at Jugurtha hafði grun á Bomilcar frænda sínum fyrir þat er hann hafði eggjað hann handgöngu við Rómverja. enn Bomilcar sat um konung bæði 20 nátt ok dag því at hann hugsaði at hann mundi sæta afarkostum ef hann kjæmi æigi fyrri sínum svikum framm. enn þessi svikræði vóxu honum í augu ok tok þann mann til samlags með sér er Nabdalsa hét, ágjætan mann ok vinsælan við alþýðu: hann var ok fyrir herinum jafnan 25 er Jugurtha var æigi við. þeir kveða á með sér hvern dag þeir skyldu svíkja konunginn. ok er þeir finnaz hræddiz Nabdalsa glæpinn. enn Bomilcar harmar í hug sér er hann kom æigi svikunum framm. hann sendi nú bréf Nabdalsa ok bað hann æigi vera svá hverflyndan. enn er 30 bréfin komu var Nabdalsa kominn í sæng. hann gat æigi

1 de lx > d'. xl. Numidas > Numidies. 6 Numidas > Numidie. 13 Turpilius > Turpilius. 15-16 Latium > laicto ~ laicio. 17 Jugurtha > Jugurto. 18, 20, 28 Bomilcar > bolmifkar, Bolmifkar.



út lesit fyrir svefni er mjök sótti at honum. einn hans þeónostumaðr gekk í því inn í tjaldit ok tók upp bréfit er niðr var fallit ok las. ok sem hann skildi at konunginum váro þersi svik hugut fór hann þegar ok sagði honum  
 5 þetta vælræði. ok sem konungrinn vissi þetta lét hann drepa þá menn alla er í þersum svikum höfðu verit með Bomilcar ok Nabdalsa ok svá sjálfa þá ok leiddi svá öðrum at svíkja sinn lánardrottin. þaðan af var Jugurtha aldri óttalaus svá at nálíga var hann hálf-ærr fyrir hræzlu 463  
 10 sakir.

23. Frá Metello ok Mario ok Jugurtha konungi. capitulum. Metellus sér nú at þrotin var sú ván at Bomilcar mundi Jugurtham af ráða. gefr hann nú orlof Mario at flytja sitt mál við Rómverja. enn þeir tóku hvárstveggja  
 15 orðum vel. enn þó fanuz þat á at allir váro meirr sinnaðir Metello enn Mario utan sá höfðingi er hét Titus Mancinus Manlius. ok þat varð loksins at hann ræð með rangindum ok þrældóm at Mario var gefit consulatus ok Numidia til stríðs móti Jugurtha konungi. enn þagat hafði áðr verit ætlaðr  
 20 sá consul er hét Marcus Decius Paulus. Nú er frá því at segja at Jugurtha hefir týnt flestum hinum beztum sínum höfðingjum: suma hefir hann seálftr látit drepa, enn sumir flýja fyrir ótta sakir frá honum því at enginn vissi hvárt hann vildi flýja eða berjaz. enn hvernveg sem hann  
 25 fór þá var honum í móti skapi. Metellus flytr nú her sinn í mót Jugurtha. ok þegar er þeir finnaz tekz þar orrosta hin snarpasta ok sú fylking sem Jugurtha hafði tók val við, enn allir aðrir flýðu. enn er konungr sér þetta þá flýr hann ok treystuz Numide meirr fótum enn  
 30 vápnum. þeir flýja í eina sterka borg er Thala heitir.

7 Bomilcar > bolmískar.      11 Jugurtha > Jugurto.      12  
 Bomilcar > bolmískar.      13 ráða = <sup>a</sup>r.      16 Mancinus >  
 mañíús.      18 consulatus > ofulatū.      23 enginn = engín.  
 29 Numide > Numidie.      30 Thala = thalá.

Metellus sótti eptir þeim mikit torleiði ok margar torfæru landsins ok lét þar í marga röskva drengi. enn þó um síðir kemr hann framm til borgarinnar Thale at þeim úvörum. ok er Jugurtha vissi þetta treystiz hann æigi at halda bardaga við Rómverja ok flýði um náttina ór borginni 5 með allt þat fè er hann komz með ok hafði hvergi haldanda hug utan fór sem einn kaupmaðr því at hann trúði illa landsmönnum ok ætlaði svá at forðaz óttann at enginn skyldi vita hans náttstað. nú sem Metellus sèr at borgarmenn ero búnir til bardaga leggjr hann til með sinn her 10 ok sitr um borgina xl daga. hann lætr gera til hjól með járn ok hleypir því at borginni ok brýtr svá veggina. ok er höfðingjar borgarinnar sá hana unna fara þeir í konungshallina ok bjóða þangat öllu stórmenne ok gera sik þar vindrukna, bera síðan at eld ok brenna sik þar inni í 15 hallinni. enn Metellus náir borginni ok fær hann þar hit mesta herfang. setr hann nú sina menn yfir borgina.

24. Frá Metello ok hans mönnum ok af Jugurtha konungi. Á þessum tíma komu sendimenn til Metellum ór þeiri borg er Leptis heitir ok báðu hann fá sér til 20 landvarnar nokkurn höfðingja í móti vikingi þeim er herjaði á þá ok Amilcar hét. þersi borg gekk undir Rómverja þá er Lucius Calpurnius stýrði Rómverjaher. Metellus sendi nú til þeirar borgar iij flokka ok þann höfðingja fyrir er Gaius hét. þersi borg var fyrst gör af 25 Sidoniis ok var þar góðr friðr milli borganna. tveir lírðir ganga inn sínum megin stadarins hvárr. þeir heita Sirtes. þat er yzt í Africa. í þenna tíma váro Carthagoborgar menn rikastir í Africa. Cirenenses-menn váro áðr rikastir. þeir áttu miklar deilur um ríkit, Carthagomenn ok 30

7 hug = huc (∞ hus). 8 enginn = engín. 18 Jugurtha > Jugurto. 20 Leptis > lepis. 22 Amilcar > almíkar. 23 Calpurnius > Calpurneus. 26 Sidoniis > fýdonis. 27 Sirtes > Cirtes ∪ Circes. 28 Africa = affrica. Carthago = cartago. 29 Africa = affrica. Cirenenses > Cirentes. 30 Carthago = Cartago.

Cirenenses ok váro með þeim miklir bardagar bæði á sjó ok á landi ok höfðu ymsir sigr. enn síðan sættuz þeir ok skiptu með sér ríkinu ok hlutu Carthagomenn meira enn Cirenenses minna. Enn er Jugurtha hafði látit  
 5 borgina Thalam þá sá hann litinn sinn styrk at rísa í 464 móti Metello. flýði hann þá til þeira þjóða er Getuli heita. þeir váro grimmir ok vissu lítit skyn á Rómverjum. þeim skipaði Jugurtha undir merki sitt. hann gaf fè vinum ok frændum Bocchi konungs til liðveizlu ok hann sjálfr  
 10 ferr til hans ok biðr hann liðsinnis á móti Rómverjum ok tjár fyrir honum allan vanda síns máls. Jugurtha konungr hafði áðr átt orrosto við Bocchum konung. ok nú búaz konungarnir til orrosto móti Rómverjun ok ætla at sækja kastalann Cirtam. enn Metellus flýr æigi ok æigi ferr  
 15 hann í móti heldr býr hann her sinn til orrosto ok ætlar at berjaz í móti Numidis ok setr herbúðir sínar skammt frá kastalanum. Metellus spyrr nú at Marius hefir fengit consulatum ok fær honum þetta svá mikils at hann leggz nálíga í rekkju ok fyrir þá sök mest at þá var drjúgum  
 20 unninu sigriinu. enn nú þótti honum illt at hætta liði sínu í háska ok vinna sigr fyrir aðra. hann sendir nú menn til Bocchum konungs ok bað hann vera sinn vin ok annarra Rómverja. Bocchus konungr tók þat með þökkum ok sagðiz gjarna vildu vera vin Rómverja. liðr nú svá framn  
 25 stundin.

25. Frá Marius ok hans fortöllum. Nú hafði Marius tekit tignarnafn, sem fyrr var sagt, meirr eptir ákafa lýðsins enn réttindum. hann var harðr maðr ok grimmr ok kvedz þetta tignarnafn hafa kúgat af Rómverjum öllum  
 30 ok marga luti aðra mælti hann til þeira grimmliga. hann

1 Cirenenses > cirenté. 3 Carthago = Cartago. 4 Cirenenses > cirenfes. 6 Getuli > Getule. 9 Bocchi = bochi. liðveizlu = lið ueítzlu. 12 Bocchum = bochum. 13 ætla > ætlar. 14 Cirtam ∞ circum. 16 Numidis > Numídífs. 22 Bocchum = bochū. 23 Bocchus = Bochus.

býr nú her sinn út í Numidiam á hendir Jugurtha konungi. margir váro fúsir til at fylgja Mario einkum fyrir sakir örleika hans ok allrar annarrar atgörví. Þá var skoraðr herrinn ok reiknað manntal. hann kvaddi þá húspings ok talaði fyrir lýðnum á þersa leið 'heyrít þér hinir kurteisú Romani, margir 5  
'biðja sér tignarnafna enu ero þó þorparar at eins eðr ráns-  
'menn. þat byrjar þeim er höfðingjar vilja vera at vera röskir  
'af fenu enn grimmir sínum úvinum. vær höfum nú yfrit  
'herlið ok skyldum vær þers njóta. hafa Rómverjar ok jafnan  
'verit grimmir ok snarpir áræðiss. látum Numidas þat segja 10  
'eiga at vær kunnim vel at þerjaz ok ætlum oss sigrinn  
'enn æigi þeim er eptir oss koma. miðlum nú ekki várum  
'úvinum né eitt af várri sæmd. enn ærit langt er nú talat  
'fyrir svá röskum mönnum sem þér erot'. ok sem Marius  
hefir lokit sínu örindi þá fann hann at hugir manna höfðu 15  
hardnað ok æ sem hvattligaz býz hann í Numidiam. ok er  
hann kom fekk Publius Rutilius honum í hendir þann her  
sem haft hafði Metellus. enn Marius setr þann höfðingja  
yfir herinn er Aulus Manlius Crassus hét. Metellus hafði  
brott flýit ór augsyn Marii ok vildi æigi sjá þá hluti er 20  
eyrun mega æigi bera at heyra. Marius tór "leitt líad  
er vtika heit" ok lét þar ræna fê öllu enn drepa hvert  
mannsbarn. Enn er Metellus kom til Rómaborgar var  
þar val við honum tekit enn þó æigi svá sem hann hugði,  
ok er niðr hafði lagz sú hin mikla öfund er þeir höfðu 25  
haft til hans fyrir afllutning Marii þá var hann kjærr  
öllum mönnum bæði rikum ok fátakum. Marius geymdi  
vel sinnar sveitar ok stillir hina hörðu enn herðir hina  
blautu. hann njósuar um ferðir Jugurthe konungs ok  
hans manna. reyndiz þat jafnan at hann var bæði vitr ok 30

10 Numidas > numíche (S nummíche). 17 Publius Rutilius  
> puplíus vtilf. 19 Aulus > paulf.

harðdrægr. Jugurtha ok Getuli veita opt Rómverjum stórar árásir. ok við kastalann Cirta berjaz þeir Marius 465 ok konungrinn Jugurtha ok komz Jugurtha þar svá nauðuliga undan at hann lét öll vápn sín ok var þá enginn 5 kostur á at berjaz við hann. ok eptir þenna hinn fagra sigr ferr Marius til þeirar borgar er "vacca" heitir, er rikuz var ok fjölmennuz í öllu Numidia, ok vann hana. hann vann ok margar borgir aðrar ok síðan sneri hann til þess kastala er Capsa heitir. hann var torsóttligr. þenna 10 kastala reisti Hercules Libis. þangat var mikit torleiði xxx mílna ok hlífði þat mest at menn þorðu varla fyrir ornum þeim sem þar ero at sækja kastalann. þar náði ok æigi vatni. enn þat er "natura" höggormsins at vera æ því grimvari sem hann þyrstir meirr.

15 26. Hér segir af Marius ok Rómverjom. Marius girniz nú mjök til at vinna þenna kastala því at hann var klókr maðr til bardaga. þessi kastali var sterkari enn borgin Thala er Metellus hafði unnit. Marius leitar nú til með öllum vælum ok um síðir fekk hann unnit kastal- 20 ann ok lét drepa þar nálíga hvert mannsbarn enn tók of fjár í gulli ok í brenndu silfri ok dýrdligum klæðum. verðr hann nú stórum ágjætr af þersum sigri er hann hafði unnit svá sterkan stað at enginn fekk unnit áðr enn hann. ok eptir þenna sigr vann Marius marga kastala þá 25 sem æigi váro upp gefnir; sumir váro brenndir. svá mikil hræzla stóð hans úvinum af honum at allir óttaduz hans nafn. hann ferr nú til þess staðar er æigi var auðveldligri at vinna enn Capsa. skammt frá ánni Mulucha er skilr ríki konunganna Jugurthe ok Bocchi er fjall eitt 30 ok veggr hárr umhverfiss enn sléttur miklar um utan ok var sterkara vígi fjallit seállt enn nökkurr borgarveggr

2 Cirta ∞ circa. 4 enginn = engín. 10 Libis (Libys)

> hbies. 21 of = of. 23 enginn = engín. 28 Mu-

lucha > mucka. 29 Bocchi = bochi.

því at þat var furðuliga hátt ok einn veg mátti at komaz.  
 þetta vígi vildi Marius gjarna vinna því at hann vissi at  
 þar mundu vera miklar fêhirzlrur Jugurthe konungs. enn  
 borgarmenn höfðu fyrir gnótt vâpna ok vista. Rómverjar  
 gerðu sér víða fleka ok báru upp í þröngina. enn borgar- 5  
 menn veltu ofan á þá stóru grjóti ok logandi eikisúlum  
 ok stóð þar Rómverjum af svá mikill háski at sumir váro  
 lamdir enn sumir drepnir sumir flýðu frá í brott. Marius  
 fær nú áhyggju marga daga hvárt hann skyldi frá hverfa  
 eða treysta enn meirr á hamingjuna. í því bili kom þar 10  
 einn riddari “er læger h”. hann hafði komit til hans í  
 Numidia. hann fór annan veg frá herinum til árinna at  
 taka vatn. hann sér í berginu at þar váro steinar sem  
 triza væri gör. hann gengr stein af steini upp í bergit  
 ok sér hann þá víða ok var ekki til handafestis en hann 15  
 vildi gjarna fara lengra. hann sér millum steinanna hvar  
 trè eitt stóð. er ilex heitir, mikit ok kvíslótt þok hanga  
 sumar limarnar niðr enn sumar greinaz út í frá ij megin.  
 hann fær náð limunum ok skreiðiz svá ýmiz upp með  
 berginu eðr með trénu. hann komz upp á bergit ok sá 20  
 at þat var slétt ofan enn Numide váro allir öðrum megin  
 á kastalanum ok gá ekki um þetta. nú ferr hann hinn  
 sama veg aptr til liðs Marii ok segir honum hversu háttað  
 var. ok þegar sem Marius vissi þetta þá velr hann af  
 liði sínu “v̄” lúðrsveina ok setr fyrir þann “hófdingia 25  
 “er liges h” ok bað þá alla hlýða hans ráðum. “Liges”  
 bað þá alla vera skólausa ok hattlausa enn hafa skjöld  
 ljettan ok nûmverskan af húðum görvan á millum herða ok  
 þar með sverð. “Liges” tók í móti þeim sem úfræknari  
 váro ok bar vâpn þeira ok önnur plögg. ok er þeir kómu 30

3 fêhirzlrur = fêhirzlrur. Jugurthe > ju<sup>2</sup>gthi. 17 ilex > vlex.

21 Numide > numidie. 22 á kastalanum > árinna. 25

v̄ (v: 5000) < v. 28 nûmverskan > romúfkan (⊙ 141<sup>15</sup>)

30 bar > baru.



upp á bergit þá setja þeir upp merki sitt ok slá upp <sup>466</sup>  
herópi miklu. enn Numide vita ægi hverju gegndi er  
þeir sá Rómverja nær alla laupa þar vápnaða: slær nú  
ötta á þá. enn Marius sækir nú at ákafliga ok getr brotit  
5 allar vælar þeira: komaz þeir svá upp á bergit ok drepa  
hvert mannsbarn, einn veg konur sem karla ok svá börn.  
Marius verðr nú af þessu verki stórum ágjætr er hann  
hafði unnit svá sterkan stað sem enginn hafði sik fyrr  
til borit. hann tók þar ok mikit herfang í gulli ok brenndu  
10 sylfri ok dýrligum klæðum. Ok í þenna tíma er Marius  
hafði unnit kastalann kom af Róm sá maðr er hét Lucius  
Silla. Marius hafði sent hann at samna liði af því héraði  
er Latium heitir. Lucius var af hinum bestum ættum í  
Róm, enn þó váro hans ættmenn flestir drepnir fyrir  
15 sakir öfundar annarra manna. Lucius var góðr klerkr  
bæði á látinu ok á girzku. hann þoldi val vökur ok erfíði.  
hann hafði þá nafnbót er questor heita. öll ráð hans  
sneruz honum til hamingju þar til er hann hélt bardagha  
við Rómverja sjálfa. hann var djúpsær ok vitr ok undir-  
20 hyggjunaðr mikill. enn þá luti sem hann hefir gert veit  
ek ægi hvárt meirr er skammsamligt at heyra á eðr frá  
at segja. ok er hann kom í Africam þá er hann úkunnr  
flestum mönnum þar ok nýrr til orrosto. hann var þegar  
áhyggjufullr um sína sýslu ok atferð. enn ekki var þat  
25 hans "natura" sem margir ríkir menn gera at ámæla her-  
togum eðr öðrum höfðingjum. af slikum íþróttum varð  
hann kjærr Mario ok öllum mönnum öðrum.

27. Frá bardaga Marius ok Jugurtha konungs. Frá  
því er nú at segja at Jugurtha hefir látit kastalann Capsam.  
30 hann skrifar til Bocchum konungs ok biðr hann liðveizlu

2 Numide > numídie.      8 enginn = engín.      13 Latium >  
lato ~ laico.      17 questor (quaestor) = quest'. heita < heitir.  
22 Africam = affricam.      28 Jugurtha > Jugurto.      29 Capsam  
> kaphan.      30 Bocchum = bochū. liðveizlu = liðueitzlu.

ok heitr honum þriðjungi af Numidiaríki ef hann vildi í móti rísa. Bocchus konungur verðr enn lokkaðr til með fægjöfum ok sannar nú miklum her Maurorum. ok sem konungarnir hittaz ráðaz þeir í móti Mario. Mauri, Numide ok Getuli fylkja ekki, heldr hlaupa þeir ríðlum á þá ok berjaz sem 5 ákafaz. enn Rómverjar hinir fornu ok hinir nýju taka röskliga við ok stóðu fast ok var mikit mannfali í hvárra-tveggju liði. váro Rómverjar hálfu færi enn þó berjaz þeir röskliga. verða Rómverjar þó nokkut forviða ok hoga undan á einn hól ok tóku þaðan við röskliga. var nú 10 hin ákafasta orrosta ok féllu nú margir Mauri ok Getuli, enn Numide flýðu nokkurir. enn þó sömnuduz saman margir Mauri ok gera enn mikla atsókn. þeir váro gríumir ok miklir bardagamenn. fellr nú mart manna af Rómverjum. enn meðr því at þá gerðiz myrkt af nátt þá urðu þeir 15 at helta hvárt er þeir vildu eðr æigi ok fóro Numide nú til herbúða sinna ok ljetu kynda stóra elda í herbúðunum. myrkt var mjök úti af nátt. Marius sér nú til eldanna ok gleðz nokkut í huginum. hann biðr alla sína menn vápnaz ok svá gera þeir: sækja nú at með ópi ok eggjan. 20 enn Numide váro ölmóðir ok vöknudu æigi við góðan draum ok váro þeir drepnir nær allir enn þeir flýðu sem lífit þágu. Marius tók þar mikit herfang í gulli ok silfri ok fásenum dýrgripum. enn Jugurtha konungur flýði á eyðimerkr ok forðaðiz svá Rómverja. Marius varð af þessi 25 orrosto stórum ágjætr er hann sigraði svá mikinn her með fámenni, því at í öngum bardaga varð jafn-mikit

467 mannfali þeim er í Numidia hafði bariz verit. Nú ferr Marius til sjóborga þeira er hann skyldi hafa vetrsetu í. Marius stýrði val herinum bæði í þeim orrostum er hann 30 hélt við Jugurtham ok mörgum öðrum. hann spardi æigi

2 Bocchus = Boch<sup>2</sup>. 4, 12, 16, 21 Numide > Numídie.  
numídie, numídie. 28 þeim > þeir.

við sik erfði, vás ok vökur er hann var við tamdr um framm aðra menn.

28. Frá orrosto Marii ok Jugurthe konungs. Nú kom Marius at þeim kastala er Cirta heitir ok fyrr var getit. 5 þat var iij náttum eptir bardagann. þá komu njósarmenn til hans er sögðu honum með sannindum at Jugurtha ok Bocchus konungr ætlaðu at halda meðr hann orrosto ok at þeir höfðu nú saman dregit mikinn her Maurorum, Numidarum ok Getulorum manna ok mundi at morni þar 10 koma. ok er Marius spurði þetta býr hann herinn til orrosto ok biðr alla menn liggja með vápnum um náttina. ok um morgininn er vígljóst var vordit kveða við lúðrar: ríða nú Mauri framm ok þar á Rómverja sem Lucius Silla var fyrir með riddaraliðit. þar mátti seá mörg stór 15 högg er þessi hinu ungi maðr Silla veitir ok hans kompanar. enn Mauri váro miklu fleiri. þar var ok sjálfr konungrinn Bocchus. Mauri váro ok góðir bogmenn ok þar af fá menn Silla mikinn háska. á vinstra fylkingararm Rómverja sækja Getuli. þeir váro miklir bardagamenn ok 20 vel vápnaðir. fyrir þeim var sá höfðingi er Volux hét; hann var son Bocchi konungs laungetinn. Numide með konunginum Jugurtha sóttu þar at sem fyrir var sjálfr Marius consul með meginherinn. verðr nú hin ákafasta orrosta með miklum vápnaburð ok skjótum dauða margra ágjætra 25 manna. Silla gekk hart framm svá at fylkingar Bocchi konungs bognuðu fyrir. ok sem þetta sèr konungrinn Jugurtha ríðr hann framm á Rómverja ok höggv niðr á ij hendr menn ok hesta. hann kallar er hann sá sína menn flýja undan Rómverjum ok Silla 'ófyrrisynju flýit þer því 30 'at meðr þessu mínu sverði fellda ek Marium'. hann hélt

3 Marii > Mario.      7 Bocchus = bochus.      9 Numidarum  
> Numíðorū.      17 Bocchus = boch'.      20 Volux > valmg<sup>7</sup>  
- valmg<sup>7</sup>.      21 Bocchi = bochi.      Numide > Numíðe.      25  
Bocchi = bochi.

upp alblóðgu sverðinu: meðr því hafði hann drepit einn höfðingja Rómverja er hét Marienus. viðr þessi orð Jugurthe dvínaði atsókn Rómverja enn Mauri ok Getuli dirfdúz í atsókninni ok riðu framm á vinstra fylkingararm Rómverja. enn þar var sá höfðingi fyrir er hét Aulus Manlius. 5 svá dirfdúz Numide í atsókninni at Rómverjar flýðu áðr enn sjálfr Marius kom til. ok er Rómverjar sá höfðingja sinn heilan treysta þeir hamingjunni ok herða hugina meðr eggjan Marii: taka þeir nú at berjaz með öllu aflu. Silla ok Marius gengu svá hart framm at allir hrukku 10 fyrir ok litlu síðarr flýðu allir Mauri ok Numide enn Getuli héldu upp orrosto ok görðu Rómverjum allharða hrið. enn þó um síðir flýðu þeir fyrir sakir liðsmunar. konungrinn Jugurtha var einn eptir millum sinna úvina ok bardiz svá röskliga at enginn þorði at honum at ganga 15 því at hann klauf í sundr bæði menn ok hesta. enn sakir mæði varð hann at flýja. Silla rekr nú flóttann. þar varð svá mikit mannfall at á xxx mílna var svá þakit af mannabúkum at hvergi mátti á berri jörðu ganga enn allir dalir váro fullir af mannablóði. Silla fekk af þessum 20 bardaga mikla frægð ok setti Marius hann næstan sér at öllum metorðum sem makligt var. Marius tók nú mikit herfang í gulli ok gripum ok góðum vápnum.

29. Hér segir af Marius ok Bocchus konungi. Eptir 468 þenna bardaga ferr Marius í Cirtam sem hann hafði áðr 25 ætlað. ok litlu síðarr komu þar sendimenn Bocchi konungs til herbúðanna at hitta Marium ok sögðu honum kvedjo Bocchi konungs ok þat með at hann vildi vera vin Rómverja þaðan af ok friða svá fyrir ríki sinu ok sonum sinum. Marius tók þessu val ok sendi Lucius Silla ok 30

5 Aulus > pauluf.      6, 11 Numide > Numide, Numídíj.  
 15 enginn = engín.      24 Bocchus = Bochuf.      26, 28 Bocchi  
 = bochí, bochi.

Aulum Manlium til Bocchum konungs at binda frið við hann. enn er þeir komu þar tók konungr æfar val við þeim ok bundu sættargörðina. eptir þetta fóro þeir Silla aptr með ágjætum gjöfum. Jugurtha konungr fréttir nú 5 at Bocchus konungr mágr hans hefir snúiz til vináttu við Rómverja. hann gerir enn sem fyrr at hann lokkar til vini konungs at telja þat fyrir honum at hann haldi vináttu sinni við Jugurtham. þeir sömu sneru hug Bocchi konungs frá vináttu Rómverja at sinni. Á þessi tíð býr Marius 10 her sinn til at vinna einn sterkan turn, er Jugurtha átti, ok var þar at um hríð. enn um síðir gat hann unnit turninn. nú hugsar Bocchus konungr enn sitt ráð ok sér at honum veitir þungt at berjaz við Rómverja ok hann hefir látit fyrir þeim mikit lið: ræðr nú þat af at hann 15 sendir Rómverjum "xxx." manna með mikit fè at gera frið við þá. enn Getuli komu at sendimönnum ok ræntu þá öllu því góðsi er þeir skyldu Rómverjum fært hafa, enn þeir komuz nauðuliga undan til Sille er Marius hafði sett yfir herinn meðan hann vann turninn. þeir biðu 20 Marii xl daga áðr hann kjæmi heim. ok er þeir koma á hans fund bera þeir upp örindi sín ok vináttuboð Bocchi konungs. Marius vill æigi taka sætt af konunginum utan þat sè samþykki allra senatorum. ok eptir þetta fóro sendimenn til Róms ok fá þau andsvör af senatoribus at 25 Bocchus konungr skal í friði vera ok halda ríki sitt af Rómverjum ok vera þeira þjónostumaðr. nú fóro sendimenn í Numidiam ok sögðu Mario sættargerðina. hann sendir nú Sillam með sendimönnum at staðfesta þenna frið við Bocchum konung. þeir fóro nú veg sinn. ok einn

1 Aulum > paulum. Bocchum = bochū. 5 Bocchus = bochuf. 8 við > v̄ v̄. Bocchi = bochu. 12 Bocchus = boch<sup>2</sup>. 17 Rómverjum > fendí <sup>m</sup>. 20 xl > ví. 21 Bocchi = bochi. 25 Bocchus = boch<sup>2</sup>. 29 Bocchum = bochū.

dag kom at þeim váveifliga Volux konungsson með M riddara. þeir fóro dreift at sem mest skyldi sýnaz lið þeira. Rómverjar tóko vapn sín ok bjögguz við úfriðinum. enn konungsson sendir menn til þeira at segja þeim at Bocchus konungr hefir sent þá til trausts við Sillam. ok 5 at kveldi komu þeim njósnir at Jugurtha konungr væri þaðan skammt með úvígán her. nú óttaz Rómverjar ok segja at Volux konungsson muni búa um svik viðr þá ok biðja Sillam drepa hann. Silla mælti 'þess sver ek við 'almátt allsvaldanda þórs at Volux skal mörgum þínslum 19 'vera þindr til bana ef hann er sannr at þessum svikum'. Volux felldi tár fyrir hræzlu ok afsakar sik. enn Jugurtha varð æigi búinn at berjaz. því at liðit kom æigi at honum. nú komu sendimenn til Bocchum konungs ok tók hann ágjætliga við þeim ok settu frið. þetta frétlir Jugurtha, at 15 Bocchus konungr hefir brugðit við hann vináttu sinni. tók hann nú þat ráð at hann sendir menn með fægjöfum at bjóða honum hálf Numidiam til liðveizlu 'ok ætla ek' segir meistari Sallustius 'at Bocchus konungr muni mjök 'hafa velkt í huginum hvárt hann skyldi heldr selja Sillam 20 'í hendr Jugurthe eða Jugurtham í hendr Sille'. Jugurtha biðr með herinum sendimanna. Lucius Silla berr nú fram sín örindi fyrir konung at hann var sendr af Mario ok Rómverjum til sættargörðar. Bocchus konungr beiðir sér x náttu frest til andsvara ok fór Silla nú til herbúða. ok 25 um náttina fyrir stefnudaginn sendir konungr eptir Sille. ok er þeir finnaz ganga þeir á eintal. þá mælti konungr 'gudn = = = = er mín hafa svá geymt í hernaði 469 'ok í orrostom at ek veit nú öngvan konung mér samtíða

1 Volux > velor. M > écé. 5 Bocchus = bochus. 8, 10, 12 Volux > velor. 12 hræzlu = hrædzlu. 14 Bocchum = bochū. 16 Bocchus = boch<sup>2</sup>. 18 liðveizlu = lndueitzlu. 19 Sallustius > lebastius. Bocchus = boch<sup>1</sup>. 21 Jugurthe > jugurto. 24 Bocchus = Bochus.



‘jafn-voldugan fyrir allra luta sakir; enn gjarna vil ek þó með yðr frið hafa ef mitt ríki er þá ákallslaust ok þydinga í alla staði’. Þá svaraði Silla ‘góði herra. mjök hefir hamingjan yðr mikla sett. enn ef þér vilit Rómverja  
 5 ‘vináttu hafa þá er þat fyrst til at vinna at koma Jugurthe ‘konungi í vórar hendr ok hafa þar fyrir hálf Numidiam ‘ok yðvart ríki með náðum ok á þat ofan vára vináttu. ‘enn hitt er yðr of megn at halda stríð við oss Rómverja ‘er áðr höfum sigrað allan heiminn’. Bocchus konungr  
 10 tók því seint at svíkja Jugurtha mág sinn. enn þó kom svá at hann játaði öllu því er Silla vildi. ok með þessu falsi skilja þeir Bocchus konungr ok Silla.

30. Hér segir frá æflokum Jugurthe konungs. Annan dag kallaði Bocchus konungr Aspar sendimann Jugurthe  
 15 til sín ok bað hann þat segja Jugurthe at Rómverjar vilja gera frið ok sætt með hann. sendimaðrinn ferr ok segir þetta Jugurthe ok kemr aptr til Bocchi konungs á ijtá náttu fresti með þeim örindum at Jugurtha vill gjarna frið hafa ok hann er mjök mæddr af orrostum ok biðr  
 20 Bocchum konung svá fyrir sjá at Silla komi í vald Jugurthe ok vænti hann ef hann hefir þvilikan mann í sinni geymslu at Rómverjar munu þá æigi rjúfa sætt við hann fyrir því at slíkan mann sem Silla er vilja þeir æigi missa. Bocchus konungr kvelz nú kvíkr í huginum hvárn  
 25 hann skal upp taka at svíkja Sillam eðr Jugurtham. hann hefir nú stefnur við ymsa þá, Sillam æða Aspar sendimann, ok heitr nú hvarumtveggja góðu. nú kemr stefnudagr sá er þeir höfðu settan með sér konungarnir. görir nú Bocchus konungr orð Sille leyniliga at hann komi ok gefi  
 30 ráð til hversu Jugurtham skyldi svíkja. fær Bocchus konungr

9, 12 Bocchus = Boch<sup>2</sup>, boch<sup>2</sup>. 13 æflokum = æulokū.

14 Bocchus = boch<sup>2</sup>. 17 Bocchi = bóki. 20 Bocchum

= bochū. 23 vilja > villa. 24 Bocchus = Bok<sup>2</sup>. 29,

30 Bocchus = boch<sup>2</sup>.

nú njósn af at Jugurtha er skammt brott þaðan með fá menn. Bocchus konungr fór í mót honum ok þeir Silla ok biða á einum hóli enn setja her í leyni umhverfiss. Jugurtha konungr kom nú þar við fá menn ok váro flestir slyppir. Bocchus konungr lætr nú blása í lúðra: drifa þá 5 menn at alla vega ok drepa þar alla menn Jugurthe enn taka hann höndum ok reka í bönd ok fjötra ok færði Silla hann bundinn Mario. í þenna tíma höfðu Rómverjar margar orrostor fyrir norðan fjall við Franzeisa. þessir váro höfðingjar fyrir Rómverjum: Quintus Cepio ok Gneus 10 Manlius. allt til daga "Eraclíj" urðu Franzeisar at lúta Rómverjum. enn er unninn var sigrinn í Numidia ok þat spurðiz til Rómaborgar at Jugurtha var görr handtekinn þá var Marius gerr consul áðr enn hann kjæmi heim ok á kveðit þegar þar með at hann skyldi herja upp á Franz. 15 Jugurtha konungr var settr í myrkvastofu ok í járn Kal. Januarii. í þenna tíma þótti Rómverjum mest sitt traust þar sem Marius var ok allr sinn sigr ok fullting undir honum vera. Hér hverfr Sallustius frá sögunni. enn þó segir í bókum Rómverja at Jugurtha var bundinn leiddr 20 í Róm ok at dómi höfðingja var hann þindr mörgum þinslum ok hvarmarnir váro svá gjörsamliga slitnir ok skornir af hans augum at hann skyldi öngvan svefn mega fá enn at lyktum var honum stept í hit fúlasta fen er til var ok lauk svá hans æfi. 25

31. Hér segir af orrosto Marius ok Lucius Silla. Nú er Marius gerr consul. var honum þá fenginn í hendr upp á Franz mikill herr. hann átti margar orrostor í Gallia ok hann sigraði þær þjóðir er Cimbri heita ok margar aðrar. Á þessum tíma var Silla görr dictator í 30 Rómaborg. var honum ok fenginn í hendr mikill herr

2, 5 Bocchus = Boch<sup>2</sup>. 10 Cepio (Caepio) > skipro.  
10-11 Gneus Manlius > Mark<sup>2</sup>. Manho. 19 Sallustius >  
Sebastius. 29 Cimbri > tiberíj.

móti konungi þeim er Mithridates hét. hann var ríkr 470  
konungr ok réð fyrir Ponto. enn er Silla var kominn  
út á Púl með herinn þá kom Marius norðan um fjall  
með her sinn ok sigr mikinn ok stóru herfangi. ok er  
5 hann spurði at Silla hafði tekit með herstjórn öfundaði  
Marius þat er hann var svá ríkr gerr. hann talar svá  
opinberliga fyrir höfðingjum 'ef þer vilit fá mér hálfan  
'her þann er Lucius Silla hefir man ek fara í mót Mithri-  
'dati konungi ok skal ek hann skjótt í böndum hafa'. ok  
10 með því at Marius var frægr af sigrsæli þá hann þersa  
bæn af höfðingjum ok váro þá menn sendir til Silla með  
þessum örindum. hvarf Silla þá aptr með allan herinn.  
ok er þeir finnaz þá veitir Silla honum atgöngu. varð  
þar mikil orrosta ok áköf ok lauk með þí at Marius  
15 flýði ór borginni ok hljóp í braun þat er heitir Mintur-  
nensis ok varð þar handtekinn enn Silla setti hann í  
myrkvastofu ok skipaði einum Franzeis at drepa hann.  
ok þá er hann lauk upp myrkvastofunni komz Marius út  
hjá honum ok flýði brott í Africam ok var þar lengi. enn  
20 Lucius Silla tók þá með öllum herinum ok átti margar  
orrostor við Mithridatem konung. hann barðiz ok við þær  
þjóðir er Atheniensis heita: þat er í Grecia: ok vann  
þar ágjætan sigr. Í þenna tíma var sá maðr með her  
Silla er hét Pompeius Magnus ok þat fann Lucius Silla  
25 at hann var um framm alla menn þí setr Silla Pompeium  
næstan sér at virðingu ok jafnan var hann þá fyrir  
herinum er Silla var æigi nær. þó var Pompeius þá ungr.  
hann var snimma mikill ok sterkr, forseáll ok val hugaðr  
ok manna vitrastr. Enn er Marius hafði lengi verit í  
30 Africa sneri hann aptr í Romam ok margir útlægir menn

1 Mithridates > mīdaces.      8-9 Mithridati > mīdace.      14  
mikil > mikill.      15-16 Minturnensis > maturnensís.      19  
Africam = affricam.      21 Mithridatem > mīdacem.      24  
Magnus = magnuff.      25 þí = þíj.      30 Africa = affrica.

með honum. ok er Marius kom til Rómaborgar þá hjálpaði honum sá maðr er Cinna hét: hann var consul: hann kom Marió í borgina. Marius drap alla menn Sille þá er hann fann í Róm þat sinni. einn hans riddari drap þann höfðingja er Bebius hét ok bar hans höfuð víða um borgina 5 — sá hafði verit hinn mesti vin Sille — hann hélt í hárit, ok at lyktum kastaði hann því í altari gyðju nökkurrar er Vesta hét. Fimbria hét einn Marius maðr er drap marga ágjæta menn ok hans félagar: þeir drógu víða hræ þeira um borgina. Scevola hét einn gamall 10 höfðingi ok tiginn: hann drap einn riddari Marii fyrir þat er hann vildi æigi kyssa á hönd honum. Svá segir meistari Lucanus at sá dagr sè Rómverjum langminnigr er Marius kom í Rómaborg þat sinni; því at manudráp váro um alla borgina: enginn var svá gamall nè ungr at fyrir þat fengi 15 gríð: svá váro tignir menn drepnir sem lýðmenni — ok öngum var þar þyrmt: svá stóð blóðit í hofunum at þat draup niðr af veggjunum.

32. Frá viðskiptum þeira Lucius Silla ok Marius. Silla spyr nú kvant sinna manna — skiptir síðan herinum: 20 lét eptir suman í Pontus ok setti þar yfir Pompeium Magnum, enn hann ferr með meira lut hersins í Romam. enn þeir hans menn er undan komuz flýðu út á Púl. enn er þat spyr Marius fór hann eptir þeim ok drap þar marga er heitir Sacriportus. ok er hann kom aptr til 25 Rómaborgar gekk hann at með öllu afli ok krafði senatores til þess at gefa sèr consulatum. enn er Marius spyr at Silla er á veg kominn til Rómaborgar þá leitar hann sèr trausts ok bauð “fannítiko” konungi at koma undir hann öllu Rómariki ef hann veitti honum styrk svá 30

2 Cinna > símía      5 Bebius > Rebi<sup>2</sup>.      7 í < á.      8  
 Fimbria > Fimþíus.      10 Scevola > Senofa.      15 enginn  
 = Engín.      20 kvant = kuant.      21 Pontus > pontís.      25  
 Sacriportus > sacripontū.

at hann fengi sigr. enn er þeir funduz Lucius ok Marius varð þar snörp orrosta ok varð Marius handtekinn ok lét Silla fyrst höggva af honum hendr ok fætr ok stinga 471 út augu hans ok síðan lét hann marga vega þína hann

5 til dauða. enn þat var allra manna mál at engi maðr hafði þolt jafn-hraustliga allar þínskir; því at æ var hans hjarta stöðugt svá at þat gátu þeir aldri bleytt meðan lífit var með honum. enn eptir dauða Marii drap Silla hans menn alla þá er hann náði, enn allir flýðu undan

10 þeir er lífit þágu. nú sendi hann eptir sínum mönnum þeim er flýit höfðu ór Róm ok svá eptir þeim er fylgt höfðu Mario. komu þeir þá fjölmennit á hans fund ok væntu sér miskunnar af honum enn hann lét höggva þá alla Marius menn. synir Marii váro vij: þeir váro kallaðir

15 "mariani": alla þá dæmdi Silla í eilífa útlegd. af þessum manndrápum varð svá mikil auðn tigninna manna í Roma at Silla skipaði öllum völdum með sínum mönnum ok svá eignunum með at hverr hans manna hafði allt þat er hann heiddiz. ok er þetta allt var fullgert þá settiz hann

20 í kyrrsæti ok lagði tignina í consulatu ok endaði svá líf sitt. enn eptir hans dauða vildu borgarmenn æigi veita honum gróft innanborgar hjá öðrum tignum mönnum heldr var hann jardaðr utanborgar þar sem heitir Marsheidr ok var þat gert sakir illvirkja hans. Opt sýnduz

25 þeir Marius ok Silla ok þó optaz fyrir borgarmönnum sjálfum því at þeir höfðu mest illt í borginni unnit í manndrápum. enn eptir dauða Sille fóro synir Marii aptr í Roman; váro þá teknar eignir af þeim mönnum er Silla hafði gefit í borginni enn þeir seálfir útlægir eðr drepnir.

30 þat sá nú höfðingjar í Róm at svá mátti til bera optarr at einn fengi vald yfir öllu Rómariki svá sem nú hafði Silla fengit ok sýndiz þeim þat höfuð-úræð at leggja niðr

20 consulatu &gt; consulato.

23 Mars &gt; Mí?

tignina sem hann hafði gört. var hann nú hataðr af öllum bæði höfðingjum ok hirðmönnum: þótti þeim ægi örvænt at þeir fengi þetta vald er minni tignar váro en öngum mun vitrari, ok hrædduz þeir at þat mundi frammgengt verða því at fornir spádómar sögðu svá at undir einvald 5 mundi koma Rómaborg. Pompeius Magnus sá sem fyrr var getit var fóstrson Sille hins ríka. hann var nú einn ríkastr maðr af Rómverja höfðingjum. hann hafði sigrað Mithridatem konung ok marga aðra konunga í austrvegi því at hann var höfðingi þess hers er í austrhálfuna striddi. 10 nú hófuz enn af nýju tíðindi í Rómaborg því at þar var enn annarr höfðingi ágjætr er hét Gaius Julius Cesar. hinn þriði var af þeim ágjætastr: Markus Licinius Krassus. fjórði var Marcus Kato: hann var mestr spekingr í Rómaborg.

33. Frá Lucius Katilina ok hans kumpánum. Salustius 15 segir at sá maðr var í Rómaborg er hét Lucius Katilina. hann var af tiginni ætt. hann var styrkr at afli ok hugdjarfr, ranglátr ok fægjarn. kjærr var honum úfriðrinn ok mest innanborgar með frændr sína ok kunna menn. þolinn var hann með vás ok erfði, slægr ok brögðóttir í ráðum. 20 mildr var hann af fè enn girntiz alls þess í staðinn er aðrir áttu — ofsamaðr ok ákafr í öllum hlutum. honum kom þat í hug at Silla hafði fengit einvald yfir Rómariki ok at hann skyldi freista at hann fengi slíka uppreist ok þar öngvan lut til spara. glutraði hann þá gózinu svá at hann 25 var innan lítils tíma mjök svá félauss. tók hann þá lán af ríku mönnum í borginni: fekk hann þau nóg svá at hann hafði þá enn auð fjár. enn er bæði var eytt hans fè ok því sem hann hafði af láni tekit undirstendr hann 472 at ekki görir at dvelja við. aflar hann sér þá sveitar. 30

9 Mithridatem > mertheadem < merchadem. 13 Licinius > katini'. 15 Katilina > kateln'. kumpánum = kúppanū.  
16 Katilina > kateln'. 28 hafði >.



váro þat bæði duflarar ok drykkjumenn. sumt váro raufarar ok ránsmenn. allir þeir sem hann tók í sitt samlag höfðu eitthvert vandræði um at vera. enn þótt síðsamir menn kjæmi nokkurir til hans þá urðu þeir skjótt slikir eðr  
 5 verri. Katilina sækir marga höfðingja at vináttu því at hann þóttiz þess þurfa sakir sinna úspekta. enn þeir váro til þess auðsóttir því at hvat er hann girntiz af þeim ok þeir af honum var hvarum til reiðu. Katilina hafði mörg skipti við konur þau er rækilig þóttu í þeira lögum. þat  
 10 var eitt hof er átti gyðja sú er Vesta hét. þar var ein tigin mærl til þjónustu með goðit. þessa mey tók Katilina. Aurelia Orestilla hét ein göfug kona í Róm. hún var allra kvinna fríðuz ok stórauðig at fé. hennar bað Katilina. enn hún vildi æigi eiga hann. hún átti sér son frumvaxta  
 15 ok hugði at hann mundi henne verða ómjúkr ok hennar frændum. litlu síðarr var þessi sveinn dauðr, ok var þat margra manna mál at Katilina seálfr mundi hafa drepit hann. síðan fekk hann Orestille. Lucius Katilina var maðr föllitaðr, illa eygðr, laushöfðaðr ok úvitrligr í yfirbragði:  
 20 gekk stundum skjótt enn stundum seint. honum þótti sér nú mikil ván at fá consulatum ef hann beiddiz: hugsar nú at treysta á hamingjuna at hann fengi einvald í Rómaborg, því at þá var enginn herr í Italia því at Pompeius Magnus var þá í Asia með allan her Rómverja; var þá  
 25 ok ekki forsjál höfðingjasveitin með slikum svikræðum sem hann ætlaði með höndum at hafa. Lucius Cesar ok annarr Gaius Figulus váro þá consules.

34. Frá Katilina ok hans höfðingjum. capitulum. Eptir Kalendas Januarii átti Katilina stefnu meðr sína

5, 8, 11 Katilina > katelínus, Katelín', kateln'. 12 Orestilla > ristilla. 13, 17 Katilina > katelín', kateln'. 18 Orestille > Ristille. Katilina > kateln'. 23 enginn = engin. 27 Figulus > tígulus. 28 Katilina > katelínus. hans > han. 29 Januarii > íunúj. Katilina > kat'ínus.

menn ok eggjaði þá til áhlaupa ok illgörða: segir nú at fólkit var lítt við búit er þat vissi sér engiss ótta vánir. enn er hann hafði kannat hvers þeira vilja er honum þótti sér mests styrks af ván komu þessir allir af höfðingja-sveitinni í einn stað: Publius Lentulus (Sura), (Publius) 5 Autronius, Lucius Cassius Longinus, Gaius Cethegus, Publius ok Servius (Sille), (Lucius) Vargunteius, Quintus Annus. Markus Porcius Leca, (Lucius) Bestia, Quintus Curius. enn þessir váro af riddarasveitum: Markus Fulvius (Nobilior), Lucius Statilius, Publius Gabinus (Capito), 10 Gaius Cornelius. margir menn váro þar ok komnir af borgum ok þorpum þeir sem eigi ero hér nefndir ok samvitandi váro þessa ráðs. Pompeius Magnus var úvin hans er þá ræð öllum meginher Rómverja: eggjaði Katilina hvern mann til mótslöðu við hann því at hann ætlaði sér 15 einvald yfir Rómaborg ef Pompeius væri frá ráðinn.

35. Frá Lucius ok Katilina. capitulum. Í þenna tíma váro consules Lucius Tullus ok Manius Lepidus. enn þeir Publius Autronius ok Publius Silla váro í því ráði at taka vald yfir alþýðu ok váro báðir ráðnir til at taka consu- 20 latum. enn er vart varð við ráð þeira váro þeir báðir hálshöggvur því at svá buðu lög Rómverja at svá skyldi með alla gera þá er alþýðunnar rétt vildu undir sik draga. Gnaeus Piso hét einn höfðingi er ræðz til þessarrar sveitar; hann var djarfr maðr ok snjallr. gekk þá Lucius Katilina 25

5-6 Publius — — Autronius > Puplius letulus. anton<sup>2</sup>. 6  
Cassius Longinus > Capius. langius. 6-8 Cethegus ————  
Markus > tetogus Puplius ceruful. Gamicius qntus. Amicuf  
Markuff. 8 Porcius = Porti<sup>2</sup>. Leca, (Lucius) Bestia > lenta  
(~ lenta ~ leota). Bestuf. 9 Markus = Markuff. 9-10  
Fulvius (Nobilior) > Fluuius. 10 Statilius > carelius. Publius  
> Pallius. (Capito) +. 14 Katilina > katim<sup>2</sup>. 17  
Katilina > katehnū. 18 Tullus > tull<sup>2</sup>. Manius Lepidus >  
markus lepidu. 19 Publius Autronius ok Publius >  
pullus antonius. ok pullus. 25 Katilina > katinius.

á stefnu ok hans menn. enn þat ræðz ór meðr þeim at þeir skyldu báðir ganga í höfuðhof í borginni, Lucius Katilina ok Gnaius Piso, með sínar sveitir. at þersu ráði váro flestir höfðingjar leyndir. ok at teknum tignum þá  
 5 sendu höfðingjar Gnaium Pisonem með her í Spania at vinna þat. enn er þers varð varr Katilina þá færði hann 473 stefnudaginn ok ætlaði at biða til þers er Gnaius kjæmi heim apr. enn Katilina kom með sína sveit í ákveðinn tíma, enn Gnaius kom æigi ok varð þí ekki af þessi ráða-  
 10 görd. Gnaius fór í Spaniam sem ætlað var ok hitti þar Krassum ok latti hann þessarrar ferðar en hann fór sem áðr ok átti þar margar orrostor ok vann jafnan sigr. þat var einn dag er hann fór leiðar sinnar at ij spænskir riddarar veittu honum atgöngu ok drápu hann: enn hann  
 15 hafði áðr hertekit þá ok gefit þeim grið ok váro þeir nú í hans flokki. enn er Katilina frétti at þetta ráð hafði æigi dugat gördi hann enn stefnulag við sína menn ok bað þá halda teknu ráði því at vær erum nú opinberir  
 20 'örðnir at því ráði sem æigi varð framngengt. er oss því þat ráð at gera nú sem flest þat er várr frami sé þá 'meiri enn áðr, ok leggi hverr sitt líf með annars: því 'at oss er engin friðarvæn af Rómverjum ef þeir fá vald 'yfir oss, svá brýnar sem þeir munu kalla sakir — fjárrán 'ok fjörráð ok marga aðra úspakliga luti er vër höfum  
 25 'gerl'. lauk hann svá sinni ræðu.

36. Hær segir af Katilina ok hans mönnum. Sem Katilina hafði talat þilíka luti þá þökkudu honum allir hans menn makliga því at þeir höfðu með sér nóga illa hluti enn ekki gott: spurðu nú Katilinam hvert verkkaup  
 30 þeir skyldu taka ef þeir fylgdi honum í þessu vandræði.

2 höfuðhof = hófud hóf. 3, 6, 8, 16 Katilina > katl'ín',  
 katl'ínus. 26 Katilina > katolmo. 27 Katilina > katl'in'.  
 29 Katilinam > katl'im.

hann svaraði 'höfðingjar hafa látit skrifa nöfn sín á tabulis, 'enn ek man láta brjóta þær ok gera aðrar tabulas yðr 'til sæmdar. þær skulot taka alla meistaradóma ok kenni-  
 'mannatign ok yðr skal allt at óskum ganga'. síðan sneri hann málinu á hönd góðum höfðingjum ok lastaði þá, enn 5  
 lofaði sína menn ok beiddi af þeim swardaga. síðan sóru þeir honum eida at enginn þeira skyldi viðr hann skiljaz. hann lét þá gefa þeim vín at drekka ok blandaði með mannablóði: þat var þeim skenkt í stórum silfrskálum. enn er allir höfðu drukkit sem vant var á hátíðum þá lýsti 10  
 hann fyrir þeim hvat þeir höfðu drukkit at enginn þeira skyldi þora at segja eptir honum.

37. Frá Quintus Curius ok frilla hans. Quintus Curius er nefndr einn höfðingi er verit hafði í þessu sambandi. hann hafði fyrr verit prófaðr at illum verkum enn höfð- 15  
 ingjar höfðu tekit hann ór tign sinni því at hann var mjök lyginn enn ekki djarfr til vápnis: hann vildi ok öngu leyndu hvarki eptir sér né öðrum. Fulvia hét ein tigin kona er lengi hafði verit frilla hans. enn er fè hans tók at þverra þá afræktiz hón hann. ok er Curius hafði komit 20  
 sér í þessa sveit þá hældiz hann fyrir henne at hann mundi mikil gjæði mega veita henne: stundum ógnaði hann henne með vápnum ef hón væri honum ægi hlýðin. enn er hón varð víð þessa ráðs þá leyndi hón þi ægi borgarmennina sína kompána. Antonius hét einn höfðingi 25  
 er verit hafði í þessum ráðum ok swardögum: af hans orðum kom enn upp þessi ráðagerð.

38. Hér segir frá Tullio ok Catilina. capitulum. Rómverskr maðr hét Tullius Cicero. hann var þorparaættar ok þó hinn mesti íþróttamaðr. hann hafði beðit consulatum 30  
 enn höfðingjar höfðu því háðuliga svarat. enn er kom at

7, 11 enginn = engín. 15 prófaðr = prouadr. 18 Fulvia  
 ∞ Fulna. 28 Catilina > Catelíno. 29 Cicero ∞ tíco.

skiptingardögum þá fær hann njósn af at nokkurir menn mundu hefjaz til úfriðar í borginni: þá buðu þeir Tullio þersa tign ok var hann af þeim gerr consul. Catiline 474 skaut nú skelk í bringhu, er hann spurðe þetta, ok 5 beiddi at taka consulatum ok etlaðe, ef hann feinghe þat, at þeir Antonius skyldu hafa báðir saman, er nú hafðe með Tullio, ok hugðist síðan at svíkja Tullium. en hann var vitr maðr ok sá viðr hans bragðvise svá at hann hêt Fulvie fê til at hún skyldi segja honum frá 10 Catilina allt þat er hún vissi ok hún feinghe "tókt" af Curio unnasta sínum. Tullius lét ok sína menn halda vörðu yfir sér bæði opinberliga ok leyniliga. nú er skiptingardagar komu þá hafði Katilina hvárki hagliga gört "bøn" til hertogatignar nè til umsáta við Tullium consu- 15 lem. tók hann þá þat ráð upp at ganga í bardaga með Tullium ef hann fengi styrk til. sendi hann þá Gaium Julium á Púl til allra þeira manna er hann mátti sér nökkurs trausts af vænta. hafði hann þá ok mikla umsát við Tullium ok hann ætlaði at brenna upp alla Romam. 20 gekk hann nú með alvæpni, ok allir hans menn, bæði nætr ok daga. ok nú sendi hann mann til Marcum Porcium ok lét þá kalla alla höfðingja til stefnu þá sem í þersu ráði váro bundnir ok segiz hafa sent eptir liði út á Púl ok vill nú í stað ganga at Tullio. Gaius Cornelius 25 ok Lucius Vargunteius játuðu honum at ganga at húsum Tullii ok drepa hann ef færi gjæfi á. enn er Quintus Curius vissi þetta þá hrósaði hann þessu þegar fyrir Fulvie fylgjukonu sinni. enn hún fór þegar til Tullium ok bað

3 Catiline > Catalíno. 5 beiddi = beidi. 6 hafa = hafua  
 9 hêt Fulvie > gaf philene fê till at hann skyldi gefua heñe.  
 til = till. 10 Catilina > catelino. tókt =: teygt. 13  
 Katilina > katelm'. 21-22 Porcium ∞ portíu. 25 Vargun-  
 teius > varentímus. 27 Fulvie ∞ fulíne. ,

hann vara sik. enn er Katilina ok hans menn komu í garðinn þá váro byrgð öll bliðin ok komuz þeir hvergi inn ok hurfu aptr með svívirðing.

39. Frá Manlius ok Katilina. Á þersum tíma var Manlius í Tuskania ok hafði þar stefnulag við landsmenn 5 vegna Katiline ok taldi fyrir þeim hversu Silla hinn ríki hafði sæmt þá ok hversu Rómverjar höfðu rænt þá friði ok frelsi ok fènu með. Nú er Tullius fekk sanna njósn af samdrætti hersins þótti honum vandi at hendi kominn því at hann þóttiz æigi lið til hafa at gjæta bæði borg- 10 anna ok annarra staðanna. enn höfðingjar báðu hann halda borgina ok geyma hana sem bezt. fám dögum síðarr á einni stefnu las upp bréf sá höfðingi er Lucius Senius hét: þau kvað hann sér send hafa verit ór Tuskania: stóð þat þar á at Gaius Manlius hefði dregit saman úvigan 15 her ok út á Púl væri ok mikill samnaðr ok ætlaði hváritveggju á hendr þeim. þá sendi hann af stefnunni Quintum Metellum út á Púl enn Quintum Marcium út í Tuskaniam. enn þeir váro báðir reknir aptr því at bændr vildu æigi hafa yfirför þeira. nú var þat ráðagörð Rómverja at hverr 20 er meðr sannindum kynni at segja ráðagörð Katiline sá er áðr var með honum skyldi frjáls vera af þessu svikræði ok þiggja þó jafnvægi sitt af silfri enn hinn er áðr var freáls skyldi þiggja hálfu meira. maðr hét Lucius Paulus er spurði Katilinam at þersu máli, enn hann þrætti 25 í móti. kom þá svá at hann gekk á stefnu með höfðingjana seálfa. Markus Tullius consul spurði fyrst Katilinam um 475 þessi kennsl. enn hann varði sannar sakir með kávisligum

1 Katilina > kat'ínuf. 4 Manlius > Manuluf. Katilina > katelíno. 5 Manlius > Manulus. 6 Katiline > kat'íní. 10-11 borganna < borgarinnar. 12 á >. 13 Senius (Saenius) > Geníuf. 15 Manlius > manulus. 18 Metellum > línum. Marcium > metillú. 21 Katiline > katelíní. 25, 27 Katilinam > katehnú.



orðum ok miklum kyndugskap enn síðan gerði hann sik svá óðan ok reiðan at hann bannaði öllum Rómverja höfðingjum. hljópu þeir þá upp ok báðu ódáðamann í brott dragaz ok hrundu honum frá sér. Katilina mælti þá með  
 5 mikilli reiði 'fyrir þat er þér gerit mér nú svívirðing þá 'skal mín reiði seðjaz í margra yðvarra blóði'. einni nátt síðarr ferr hann brott ór borginni með fá menn til her-  
 búða Manlii enn setti eptir þá menn er hann trúði bezt ok bað þá um þat sitja at drepa Tullium enn brenna  
 10 borgina ef þeir kjæmi því áleiðiss.

40. Frá Gaius Manlius ok Quinto Marcio. Sem þetta er tíðinda í Rómaborg sendir Gaius Manlius bréf Quinto Marcio með þessum orðum 'heyr þú ræðismaðr. ek sver  
 'þers bæði við goð ok menn at ek hefir æigi vápn tekít  
 15 'til þers at herja á fóstbræðr mína heldr öllum oss til 'friðar ok náða'. talar hann í sínu bréfi fagrliga til allra Rómverja. Quintus Marcius svarar svá 'ef þér vilit biðja  
 'miskunnar höfðingja þá leggit niðr vápn yðr ok farit 'med litillæti til borgarinnar því at þá má sjá at þér biðit  
 20 'æigi ófyrirsynju yðr líknar'. Lucius Katilina sendir nú bréf aptr til Romam öllum þeim mönnum er hann vænti  
 sér nökkurs traust af ok segir at hann var yfir stiginn af lygi ok falsi sinua fjandmanna 'ok verð ek nú undan at  
 'halda í útlegð, þó at ek viti mik úsakaðan, at æigi hafa  
 25 'ek mína góða vini í grefi fyrir mik'. síðan sendi hann enn mörg bréf til Rómaborgar til þers manns er Quintus  
 Katulus hét ok eitt af þeim var svá látanda 'Lucius Kati-  
 'lina sendir Quinto Catulo sína kveðjo. ágjæta val þekkit  
 'mér þín trú því at þú hefir mér val reynz í öllum háskum.  
 30 'því mun ek æigi dylja þik þeira ráða sem nú ero nýgör,

4 Katilina > katehn' 11 Manlius > manuluf. Marcio > mario. 12 Manlius > manulus. 13 Marcio > marío. 16 fagrliga = faðhga. 17 Marcius > maríus. 18 yðr o: yður. 20 Katilina > katehn'. 22 traust < trausts. 27-28 Katilina > katehn'.

‘at ek hefir þat fastráðit at gjalda Rómverjum öngar bætr fyrir þau kennsl er þeir bera at mér. þó at ek geta þers æigi dult guð son þórs at þat sé sannindi sem þeir tala til mín þá geta þeir þó enn æigi þat með lögmáli opinberliga prófat. enn þótt ek vildi fleira til yðvar rita þá 5  
 ‘orkar ek því æigi sakir ófrelsis. valet’. Katilina dvaldiz fá daga með Gaio Flaminio. hann gefr þá stórar gjafir sínum mönnum. ferr hann þá með mikilli vegsemd ok æru til herbúða Manlii. tekr hann sæmiliga við honum. enn er þetta spurðiz dæmdu Rómverjar þá báða útlæga. 10  
 nú í annan stað jókz höfðingsskapr þeira Pompei ok Krassi ok váro þeir þá þó báðir ungir menn ok fengu hin mestu metorð því at þeir váro bæði freálsir af fénu ok frægir í orrosto: drógu þeir sik seálfir framm til metorða, var ok alþýðan gjörn til þeira. enn litlu síðarr 15  
 fór Pompeius í Girklandshaf með skipaher ok barðiz við Mithridatem konung ok sigraði hann ok vann þar mörg afreksverk þau er seint verðr öll at rita því at enginn var hans jafningi í Róm um hans daga.

41. Frá Publius (Umbrenus) ok Quintus Fabius (Sanga). 20 capitulum. Nú er at segja frá Lentulo er í þessi ráðagerð var með Katilina: hann var pretor at tign: hann dró lið saman ok sendi þann mann er Publius hét á fund þeira manna er komu norðan um fjall ok Allobroges heita ok vildi hann koma þeim í þetta samband: enn þeir höfðu 25  
 476 farit af hendi borgarmanna sinna at sættaz við Rómverja því at þeir höfðu reiði á þeim. Publius vissi gjörla skil á þersum mönnum því at hann hafði opt verit í Gallia.

5 prófat = prouat. 6 Katilina > Kateln<sup>7</sup>. 7 Flaminio > flamínzo. 17 Mithridatem > m<sup>7</sup>chidem. 18 enginn = engín. 20 Publius (Umbrenus) > Pauluf. Fabius (Sanga) > laboríuf. 22 Katilina > katelíno. pretor ∞ p̄cor. 23 Publius > Paul'. 24 Allobroges > abiges. 27 Publius > Pauluf.

hann hitti þá á torgi nokkuru ok spurði þá tíðinda ór borg þeira. enn þeir sögðu at höfðingjar váro þeim reidir. hann harmaði þat ok spurði hversu ganga mundi. þeir segja at höfðingjarnir váro mjök fêgjarnir. enn hann  
 5 sannaði öll orð þeira ok sagði þeira svala mundu haldaz meðan líf væri í þeim 'man ek kenna yðr ráð' sagði hann 'at þér freálsiz af þeira álögum'. þeir sögðuz þat gjarna vilja. síðan bað hann þá ganga með sér ok fóro þeir til húsa þess manns er hét Decimus Brutus. þar var fyrir kona  
 10 sú er Sempronia hét ok vissi hón áðr alla þessa ráðagörð; enn Brutus var æigi í borginni; ok kvaddi Publius hana til vitnisburðar með sér. síðan sögðu þau sendimönnum alla ráðagerð Katiline ok báðu þá bindaz í flokkinum meðr sér. enn sendimenn töldu á hvárutveggja tormerki ok  
 15 leitaðu ráða til þess manns er hét Quintus Fabius Sanga: hann var ríkr höfðingi ok höfðu borgarmenn mikit traust á honum. enn Quintus gekk þegar til Tullium consulem ok sagði honum allt þetta. enn Tullius bað hann apr fara sem skjótaz ok segja sendimönnum at þeir skyldu  
 20 þessu hvern mann leyna 'en fari sem til flestra manna' þeira er í þessu ráði væri 'ok göri oss sem kunnigaz 'bæði mennina ok ráðin ok fara þó sem leyniligaz með'.

42. Frá Tullius ok "Gallínú". capitulum. Nú sem þetta er tíðinda í Roma þá dróz saman herr um Galliam  
 25 ok út um Púl. enn menn þeir sem Katilina hafði sett fyrir herinn fóro óvissliga ok gengu með vápnum um nætr. af þersu urðu margir menn handteknir af Quinto Metello ok kastadir inn. sá maðr er hét Gaius Murena

9 Decimus Brutus > Decius bruto. 10 Sempronia > Siforia.  
 11 kvaddi Publius > kualdi paulus. 13 Katiline > katelíní.  
 15 Fabius Sanga > fabri'. fangíus. 23 Gallínú < (Gabinium <) Gabinius. 25 Katilina > katelín'. 28 Metello > Metillo ~ Mecillo. Gaius Murena > Gallius Ruína.

tók marga menn Katiline í Gallia. Lentulus var með fjölda manna í Rómaborg af sveit Katiline. enn er þeir höfðu fengit afla þann sem þeir máttu mestan þá sögðu þeir opinberliga ráðagerð sína — at “fa m' ẽ stat'ius Gal-  
 “nínus h. skýllði” fara með mikit lið at borginni um nátt 5  
 ok leggja at eld í xx stöðum enn sá maðr er hét Cethegus skyldi veita atgöngu Tullio með vápnum eðr svikum at fanga hann. enn er at leið stefnunni ok allt var til búit þá þótti Cethego sem hans félagar frestaði of mjök atgöngu við Tullium. Tullius sendir nú “Galnínū” til 10 fundar við sendimenn þá er fyrr váro nefndir meðr þeim örindum at þeir færi á fund Lentuli ok Kassi er höfuðsmenn váro at þessu ráði með Katilina ok segja at þeir vilja því at eins í þat ráðaz at þeir vita at þat sè satt ok sanni þat með swardögum. gekk þá Lentulus til svar- 15 daga enn Kassius hét at sverja þegar hann kjæmi aprt í borgina. síðan fekk Lentulus þeim “ij. m̄” at fara með þeim. sendimenn segja nú Tullio alla þersa luti ok leynaz síðan brott ór borginni um nátt. síðan sendir Tullius Lucium Valerium ok Gaium Pomptinum — þeir váro pre- 20 tores at tign — ok sveit manna með þeim ok bað þá fara til brúar þeirar er Mulvius heitir ok siti þar fyrir þeim Allobrogibus ok taki þá höndum ok hafa þá aprt í borgina. enn er Allobroges komu til brúarinnar laupa Rómverjar upp með herópi í móti þeim en hinir 25

1, 2 Katiline > katelíní. 4-5 “fa m' ẽ stat'ius Galnínus h. skýllði” < þeir menn er svá hétu Statilius ok Gabinius skyldu. 6 xx < xij. 6-7 Cethegus > cetego. 9 Cethego = cetego. 10 “Galnínū” < Gabinium. 13 Katilina > katelíno. 15 með > m; m̄. 16 Kassius > kassus. 20 Valerium > valternū. Gaium Pomptinum > gnarū plutonē. 20-21 pretores ∞ p̄cores. 22 Mulvius > mellina ∪ mellina. siti ∞ fitr. 23 Allobrogibus > albíno. 24 Allobroges komu > albin' kom. brúarinnar > bruarinnar m; sínū m̄m.

- gefa upp vápn sín ok laupa í lið Rómverja. Volturcius 477  
eggjar nú fast at berjaz fyrst ok varðiz seálfr alldjarfliga  
enn þó um síðir beiddiz hann gríða ok lagði vápn sín.  
nú sendi Gaius orð Tullio at þeir váro “baðir” í hans valdi  
5 enn hann varð því feginn. nú sendir hann eptir Lentulo  
ok hittaz þeir ok tók hann í hönd honum ok leiddi hann  
á höfuðstefnu “Eñ adra sína kompána ok þo sína m̄ m;  
“til vðhalldz”. þar komu margir Romani ok leiddu þangat  
með sér Volturcium ok Allobrogas.
- 10 43. Hèr segir frá Volturcius ok Tarquinius. Nú sem  
þingit var sett þá var Volturcius spurðr hvert hann skyldi  
fara eða hvat bréfum þat var er hann fór með. en hann  
duldi alls í fyrstu. þá var honum heitit alþýðu trú ef  
hann segði satt. hann hóf þá svá sína ræðu ‘ek hefir fá  
15 ‘daga verit í þersu bragði en mik báðu til þersa Gabinius  
'ok Ceparius ok heyrtr hefir ek Gabinium geta þers at í  
'þersu ráði væri Publius Autronius ok Servius Silla ok  
'Lucius Vargunteius'. enn Lentulus ok allir dylja ok kváðuz  
engin bréf hafa sent. Allobrogas bera allt með Volturcio  
20 ok ámæla Lentulo er hann gengr eigi með orðum sínum  
ok minna hann á þat er hann mælti optliga ok sögðu frá  
spádómi Sibille hinnar vísu at af ætt “eleazár” mundu  
vera þeir iij menn er öðlaz mundu Rómverjariki ok var  
einn Cinna annarr Silla ‘enn hinn þriði sagðiz þú vera  
25 ‘sjálfr: sagðir þú ok verit hafa xx vetr síðan Capitolium  
'brann í Roma ok spámenn sögðu at verða mundi undr  
'ok ódæmi með borgarmönnum’. þar váro frammu komin

1 Volturcius > Valternus. 8 Romani = Romání. 9 Voltur-  
cium > valternū. Allobrogas > albínium. 10, 11 Volturcius  
> Valternuf ∪ Valternuf, valternus. 15 Gabinius > Galbín?  
16 Gabinium > Galbínū. 17 Publius Autronius > puplíus  
antoníus. Servius > cerínus. 18 Vargunteius > vargunteus.  
19 Allobrogas bera > Albínus br. Volturcio > valterno.  
22 “eleazár” < Corneliórum. 24 Cinna > crínía. 25  
vetr > vetr.

bréf þau er Lentulus hafði sent Katiline ok sögðu þau allt með Volturcio. síðan váro geymdir allir svikarar. en annan dag eptir var handtekinn sá maðr er Tarquinius Lucius hét: hann var eiðbróðir Katiline ok ætlaði þá at hlaupa til hans ok bera honum njósn. höfðingjar báðu 5 hann segja slíkt er hann vissi en hann beiddiz í móti lífsgríða enn þeir játaðu því. hann sagði þá at Markus Krassus hafði sent hann til Katilinam at hann skyldi framhalda öllum þeim ráðum sem hann hafði upp tekit ok kvað hann ekki skyldu lið vanta þó at nökkurir af hans 10 kompanum væri handteknir. enn flestum höfðingjum þótti Krassus ólíkligr til þersa. lauk svá þersi stefnu at þeir dæmdu hann kvittan af þessu svikræði. enn Salustius kveðz heyrnt hafa seálfan Krassum segja at þetta hefði Tullius gert til fjandskapar við hann. Quintus Catulus ok 15 Gaius Piso gengu at með öllu kappi at teygja Tullium til þers at bera upp á Gaium Cesarem at hann væri í þersu bragði ok buðu honum fé til, enn hann neitaði því þverliga. ok er þeir fengu ekki af Tullio at bera þetta upp á Cesarem þá kváðuz þeir seálfir heyrnt hafa af Volturcio 20 ok öðrum mönnum ok lugu þá allt þat er þeir sögðu. enn svá komu þeir þessu falsi á lopt at riddarar þeir er vörð hældu á hofinu gengu at Cesari með brugðnum sverðum ok skóku at honum ok hræddu hann svá. enn hann gaf ekki gaum at því ok gekk sem hann hafði áðr 25 ætlað. Síðan var lokit gjald þat er þeir höfðu heitit Volturcio ok Allobrogibus því at þeir trúðu þat allt satt 478 sem þeir höfðu sagt. Síðan sömnuduz saman menn Lentuli ok ætlaðu at ná honum ór varðhaldinu. enn er Tullius

1 Katiline > katelíno.    2 Volturcio > valterno.    4 Katiline > katelíní.  
 8 Katilinam > katelínnum.    15 Catulus > catullíus.  
 16 Gaius > gnaíus.    17 bera upp á Gaium > bíðia lucíum.  
 20 Volturcio > valterno.    23 Cesari > cesare.  
 27 Volturcio > vlterno.    Allobrogibus > albíno.



varð þessa varr þá styrkir hann varðhöldin af nýju ok boðar at sér höfðingjum til umráða hvat af þeim skal göra er inn váro kastadir. Decimus Junius Silanus var fyrst beðinn til at tala því at hann var þá kjörinn til consulem, 5 enn hann kvað þat ekki sitt ráð er þeir váro inn kastaðir ok kveðz ekki mundu tala. þá báðu þeir Julium Cesarem at hann skyldi tala. hann hóf svá sína ræðu.

44. Frá tölu Julii Cesaris. 'Allir þeir menn er dæma 'skulo sanna luti byrjar at þeir sé hatrlausir ok friðsamir 10 'því at óþolinmæði sigrar margs manns vizku enn þat er 'hugsanda um hvat dæma er. jafnan hefir Rómverjalýðr 'verit ófriðsamr utanlands enn aldri hafa þeir þat fyrr 'með höndum haft at svikja seálfra sinna frændr enn brenna 'borgina sem öllum mátti mestr skaði at vera ef fram- 15 'gengt yrði. hefir Lucius Katilina þessa dirfd á sik tekit 'ok hans menn, sem enginn annarr fyrir honum, at ræna 'ok reyfa innanborgar ok alla þá illa luti sem honum hefir 'í hug komit. undra ek er vitrir menn velkja slíkt svá 'lengi fyrir sér at dæma um þá menn er svá marga illa 20 'luti hafa gert ok öngrar miskunnar ero verðir fyrir sín 'illvirki. er þat mitt ráð at þeir sé allir inn settir ok 'teknir ok komiz þaðan aldri út. enn ef æigi er svá gört 'þá er æigi gecymt laganna ok frelsis alþýðunnar'. lauk hann svá sinni ræðu. þá stóð upp Markus Porcius Kato 25 ok hóf svá sína ræðu. 'heyrit þer samráðandi mér. hvat 'sýniz yðr ráð at gera af þersum mönnum er þat ætlaðu 'fyrir sér at brenna borgina ok þar með frændr sína? 'eigi má mér engiss þikkja um slíkt vert er várir frendr 'ok ættmenn hafa gert, er bæði er bannat huginum ok 30 'líkamanum at gera slíkt. ek samþykkir þat æigi at þat

3 Decimus Junius Silanus > Pecius venius. fillanus. 8 Julii

Cesaris > Pecius ( ~ Petrus) venius. dæma = dæma ~ dæma.

9 hatrlausir = hátr laufir. 10 vizku = útzku. 15 Kati-

lina > katelín'. tekit +. 16 enginn = engin.

sé sannr örleikr at taka annarra eign ok veita þat. val  
 'ok snjallt talaði Gaius Julius Cesar um hríð. enn nú vil  
 'ek um þat ræða er várir landsmenn hafa saman dregiz  
 'ok vilja brenna borgina ok eyða sitt fóstrland enn eggja  
 'á hendr oss þat fólk í Gallia sem harðaz er í váro ríki 5  
 'enn hertogi fjandanna er yfir höfði oss með her ok  
 'eyðir váro ríki. nú vilit þér enn miskunna þeim! nei'  
 sagði hann 'verði aldri sú miskunn vár at refsa æigi slíkar  
 'illgerðir. vili gudin at ek mundi enn þolinmóðliga bera  
 'þótt þeir veitti oss áhlaup ef þeir þyrmdi borginni ok 10  
 'mætti sjá skaði endrbæta. enn nú þíkkir mér vadvænt  
 'at hætta til þers er þeir sitja öllum megin um oss enn  
 'margir fjandmenn várir ero í sjálfri borginni ok megum  
 'vær engin þau ráð gera at æigi verði þeir varir við. ok  
 'þí verðum vér þersum ráðum sem mest at skunda at mér 15  
 'sýniz alþýðuhagrinn at tapan kominn af glæpum þersa  
 'manna sem oss hafa búit bana enn borginni bruna. var  
 'þat siðr hinna fyrri manna at dæma jafut til dráps fyrir  
 'ráðna sök sem framm komna'. síþan settiz Kato niðr enn  
 allir menn lofaðu hans tölu. 20

479 45. Frá Markus Kato. capitulum. Eptir þat ávitadi  
 hverr annan er þeim hafði svá úsköruliga vorðit ádr Kato  
 þá skyldi alla drepa. — Svá segir Salustius at sva marga  
 luti hefir hann heyrt ok lesit af stórvirkjum Rómverja er 25  
 þeir hafa unnit í Asia ok þeir börðuz opt með litit lið  
 við mikinn her ok með völduga konunga með litlum við-  
 búnaði ok öttu jafnan hamingjunni með ofressi. Girkir  
 váro kallaðir snjallari enn þeir, enn Galli váro enn frægari  
 kallaðir í orrosto. enn svá bar jafnan til at ágjælligr 30  
 drengskapr Rómverja sigraði þetta allt. enn nú er þeir  
 spilltuz af sællífi þá hélzt varla rættir alþýðunnar af löstum

15 vær +. 18 dæma = dōma. 29 Galli > Gallíj. 32  
 sællífi = sællhufi.

- ræðismanna. Salustius segir at ij menn váro í Róm um hans daga ágjætir at kröptum, enn með újófnum síðum, Markus Kato ok Julius Cesar. ok þat skal nú segja hvílikir síðir hvárs þeira váro. Markus Kato var mest virðr af
- 5 vjingjæði ok af ágjætu ok einföldu lífi því at enginn var hans líki í Rómaborg um hans daga at góðfýsi ok vizku. enn Cesar var lofaðr af fégjöfum ok harðræðum ok mörgum snilldarverkum þeim er einföldum herra stóð at hafa. — Tullio þótti nú ráð at fresta æigi drápi þeira svikaranna.
- 10 lók hann þá sjálfir Lentulum ok leiddi hann til dýflizu. slíkt hit sama gördu ok aðrir höfðingjar með þá er þeir höfðu haft í varðhaldi. sú dýfliza stendr þar enn í borginni í dag ok heitir “tulliana” ok er svá gör at fyrst er inn kom í skyldi ganga upp nökkut enn síðan niðr xij
- 15 gráður ok allt lukt með stein: þá var enn hægindahús ok þá xvij álna niðr í jörð. sá staðr var illr ok hræðiligr ok fullr af hræum manna. enn er Lentulus var þangat leiddr þá hengdu þeir hann sjálfir, er í ráði höfðu verit með honum, at boði Tullii; enn síðan váro þeir hengdir
- 20 svá sem þeira höfðingi Lentulus er var hinnar hæstu ættar Corneliorum. hann hafði haft hertogatign í Róm ok fekk hann þó makligt líflát eptir sínum tilverkum. ok slíkan sama dauða fekk Cethegus ok Gabinus. — Lucius Katilina samnaði nú her at sér. var í þann tíma með
- 25 honum Manlius með þá sveit er honum hafði fylgt ok höfðu þeir alls ij fylkingar: en í rómverska fylking er talit vī ok de lx ok vi menn. enn síðan skipti hann herinum eptir síð Rómverja. enn æigi var þat meira enn de manna er riddarlig vápn hefði; enn þat var mart er ekki
- 30 hafði utan sprota ok lurka.

3 Kato = kátó.    5 enginn = engín.    6 vizku = utzku.  
 8 einföldum < einvöldum.    18 sjálfir > sialf' nídr.    23 Cethegus > cetog'.    Gabinus > gabínuf.    24 Katilina > katel'.  
 25 Manlius > mamuluf ~ manuluf.    27 vī o; 6000.    29 riddarlig = Riddarhlg.

46. Hér segir af Antonius ok Katilina ok Rómverjom. Antonius fór með her í móti Katilina. enn er hann varð þers varr stefndi hann á fjöll upp undan því at hann vænti sér liðs at ákveðnum tíma ór borginni. nú kom sá kvitr í her hans at upp mundu komin svikræði þeira ok 5 Lentulus mundi drepinn vera. leystiz þá þegar mart lið frá Katilina. Quintus Metellus veitir nú umsátir Katiline þá er honum þótti líkaz at hann mundi stefna af fjallinu: náði hann þar nokkurum mönnum af liði hans. enn Antonius Gaius var æigi langt þaðan með meginliðit. hans 10 herbúðir stóðu allt af fjallinu ok allt á sléttuna ofan ok skyldi hann taka með flóttamönnum er drægiz af liði Katiline. nú verðr Katilina varr hvar hann var at kominn, 480 at fjallgarðrinn allr var luktr hans óvinum; mátti hann nú ok æigi venda apr til Rómaborgar, herðir nú huginn 15 ok vill vissuliga berjaz, kallar nú saman liðit ok hefr svá sína ræðu 'heyrit nú góðir hálsar er reyndir erot at dáð 'ok drengskap ok mér hafit jafnan fylgt í mörgum háskum 'ok borit val margar mannaunir. nú er Rómverja herr 'skammt í frá oss ok man nú verða harðr bardagi sem 20 'líkligt man þikkja. gangit nú fast framm því at þer 'megut víst vita at þer munut sæta mörgum hörðum 'þínslum af Rómverjum ef þer verðit teknir: er ok betra 'at falla í orrosto fyrir röskum mönnum heldr enn vera 'kvaldir til bana eðr falla í flótta því at flóttamenn fá 25 'æigi góðan orðstír. nú ef hamingjan hefir svá fyrir séð 'at mér skulum hér falla, kostit þá hinir raustu riddarar 'ok hafi hverr yðvarr mann fyrir sik. enn nú man ek æigi 'þreyta yðr í langmæli því at æigi þarf góða drengi með 'orðum upp at eggja enda stoðar huglausum hvarki fortölur 30

1, 2 Katilina > katelín', katel'. 7 Katilina > katel'ó. Quintus Metellus > Gnaíuf metillus. Katiline > katl'ó. 10 Gaius > Marc'. 13 Katiline > katelíní. Katilina > kateln'.

‘nè áfrýjur’. eptir þat lauk Katilina sinni ræðu. síðan lét hann alla menn stíga af hestum: þar var sléttr völlr: fylkti hann þá liði síno. hann skipaði Gaium Manlium fremstan til hægri handar enn hann var sjálfr undir aðalmerkinu.

- 5 47. Hér segir af Antonio ok af Katilina. capitulum. Antonius fór með her sinn í móti Katilina. hann var sjúkr í fótum svá at hann mátti ægi ganga. hann setti þann mann til höfðingja yfir herinn er Petreius hét. hann var legatus at tign. Antonius var á hesti sjálfr ok skipaði  
10 fremstum rómverskum riddörum ok skipti þeim í cohortes. síðan ríðr hann um herinn ok talaði fyrir liðinu: hann bað þá röskliga framm ganga ‘því at nú eigit þér ‘at berjaz með vápnlaust illþýði ok verja svá fê yðvart ‘ok frelsi’. Salustius segir at Antonius hafi verit meirr  
15 enn xxx vetra í her rómverskra manna ok jafnan með hinni mestu tign: hann var stundum consul enn stundum legatus, stundum dictator, stundum pretor eðr prefectus. nú lét hann sína menn blása herblástr ok hrærði framm liðit ór stað. slíkt hit sama görði Katilina við sinn her  
20 ok skutuz þeir á í fyrstu enn síðan gengu þeir í högg-orrosto. Lucius Katilina var fyrstr í fylking sinni ok hjó á báðar hendr ok var þar æ sem mest þörf var ok skipaði til alls sem bezt bar ok fekk þat orð af sem hann vann til því at hann gerði bæði verk snarps riddara ok  
25 góðs herstjóra. Petreius sér at menn Katiline börðuz snarpliga ok stóðu svá fast at enginn þeira hopaði ok féllu nú mjök hváirtveggju. þá lét Petreius ganga fram þann flokk er mest var vandaðr ok var þar ekki fólk í enn greifar ok barónar. þeir gengu í miðja fylking Katiline

1 Katilina > katel'. 5 Katilina > katelino ok lucius. 6  
Katilina > katelíno. 8 Petreius > Feturgíuf. 17 pretor  
∞ p̄cor. prefectus > p̄iectus. 19, 21 Katilina > katel'. 25  
Petreius > Feturgíus. Katiline > katel'. 26 enginn =  
engín. 27 Petreius > feturgíus. 28 ekki < ekki annat  
~ 29 enn < nema. 29 Katiline > katelíní.

ok bognaði þegar fyrir fylkingin. hljóp Katilina þá þangat ok gekk framun svá hart at Rómverjar hrukku fyrir. af liði Lucii Katiline féllu fyrst Gaius Manlius ok Fesulanus ok höfðu ádr bariz vel ok drengiliga. enn er Katilina sá at fallinn var mestr þori liðs hans ok hann var þá 5 eptir með fátt lið þá minntiz hann hinnar fyrri tignar sinnar ok hljóp þá framm í miðjan her úvina sinna þar er þeir stóðu þykkaz fyrir ok bardiz sem hann væri 481 galinn þar til er hann var stangaðr til bana. Salustius segir svá at þá er lokit var orrostunni mátti sjá hversu 10 mikill kraptr fylgdi þersum mönnum. með dirfdinni, er Lucius Katilina hafði saman dregit því at enginn þeira leifði þann stad sem í fyrstunni hafði tekit því at hverr lá þar sem stáðit hafði ok váro framan at eins sár á þeim. enn sjálfr Katilina var fundinn langt framm frá öðrum sínum 15 mönnum, ok lágu úvinir hans sem þykkaz mátti, ok blés hann þá enn nökkut: hann hafði hit sama yfirbragð sem þá er hann var grimmligastr til orrostu. því at af öllu því fólkí er Katilina hafði fylgt varð enginn maðr hand- tekinn sá er nokkurs var verðr ok engi flýði því at þeir 20 þyrndu hvárki sínu lífi né fjandmanna sinna. eigi höfðu Rómverjar ok skaðlausan sigrinn því at allir hinir fræk- astu þeira menn váro fallnir enn sumir mjök sárir. enn er þeir kannaðu valinn ok veltu riddörum fundu þeir þar frændr sína ok húsbændr enn sumir úvini sína ok glödduz 25 þeir enn hinir hryggðuz því var um allan herinn sam- blandit sýt ok gleði. endiz svá Katilina ok hans mönnum sín ofdirlö ok kyndugskapr er þeir tóku upp at þeir váro

1 Katilina > katehn<sup>3</sup>. 3 Katiline > katel'. Fesulanus > perfulanus. 4 Katilina > katelínus. 12 Katilina > katí'. (enginn = engin̄.) 15 Katilina > katel'. 16 hans < hans umhverfiss hann. 19 Katilina > katel'ó. enginn = engin̄. 27 Katilina > katí'no.



því lægra niðr settir sem þeir klifu hæra upp enn flestir aðrir. fóro nú Rómverjar heim með fögrum sigri.

48. Hér hefr af Lukano er þessa frásögn hefir fyrst ritað. Maðr hét Lukanus, rómverskr at kyni, er þessa 5 frásögn hefir fyrst ritað at upphafi ok hefr hann svá at öllum Rómverjaher var skipt í þriðjunga ok var sá höfðingi settr yfir hvern þriðjung er æztr var í Rómaborg ok váro þeir allir górvir dictatores. þar var sá einn maðr er hét Markus Licinius Krassus: hann átti þá konu 10 er hét Cornelia; hón var dóttir Metelli, eins af hinum hæstum Rómaborgar höfðingjum. annarr var Julius Gaius Cesar. hinn þriði var sá maðr er hét Pompeius Magnus Gneius ok lengst hafði ráðit fyrir Rómverjum: hann hafði “víj.” sinnum verit görr consul í Rómaborg; hann átti þá 15 konu er Julia hét, dóttir Julii Cesaris: Pompeius var þó miklu ellri en Julius. Markus Krassus var sendr til þeira þjóða er svá heita: Parthi, Medi ok Assiri; þat er í Asia. þessar allar þjódir gengu í móti Rómverjum með her ok fjandskap. Markus átti með þá margar orrorstor ok hafði 20 jafnan sigr. enn um síðir varð hann sigraðr af Parthis ok drepinn meðr því at þeir steyptu gulli vellanda í munn honum ok mæltu svá ‘þyrstir þik! drekk þú nú gullit svá ‘at þú hafir í nóg’ ok lauk svá hans æfi.

49. Hér segir af ferð Julius. capitulum. Julius Cesar 25 fór norðr um Mundiufjall í Saxland og Frakkland því at þeir váro ádr í vingan við Rómverja. sá höfðingi stóð mest í móti Julio er “dikon” hét. hann var jarl af Svafaralandi. hann hafði lagt undir sik mikit af Saxlandi ok Vindlandi ok þau lönd er þar liggja nær. Julius átti þar 30 margar orrorstor ok höfðu ymsir sigr. hann stríddi í þessum löndum “treúenfif. fat’enfif. bergonenfis”.

15 Pompeius = Pompæius. 17 Medi > Medrj. Asia > affrika. 19 Markus = Markuff. 25 Frakkland = frakland. 26 vingan < úvingan. 27 “dikon” < Divico?. 27-28 Svafara = suava. 31 bergonenfis ~ vergonenfis.

50. Er Pompeius bardiz við vikinga. capitulum. Pompeius Magnus fór með sinn hluta hers með skipaliði út um Girklandseyjar ok bardiz þar með vikinga ok illvirkja þá er 482 þar höfðu mart illt gört ok höfðu fjölda liðs: drap hann þá suma en alla rak hann af sjónum ok af skipunum. enu 5 síðan hélt hann öllu liðinu út yfir hafit ok bardiz með Mithridatem konung ok sigraði hann. Þaðan fór hann í Hispaniam ok sigraði þar Sertorium konung. Þaðan fór hann í Ermland ok Kappadociam ok Kaldeam ok Rabitaland ok Gyðingaland ok vann þær þjóðir allar undir 10 Rómverja. ok hann bardiz við xxij konunga ok sigraði þá alla. af þersu varð hann stór-ágjætr. hann kom iij tíma til Rómaborgar á þersum tímum ok gengu út á mót honum consules ok senatores ok öll alþýða manna ok var hann settr í gullkerru ok ekinn svá í borgina í þórshof: 15 þat var þá ágjætast í Rómaborg.

51. Hér segir af orrosto Julius ok Saxa. capitulum. Nú hefir Julius agjætar orrostor með Saxa, ok um síðir féll mestr luti liðs hans. þá sendi hann orð Pompeio mági sínum at hann sendi honum styrk af sínum her. ok 20 er þat lið kom til Julium þá lekk hann jafnan síðan sigr. enu þó mátti hann æigi á einum v vetrum eyða öllum sínum úvinum ok Rómverja sva at hann vænti sér slíks söma fyrir sitt starf sem veitt var Pompeio ok því lagði hann niðr aðra v vetr af sínu sjálfræði at stýra herinum 25 ok vildi hann æigi koma til Rómaborgar fyrr en hann hefði sigraz at fullu sem hann vildi. í þenna tíma hafði andaz kona Pompeius, enu hann fekk Corneliam er átt hafði Markus Krassus. enu eptir fall Marci sendir Pompeius orð Julio at hann færi heim til Rómaborgar ella 30 sendi hann honum alla sína menn. Julius vildi hvárki

7 Mithridatem > mēchidem. 9 Kappadociam > kapadociam.

22 v > víj. 25 niðr < viðr. 29 Krassus = krassuff.

göra. síðan fór hann um Saxland ok Valland ok England ok lagði undir sik öll þau ríki sem fyrir norðan ero Mundíu. en þá er Julius vildi ægi aptr hverfa er honum komu þersi orð þá gördiz þar af sundrþykki meðr þeim 5 Pompeio ok Julio ok litlu síðarr hinn mesti fjandskapr. ok þá er x vetr váro liðnir þá fór Julius suðr til Mundíu meðr allan herinn. þá komu þau orð frá Pompeio ok höfðingjum Rómverja at þeir fyrirbuðu honum at fara meðr fjölmenni til Rómaborgar. Segir svá Lucanus at 10 þaðan af skiptiz þat ríki með vápnum er áðr hafði eignaz allan heiminn bæði á sjó ok á landi: ok varð þat öfgu heilli er Julia féll í frá, því at hón hefði til gjætt með feðr sínum ok bónda svá at þeir hefði ægi deilt illdeildum því at þá skildi ekki á nema öfund ein at upp- 15 hafi ok hugði Pompeius at meira mundi virðaz enn nýi sigr Julii enn hin fornu stórvirki hans. ok segir Lukanus svá at Julius vildi öngvan vita sér meira enn Pompeius öngvan sér jafnan, ok kveðr hann því djarlligt at dama hvárr réttara hafði því at guðin veittu sigr Julio enn 20 Kato er aztr maðr ok vitrastr var í borginni gekk í lið meðr Pompeio.

52. Frá ferð Julii til Romaborgar. Julius fór nú suðr um fjall ok hafði mikla áhyggju í skapi. hann setti herbúðir sínar við Rubicon. á þá er svá heitir. þá dreymdi 25 hann um nátt at kona kom til hans, mikil ok ógurlig: 453 hón hafði laust hárit ok bera alla armleggina ok mælti 'hvert ætlit þér at bera mín merki? ef þér erot mínir 'menn ok farit með rétlu þá lofaz ægi lengra fram at 'fara'. enn hann virði svá í svefninum sem þat væri lík- 30 eskja. 'þú Rómaborg' sagði hann 'er stendr á "kartago"- 'bergi ok þau goð, er allt ero til komin af Tyrklandi.

30 er > er er. "kartago" < Tarpeia (\* Luc. Phars. I 196).

31 ok þau < 1 — þau (182<sup>1</sup> ... enn < ; enn).

'hafa jafnan fylgt várri ætt ok áðr váro í "albía" . . . enn  
 'Romulus frændi várr reisti þik af jörðu ok ertu nú æztr  
 'staðr í heiminum — æigi man ek til þín sækja meðr  
 'andligum vápnum því at hvárt sem ek vinnr sigr á sjó 5  
 'eðr landi þá em ek æ þinn þjónostumaðr ok riddari. nú  
 'með því at sjá úfriðr berr illa þá sè sá sekr er mèr  
 'bannar til þín at fara með sæmd'. um morgininn fór hann  
 yfir ána ok á sjálft Rómaborgarland ok mælti 'hér læt  
 'ek eptir friðinn ok lögin. nú skal treysta á hamingjuna  
 'ok biðja æigi friðar vára úvini. ok láti guðin koma á 10  
 'orrostu með oss'. enn um morgininn í sólarupprás kom  
 hann í þorp þat er Ariminum heitir í því héraði er "tacia"  
 heitir ok tóko nálíga upp allt héraðit. ok þeir er héraðit  
 byggðu váro æigi vanir vápnum nè úfriði. ok er þeir sá  
 merki Rómverja ok kenndu Cesarem í miðju liði þá 15  
 aumkaðu þeir sik er þeir skyldu verða fyrir þersum úfriði  
 er görðiz fyrir norðan fjallit. í þenna tíma komu af Róm  
 margir vinir Julii þeir er Pompeius hafði gört útlaga ór  
 borginni. þar var sá einn göfugr maðr í því liði er Curio  
 hét. hann mælti til Julium 'fylgt höfum vær þér meðan 20  
 'vér máttum, ok þínu máli, í Róm: heimt hefir ek til  
 'þín alla þá menn er ek mátti: ok erom vér görvir  
 'útlægir af borginni því at vér viljum heldr berjaz með  
 'yðr enn samþykkja þínum úvinum. nú væntum vér at  
 'þinn sigr muni skipa oss á várar eigur. nú skunda þinni 25  
 'ferð því at fátt er manna í borginni ok þó allir ótta-  
 'fullir. þú hefir bariz x vetr fyrir norðan fjall ok er þat  
 'lítit ríki: nú má vera at þú beriz hér fá ár með Róm-  
 'verja áðr þú fáir vald yfir öllum heiminum. þú ert hart  
 'framm eggjadr: þér er varnað sómans alls fyrir þinn 30  
 'sigr ok goldinn þér fjandskapr fyrir starf ok háska.

1 "albía" < Alba (\*Luc. Phars. I 198). 12 Ariminum ∞  
 arímímū. "tacia" < Umbria. 19 Curio > curíuf.

‘skaltu ok ekki tvískipta her þínum fyrst at sinni. skulum  
‘vær ok æigi spara oss til at fylgja þér.’

53. Hér segir frá er Julius talaði fyrir lýðnum. Af  
slikum fortölum óx mikit hans ágirni ok lætr nú setja  
5 merki sitt niðr á völinn ok kallar þar undir allan herinn:  
varð þar af mikill gnýr sem ván var at. ok sem hljóð  
fekkz hóf Julius svá mál sitt ‘vinir várir ok ástmenn er  
‘verit hafa í orrostom með oss optarr enn tölu sé hægt  
‘á at koma ok haft jafnan sigr á næstum x árum . . . enn  
10 ‘nú höfum vær sannfrétt hver starfalaun yðr ero ætluð  
‘fyrir sár ok sviða ok manna missi ok þann háska er þér  
‘hafit beðit. er mér svá sagt at æigi mundi meiri viðr-  
‘búnaðr hafðr til fjandskapar þó at Hannibal konungr færi  
‘meðr her sinn til Romam sá er mestr úvin hefir verit  
15 ‘borgarinnar ok hana vildi alla upp taka. er þangat til  
‘dregit allt fjölmenni þat er má ok hvert skógarkjarr er  
‘upp höggvit til skipagörðar enn Cesar er kallaðr útlægr  
‘ok dræpr bæði á sjó ok á landi. eða hversu mundi með 484  
‘mik gert ef oss hefði þungt fallit ok færi Saxaherr norðan  
20 ‘með ofressli úfriðar? nú með því at oss hefir enn létt  
‘fallit þá vilja guðin reyna hvárt vèr viljum verða svá  
‘miklir menn sem þau vilja oss gört hafa. Pompeius ferr  
‘á móti oss, gamall maðr, ok hefir með sér unga riddara,  
‘bændr ok borgarmenn, þá sem ekki ero vanir bardaga  
25 ‘— sem er Marcellus hinn málgi ok margir aðrir hans  
‘makar. enn mér þikkir æigi ráðit hvárt þeir ungu riddarar  
‘seðja Pompeium á ríki; heldr sýniz mér sem hann muni  
‘aldri niðr leggja sinn újafnað. æigi þarf ek fyrir yðr at  
‘tjá hversu rangliga hann hefir dregit fé af hverjum manni  
30 ‘um allan heininn. yðr er ok kunnigt, þá er menn skyldu  
‘dæma lög sín í seálfri Rómaborg, hverja kórónu hann  
‘setti yfir dómandana: þat var skjaldaðr herr ok alvápnadr

'ok skyldi enginn þora at dæma annat eu hann vildi. enn  
 'nú hefr hann upp ófrið á gamals aldri svá sem görði  
 'Silla fóstri hans at hann braut undir sik alla Rómaborg  
 'með kappi ok rangindum. svá segja menn at tigres þá  
 'er þau bita hjörðina með ellrum dýrum at þau vilja aldri 5  
 'af láta þegar blóð kemr á tenn þeim; enn ek ætla at  
 'Pompeius hafi ok slíkan grád ok þorsta til manndrápanna  
 'síðan hann sleikti varmt mannablóðit af sverði Silla fósttra  
 'síns at hann skyldi þá vera djarfari enn áðr. nú er oss  
 'ægi sýnt hvern enda hafa mun þetta hit rangliga ríki 10  
 'eða hvenær hann mun ætla af at láta ósómanum; enn  
 'þó kann vera, svá víða sem Pompeius hefir sigraz áðr,  
 'at sjá sè hans hinn síðarsti sigr at leggja mik at jörðu  
 'sakir þers at ek vil ægi kasta sigrmerki mínu niðr undir  
 'fætr mér. enn þótt Rómverjar vili mér öngva sæmd gera 15  
 'þá væri þó sannligt at láta þá menn hafa sitt verkkaup  
 'er mér hafa fylgt ok svá mikit ríki hafa undir þá unnit  
 'ok ætti þeir þangat friðar at vilja sem þeir ero fædingjar  
 'heldr enn vikingar ok vændismenn sæti í húsnum þeira í  
 'Róm. heilir svá' sagði hann 'takit upp merkin þau er 20  
 'mér höfum víða borit með sigrinum: því at nú verðr  
 'afis at neyta: þeir eggja oss vöpn at bera í móti sér  
 'er oss varna hins rétta. væntir ek at guðin munu vera  
 'í fulltingi með oss; því at ægi berjunz ek mér "einū"  
 'til ríkis nè mínum mönnum, heldr skulum vér draga 25  
 'drottunana af borginni þá er "nu e' bu<sup>o</sup>" til at þjóna áðr.'

54. Hér segir af "thelbel" ok hans ráðagjörð. Eptir  
 þersi orð varð mikill gnýr í herinum því at þeir váro  
 margir er eggjuðu úfriðar því at þeir girnutuz á ríki ok  
 á ránsfè. enn sumir váro þeir sem spakari váro ok stór- 30  
 eignaðir at sá hversu mikit illt af mátti standa ok báðu  
 at friðr skyldi verða ok sætt haldaz. því næst stóð upp sá



maðr er "thesbes" hét ok mælti þú Julius Cesar hinn  
 æzti stjórnari alls heimsins ok Rómárikis. vær undrum  
 þat hversu lengi þú þolir þetta þínum óvinum. æigi  
 skal þik vart fullting skorta meðan vær meguum vápnum  
 5 valda ok mun lítil raun vera at þerjaz við borgarmenn  
 vára þá er friði einum ero vanir. enn þó annars kostar  
 er hörmuligt er vær skulum sjálfir hendr á leggjaz. lát 485  
 oss fara með þér um Svíþjóð hina miklu eðr í Libiam  
 ok skulum vær öll þau ríki undir þik vinna með þersum  
 10 höndum ok vápnum sem áðr höfum vær sigrat með norðr-  
 hálfuna allt at sjónum vestr, ok skal ek þínu boði fylgja  
 í alla staði: enginn skal sá minn vin æða borgarmaðr  
 er ek heyrir þinn lúðr í móti þeyttan — ok þers sver  
 ek fyrir þin merki ok allan þinn sigr, þó at þú bjóðir  
 15 at ek höggva bróður minn með sverði ok ek leggjaz  
 föður minn fyrir brjóst með spjóti ok ek vega með vápnum  
 konu mína barnsfulla, þá skal ek hvergi mínar hendr til  
 spara; ok þótt þú vilir ræna guðin en brenna hofin ok  
 setja herbúðir þínar við Tífr í Rómaborg, þá skal ek  
 20 vera forgöngumaðr; ok hverja borg sem þú vill at jörðu  
 brjóta þá skal ek heimill til vera ok jafnvel þótt þat sé  
 sjálf Rómaborg<sup>3</sup>. en er "thesbes" lauk sinni ræðu þá hélt  
 allt fólk upp höndum ok játaðu vilja Julii. enn er þat  
 var ráðit at hann vildi með vápnum vinna Rómaborg ok  
 25 Itáland ok þerjaz á moti senatoribus þá heimti hann  
 af nýju at sér her norðan um fjall allt þar er hann mátti  
 fá ok skundaði sem mest til borgarinnar.

55. Frá undrum í Rómaborg ok fyrirburðum. Nú er  
 Rómverjar spyrja at Julius er í nánd borginni með her  
 30 sinum þá gerðiz ótti mikill í Róm ok hræzla. tók þá  
 fólkit at flýja. þat var ok sagt með at Julius var miklu  
 meiri ok ógurligri enn fyrr hafði hann verit ok honum

3 æigi > = =. 12 enginn = Engín. 30 hræzla = hræðzla.

samnaðiz ór öllum ættum herr. þá flýðu höfðingjar í brott ok enginn var sá örvasi karl nè svá sjúkr at sinn son gjæti latt nökkura nátt: svá var fólkít hrætt. ok þótti mörgum þat undarligt er flýit var orrostolaust ór borginni: enn þó segir Kato at þá var várkunn á við aðra menn 5 er Pompeius flýði sjálf ór borginni. í þenna tíma urðu mörg undr í Rómaborg. þá varð á sól ok tungli fyrst þat sem eclipsis er kallað, allt í móti eðli. þá var ok sèn stjarna sú er cometa heitir, í líking sverðs, ok horfði blóðrefillinn á borgina: sú stjarna er jafnan sèn fyrir 10 stórum bardögum. þá váro ok sènar eldingar stórar fljúga ór norðri í heiðviðri. þá sýndiz ok hafit sjálf ásynis sem blóð eðr roðra. þá váro ok fædd hvers kyns býsn í borginni bæði af fè ok mönnum, ok margs kyns illfygli flaug ór skógum ok hreiðraðiz í borginni. þat er ok sagt at 15 uxi einn sá er fyrir arðr var leiddr mælti 'ófyrirsynju' þerit þer mik því at brátt man Rómaborg meirr skorta 'menn en sæði "eðr vapn æ næg eñ korn". um iij nætr sá þeir ok heyrðu til vápnaðra manna mikinn gný ok háreysti. ok þeir menn sem næstir bjöggu borgarveggjunum 20 sá fara at borginni tröllkonu mikla ok ógurliga ok hafði í hendi fork mikinn af glóanda jární, ok svá sýndiz þeim sem hón hefði borgina í fadmi sèr. þar sá menn ok um allar nætr drauga ganga: þeir Silla ok Marius höfðu með mestum grimmeik deilt sín í millum ok var því hvarígum 25 þeirra veittr gröftr sem öðrum höfðingjum í Rómaborg; gengu þeir nú ok aþtr allar nætr í sýn við menn. við þessar ógnir urðu menn mjök ræddir í Rómaborg ok 486 flýðu af þessu margir menn ór borginni. þá komu til fjölkynngismenn ok blótuðu ok gengu til frétta við guðin 30 ok rannsakaðu bæði manna innsteri ok svá búfjár ok

2 enginn = engín.    8 eclipsis > eclipsis.    15 hreiðraðiz  
 ~ hreiðraðuz.

kváðuz þar ekki seá nema daprliga luti eina. sá maðr  
 kom þangat er hét Aruns, hinn mesti galdramaðr, fullr  
 fitonsanda ok fjölkynngi. hann blótaði griðung einn. ok  
 er griðungrinn var höggvinn þá ljóp mikill ok kolsvartr  
 5 kattr ór búkinum. ok er hann sundraði griðunginn knýtti  
 hann ij knúta á viljunum, nær sem mannshöfuð væri, ok  
 eignaði annan knútinn Julio enn annan Pompeio Magno  
 ok kvað þar síðan marga fáheyrða galdra yfir: þá þrútn-  
 aði sá knútrinn ákastliga er Julio var eignaðr enn sá er  
 10 Pompeio var eignaðr visnaði allr ok varð at öngu. Aruns  
 kvað þá við hátt ok mælti 'æigi er smátt hvat guðin birta  
 'mér úverðugum ok ekki hefir hinn hæsti faðir þórr eignaz  
 'þetta blót heldr hafa helvitisguðin hlaupit í bók þersa  
 'griðungs ok segir mér mjök illa hugr um hversu ganga  
 15 'mun ok man þó þyngra falla enn í hug man koma'. Sá  
 maðr var enn einn í Rómaborg er val kunnr stjörnulist  
 ok sagðiz hann sjá á himintunglunum at stórar orrostor  
 mundu verða ok mannfall mikit ok langr úfriðr. Sá athurðr  
 görðiz enn í borginni er mönnum þóllu mest undr í vera,  
 20 at þá er ein göfug húsfrú skyldi ganga til þórshofs at  
 biðjaz þar fyrir eptir vanda var hön numin upp í loptit  
 langt yfir borgina ok hékk hön mjök lengi. þat sá mikill  
 fjöldi manna ór borginni ok heyrðu at hön kvað við hátt  
 ok mælti 'þú Apollo. hvert viltu færa mik?' (þat köllum  
 25 vær sólarguð). 'ek sé nú = = = miklu' sagði hön. 'ek  
 'sé nú Philippos undir gnipu einni. eðr hví sætir? ek sé  
 'Rómverja berjaz sjálfa ok öngva stórhöfðingja at móti.  
 'nú fer ek út á Egíptaland ok kenni ek þar bók hinn  
 'mikla er þar liggr höfuðlauss á Nílar söndum. nú fer ek  
 30 'í Libíam ok sér ek þar fylkingar þær hryggar er brott  
 'komuz ór Emathia. nú fer ek norðr um fjall ok nú fer

2 Aruns > aranas.    8 yfir > ý ==.    10 Aruns > Ara-  
 nas.    24 Apollo = ápollo.    26 Philippos > philppum.  
 31 Emathia > ematha.

‘ek heim til Rómaborgar ok sé ek nú bariz af höfðingjum  
 ‘í miðri borginni ok nú sér ek úfrið um allan heiminn.  
 ‘nú fer ek út yfir hafit ok kennir ek enn völluma Philippi’.  
 ok eptir þat féll hón niðr á jörð ok lá lengi svá sem dauð.  
 Af þersu öllu gerðiz ótti mikill í borginni ok kvenna 5  
 grátr ok ungra manna. karlmenn nær allir flýðu ór borg-  
 inni, sumir til Julium enn sumir til Pompeium.

56. Hér segir af Bruto ok Katone. capitulum. Brutus  
 hét einu göfugr maðr í Róm. hann fór um nátt í garð  
 Katonis er þá var æztr af senatoribus. öllum mönnum 10  
 þótti með hann ódælt nema Bruto einum. hann mælti til  
 hans ‘kraptr ok manndómr sá er nú eyðiz mjök þá veit  
 ‘ek at þú vill æigi með hann skiljaz hvat sem yfir gengr.  
 ‘nú vil ek leita þangat ráða sem þú ert, því at ek kann  
 ‘mér engin utan ek hafi þinn styrk til. nú fara sumir til 15  
 ‘Pompeium enn sumir til Julium; enn þú einn skalt vera  
 ‘minn leiðtogi hvárt er þú vill heldr at mit sém í borginni  
 ‘ok leitim at halda friðinn sem mér megum eða viltu  
 487 ‘ganga í lið með höfðingjum ok berjaz með þeim. þeir  
 ‘fara flestir í hernað er nokkut dregr til: sumir ero úvin- 20  
 ‘sælir ok hræðaz úvini sína, sumir ero félausir ok vilja  
 ‘svá afla sér fjár ok frægðar: enginn maðr leypr til vápna  
 ‘nema hann vænti sér nokkurs alla eðr mikils verkkaups.  
 ‘þér einum trúir ek til at þú munir því at eins berjaz  
 ‘at þat sé réttlígra. enn fyrir lítit þikki mér þér koma at 25  
 ‘hafa varðveitt þik frá mannlýtum alla þína æfi ok verit  
 ‘sáklauss við hvern mann ef nú skaltu ganga í þenna  
 ‘hinn úskaplíga bardaga er frændr ok vinir drepaz niðr.  
 ‘æigi skyldi svá at beraz at þú særðir eðr dræpir þína  
 ‘vini eðr náfrændr ok fyrirfæriz svá þín frægð ok mann- 30  
 ‘kostir. enn fúsir munu allir at kallaz með þínum vápnum  
 ‘særðir ok vilja svá fyrirljúga þínum ágjætum kröptum.

'gláðan ætla ek Julium þat spyrja at slíkr maðr gangi í  
 'bardaga ok man hann þat segja at Katoni líki val úfriðrinn  
 'er hann vill sjálfr í ganga þann hinn háskasamliga bar-  
 'daga. nú snýr hugat mikill hluti liðs — consules ok  
 5 'senatores — eðr villu þar vera Kato ok ganga undir  
 'Pompeium ok þjóni þá allir undir einn? hvat er þá nema  
 'Julius sè einn frjáls manna í heiminum er hann einn  
 'gengr æigi undir Pompeium. meðr því at oss sýniz síðarr  
 'at berjaz fyrir sakir laga ok frelsis þá sjám fyrir hverr  
 10 'með þèr ferr ok man ek göraz þá hvárki fulltingsmaðr  
 'Julii nè Pompeii hvern veg sem sigrinn ferr með þeim'.  
 ok er Brutus hafði þetta mælt þá segir Lukanus svá at  
 Kato hugsaði lengi með sínu hinu helgasta brjósti ok  
 eptir þat mælti hann 'játi ek því, Brutus, at þat er mikill  
 15 'váði at borgarmenn várir, frændr ok vinir, drepiz niðr;  
 'en þó er þeim bezt at fylgja er manndómurinn er næstr:  
 'verði eptir auðnu. er enn þat auðsýnt at hamingjuguðit  
 'er reidt oss fyrir sakir illgerða vándra manna ok rangra  
 'dóma. enn ef svá vel verðr at himnaguðit eðr helvitis-  
 20 'guðit vildi þat at mitt höfud mætti leysa allra manna sár  
 'þá munda ek þi feginn verða ok framn ganga í milli  
 'fylkinga ok taka feginn með allra manna vápnum ór  
 'hvárratveggju liði ok göra at dæmum hins góða Decii  
 'ok mætti svá mitt blóð ok mín sár ok minn dauði frelsa  
 25 'allra manna úsiðu ok yfir bæta allra verk ok illgerðir.  
 'undr er hví allt fólk vill sjálfkrafa tapaz. sækit mik með  
 'hördum vápnum því at ek vil verja lögin ok halda frels-  
 'inu ok mætti minn háls höggva til þers at friðr yrði  
 'ok þá er ek en dauðr kann vera at sá hafi ríki er vill  
 30 'örrostolaust. nú munum vær ganga undir þau merki sem  
 'hér ero upp tekin í borginni ok fylgja Pompeio því at  
 'þat er enn æigi vitat at hann muni sèr eigna allan

2 Katoni > katone. 5 Kato = káto. 11 Pompeii > Pompei.

‘heiminn þó at hann verði meiri ok til þers mun ek æigi  
 ‘vera í hans hirð at hann þikkiz einn sigr vega þótt þers  
 ‘verði auðit’. ræðu þeir Brutus ok Kato þat af at fara í  
 lið með Pompeio ok berjaz.

57. Hér segir af Marcio ok Katone. Ein virðulig 5  
 kona hét Marcia. hún hafði verit frilla Katonis enn hann  
 gipti hana ij sinnum. bændr hennar önduduz báðir. hún  
 kom þá til Katonem ok mælti grátandi ‘meðan ek var á  
 485 ‘léttasta aldri fylgda ek þínum ráðum ok giptumz ek ij  
 ‘mönnum en nú ero þeir báðir dauðir, er nú ok æigi 10  
 ‘nauðsynligt at fá mín sakir elli. enn þó biðr ek at þú  
 ‘görir þat yfirbragð á at þú fáir mín ok mætti þat rétt-  
 ‘liga skrifaz á leiði mínu HÉR HVÍLIR MARCIA KONA  
 ‘KATONIS. lítt mun at því leitast er langt liðr hëðan hvé  
 ‘lengi okkrar samfarar hafa verit. vilda ek þjóna þér Kato 15  
 ‘í herbúðum’. Kato lýddi orðum hennar ok kallaði til sín  
 Brutum ok fekk Marcie eptir lögum ok þó með öngu  
 skrauti eðr metorðum. Kato skar aldri hátr sitt né skapaði  
 skegg síðan þetta missætti hófz ok enginn maðr sá hann  
 gláðan því at hann harmaði ánauð fólksins ok úgíptu er 20  
 yfir gekk. hann gjætti jafnan hófs ok réttlætis í öllum  
 stöðum ok engin skipti átti hann með konu sína á þessum  
 tíma. hann vildi ok gefa líf sitt til frelsis allri alþýðu  
 ok æigi at eins vildi hann sér einum góðr vera heldr  
 öllum heiminum. svá virði hann sem hungur ok þorsti væri 25  
 sigr frá allri munuð. hann hafði vás ok vökur ok mikit  
 erfíði. hann kom ok aldri ór hárklaðum ok var æ búinn  
 til varnar fyrir sakir frelsis ok laga. hann var sannliga  
 faðir bónda, höfðingi höfðingja, fagnaðr réttlætis, umbót  
 laganna: ok aldri mátti mannlöst finna í lífi Katonis. 30

58. Frá Pompeio ok Julio. Á þersum tíma var

5 Marcio < Marcia. Katone > katonís. 19 enginn = engin.

28 varnar > fnar. 31 Pompeio > Pompefú. Julio > Julfum.



Pompeius í Kampania við borg þá er Capua heitir. hann dró saman her þann allan er hann mátti þar fá at rísa í móti Julio. Julius fór ór Ariminum-borg ok á sjálfst Rómaborgarland. tók hann þá at hefja rán ok hernað, ok 5 mátti þat sjá at Julio þótti betra at brenna borgir ok kastala enn þeir gjæfuz upp sjálfkrafi er áttu. þeir eyddu hærud með vápnum ok eldi ok taka sumir þat ráð at lúka aptr borgarhliðum ok búaz til varnar enn sumir gáfuz upp ok gengu á vald Julii: margir hældu ok trúnað sinn 10 við Pompeium ok urðu þó flestir undir brotnir af valdi Julii. vex nú meirr styrkr Julii enn nokkurum mætti í hug koma. Libo hét einn höfðingi en annarr Silla son Lucii Sille hins ríka þers er drap Marium: hann flýði þá er honum var sagt at Julius væri kominn í hans ríki, ok segir 15 Lukanus þat at hann barðiz æigi meðr födurligum vápnum er hann rann þegar hann heyrði Julium nefndan. Varus, Lentulus ok Scipio — þeir fóru til Pompeium enn Julius tók upp allt þeira góðs.

59. Hér segir frá Domitius ok Julius. capitulum. 20 Domitius hét einn höfðingi. hann réð fyrir þeiri borg er Korfiniensis heitir. hann var manna ágjætastr. hann samnaði liði á mót Julio. ok er Julius kom nær þeiri borg — þóttu þá skína allir vellir af vápnum þeira ok herbúnaði. Domitius ferr á mót honum með fylktu liði til ár þeirar 25 er var í millum herbúðanna ok borgarinnar ok mælti svá með lið sitt 'görum svá val — veitum hér viðrnám ok látum þá æigi komaz yfir ána orrostolaust. þat er oss nógr sigr at Julius dveldiz hér nokkura stund ok at vær verðim fyrstir til at bera vápn í mót honum'. Julius sér nú at 30 þeir búaz til varnar ok verðr mjök reiðr ok mælti 'eigi

---

3 Ariminum > Arabia. 17 Lentulus > centaur's. Scipio > oppio. 19 Domitius = domícius. Julius > Julí. 20 Domitius = Domícius. 21 Korfiniensis > korpínienfis. 24 Domitius = Domícius.

489 þikkir músunum enn ráð at flýja í holurnar ok ætla þessir  
 veslingar at verja oss árbakkann ok steinbogann. enn  
 þótt hér félli sú [hin mesta] á í milli vár sem mest er í  
 heiminum [er] ok Ganges heitir þá væri vær betr til  
 fallnir at sækja enn þeir at verja, ok með öngva munum 5  
 vær ána dveljaz síðan mér fórum yfir Rubicon, ok sækit  
 frammu drengiliga. Menn Julii skutu nú spjótum ok  
 gaffökum ok bogaskotum ok sóttu á ána ok varð nú orrosta  
 hin ákafasta ok lauk svá at Domitius flýði fyrir ofressli 10  
 liðs Julii til borgarinnar ok gaf sik upp yfirkominn. var  
 hann þá handtekinn ok leiddr fyrir Julium, ok er svá  
 sagt at Domitius hafi haldit öllu yfirbragði sínu ok vask-  
 leik ok rétti frammu hálsinn ok mælti 'ráði til einn hverr  
 ok höggvi drengiliga, því at nú þikki mér litlu betra líf 15  
 enn hel síðan ríki Julii skal yfir ganga'. þá mælti Julius  
 þó at þú vilir nú deyja þá skaltu þó lifa ok hafa þegit  
 líf af mér alla daga þá er þú lifir hédan af. várir úvinir  
 skulo nú vita hédan frá hversu gott er at koma á mína  
 miskunn. enn þat skaltu vita at ek ætla ekki til þinna 20  
 ömbuna hér fyrir' bað hann þá lausan láta ok fara hvert  
 er hann vildi 'enn þat skal þér þungt vera at fara til  
 Pompeium eðr annarra höfðingja várra úvina'. hann svaraði  
 þat er mér þyngst at ganga undir þitt vald enn vita  
 ekki til annarra höfðingja várra' ok þegar hann varð 25  
 lauss fór hann til Pompeium.

60. Frá Pompeius ok Julius. capitulum. Pompeius  
 spyr þá at skammt var til liðs Julii ok ætlar at þeir  
 muni berjaz annan dag ok talar fyrir herinum ok mælti  
 'nú er saman kominn herr Rómverja sá er æigi hefir  
 sakir draumbsemi sín vápu upp tekit heldr með forsjó 30  
 höfðingja til þers at hegna glæpi ok vandræði. veit ek  
 at þér erot nú fúsir til at berjaz ok er þat þó várkunn

6 Rubicon > Roben. 8 gaffökum = gaff|lökum. 9, 12 Do-  
 mitius = domícíus, domícíuf. 26 Julius > Julí. 32 þat < þar.

á með yðr. nú er kominn Saxa herr norðan um fjall ok  
 spyrjum vær at Julius hefir drepit menn vára enn suma  
 meidda ok höfum vér þolat þetta, en guðin láti þersa  
 æigi úhefnt vera því at æigi var sá meiri ósómi er Kati-  
 5 lina ok Lentulus ok Cethegus gerðu. vesallig er reiði  
 þeira höfðingja er goðin hafa jafnat við þá hina æztu  
 menn svikaranna scálfra er váro í Rómaborg Cinna ok  
 Marius. þá væri vel ef hann færi slíkum dauða sem Lepi-  
 10 dus, Carbo ok Sertorius er allir létuz fyrir vápnum. nú  
 þó fyrir sakir tengda várra þá væri val at æigi væri  
 úfriðr með oss, ok hefði Krassus komit með sigri af Sci-  
 thia þá mundi hann nú sigra Julium ok hans her. nú þó  
 — látit yðr þikkja lítils verðt [þikkja] þótt Julius mágr  
 minn kalli mik gamlan ok örvasa því at þat sakar ekki  
 15 þótt höfðinginn sé ellri enn riddararnir. ek hefir fengit  
 svá mikiann uppgangh sem Rómverjar máttu mestan veita  
 mér ok ekki hefir ek öðrum leift í heiminum ok æigi  
 girniz sá smára luta er meiri maðr vill vera en ek hefir  
 verit. hér ero nú í liði með mér consules ok öll fylking sú  
 20 er með jörlum ok hertogum skiput. víst skammaðiz ham-  
 ingjan þá engis er hón veitti Julio sigr í móti senatori-  
 bus ok þeira liði. hann talar þat alla daga hvè mikit  
 hann hefir starfat fyrir norðan fjall þá x vetr er hann  
 var þar ok kveðz hann þar hafa farit yfir sjóinn er fellr  
 25 um heiminn allan; enn ek hygggr hann þar farit hafa  
 yfir tjarnir þær er hann veit sjálfz hversu djúpar váro. 490  
 ek hygg hann ok aldri farit hafa yfir Rín ok er þat  
 mikill hégómi er hann segir at vápnaðir riddarar hafi  
 flýit fyrir honum með ótta ok hræzlu. enn þó þarf hann  
 30 æigi at ætla at vær höfðingjar heimsins munim flýja fyrir

4-5 Katilina > katehn<sup>2</sup>. 5 Cethegus > thegus. 7 Cinna  
 > silla. 8-9 Lepidus, Carbo > leuidus. citaron. 9 Ser-  
 torius > corius. 11-12 Scithia = sithía. 17 öðrum (=  
 odnū) ∞ ofku. 20 skiput ∞ lkipút. 29 hræzlu = hráðzlu.

'honum þót mér sém nú mjök brumaðir af elli. ek sigraða  
 'ok áðr þann konung er aldri áðr varð yfirkominn ok  
 'Lucius Silla hvarf frá er rikastr hefir verit ok mestr  
 'orrostomaðr. ek hefir farit um allar hálfur heimsins ok  
 'haft sigr um alla jörð hvar sem hón liggr undir sólinni. 5  
 'ek hefir ok sigraz í Phasis ok mitt riki hefir gengit um  
 'allan heiminn. ek hefir ok sigrat ok skattgilt allt Egiptum,  
 'Kappadociam, "Rabítam", Hispaniam, Pontum, Pamphiliam,  
 'Frigiam, Libíam, Judeam, Kaldeam ok allt Asiam ok Afri-  
 'cam, ok allr heimr hefir til mín lotit: ok nú veit ek 10  
 'ægi hvat ek hefir þat leift mági mínum Julio at hann  
 'megi sigr vinna á mér utan hann sigriz nú í þersi orrosto  
 'er hann ætlar nú at eiga með mik afgamlan ok með  
 'borgarmenn sína'. Þá er Pompeius hafði lokit ræðu sinni  
 þögðu allir enn báru þó saman ráð sín er þeir spurðu at 15  
 Julius var skammt þaðan með úflýjanda her, ok treystuz  
 þeir ægi liðsalla með Julium ok fór Pompeius þá til  
 Brandísar með Rómverjaher: þat er ein sjöborg á Púli.  
 Þá sendi hann son sinn hinn ellsta er hét Gneius Pom-  
 peius at draga saman her um allan heiminn enn ij con- 20  
 sulus "gneium curíum" ok "portíum fillanam" at heimta  
 saman skatta, landsskyldir ok "uill" = =.

61. Frá Pompeius ok Julius ok þeira viðskiptum. Nú  
 kemr Julius til Brandísar ok setz um hana með öllum her  
 sínum. hann sér at þeir Pompeius megu fara ór horginni 25  
 meðr skipum ok svá á haf út ok því lét hann stórt grjót  
 ok stór-viðu færa í sundit. enn Pompeius lét taka stór  
 skip þá er vindr stóð af borginni ok reisti þar á val-  
 slöngur ok lét reka út at stikunum ok slöngdi svá eldinum

2 ok áðr > ak aðr. 6 Phasis > pafidís. 8 Kappadociam  
 > kapadociam. Rabítam ∴ Arabíam. Hispaniam > hýlpaníam  
 (\* ýtalía 134<sup>o</sup>). 9 Kaldeam = kaldeam. 9-10 Afrícam  
 = affricā. 18 Brandísar (= b'ndífar) ∴ Brundisium. 23  
 Julius > Julj'. 24 Brandísar = b'ndífar.

í stikin ok brenndi upp. eina nátt fór Pompeius leyniliga á skip með her sínum ok sigldi brott. enn er hann var í brottu þá snöru borgarmenn skjótt trúnaði sínum ok á þeirri nátt luku þeir upp borginni fyrir Julio ok hans liði.

5 þá váro tekin ij skip er Pompeius átti ok var drepit af hvert mannsbarn er á var, enn sumt lið Pompeii komz á haf út. ok segir Lukanus svá 'þar ferr þú nú Pompeius 'með ekki litlum flokki, ok er þat þó úskapligt at mannfall 'mikit skuli verða á fjarrlægu landi. enn þó vilja guðin

10 'æigi ræna þik föðurligum grepti á þínu fóstrlandi. heldr 'var til þess kosit Egiptaland at Italia væri sparat til þeirrar 'úgjæfu ok hörmuligra svika meðr þílikan höfðingja, ok 'má Rómaborg vera úspillt ok úsargut af dauða þínum 'Pompeius'. nú sigla þeir á haf ok horfa flestir fram

15 eptir skipi nema Pompeius einn: hann lá aptr á saxit ok horfði upp til lands, ok meðan hin hæstu fjöll váro æigi vötnut. hann hafði verit lengi af mörgum ábyggjum svefn-  
lauss, ok er horfin váro öll fjöll þá sofnadi Pompeius. hann dreyndi þá at Julia er hann hafði átt, dóttir Julii

20 Cesaris, kjæmi at honum ok mælti til hans með mikilli reidi 'þat kann ek at segja þér at helvítisguðin búa þér 'margar vistir ok mörg meimlæti. þú vanut sigr meðan 491  
'mið várom hjóna; enn nú hefir þú skipt hamingjunni með 'rökknaskiptinu: hafa Cornelie ekki giptusamliga gengit

25 'verföngin þó at hón sè nú fridla þín. ert þú nálíga 'fauskr einn ok viltu þó flytja hana í her með þér hvárt 'sem þú ferr á sjó eða á landi til þess at ek mega þín 'aldri njóta. enn hón skal þín þó æigi njóta: faðir minn 'man angra þik um daginu enn ek um nætrnar. öngvar

30 'úminnisveigar hefir ek drukkit í öðru lífi þótt þú munir mik 'nú ekki: enn hvat er þú berst fyrir þá mun ek æ í

1 stikin > stígin. 6 Pompeii > pompeii. 7 Lukanus =  
lukánus. 22 vant > v||vant. 23 hefir = hefi.<sup>7</sup>

‘miðri fylking vera, ok þers sver ek fyrir mína höfðingja  
 ‘í öðrum heimi at þú munt aldri at öngu verða mega ok  
 ‘ekki mun þín börn mega frá þér skilja, ok svá man þessi  
 ‘orrostu lúka at þú munt minn verða ok með mér muntu  
 ‘fara’. síðan fór hún í brott. enn Pompeius vaknar ok 5  
 mælti mæðiliga ‘til hvers kemr þér Julia at angra mik  
 ‘með slíkum draumum? Því at annat hvárt er vitit ekki  
 ‘eptir dauðann ellar er dauðinn enskis verðr’. Þat sama  
 kveld kom hann öllum herinum heilum á þat land er  
 “cumadudiam” heitir. 10

62. Frá ferð Julius til Rómaborgar. Julius ræð nú  
 einn öllu Rómaborgarlandi. hann sendi þann mann til  
 Sikileyjar at heimta þar saman vistir er Curio hét. enn  
 hann sjálf fór til Rómaborgar með fríðsamligu yfirbragði.  
 enn er hann fór at borginni þá var ekki gert með hann 15  
 sem aðra höfðingja er þeir komu heim með sigri því at  
 engi processio var gör móti Julio ok týndi hann þeim  
 sigri með yfirbragði en þó hafði hann þann sigr at fólkit  
 allt var nálíga hrætt með hann. enn er hann reið at  
 Rómaborg þá kallaði hann hátt ok mælti ‘þar ertu Roma, 20  
 ‘sæti guðanna — ok hafa höfðingjar þínir flýit frá þér  
 ‘orrostolaust ok þorat ægi at halda upp orrostu: vist sé  
 ‘guðunum þökk er þínir fjandmenn Rómaborg komu ægi  
 ‘ór austrvegi meðan þú vart höfðingjalaus, ok er þat  
 ‘skömm ok skaði er þú skyldir hafa huglausan her yfir 25  
 ‘þér, ok vist er þat fagnaðr er vær höfum heldr hér með  
 ‘oss byrjat þersa deilu’. nú kemr Julius í borgina með  
 slíkri ógn ok hræzlu sem nú var frá sagt — búinn at  
 breuna hofin enn ræna guðin. hann stefndi til sín öllum  
 þeim höfðingjum sem eptir váro í borginni í höll eina 30  
 mikla: þeir váro svá hræddir at þeir dæmdu allt þat er

10 “cumadudiam” < Candavia. . 13 Curio > curfus. 28

hræzlu = hrædzlu. búinn = buin.



hann vildi. eftir þat gekk Julius til þers hofs er þeir kallaðu Njarðarhof. þar var hjá höll: sú var sterkliga læst... ok Erarium hét er í var hirt allt lausafé Rómverja, gull ok silfr ok góðir vefir er saman höfðu dregit hinir fyrri  
5 höfðingjar. ok er Julius kom til hofsins þá veik hann til hallarduranna. en sá höfðingi er Metellus hét mælti við Julium ‘æigi munut þer upp lúka þersum durum [upp ‘lúka] at mér lifanda, ok æigi munut þer ræna hofit ok  
10 ‘gudin sinni eign nema þer drepit mik. nú er þat ráð Julius at bregða sverði þínu ok höggva höfuð af oss ‘borgarmönnum, ok er þat mikit frægðarverk’. Julius reiddiz mjök orðum hans ok mælti ‘mikinn hégóma mælir ‘þú at þú munir fá svá vegligan dauða: æigi man ek ‘saurga mínar hendr í þínu blóði, ok öngvan hug ber ek  
15 ‘til þers at sýna mína reiði á þer því at æigi muntú mega ‘stýra lögum nè frelsi í móti mér, ok æigi mun ek svá 492 ‘blanda hinum hæstum lutum við hina smæstu því at lögin ‘sjálf vilja heldr vera brotin af mér enn haldin af þer at ‘eins’. ok er Julius hafði þetta mælt þá brutu hans ridd-  
20 arar herklæddir upp hurðina. þá mælti einn rómverskr riddari sá er “koctanentíus” hét til Metellum ‘sér þú æigi ‘at allt vart fólk er fyrir farit sakir þers rikiss er yfir ‘gengr ok verðum vèr nú mörgum röngum lutum at lýða, ‘ok er sú líkn vár mest at margir verða svá at göra ok  
25 ‘vèr verðum öngu at níta því er á oss er lagt’. Metellus var tekinn ok leiddr til duranna, ok tóku þeir þá út auð þann er enginu hafði nær komit langa æfi ok hinir æztu consules höfðu saman dregit: hinn fyrri Fabricius er bardiz við Rómverja sjálfa ok Marius er sigraði Jugurtham  
30 konung ok vann Numidiam — ok allr sá fjárlutr sem

6 Metellus > metilluf. 21 “koctanentíus” < Cotta. Metellum > metillū. 25 Metellus > Metilluf. 26 til duranna < frá durum. 27 enginn = engín. 28-29 hinn fyrri—— Rómverja sjálfa < Fabricius er bardiz við Pirrhum.

Pompeius hafði saman dregit um austrhálfu heimsins sá er barðiz með xxij konunga ok sigraði þá. ok segir svá Lukanus at þá hit fyrsta var Rómaborg fátækari at fenu enn Julius Cesar.

63. Hér segir af Pompeio ok hans liðsafnadi. Nú er at segja af Pompeio at hann sendir orð öllum þeim mönnum, er honum vildu lið veita, um Greciam ok Asiam, ok dreif til hans útalligr herr, ok segir Lukanus svá at aldri um aldr muni jafnmikill herr hafa saman dregiz í einn rota ok æigi munu dæmi til at jafnmargir jarlar ok konungar hafi haft yfir sér einn höfðingja: allr herrinn hlýddi hans boði ok banni. Nú ferr Julius með her sinn ok ætlaði í Massiliam ok Hispaniam, ok fyrir því at hann vill vinna allt fyrir norðan fjallit. hann stefnir nú til þeirar borgar er "foge" heitir ok sterkuz var. ok er borgarmenn spurðu ferð hans ok fyrirætlau þá sendu þeir menn í móti honum ok sögðu svá at 'hvern tíma sem útlendr herr hefir gengit 'á Rómariki þá höfum vēr með þeim verit ok bariz svá 'sem ritat er í yðrum annálum; enn ef þér vilit fara í 'úkunnar hálfur heimsins ok berjaz þar þá hafit þér þá 'menn með yðr er þers ero fúsir því at hvervetna um 'heiminn drifr lið at yðr þat er ekki skirriz slík vandræði. 'ok með slíkum vilja skyldu allir vera til yðvar ok til 'Pompeius sem vēr erom ok mundut þit þá æigi reidir 'deila. nú biðjum vēr at þér snúit frá borg vārri með 'frídi. [enn meðr því at þér vilit vinna hana ok setjaz í 'hana þá] viljum vær at þersi staðr sè öruggr Pompeio 'ok yðr, hvárr ykkarr sem hingat vill sækja vápnlaus, ok 'sýnum vēr yðr svá vára trú. enn meðr því at þér vilit 'setjaz um borgina ok sækja hana með úfriði þa skulum

13 Massiliam > Mítíam. Hispaniam > hyspaníam. 15

"foge" α: Massilia (\* Phocai. in dubiis ausa est servare iu-  
ventus Non Graia levitate fidem, Lucan. III 301-302). 20

þar þá < þar — — — þá.

'vær at vísu verjaz ok fyrri munu bræðr vegaz enn mēr  
 'tapiin konum várum ok börnum ok gangim í her með  
 'þer nauðgir'. enn er Julius heyrði þetta þá reiddiz hann  
 ok mælti 'þersir menn ætla mikinn hégóma fyrir sér at  
 5 'þeir ætla at ek muni æigi tóm til fá at eyða þetta land  
 'ok brjóta þessa borg. þeir sögðu at ef ek kjæmi vápn-  
 'laus í þessa borg at þeir mundi hana upp lúka: svá  
 'mundu þeir mik inni byrgja at ek munda aldri út komaz.  
 'nú gef ek yðr góðir félagar þessa borg at herfangi'.  
 10 síðan ferr Julius til borgarinnar með her sinn ok sér at  
 öll borgarhlíð váro apr byrgð enn kóróna þykk af  
 hjálmum, brynjum ok skjöldum var sett umhverfiss borgina 493  
 á vígskörðum. Julius setr nú herbúðir sínar um borgina  
 ok lét gera einn vegg af torfi jafnháfan borginni ok víg-  
 15 skörðum: hann lét setja upp háfa víðu tveim megin veggj-  
 arins svá at æigi félli þó at þungi kjæmi á. þar var  
 ok blótskógr einn er borgarmenn höfðu mikinn átrúnað  
 á ok treystiz lið Julii því æigi at höggva hann. þá ljóp  
 Julius fram at skóginum ok hjó ij höndum lund einn  
 20 sterkan svá at öxin sökk at hamri öll ok mælti 'hræðiz  
 'þer æigi at höggva þenna skóg: ek man bera ábyrgð  
 'fyrir'. þá hjöggu þeir upp allan skóginn með hræzlu ok  
 uggðu þó meirr reiði Cesaris enn guðanna: var nú upp  
 höggvinn allr sá skógr. með þetta urðu borgarmenn  
 25 úgláðir ok mæltu svá 'hví manu guðin æigi hefna sinna  
 'meingerða? eða hví man svá "ræk" hamingjan vándra  
 'manna at "þeir" megu öngum stjra nema vesölum mönnum  
 'einum?' Julius lét gera ij turna á veggjunum til at skjóta  
 í borgina. enn borgarmenn vörðuz vel ok drengiliga ok  
 30 slöngdu grjóti með valslöngum ór borginni svá at menn  
 Julii máttu æigi atsókn við koma ef þeir gengu nær.  
 Julius sá þá at hann mundi þá borg æigi unnit fá utan

22 með hræzlu > <sup>o</sup>i; hrædzlu, |hrædzlu. 26 "ræk" < rík. 27  
 "þeir" o: guðirnir (guðin).

með langri umsát ok skipti þá herinum í ij staði: fór hann sjálfr í Hispaniam með sumt liðit enn setti eptir þann höfðingja er Brutus hét ok bað hann aldri við skiljaz fyrir enn borgin væri unnin. litlu síðarr riðu borgarmenn út með öllum her sínum ok báru eld í vígi þau er Julius hafði gera látit ok brenndu upp allt. ok síðan börðuz þeir á skipum með Brutum ok varð þar hinn harðasti bardagi. sá höfðingi var í liði Bruti er Tirrhenus hét, manna sterkastr: hann var höggvinn um þvert andlilit svá at bæði augun fyrirfóruz. enn þó at hann væri blindr þá skaut hann þó í lið úvina sinna: hann skaut með ör í brjóst einum göfsgum manni þeim er Argus hét ok féll sá þegar á bak aptr. enn faðir hans stóð hjá honum ok bendi honum at hann lyki aptr augu sín. ok er hann sá sinn bana fyrir þá mælti hann með miklum harmi 'ef guðin 'vilja lofa mér at ek leggja mik sjálfr í gegnum þá skal 'ek þat gera'. síðan skaut hann niðr sverðshjöltunum ok lét fallaz á oddinn svá at í gegnum hann stóð ok steyptiz síðan fyrir borð. lauk svá þeira skiptum at Brutus fekk sigr ok var þersi hinn fyrsti sigr af mönnum Julii.

64. Hér segir af Julio er hann fór í Hispaniam. capitulum. Nú er at segja frá Julio at hann kemr í Hispaniam ok váro þar fyrir ij höfðingjar, vinir Pompeius: hét annarr Petreius enn annarr Afranius. þeir höfðu mikit lið ok sátu í þeiri borg er Ilerda heitir; enn á féll millum borgarinnar ok Julii sú er "tigna" hét ok mátti Julius því æigi ná atgöngu at borginni. hann setr herbúðir sínar við ána sjálfa. enn annan dag eptir gekk hann upp með ánni ok ætlaði at ganga upp á hamargnípu þá er

2 Hispaniam > hýspaníam. 8 Tirrhenus > úrenus. 9 var > b. 14 bendi < bendi Argus. 15 sinn < hans (- sinn bana < bana hans). 19 síðan ∞ síðan. 21. 22-23 Hispaniam > hyspaniā, hýspaníam. 24 Petreius > peneuf. Afranius > effrane'. 25 Ilerda > larda. 26 "tigna" < Cinga (< Sicoris).

þar var ok bar framn yfir borgina. þat sá þeir Petreius ok Afranius ok réðu í móti honum yfir ána ok vildu verja honum bergit, ok endiz með því at þeir flýðu enn Julius náði berginu. hann heinti saman liðit á bergit upp. ok  
 5 litlu síðarr urðu vötn svá stór af sólarhita um várit sakir 494  
 snjónáms á háfjöllum at áin varð svá mikil at hón féll  
 hvárntveggja veg bergsins svá at Julius mátti hvárngan  
 veg frá komaz berginu yfir ána. Julius lét gera skip af  
 húðum ok ljet höggva upp aldingarða þá er stóðu hjá  
 10 berginu ok gerðu þar af skip ok þar með húðum ok kom  
 svá öllum herinum yfir ána. þá fóro þeir út af borginni,  
 Petreius ok Afranius, ok vildu sækja til borgar nökkurrar  
 ok var þangat mjök löng leið ok öruggt vígi ef til kjæmiz.  
 enn er Julius sá ferð þeira þá kemz hann fyrir þá með  
 15 riddaraliði. enn þeir Afranius námu staðar á holti nökkuru  
 ok fylktu þar liði sínu. töluðuz þeir þá við ok kennduz:  
 stóðu þar bæði feðr ok bræðr, synir ok frændr, í hvarri  
 fylking, ok margir aðrir miklir vinir; ok var næsta  
 ráðit um stund at þeir mundu sættaz með Julium, áðr  
 20 enn pc = = = eggjaði þá at þeir skyldu freista at  
 berjaz ok sagði at skömm var í at sættaz orrostolaust ok  
 b = = = = svá — ok yrkja þeir fyrri á til orrosto  
 enn Julium verði. þeir felldu mart lið af honum. enn þó  
 um síðir urðu þeir ofrliði bornir ok flýðu aptr til borg-  
 25 arinnar. enn Julius fekk enn riðit fyrir þá meðr hestaliði.  
 þá komu þeir upp á sandhól einn háfan ok þurran ok  
 fylktu þar liðinu ok eggjaðu Julium at sér ok hans menn.  
 enn er menn Julii bjögguz til atgöngu þá mælti Julius  
 hátt 'gangit æigi at, því at sá bítr sárt er sér vill æigi  
 30 'forða' enn þeir váro svá óðir sem hit óarga dýr ok  
 hrædduz æigi dauðann. þetta ferr eptir því sem Julius

1 Petreius > peneus.    2 Afranius > effraneus.    12 Pe-  
 treius > peneus.    12, 15 Afranius > effraneus.    20 pc =  
 = = o: Petreius.    22 b = = = = < bregðaz Pompeio.

ætlaði at þeir áttu öngvan kost á at berjaz ok tók þá fyrst reiðin at þverra enn hugrinn at minnkaz. enn er þeir váro lengi kvaldir á hólínum af hungri ok þorsta þá gengu höfðingjar fyrstir af hólínum ok með þeim allt liðit 1 = = = Julii. þá gekk Afranius fyrir Julium 5 ok stóð á knjám fyrir [f = =] honum ok hélt öllu sínu yfirbragði ok mælti 'ef ek ætti kost at falla fyrir yðrum vápnnum þá skortir mik til þers hvárki þrek né hreysti. 'enn nú viljum vær biðja yðr friðar. æigi höfum vær ok 'hlaupit í þetta vandræði né hafiz upp sjálfir til sþandskapar 10 'við yðr, heldr bar þat saman at missætti varð yðvar í 'millum ok þers höfðingja er vér héldum trúnað við. 'biðjum vær nú at þer látit oss í friði heim fara til várra 'heimkynna því at vér erom nú yfirkomnir af þer'. ok er Julius hafði heyrt orð hans þá gaf hann þeim öllum 15 heimleyfi blíðliga. 'Nú má þar sjá' segir meistari Lukanus 'hversu veslir þeir menn ero sem í úfriðinum vefjaz. þeir 'seldu af hendi vápn sín ok fóro síðan öruggir í borg 'sína meðr friði, enn áðr váro þeir hræddir á hverju 'dægri meðan þeir stóðu í orrosto'. 20

65. Frá Antonius höfðingja. Antonius hét einn mikill höfðingi í her Julii. hann ríkti þar sem á sú fellr er Jaðar heitir í fjörð þann er Adriaticus heitir. hann vænti sér fulltings af þeim þjóðum er þar byggðu nærri. at honum fór sá höfðingi af liði Pompeius er Octavius hét. þá var 25 Antonius með sinn her á bergi nökkuru er var nærri firðinum Adriatico: bergit var harðla gott vígi, enn þeir 495 váro þar harðla mjök kvaldir sakir sultar. þá kom sá höfðingi til bergsins öðrum megin sþarðarins af herliði Julii er Basilus hét, hann sendi orð Antonio at hann mun 30 veita honum lið ef hann kemr á hans fund. enn er þat

5 1 = = = = < til herbúða. Afranius > effraneuf. 7 at falla +. 20 dægri > dæ = =. 25 Octavius > octauuf. 30 Basilus > baúlíus.



spurði Antonius lét hann göra stóra fleka með viðum ok húðum ok binda þar á utan þunna skjöldu ok tómar tunnur til þers at þat héldi upp flotanum ef mannaþungi kjæmi á: hann læt ok gera kastala uppi á til varnar fjandmönnum:

5 ok ætlar hann þannveg at flytjaz af firðinum Adriatico ok fara svá til móts við Basilum þegar er veðr gjæfi. enn er Octavius sá viðrbúnað hans þá lét hann göra járnstrengi um þvert sundit ok at skipum Antonii ok ætlaði ekki at láta þá ná í brott at komaz enn enginn

10 var annarr vegrinn. ok þegar er þeir váro búmir fóro þeir. ok sem þeir fóro á fjörðinn undu þeir upp strenginn er á berginu váro ok komuz þeir Antonius yfir fram með flotana þá er minni váro enn hinn mesta dróghu þeir at berginu til sín. þar var sá höfðingi er Vulteius

15 hét: hann var hinn vaskasti til váps: hann ætlaði at höggva strenginn ok gat æigi. síðan vörðu þeir sik raustliga þó at þeim væri engin ván at sigraz. sú orrosta var hörð ok æigi löng því at nátt myrkti ok meinaði þeim svá at þeir máttu æigi lengr berjaz. Octavius setti þá

20 menn til at geyma svá at enginn þeira leyndiz í brott. þá er menn Julii sá hversu þröngt var at þeim öllum megin þá urðu þeir daprir við sem ván var at. ok eptir miðja nátt kallaði Vulteius þá saman er á flotanum váro ok mælti til þeira ‘oss er nú gefin frelsisstund til dags

25 ‘ok má verða at sumum þikki þat ekki langt enn hón er ‘þó nóg til at kjósa sér þann dauða er líkastr þikkir. ‘enn sú er hugrekki mest góðra drengja at þat finniz aldri ‘at menn hræðiz dauða sinn. þær vitut nú at mér megum ‘nú hvergi dauðann flýja þar sem várir fjandmenn ero

30 ‘alla vega frá oss. görum svá val - hræðumz eigi bana ‘várn. stórt verðum vær til at vinna at Julius kalli skaða

6 Basilum > basílíum.      7 Octavius > octauuf.      9 enginn = engín.      14 Vulteius > wlt<sup>7</sup>n<sup>2</sup>.      19 Octavius > Octauus.      20 enginn = engín.      23 Vulteius > Wlt<sup>7</sup>n<sup>2</sup>.

‘eptir oss fá eina menn svá margar þúsundir manna sem ‘hann hefir með sér.’ enn er Vulteius hafði þetta mælt þá glödduz þeir með hans orð ok biðu svá til morgins. enn er lýsti þá lögðu Pompeiusmenn at þeim ok buðu þeim grið ok sætt. enn þeir níttu þí þverliga. síðan réðu Pompeiusmenn til bardaga. enn þeir vörðuz vel ok drengi- 5  
liga. enn er Vulteius sá at þeir váro yfirkomnir þá rétti hann framm hálsinn ok bað þann kompán sinn höggva sik er næstr honum var. enn er hann féll þá hjó hverr annan sinn vin ok frænda ok hlaut Vulteius þann dauða 10 sem hann vildi sér seálfr kjósa. enn Pompeiusmenn hlaupa út á flotann ok undrast er þar váro allir meðn dauðir, tóku nú síðan vápn þeira ok fjárlut: ok varð þessarra manna dauði frægr nær um allan heim.

66. Frá bardaga Kurionis ok Varus ok frá Juba. 15 Kurio er maðr nefndr, rómverskr at ætt, er var í liði Julii; hann vildi fara til Sikileyjar at heimta þar saman skatt, her ok vistir Julii: þersi Kurio kom til móts með Julium með ána Rubicon ok eggjaði sem mest at sækja Rómaborg með vápnum: hann fekk andviðri ok rak hann 20 frá eyjunni ok yfir at landi ok setti hann herbúðir sínar á hóli nökkurum skammt frá þeiri borg er Carthago heitir 496 er ríkuz er í Africa. sá höfðingi ræð þar fyrir af liði Pompeius er Varus hét með mikinn her. enn er Varus spurði at Kurio var kominn þá bað hann Juba skyldi fá 25

2 Vulteius > wltʳnuf. 6 til > = = þa til. 7, 10 Vulteius > wltʳnus, vltʳnʳ. 12 undrast >. 15 Kurionis > kuríʳ. Varus > Varius. Juba > Julíʳ. 16 Kurio > Kuríus. maðr > m. 18 Kurio > kuríʳ. 19 Julium = julum̄. Rubicon ∞ Rubiton. 21 setti > setti setti. 22 Carthago = cartago. 23 Africa = affrica. sá > þa for hann þegar á fund Julíʳ. fa. ræð þar > er þar red. 24 er Varus > ok wltʳnʳ. Varus > wltʳnus. 25 Kurio > kuríus. hann < hann at Juba > juluf.

honum svá mikit lið sem Pompeius mundi vænta. konungr  
tók val máli hans ok kveðz muna þat er Curio hafði rekit  
hann frá Rómverja höfðingjum ok vildi hann nú þers  
h= =. enn er Curio spyr at Juba var beðinn liðs varð  
5 hann mjök óttafullr. Varus ferr með her sinn ok setr  
herbúðir sínar skammt frá h= = = er Curio sér þetta  
þá gengr hann ór herbúðum ok á völl einn sléttan ok  
bles í lúðr ok eggjar lið sitt til bardaga. enn er Varus  
sá þat þá snýr hann í mót ok berjaz þeir um stund ok  
10 lauk með þí at Varus flýði í herbúðir sínar. þat spyr  
Juba konungr ok varð glaðr ok þóttiz sjá at hann mátti  
vinna sigr á Curio ok nú kallaði hann saman mikinn her  
ok riddaralið svá at menn Julii höfðu öngva njósn af. þá  
sendi hann þann höfðingja er Sabura hét til herbúða  
15 Curionis ok eggja hann til bardaga at sér. þeir gera svá.  
Kurio beið allan daginn ok náttina ok í móti degi þá  
eggjar hann lið sitt til bardaga. þeir báðu hann fyrir  
sjáz ok sögðu at þat fólk var svikalt ok vant at berjaz  
með svikum. enn Curio lét æigi letjaz ok ræð þegar til  
20 orrosto. Sabura bardiz slæliga ok hnektiz undan ok  
dróz at herbúðum. Kurio sækir at honum fast með lið  
sitt ok þóttiz hann hafa sigrinn í hendi sér. ok er hann  
var langt kominn frá herbúðum sínum þá ljóp lið konungs  
öllum megin at honum ór leynum ok var nú enginn kostr  
25 at flýja. Kurio óttaz nú, ok allt liðit; enn þó bar hann  
þann ótta hraustliga ok eggjædi fast liðit. enn konungsmenn  
báru á þá grjót ok vápn svá at þeir máttu ekki nema

1 vænta +. 2, 4 Curio > curíus, curíuf. 4 Juba > iulíus.  
5 Varus > Varius. 6 Curio > curíus. 8 bles ǝ: blæss  
(= blès). Varus > varius. 10 þí = þí'. Varus > varí'.  
11 Juba > Juhuf. 12 Curio < Curioni. 14 Sabura >  
faboruf. 15 Curionis > curí'. 16 Kurio > Kuríus.  
19 Curio > curíus. 20 Sabura > Saborus. hnektiz ∞  
huectiz. 21 Kurio > Kuríus. 24 enginn = engín. 25  
Kurio > Kuri'.

hlífa sér, ok var svá mikil þröngin at líkin náðu æigi at falla ok hnè hverr at öðrum. ok er Kurio sér at lið hans er fallit enn hann mátti æigi enda vildi hann með öngu móti flýja ok æigi á hönd ganga — hann sneri þá sverðs oddinum at sér er hann hélt á ok lagði í gegnum sik 5 sverðinu. Svá segir Lukanus at Julius ok Silla keyptu undir sik Rómverjaríki með herfangi ok vápnum en þersi Curio seldi Romam með eggjan sinni ok náði þó æigi at sjá þann sigr er Julius fekk. enn þó segir meistari Lukanus at enginn maðr fæddiz í Róm hvárki áðr né 10 síðan sá er betr væri at sér görr um allar íþróttir enn þersi Curio ef hann vildi réttu fylgja.

67. Frá Lentulus höfðingja er hann talaði fyrir fólkinu. capitulum. Í þenna tíma var Pompeius fyrir utan hafit í þí landi er Epirus heitir með öllum Rómverjaher. þá komu 15 at hendi þeir dagar er kjósa skyldi consules ok skipta Rómverjaríki; í þann tíma ero nú júl haldin. hann kallar saman alla höfðingja til ráðagörðar. þá stóð upp sá höfðingi er Lentulus hét ok mælti 'vær eigum at geyma hversu 'vær erom brott flæmdir frá várri borg ok hvert mannaval 20 'vær höfum. mér sýniz sem hér sé nú saman komit allt 'hit bezta höfðingjalið Rómverja með oss þeir er öllum 'dómum æigu at ráða, ok þó at vær værim nú svá langt 'norðr komnir at náttsólin skini á sumrum eðr svá langt 497 'súðr sem lengst má byggja fyrir sólarhita þá væri þó 25 'jafnan með oss lög ok réttlindi hvar sem óvinir várir 'væri. ok þat var enn fyrr er Rómverjar váro með Kamillo 'hinum ágjæta ok hann sat í einu litlu þorpi er Veií 'heitir ok héldu sik þar fyrir sínum úvinum er tekit höfðu 'borgina ok var þar þá Roma er Rómverjar sátu; enn er 30

2 Kurio > Kuríus. 8 Curio > curius. 10 enginn = engn. 12 Curio > curíus. 15 Epirus > epuro. 23 værim > fém. 28 Veií > pate.

‘ok svá at þar er Rómaborg sem mér erom hvar sem  
 ‘Julius Gaius Cesar sitr með þorpara sína ok ránsmenn.  
 ‘sumt lið hans er nú drepit svá sem Vulteius enn hinn  
 ‘ágjæti Kurio var felldr í Africa með miklu liði. enn mér  
 5 ‘væntum oss fulltings af guðunum ok treystum á hamingju  
 ‘vára ok leggjum nú allan hug á at lægja úfriðinn ægi  
 ‘síðr enn þeir at vekja hann. nú ero þeir dagar komnir  
 ‘er þér eigut með yðr tign at skipta: sýniz mér þat ráð  
 ‘at taka til höfðingja yfir oss Pompeium, ok þótt hann sé  
 10 ‘nú gamlaðr þá er þó enginn undir sólinni hans jafningi  
 ‘síðan er Alexandrum Magnum leið’. at hans máli varð  
 mikill rómr ok var Pompeius görr consul hit <sup>vij</sup> sinu ok  
 fenginn honum í hendr allr Rómverjaherr. síðan var þat  
 dæmt at Juba skyldi konungr vera í Libía enn Ptolemeus  
 15 á Egiptalandi; þá gafz ok frelsi borginni Focis at sitja  
 um kyrrt ok svá borgarmönnum í Athenis. ok síðan sleit  
 þinginu ok bjögguz allir til orrosto.

68. Frá Appius er gekk til frétta við Apollo skurðgod.  
 Appius hét einn höfðingi ríkr. honum fekk mikinn ótta  
 20 þersi úfriðr ok gekk í fjall þat er Parnassus heitir: þat  
 köllum mér miðjan heiminn. í fjallinu stóð eitt hof mikit.  
 þar var í goð þat er Apollo hét ok þeir trúðu at aldri  
 mundi ljúga. þagat hafði ok sótt fyrri “pri” konungr til  
 fréttar ok margir aðrir ágjætir höfðingjar ok fengu þar  
 25 merkilig svör. Appius bað blótmann einn ganga til fréttar  
 með sér viðr skurðgodit. enn blótmaðrinn setti í hofit eina  
 mey at svara þí sem hann mælti: hón hét Femonoe. enn  
 er Appius heyrði svör hennar þá skildi hann at þat var

3 Vulteius > wlternus. 4 Kurio > karius. Africa = affrica.  
 8 eigut = eig. 10 enginn = engín. 14 Juba > fúlí.  
 Ptolemeus > tholomeus. 15 Focis (o: Phocaea) > Focaf.  
 20 Parnassus (> Parnassum) > parnalíum. 22 Apollo =  
 ápollo. 26 hofit = hōfuít. 27 Femonoe > femences.

rödd meyjarinnar enn ægi Apollinis: þá varð hann reiðr ok bað hana þegja. enn mærin varð hrædd ok ljóp í undirhús eitt er þar var undir sem goðit stóð uppi yfir: þá fekk hún spáleiksanda af goðinu, er stóð yfir henne, ok mælti 'þú Appi, ef þú vill forðaz allan háska Rómverja 5  
'þá far þú í eyna Euboeam ok muntu þar vera hirðr frá 'öllum háska'. Appius gekk ór hofinu ok fór með sveit sína í eyna Euboeam ok hugði at hann mundi þar taka ríki, enn litlu síðarr enn hann kom þar tók hann sótt ok dó. enn mærin fanz vitlaus áðr vígðu vatni var stökkt 10 yfir hana.

69. Hér segir af er Julius Cesar talaði fyrir sínum mönnum ok frá ferð hans. Þá er Julius Cesar hafði undir sik unnit Hispaniam ok Britanniam þá lýsir hann því at hann vill sem skjótaz fara til Rómaborgar ok síðan út 15 yfir hafit at þeim Pompeio. Þat var mikill luti liðs hans er mjök leiddiz orrostor ok vildu gjarna fara heim ok berjaz ægi með frændr sína ok vini ok mæltu svá 'vær 'viljum taka orlof af yðr því at þær hafit háska bæði á 'sjó ok á landi: vart lið er sumt fallit enn sumt flýit — 20  
495 'sumt á Saxlandi, enn sumt í Hispania, sumt í Italia, ok 'höfum vér bariz með þær nálíga um allan heiminn. hvert 'verkkaup skulum vær taka ef mér berjumz við vára borgar- 'menn? nú viljum vær sjá fyrir oss at guðanna ráði'. ok eptir þat snýr í brott mestr luti liðs Julii. sem hann sér 25 þat þá bað hann þá heyra sín orð áðr enn þeir skildi með hann. hann mælti þá 'þær riddarar minir vilit nú 'með mik skiljaz — þá skulo ok allir fara þeir sem vilja 'ok þó vápnlausir: ek vil vápnin hafa, enn þær farit sem 'þær vilit: ek mun annaz um mín forlög: þau sömu vápn 30

1 Apollinis > apollonís. 5 Appi > appie. 6, 8 Euboeam  
> Roboram, roboram. 14 Hispaniam > hýspaníam. Bri-  
tanniam > bríttañíam. 18 vær = Wær. 21 Hispania >  
hýspanía.



'munu mér fá jafnmarga vini ok góða drengi. eða ætlit  
 'þér veslir menn at yðvarr flótti muni nökkut um skipta  
 'minni gjæfu? svá mun yðr fara sem ánum er þær heitaz  
 'með sjóinn at þær muni æigi lengr falla í hann. eðr  
 5 'ætlit þér at yðvart fulltingi muni nökkut minn sigr tálma?  
 'aldri munu guðin sik svá lítils virða at þau láti yðvart  
 'flótta vinna mér úsigr. svá er spáð at margir skulo þjóna  
 'enn fáir þiggja. veit ek at þér munut fúsir fl. ja með  
 'Pompeio af þeiri ógn er mínu nafni fylgir ok þeim sigri  
 10 'er ek hefir unnit í norðrhálfu heimsins þar sem þér þorit  
 'nú æigi at fylgja mínum sigri. vitit þér ok þat at Labienus  
 'þótti hinn mesti höfðingi undir sínum vápnum ok hinn  
 'harðasti meðan hann fylgði mér, enn nú er hann kominn  
 'í annan flokk ok þikkir hann nú herviðgastr flóttamaðr  
 15 'bæði á sjó ok á landi. setit nú niðr merki mín ok flýi  
 'þeir sem flýja vilja en hinir taki upp vápn ok merki  
 'sem mér vilja fylgja ok betr ero hugaðir. mun ek halda  
 'upp orrosto sem áðr. en þeir sem í fyrstu tóko þetta  
 'upp skulq taka makligt verkkaup fyrir sinn útrúleik: þeir  
 20 'skulo rétta frá sér hálsinn, enn mér skulum þá sjá á  
 'allir saman hvárt þeir hinir nýju riddarar kunna stórt at  
 'höggva'. meðr þessi hans orð varð fólkít svá hrætt at  
 'enginn þorði í brott at fara: játadu honum þá allir sinni  
 'lýoni. hann ferr nú út á Pul til Brandeisar með allan  
 25 herinn ok lætr þar saman heimta öll þau skip er hann  
 mátti fá. enn hann sjálfr reid til Rómaborgar með litlu  
 líði ok var hann þar görr dictator ok consul af því fólkí  
 er þar var fyrir. enn síðan fór hann í þá borg er Alba  
 heitir ok blótadi þar eptir fornri síðvenju Rómaborgar-  
 30 höfðingja, ok síðan fór hann til Brandeisar. ór Brandeis  
 fór hann með skipaherinn ok út yfir hafit til þeirrar borgar  
 er Paleste heitir. en þó var mikill herr æigi búinn ok

5 fulltingi = fultingí. 11 vitit = Witit. Labienus > alabienís.

23 enginn = engín. 32 Paleste > palestia.

setti Julius þann höfðingja yfir þat lið er Antonius hét ok bað hann koma eptir sem fyrst yrði hann búinn. Julius setr þá herbúdir sínar fyrst "m̄ b̄g þa" er Epirus heitir, skammt frá því er Pompeius hafði sett sínar herbúdir; enn ár ij fëllu millura herbúdanna ok heitir 5 önnur Apsus enn önnur Genusus. segir svá Lukanus at hamingjan fekk þann stað til at varðveita þessa hina ágætustu ij höfðingja heimsins at skirra úhæfu nokkura stund þó at meiri yrði vesöld heimsins enn þersi dvöl kjæmi til settar: þar mátti hvárr þeira sjá annan ok talaz 10 með um þvera ána ok minnaz á hversu lengi þeir mágar höfðu með mikilli ást saman haldit sínum tengdum. Julius var fúss til orrosto, enn honum þótti Antonius seint koma til liðs með sik: hann sendi þá orð Antonio svá segjandi 499 'þú Antoni, skunda hugat þó at þú vitir víst skipbrot. ok 15 'æigi skiptum mið nú jafat heiminum: Cesar ok allir 'Rómverjahöfðingjar sitja í Epiro, enn þú hefir einn allt 'Rómaríki'.

70. Hér segir frá Julio consul ok fiskimanni. Ok er Antonius dvaldi kvámuna meirr enn Julius vænti þá leyndiz 20 hann eina nátt brott frá herbúðunum ok hafði einn riddarabúnað: hann gekk um náttina með sjóvar ströndu ok fann eitt skip sett upp í bergskor eina ok fest með reipi: þar sá hann hjá hús lítit grasi þakt einn byrgðar dyrr: hann knúði hurðina. þar var inni fiskimaðr einn 25 fátækr er Amiklas hét: hann gekk at durunum ok spurði hverr svá fátækr væri úti at hans greiða þyrfti þar um miðnætti: hann tendrar ljós ok lætr upp hurðina ok undirstendr þó æigi hversu mikit guðin veittu honum er hann hræddiz ekki — enn sú er engin borg eðr herbergi 30

1 hét +. 3-4 Epirus > Epiríus. 6 Apsus > appi<sup>2</sup>. Genusus > Genasfus. 17 Epiro > epiirro. 22 sjóvar = fíofar. 26 Amiklas > amikas. 27 þyrfti = þ<sup>2</sup>fti.

er menn heyrðu nefndan Julium at úhræddir byggja. 'ef þú flytr mik norðr á Púlsland ok fylgir mínu ráði þá skaltu æigi alla ván eiga undir báti þínum lengr. far þú nú ok bú þik ok dvel ekki ok mun þat þín gjæfa vera

5 'ef þú görir minn vilja'. ok þót Amiklas teldi mörg torleiði á þá fór hann ok setti framm bátinn ok búaz um skjótt: láta síðan í haf ok sigla: vindinn gerði brátt mikinn ok sjóinn stóran ok hræddiz fiskimaðrinn mjök ok vildi þar taka land sem hann mátti fyrst. Julius

10 mælti 'hræz æigi ógnir hafsins eðr vindinn ok sigl beint undan vindinum ok stefn á Itallaland. enn sú er sök til hræzlu þinnar at þú veiz æigi hverjum þú fylgir, því at 'gjæfan ok guðanna fullting man aldri við þik skiljaz. 'nú stefnum til Kalabria því at þar at eins er sú höfn

86. Hér segir af drekum í Afrika. Í Afrika ero drekar þeir er hafa gullslit ok ij færtr enn þeir ero svá stórir ok sterkir at þeir gleypa yxnum heikum ok hinum óörgum dýrum ok hafa þeir ekki eittr í flestum löndum 10 utan í Libia: ero þeir þar því fullari af eittri sem þeir ero meiri enn aðrir ormar. í Libia er sá ormr er dipsas heitir: enn ef hann stingr mann þá verðr þat ekki mikit sár í fyrstu, enn þegar eittr hans kemr í hold mannsins þá fær hann þorsta mikinn svá at hann má aldri seðjaz 15 á fyrr enn hann deyr af. seps heitir einn ormr, lítill vexti, en svá meinsamr at þegar er hann stingr manninn þá rennr þegar blóð um allar sveitaborur mannsins. aspis heitir einn ormr: enn þegar hann bítr manni fær sá bana utan alla sótt. jakulus heitir einn ormr: hann flýgr svá 20 skjótt í gegnum mann sem broddi sè skotit ok svá grimmr at enginn ormr þorir svá nær honum at vera at heyri hans hvæsu. basiliskus heitir ormr: hann hefir svá illt eittr í augum at hvetvetna hefir bana er hann líttr. amphisbena heitir ormr er höfuð hefir á hvarumtveggja 25 endanum en hann dregr lykkjuna eptir sér þá er hann skriðr. cerastes heitir ormr: hann hefir ekki eittr með sér: hann er hyrndr sem sauðr: hans tunga er svá hörð sem stál, enu sá maðr sem hana hefir má varaz eittr því at hún sveitiz þegar eittr kemr í nánd henne ok er 30 hún höfðingja eign þeira er sín vilja val gjæta. millum

7 Africa = affrika, aff'ka.    22 enginn = engín.    24-25  
amphisbena > Apíuena.    27 cerastes > Ceraftus.



þessa eitrvíkenda fór Kato með her sinn, ok margra  
 annarra, ok sá þar ryggiligan dauða sinna manna. Merkis-  
 maðr hans hét Aulus. hann var ættaðr af Tirrhenia.  
 hann beit sá ormr er dipsas hét ok varð af lítil skeina  
 5 svá at hann kenndi sér engis skaða nè sárleiks í fyrstu.  
 eitrit fór um hans allan líkam þar til sem hann fekk svá  
 mikinn þorsta at hann mátti ægi bera ok vissi hann ægi  
 at þat væri af eitri. hann gjætti öngrar ferðar með Katone  
 ok ljóp einn saman með merkit ok leitaði vaz ok fann  
 10 ægi. hann vakti sér blóð í æðum ok drakk þat. Kato  
 kom þá at honum ok lét taka af honum merkit ok dó  
 hann vánu bráðara. Litlu síðarr settiz "hann" á bein  
 þeim manni er Sabellus hét ok beit sárt, en hann sleit  
 af sér orminn ok drap hann. seá ormr var litill; enn þó  
 15 þar sem sárit hafði á komit þá dó fótlegggrinn allr þar  
 til er flaut í sundr vöðvinn ok leysti holdit allt af lærinu,  
 ok á litilli stundu bráðnaði hann allr í sundr svá at ægi  
 mátti nokkurr sólarhiti jafnskjótt bræða snjó. Eptir þat  
 var drepinn sá maðr er Nasidius hét af þeim ormi er  
 20 prester heitir, ok þegar hann fekk eitrið var hann svá  
 rauðr sem blóð ok tók líkamr hans at þrútna svá at hringa-  
 brynja er hann var í rifnaði af honum ok enginn fugl nè  
 djr féllu á líkam hans ok enginn maðr þurfti at veita  
 honum gröft ok ægi þornaði hann meðan þeir sá. Tullus  
 25 hét maðr: hann leitaði margra vega at líkjaz Katoni. sá  
 ormr beit hann er seps heitir ok þegar rann honum blóð  
 um allar sveitaborur þar til er hann dó. Sá ormr er  
 aspis hét beit þann mann er Levus hét ok dó hann þegar

3 Tirrhenia > tíro. 9 vaz = vatz. 12 "hann" \* miserie in cruce Sabelli Seps stetit exiguus, Lucan. IX 763-64.  
 13 Sabellus > Sabillus. 19 Nasidius > nafidus. 20 prester > þrtes. 22, 23 enginn = engín. 24 Tullus > Turlo.  
 25 Katoni > katone. 26 seps \* Impressit dentes haemorrhoids aspera Tullo, Lucan. IX 806. 28 Levus > erlibus.

515 svá sem hann sofnaði í hel. Sá ormr er jakulus hét flaug svá snart sem af lásboga væri skotit ok laust undir kinu- vanga þeim manni er Paulus hét ok flaug ormrinn þegar í gegnum höfuðit ok út um vangann. Maðr hét Maurus ok er eitrit kom í hönd honum ok hann sá at honum 5 mundi ægi duga hjó hann af sér höndina. Svá er sagt at hvar sem þeir lögðuz niðr stóðu sjaldan jafnmargir upp sakir eitrs þers er í jörðinni var ok orma þeira er neðan skriðu ór sandinum at þeim.

57. Frá náttúrum þeira þjóða er Psilli heita. Nú 10 komu þeir um síðir til þeira þjóða er Psilli heita ok tók þá nökkut at ljetta hinum mesta háska. þersar þjóðir höfðu dýrðlig grös. þeir höfðu ok þá "naturu" at þá sakaði ekki eitrit, ok þeir kunnu þau kvæði ok galdra at eitrit lét fyrir; ok svá mikil "nat<sup>ra</sup>" fylgdi þeim þjóðum 15 at þótt litlu barni væri niðr kastat millum ormannna þá sakaði þat ekki, enn ef þeim var grunur at aðrir hefði komit á millum þeira þá létu þeir orminn aspis at barninu ok ef barnit ljek at orminum þá vissu þeir at þeir áttu enn elligar veitti ormrinn barninu bana. þessi þjóð veitti 20 mörgum mönnum hjálp við eitrinu. þeir fóro nú á mót Katoni þar er hann hafði sett herbúðir sínar í dal nokkurum. þeir reinsaðu dalinn ok ráku brott ormana: þeir gerðu elda stóra af þeim viðum er ebuli heita. margir menn í herinum váro mjök sjúkir af eitrinu. enn Psilli 25 brugðu fyrst á ráka sínum þar sem eitrit var í komit ok nam þat þegar stað, eptir þat kvæðu þeir yfir galdra sína ok gerðu menn svá heila; enn þar sem eitrit var fast í beinum sugu þeir brott ór ok sleiktu. enn stundum hræktu þeir í munn mönnum ok báðu þá niðr svelgja: ok með 30

4 Maurus < Murrus. 10 þeira þjóða er Psilli > Mariamride philippe. (Mariamride ∅: Marmaridae). 11 Psilli > mariamride philippe. 22 Katoni > katone. 24 ebuli > ebule. 25 Psilli > philppi.

sinni kunnáttu ok góðvilja gátu þeir alla menn heila gert af eitriinu. Nú komu þeir um síðir framm á fagra völlu ok laufgaða skóga ok urðu því fegnir ok tóko hvíld um síðir. síðan komu þeir til “þra þjóða er lepres heita” ok 5 sátu þar um vetrinn. Þar lýkr Lukanus at segja frá Katone ok hans mönnum ok tekr nú til at segja frá Julio ok hans fólki.

88. Hér segir frá Julio ok hans ferðum. Þá er Julius fór brott ór Emathia ok vildi leita eptir mági sínum ok 10 siglir framm fyrir Frigiam þar sem Troia hafði staðit þá minntiz hann ástar við hina fyrri frændr sína ok vildi fara at seá þar sem turnarnir höfðu staðit. ok er hann kom í þann stað er Troia hafði verit ok sá herbúða staði Girkja gekk hann umkringis þar sem borgin hafði staðit. 15 þar fann hann leiði margra tigiuna manna ok hofa staði. þá kom hann í helli þann er Alexandr Paris hafði í verit ok menn segja at Ganimedes sveinn hafi verit upp numinn til himna. þá fór Julius á hæð eina ok sá um allan stadinn ok spurði eptir þann mann er kunnigt var hvar leiði Ec- 20 toris væri. hann svaradi ‘hér megut þér seá hans líks ‘umbúnad ok mátt þú þar lesa eylífst lof er skáldin hafa ‘gert honum til lofs ok dýrðar. nú látit æigi öfund á ‘leika hans eylífri frægd — því at þú einn stýrir nú farsælu ‘manna, enn lof Ectoris man æigi niðr falla meðan bók 25 ‘Omeri er uppi: þitt lof mun ok aldri niðr falla meðan ‘þær bækr ero uppi er segir frá þínum sigri, ok munut ‘þit þikkja ágjæstastir ij af öllum’. síðan lét Julius reisa alteri 516 eptir fornum síð ok bar þar seálfr reykersi yfir til heiðrs sínum fyrrum frændum frammlíðnum. síðan fór hann til 30 skipa sinna ok sigldi framm fyrir Asiam ok létti æigi fyrr en hann kom til Nílaróss í Egíptalandi ok lágu þar

4 “þra þjóða er lepres heita” \* Proxima Leptis erat, Lucan. IX 948. 8 Julio > Julij. 10, 13 Troia = troea.

um náttina. enn um morgininn sá þeir marga menn á ströndinni ok þóttuz ægi vita með hverju þeir fóro ok þi lét Julius leggja skipunum upp í ána. Achilles gekk á bát við fá menn ok fór út til skipa ok gekk síðan fyrir Julium ok hafði leyniligha undir skikkju sinni höfuð <sup>5</sup> Pompeius ok mælti 'heyr þú hinn æzti höfðingi er sigrat 'hefir allan heiminn ok því framarr at þú veiz ægi at 'veginn er Pompeius mágr þinn. hann kom hígat ok vildi 'samna liði í móti þér enn mér höfum vegit hann ok 'keypt oss svá vináttu af yðr með hans blóði. tak nú <sup>10</sup> 'undir þik ríki Egíptalands með friði. þikkjumz ek mikit 'verkkaup eiga af yðr at heimta er ek hefir drepit þenna 'hinn grimma yðvarn mótstöðumann'. síðan brá hann höfðinu undan möttlinum ok tók af dúkinn; enn þat var þá úlíkt þi er sá bar er rækti, svá at varla mátti kenna. Julius <sup>15</sup> sá um hríð á höfudit ok kenndi: kom þá í skap honum bæði hörnung ok fagnaðr ok hrutu tárin um kinnr honum ok segir Lukanus at honum kjæmi meirr þat til at hann vildi engu launa þeim er drepit hann hefði. Julius mælti 'ber á brott þersa gjöf frá váru augliti. nú höfum mér <sup>20</sup> 'tapat hinni hæstu amban at gefa hjálp sigraðum. eðr hví 'ertu svá kyndugr at þú ætlar nokkut gott af mér at hafa 'fyrir slíkt illvirki? ber apr höfudit til konungs þíns ok 'seg honum at hann láti búa um með öllum veg ok sóma 'ok samnit saman öllum hans beinum ok leggit í eina <sup>25</sup> 'steinþró ok berit þar yfir reykelisi. görir hann ok ægi 'svá þá skal ek láta hann þers gjalda ok allt hans ríki. 'vilda ek at Pompeius fyndi þat at mágr haus er til koninn 'þó at mit bærim öngva gjefu til samþykkis'. eptir þat gekk Julius til hofs Isidis gyðju, en í þi hofi var fagrliga <sup>30</sup> búit um leiði Alexandri Magni Girkjakonungs. Julius

3 Achilles = Akillas.    7 veiz = veftz.    30 Isidis = ýfidis.  
hofi ∞ hrífí.

fekk þá njósn af at kurr mikill var með Egiptalands-  
mönnum at þeim þótti illt at leggjaz undir Rómverja.  
hann hafði á sér mikla vörðu ok var þó hinn kátasti.  
Ptolemeus konungr fór á fund hans ok fagnaði honum  
5 vel, ok þóttiz Julius nú öruggr er hann hafði konunginn  
í sínu valdi.

89. Frá Cleopatra ok Julio. capitulum. Systir Pto-  
lemei konungs hét Cleopatra, enn "lágus" konungr faðir  
þeira hafði gefit henne hálf t ríki með sér ok fest hana  
10 Ptolemeo bróður sínum. enn af ráðum Achille ok Pothini  
er drepit höfðu Pompeium setti konungr hana í myrkva-  
stofu ok vildi ægi eigha hana. ok er hón spyr at Julius  
er þar kominn þá komz hón ór myrkvastofunni með fè-  
gjöfum ok fór á fund Julii ok bað hann styrkja sik til  
15 at hón næði ríki sínu. enn henni varð þat ekki torsótt,  
því at Julio rann þegar hugr til hennar ok lauk þí svá  
at Julius lagði hana í sæng hjá sér, ok litlu síðarr kallaði  
hann til sín konunginn Ptolemeum ok sætti þau. eptir  
þat buðu þau Ptolemeus ok Cleopatra Julio til sín at  
20 þiggja veizlu. enn hann fór með mikilli fýsi. þar var allr  
konungsgarðrinn með hinum fegrstum fílsbeinum enn göllit 517  
ok strætin af hinum frídasta marmara en veggir húsanna  
ok ræfr var prýtt með hinum dýrustum gimsteinum. þar  
var tjaldat allt með guðvef ok purpura. gráðurnar fyrir  
25 herbergjunum váro af þeim steinum er onichii heita.  
þjónostumenn váro þar með ýmissum háttum: sumir váro  
hvítir sem snjórr en sumir svartari enn jörð. ok alls kyns  
fegrð var þar sú sem seá mátti á jörðu, enn þó þótti  
Julio Cleopatra öllu fegri. þar brann hit dyrasta balsamum.

4 Ptolemeus > tholomeus. 7 Julio > Julj. 7-8 Ptole-  
mei > tholomei. 9 hálf > half. 10 Ptolemeo > tholo-  
meo. Achille = akill'. Pothini > fotní ∨ fotirí. 18 Pto-  
lemeum > tholomeum. 19 Ptolemeus > tholomeus. 20  
veizlu = veltzlu. 25 onichii (∵ onychii lapides) > omchíli  
∨ omchíli. 29 öllu ∞ allv.

svá segir Lukanus at Julio þótti engis vert um allt þat fê er hann hafði áðr fengit í heiminum ok honum þótti skömm í er hann hafði bariz áðr með Pompeium mágh sinn fátækan ok æsti þá at úfriðr skyldi verða millum hans ok Egíptalandsmanna. Julius Cesar fór nú um kveldit at sofa mjök ölmóðr. hann lét kalla til sín þann mann er Achoreus hét. Julius spurði hann at himintungla gangi ok mörgum öðrum leyndum lutum ok mest at uppsprettu árinna Nílar því at hann var vitr maðr, ok vöktu þeir mjök alla náttina. 5 10

90. Hér segir frá svikræðum við Julium. Í þann tíma er Julius var at þersi veizlu bjó Pothinus vælar til at svikja hann: sendir hann þá mann til Achilles vinar síns sem áðr hafði verit í svikræðum við Pompeium með honum. Achilles dvelr nú ok ekki ok dregr lið saman ok kom fjöldi Rómverja til liðs með honum ok varð þeim stirt at fylkja nýkomnu liði ok úkunnu er úvanir váro at vera höfðingjar heldr vándir knapar ok þeónostumenn annarra ok varð þeim af því seint til atgöngu enn myrkt af nátt ok biðu til morgins. enn er sól rann upp sá þeir Julius her fara at borginni mjök sundrdreift. Julio sýndiz litit traust at borgarveggjunum, gekk hann þá í konungshall ok byrgði hana aptr. hann hafði þá litit lið um stundar sakir: fór hann þá í hús eitt litit ok byrgði sik þar, ok sá hinn ríki ok hinn ágjæti Cesar er sér lét ægi nægja allt Rómariki leitaði sér nú skjóls í þetta hit litla hús er ægi saddiz áðr á hinu mesta ríki í heiminum. ok er Julius sá í hverjum nauðum hann var kominn tók hann höndum Ptolemeum konung ok hafði staðráðit at drepa hann of hann sæi at hann kjæmiz ægi í brott ok hefna 20 25 30

7 Achoreus > akurus. 12 veizlu = ueítzlu. Pothinus > fotrius. 13, 15 Achilles = akillas, Akillas. 29 Ptolemeum > tholomeū.



sín seálfr áðr hann dæi. Julius sendir nú menn í mót herinum af hendi þeira beggja konunganna ok lét spyrja hverr upphafsmaðr var þersa úfridar. enn þeir Pothinus létu þegar drepa sendimennina. síðan fóro þeir í borgina  
 5 ok at þeim húsum er Julius var í. enn hamingjan veitti skjól Julio. eptir þat ljóp fjöldi manna á skip Julii ok ætlaðu svá at vinna konungsgarðinn. en hvar sem þeir leitaðu til þá kom Julius þar framm meðr meira styrk ok krapti enn mönnum mætti í hug koma: stundum varðiz  
 10 hann með vápnum enn stundum með eldi; hann fekk sér ok bik ok brennustein ok bar þar á þurran við ok skaut því loganda í skipin ok tóko þau þar af at brenna öll fyrir ofan sjó enn fólkit at falla. tók nú at slá loganum upp í hallina ok brann hvert hús at öðru; enn fólkit gekk  
 15 brott í frá ok hugði at Julius mundi þar inni brenna, enn sú hall er hann var í var steinhvelfd ok gekk hvergi á. enn er myrkt var þá ljóp Julius út á skip ok heimti sik 518 með strauminum ok reykinum ór þrönginni ok kom svá til liðs síns. síðan lagði hann liði sínu út til eyjar þeirar  
 20 er Faros heitir ok liggir í Nílarkvíslum. þar var í einn sterkr kastali ok vann Julius hann ok mátti hann síðan fara með sínu liði hvert er hann vildi upp eðr út með ánni enn úvinir hans máttu hvárki fara. Systir "hanf" hét Arsinoe. hún eggjaði þann mann er Ganimedes hét  
 25 at drepa Pothinum ok litlu síðarr drap hann Achillam enn hafði brott með sér Arsinoe ór myrkvastofunni er hún hafði lengi í verit. síðan reisti hann bardaga í móti Julio ok veitti ynsum betr. enn sá varð hinn síðarsti at Ptolemeus flýði á skip eitt litit ok mart manna með honum  
 30 ok sökk skipit niðr ok allir þeir er á váro. enn lík kon-

3 Pothinus > fotiríus.    20 Faros > fárón.    23 "hanf" < Ptolemei.    24 Arsinoe > afenoe.    25 Pothinum > fotínū. Achillam = akillam.    26 Arsinoe > afenoe.    29 Ptolemeus > tholomeus.

ungsins kenndiz af því at hann var í þeiri brynju sem gör var af brenndu gulli. Ok hettir Lukanus hér nú at segja frá þeim orrostom er Julius átti, ok hyggja menn at hann muni fyrr hafa andaðr verit en hann mætti sinni frásögn út koma.

5

91. Frá Julio ok Juba konungi. capitulum. Nú skal segja af þeim stórtíðindum er funduz í bókum Rómverja. Þá er Julius hafði unnit allt Egiptaland þá var hann í höfuðborg landsins er Alexandria heitir. hann gaf þá Cleopatre drottningu allt ríkit til forráða. síðan fór hann 10 brott af Egiptalandi ok vestr í Africam. enn Juba konungr er ríki hafði í Africa dró her saman ok fór í mót honum, ok váro í liði með honum synir Pompeius Magnus ok Scipio er einn var ágjætastr af Rómaborgar höfðingjum ok mikill herr Rómverja, ok varð hin snarpasta orrosta 15 ok mikit mannfall ok lauk með því at Julius fekk sigr enn Juba konungr hinn ríki kom á vald hans: í þersi orrosto féll Gneius Pompeius ok Scipio ok mart Rómverja. en Sextus Pompeius flýði til Sikileyjar með þat lið er hann komz undan með.

20

92. Frá Julio ok hans fremðarverkum. Hinn ágjæti Kato var þenna tíma í Leptis. þar spurði hann at Juba konungr var sigraðr. þóttiz hann þá seà at ríki Julii mundi ganga um allan heimið: en hann vildi með engu móti Julio þjóna ok var honum gefit eitr at drekka ok 25 lét hann svá lif sitt. eptir þessi tíðindi fór Julius með hinum mesta afla til Rómaborgar ok var þar tekit við honum með hinni mestu virðing ok var hann fyrstr einvaldshöfðingi yfir öllum heiminum ok af hans nafni var hverr einvaldshöfðingi kallaðr Cesar í Rómaborg ok hefir 30 hann keisari verit iiij vetr ok við mánaði enn þó sat hann

6 Julio > Julj. 11 Africam = affricam. 12 Africa = affrica. 14, 18 Scipio > sippa. 21 Julio > Julj. 22 Leptis > leptim.

ægi lengr í friði en hálf annat misseri. Þat er sagt at Julius lét gera steinstólpa einn undarliga háfan í Rómaborg af hinum bezta marmara ok var þar á skrifað nafn hans ok líkneski: þat undra menn ok með hverri væl sá 5 steinn hefir reistr verit eðr hvárt einn er eðr fleiri. enn á steinvegginum hjá ero skrifuð ij vers er svá þýða á norrænu EF ÞETTA ER EINN STEINN SEG IVERSU REISTR ER, ENN EF FLEIRI ERO SEG ÞÚ HVAR SAMAN KOMA. á þersum misserum áðr enn Julius létiz þá flaug elding 10 svá nær steininum at hón laust af líkneskju Julii ok hinn fyrsta staf af nafni Cesaris ok mikit skarð ór steininum, ok er þar steinn í felldr. þat er ok sagt at litlu áðr enn Julius létiz kom gnýr svá mikill í svefherbergi hans at 519 allir þeir er inni váro hugðu at allt húsit mundi í sundr 15 hrista, ok hljóp hann út ok allir hans menn.

93. Frá drápi Julii ok af spákonu. Þá er Brutus hertogi sá sem brott komz ór Emathia sem fyrr var ritat sat í Rómaborg ok vildi fyrir hvern mun komaz at lífi Julii . . . í því ráði var með honum sá höfðingi er hét 20 Cassius. Julius var úvinsæll með höfðingja í Rómaborg því at hann var ósiðsamr ok braut þá undir sik. ok þar kom um síðir at þeir Brutus ok Kassius váro ráðnir at drepa hann. spákona ein kom at Julio ok sagði honum at hann mundi ægi lifa um framm þá kalendisdaga er 25 þá stóðu yfir. enn þann síðarsta kal. skyldi vera fundr fjölmennr í þórshofi í Rómaborg því er þeir kölluðu Kapitolum ok fór Julius þangat með hinni mestu vegsemd ok sat í dýrdligri kerru. ok er hann kom mjök at hofinu kom maðr í mót honum ok fekk honum í hendr eitt bréf 30 ok var læst ok bað hann lesa yfir skyndiliga, en hann gaf sér ægi tóm til. ok er hann kom framm hjá torginu

20 Cassius > caffus. úvinsæll > uínfæll. 22 Kassius > kaffus. 28 hofinu = hofnú.

sá hann hvar spákonan sat. Julius mælti til hennar 'kerl-  
 'ing. nú ero liðnir mjök kalendis dagar ok lifir ek enn'.  
 'komnir ero' sagði hún 'enn liðnir ægi fyrr enn í morgin'.  
 hann kom nú til hofsins ok gekk inn. síðan váro apter  
 byrgðar dyrrnar rammlega. þá gengu þeir Brutus ok Kassius 5  
 at Julio ok særðu hann hálfan þriðja tög sára með rytn-  
 ingum ok lét hann þar lif sitt. ok er likit var stirðnað  
 var höndin kropnat at bréfinu er honum hafði sent verit  
 ok var lítt brotit innsiglit: enn þat var á at hann var  
 varaðr við dauða sinn ok at fara í vald úvina sinna — 10  
 enn þat var ægi á hverr sent hafði — því er höfðingjum  
 skylt kallat at sjá skyndiliga yfir öll bréf þau er þeir  
 virða sik með at taka. þat var síð dags er hofit var upp  
 látit ok fólkit varð vart með. enn þeir Brutus ok Kassius  
 fóro brott með skyndingu ok höfðingja ráði ór Rómaborg. 15  
 lík Julii var síðan brennt, eptir fornum síð, vápn hans  
 ok merki. enn askan var látin koma í eirknapp einn ok  
 búiit um dýrliga ok var knapprinn at sjá sem gull eitt.  
 þersi umbúnaðr var settr upp á þann hinn háfa steinstólpa  
 er áðr var frá sagt ok síðan heitir Petra Julii ok píla- 20  
 grímar kalla Pétrsnál. Enn ef Lukanus hefði lifat þenna  
 atburð þá mundi hann hefnt kalla Pompeius. Hinn næsta  
 morgin eptir víg Julii sá menn ór borginni renna upp  
 iij sólir í austri allar senn, ok er þær váro komnar  
 millum austrs ok landsuðrs þá sóttu þær allar saman ok 25  
 varð af ein sól miklu bjartari enn nokkurn tíma fyrr.

94. Frá Antonio ok Augusto Cesar. Antonius Mar-  
 kus hét einn riddarahöfðingi sá er rikastr var með Julio.  
 hann dró lið saman ok vildi hans hefna. enn er höfðingjar  
 urðu varir með þá fengu þeir til iij höfðingja at verja 30  
 þá Brutum: hét einn Hirtius, annarr Pansa, hinn þriði

5, 14 Kassius > kassus. 31 Hirtius > erectus. Pansa >  
 pínfa.

Augustus. systir Julii hét “actia”; hennar dóttir hét “octaua”, hún var móðir Augusti, því var hann kallaðr Octavianus Augustus. Þeir höfðingjar börðuz með Antonium í Rómaborg seálfri. í þersum bardaga féllu þeir Hirtius ok 5 Pansa, enn Augustus var einn yfir Rómverjaher. Þar var við staddr sá höfðingi er Dolabella hét. hann gekk í millum þeira ok sætti þá með þí at þeir skyldu vera báðir höfðingjar yfir allri Rómaborg ok fekk Antonius 520 systur Augusti. Þat var skamma stund at þeir mætti báðir 10 samt vera í Rómaborg ok skiptu þeir þá með sér ríkinu ok skyldi annarr þeira hafa Róm ok allt fyrir norðan Girklandshaf enn annarr fyrir utan Jórsalahaf — Egiptaland ok Asiam ok öll þau ríki er Rómverjar höfðu unnit fyrir utan hafit: síðan var lutat ok laut Augustus Romam 15 ok allt þat land er þar lá til enn Antonius fór út yfir hafit með konu sína ok herliði þí er hann hafði í þat ríki er hann hlaut. Lucius Antonius hét maðr: hann var bróðir Antonii Marci ok var hinn mesti höfðingi: hann öfundaði mjök þat er Augustus hafði hlotit hit æzta sæti 20 heimsins: hann fór með her at Augusto, en Augustus á móti ok þröngdi honum svá at enginn var annarr kostur enn ganga á vald Augusti. Antonius var á Egiptalandi er hann spurði þessi tíðindi. hann skildi þá með systur Augusti ok sendi hana með öngri virðing heim til bróður 25 síns en fekk Cleopatre er verit hafði frilla Julii; þóttiz hann nú ok vita at Augusto mundi illa líka: fór hann nú út á Pul ok vildi leita sér þangat trausts í þá borg er Brandeis heitir. en þeir váro þar fyrir Brutus ok Kassius: réðuz þeir í lið með honum því at þeir náðu

1 “actia” < Atia (< Julia). “octaua” ∪ “octoua” < Octavia (< Atia). 2 Octavianus > octouíanus. 4 Hirtius > eiectus. 5 Pansa > Pínfa. 6 Dolabella > dodobella. 7 þí = þíj. 17 Antonius > octauus. 18 Antonii > octonij. Marci ∞ marti. 21 enginn = engín. 28 þar > þr. 29 Kassius > kaffus.

æigi at vera í Rómaborg fyrir Augusto. eptir þat fór Augustus út yfir hafit at þeim enn þeir sneru í mót honum ok börðuz með hann í Emathia ok féllu þeir þar báðir Brutus ok Cassius enn Antonius flýði. eptir þat drógu þau Antonius ok Cleopatra drottning mikinn her saman 5 um öll þau ríki er undir þeira valdi váro ok fóro annat sinn í mót Augusto ok funduz þeir í þi landi er Epirus heitir: þar heitir Actium strönd: ok varð hin snarpasta orrosta ok flýði Antonius enn Augustus vann sigr. ok litlu síðarr drap Antonius sik scálfr með eitri. enn eptir 10 þat varð Augustus einvaldshöfðingi yfir öllum heiminum ok var kallaðr Augustus Cesar. nú bjóz Cleopatra af Egiptalandi ok ætlar á fund Augusti ok treystir á fegrð sína ok munuð hans, því at hann var allra manna friðastr ok bar þat þó mest til hversu afbragðliga hann var eygðr: 15 hann var manna kvennsamastr. hón sendi menn til hans ok vildi ná at tala með hann. en hann gjætti sín vandliga ok vildi hvarki sjá hana né heyra. ok er hón þóttiz forsmáð í þessu þá fór hón aptr til Egiptalands ok lét upp lúka steinþró Antonii ok settiz niðr hjá líkinu ok 20 lét orminn aspidem koma á brjóst sèr ok jafnskjótt beit hann hana til bana: síðan var aptr lokit steinþrónni sem áðr var.

95. Frá Augustus keisara. Enn er Augustus hafði eignaz auð þann er Antonius hafði saman dregit þá lét 25 hann brenna öll skuldabréf Rómverja því at hann vildi at allir hans menn væri frealsir ok enginn ætti öðrum skuld at lúka: hann gallt af sínu fè hverjum manni sína skuld. hann bætti mjök Romam — fyrst í þi er hann lét mörg herbergi ok hallir gera: hann lét ok öll stræti val búa: 30 hann efldi hana ok at veggjum ok vígskörðum umkringis:

---

4 Cassius > kassus.    7 Epirus > erpe.    8 Actium > actus.    16 kvennsamastr = kuenfamaztr.    27 enginn = engín.



hann talaði svá fyrir vinum sínum einn tíma 'leirborg  
 'vartu Roma enn ek tók þik, enn nú ertu af marmara  
 'nær sem mit skiljum'. Á hans dögum var hallæri svá  
 mikit at mart fólk dó af sulti. enn Augustus var svá  
 5 ástsamr við fólkít at hann lýsti þí at hann skyldi drekka  
 eitr innan iij náttu heldr enn hann sæi svá mikla vesöld 521  
 fólksins. en innan þess tíma spratt upp brunnr með við-  
 smjör ór bergi einu svá nógliga at hverr mátti upp ausa  
 slíkt sem vildi ok virðu Rómverjar svá at þat væri af  
 10 miskunn keisarans. enn betr skildu menn virða at þat  
 væri af guðs miskunn þeiri er varð á hans dögum þí at  
 Jesús Christus var þá borinn í þenna heim. þat var einn  
 dag er Augustus reið með liði sínu þá sá hann sólina  
 miklu bjartari ok ágjælligri enn hón hafði fyrr verit enn  
 15 um utan sá hann purpurligan hring með dýrðligri fegrð.  
 hans menn sögðu at þat var af dýrð hans ok ágjæti er  
 mönnum bar slíkt fyrir augu. 'víst þætti mér þat líkindi'  
 sagði hann 'ef slík stórmerki birtiz á jörðinni at þat merkti  
 'mitt ríki því at ek em jarðligr. enn nú er á himninum  
 20 'birtiz þá ætla ek at nálgaz muni hugat í heiminn sá hinn  
 'mikli konungr af himinríki er öllum lutum man vera  
 'ágjetari ok miskunnsamari, ok svá sem sólar geislar birta  
 'allan heiminn svá man hann ok birta ván þeira allra er  
 'hann elska, ok sá hinn purpurligi ringr man merkja þann  
 25 'dauða er hann tekr sakir mannanna ok svá sem enginn  
 'er endir á þeim fagra ring um sólina svá man ok vera  
 'endalaust hans ríki'. Augustus hefir verit mestr stjórn-  
 armaðr allra Rómverjahöfðingja í fornum sið ok hann  
 setti frið um allan heiminn þann er hvárki hefir slíkr  
 30 verit áðr nè síðan ok af hans nafni hefir hverr sem einn  
 Rómverjakeisari kallaðr verit Augustus enda er þat hit

2 enn ek o: er ek.  
 enginn = engín.

5 þí = þí'.

10 virða > vírðu.

25

æzta tignarnafn alls heimsins. Augustus var alls keisari vi vetr eðr vij hins sëtta tigar. hann andaðiz í borg þeiri er Nola heitir: hón stendr í þí héraði er Kampania heitir. á öðru ári hins fjórða tigar hans ríkis var borinn á Jór-salalandi í "bethleem" af jungfrú sancta Maria drottninghu himins ok jarðar drottinn várr Jesús Christus skapari allra luta, ok er þat fróðra manna sögu ok áratala at þá væri liðit frá upphafi heimsins  $\bar{u}\bar{u}$  ok = = = = =. Ok lýkr þar nú Rómverja sögum. 5

---

3 Nola > accella ∪ attella. 4 fjórða < fimmta. 5 sancta Maria > sc̄e marie. 8  $\bar{u}\bar{u}$ ? lýkr = lýk<sup>2</sup>.

---

## IX.

### ÚR RÓMVERJA SÖGUM.

---

#### A.

orð Jugurtha sjálfs til hverir það hafa gört. en þó að 1  
5 svá væri gört þá semði yðr verr það en þæim er annan  
veg gjörði. en ef hann gefr sik upp mun hann yðr þá  
hlýðinn vera. en ef hann hafnar yðrum boðum munu þér  
sjá hvelíkr þessi friðr er eða handganga: af þeirri hand-  
göngu fær Jugurtha vitislæysi glæpanna en fær höfðingjar  
10 það hið mikla fé . . . en skömm ok skadar á alþýðu rétt-  
inum. eða þikkir þæim er dæma skolu æigi fullengi  
þeira drottnon hafa verið yfer yðr? eða líka yðr þau  
lög eða réttir betr en þesser, að ríkin ok hérudin ok  
lögin ok dómarnir ok orrostornar ok friðrinn ok þar með  
15 aller guðligir lutir ok mannliger sè lagðir undir fá menn —  
eða sem nú er? en þér Rómverjar er aldri hafið sigraðir  
verið af fjandmönnum heldr stýrt öllum þjóðum, er nú  
svá komið að yðr þikkir gott ef þér megið halda lífinu?  
eða hvær yðar er sá er nú þori að forðaz undan þrælk-

---

10 mikla = mikkla. 11 fullengi = fullengi. 15 sè +.

19 sá er > fa er | fa er.

uninni? en þó það ek hyggi að sá Jugurtha enn glæpa-  
 fullasti hafi enn vitislaust gjörz illvirkinn þá munda ek  
 várkynna yðr ok þola yðra hrekkvísi, því at þér eruð  
 várir borgarmenn, ef æigi sneriz þá sú miskunn í töpun  
 bæði lýðsins ok laganna: ok svá mikinn örugglæik hafa 5  
 þeir að gjöra illa vitislaust að æigi munu þeir af láta  
 nema þeim sé bannað. en ef þeir skolu slíku fram fara  
 vitislaust þá mun yðr fá langrar áhyggju ok munu þér  
 skilja að annað hvárt mon vera verða að þér munuð  
 gjörz þrælar þeira eða rekaz mjök fast af höndum. þeir 10  
 vilja drottna yðr en látiz vilja vera frjálsir. svá búa þeir  
 að hina mestu vára fjandr gjöra þeir sína félaga. eða  
 hvárt mun vera í svá mislyndum friðr eða vinfengi? fyrir  
 því minni ek yðr á ok eggja ek á það að þér látið æigi  
 lengr vitislaust slíkt vera. æigi er ærarium vart týnt eða 15  
 brotið ok æigi eru menn ræntir hér innanborgar; en þó  
 að slíkir lutir væri þunger þá virðiz það þegar er í venjo  
 leggz; í enum aprasta várum fjandmanna er upp gefinn  
 trúlæikr öldungasvæitarinnar, upp gefið ríkið vart ok, en  
 falr látinn alþýðu rætrinn bæði haima ok í hersýslonni. 20  
 en hvað er það að gjöra allt vitislaust nema það að sá  
 er konungr? eigi hvet ek yðr af því mjök að ek vilda  
 heldr að það væri satt að ek hefða illa gört heldr en  
 borgarmenn várir, heldr af því að æigi várkunnið þér  
 vándum mönnum ill verk ok týnið af því góðum mönnum. 25  
 en það styðr mest alþýðu lutinn að maðr muni lengr það  
 er vel er gört en það er illa, því at “það er þa utekið  
 að muna” þá letr það enn góða mann en dirfir enn illa.  
 eigi þarf þá fulltingsins að krefja ef æigi eru mæingjörð-  
 irnar til. 30

9 annað = anað.    15 ærarium > ærariū.    18 várum  
 fjandmanna < várum fjandmanni - várra fjandmanna.

Þessa luti talaði Gaius optliga eða þessum líka ok þess bæiddi hann að Lucius sá er pretor var í Rómaborg 2 færi eptir Jugurtha ok læiddi hann í Rómaborg í griðum þeira til þess að af hans sögn birtiz um Scaurum eða 5 aðra þá hverir fè hefði tekið af honum. Þá er þetta er tíðinda í Rómaborg þá var það í Numidia að þeir er eptir voru látnir með herinum af liði Calpurnii fylgðu síðum síns höfðingja ok gjörðu marga luti glæpsamliga: þeir voru sumir að gull tóku til að gefa aptr í hendr 10 Jugurtha en sumir létu laust svá að slýðu frá en sum svæitin rænti þá er í friðinum skyldi vera; svá mikið afl ágirninnar rann í hug þæim sem skæð drepsótt. En Cassius pretor eptir þá tölu er Gaius Memmius hafði eggjað hann — fór hann í Numidia ok mjög móti skapi 15 þæim mútumönnum ok kom til fundar við Jugurtha ok telr fyrir honum að hann skal sik upp gefa að sönnu á vald Rómverja. Jugurtha varð við þetta óttafullr ok hugsaði um verk sín ok ifaði hvernig fara mundi. Cassius bað hann hræða æigi ferðina ok kvað honum betra að 20 ræyna miskunn Rómverja en afla þeira ok sagði að öll alþýða í Rómaborg hafði sína trú til gefið 'að þú skalt í 'griðum fara. ek sel þér ok þar til mína trú er sumum 'mun æigi þikkja verð minna en alþýðu trú' svá var Cassius frægr í þenna tíma.

25 2. *Frá Rómverjum ok Jugurtha.* Nú ferr Jugurtha með Cassio til Rómaborgar ok býz þvers í mót konungligri tign ok sem látækligaz ok æigi að síðr var enn stærri hugrinn í honum. hann styrkti það mjög að hann vænti enn liðsemðar af þæim er varið höfðu sakarnar 30 fyrir hann þá er hann var hvergi nær ok í þeira trausti hafði hann slikt gört. nú kaupir hann miklu fè liðsemð

1 líka +. 7 voru látnir > uoru latn<sup>2</sup> voru. 8 ok +. luti +. 13, 24 Cassius > Cassior. 31 miklu = micklu.

Gaii Memmii að hann skal veita honum fullting móti öllum sökum. en er þeir koma í Romam þá stefnir þing Gaius Memmius ok þar komu allar öldungar ok allr lýðr; ok er öll alþýðan ræið Jugurtha: sum svæitin vill láta binda hann en sumir vilja láta kvelja hann, nema hann segi 5 þegar hverir fê hafa tekið af honum til liðvæizlu eða í ráðum verið um hans illræði; en Gaius Memmius vill mæirr láta gjöra eptir tign Rómverja að þeir haldi orð sín en að æði lýðsins 'ok mýkjum svá hugi þeira' ok biðr æigi spilla alþýðu trú er honum var seld. en síðan er Gaius 10 Memmius lét fram læiða Jugurtha ok hljóðs var kvatt minnti hann á fám orðum um verk hans þau er hann hafði gört bæði þar í Rómaborg um fégjafarnar ok það er hann gjörði í Numidia ok svá það er hann hafði gört við fóstrföður sinn ok hans sonu ok biðr hann skýra 15 hverir honum hafa tæð eða þjónað af þessum: þó að Rómaborgarlýðr þikkiz skilja hverir þetta hafa gört þá vilja þeir þó að hann segi berum orðum hverir þeir eru, ok ef hann seger satt þá telr hann honum vera ván miskunnar fyrir trú ok mildi höfðingja, en ef hann þeger 20 við þá er æingi ván hjálpar þæim vinunum er hann læynir ok sakbitnir eru ok æigi honum sjálfum ok öngum hans 3 manna. en er Gaius Memmius þagnar þá stendr upp Gaius Bebius höfðingi lýðsins ok bað konung þegja ok svá þótt allr múgrinn sá er á þinginu var gæysiz að honum með 25 ákafligu kalli eða bendi andlitinu svá sem þeir eru vanir af ræiðinni þá er um slíkt er að kæra. ok svá gjörði konungr. ok enn á þessu þingi urðu þeir rikari er rangara mæltu ok vörðu sakarnar: svá varð lýðrinn að háði fyrir þæim sem nú var sagt, en styrkðuz hugir Jugurthe ok Cal- 30 purnio ok öðrum þeira svæitungum.

1 Memmii &lt; Bebi.

23 Memmius &gt; Mem'.

24 Bebius

&gt; bēbi' (?: Bembius).

25 múgrinn = mugrin.



3. *Frá Massiva.* Í þenna tíma var í Rómaborg æinn  
 númerskr maðr sá er Massiva hét, son Gulusse, sonar  
 Masinissa konungs. hann hafði verið með Adherbal ok  
 komiz undan í Cirta þá er konungr féll ok farið síðan  
 5 til Rómverja ok var þar vel haldinn. fyrir honum telr  
 Spurius Albinus sá er á hinu næsta ári var hertuginn  
 eptir Calpurnium með Quinto Minucio Rufo að hann skyli  
 bæiða öldunga rikissins í Numidia því at hann er kominn  
 til rikissins ok biðja að Jugurtha sé af dæmðr ríkinu fyrir  
 10 glæpi sína. því talar hann þetta að hann er nú consul ok  
 gjarn að ræna sik í orrosto ok honum hafði til handa  
 hlotiz að vinna Numidian en Minucio að vinna Macedo-  
 niam. nú gjörir Massiva sem hann var beðinn ok hrærir  
 þetta mál ok vill æigi svá búið hafa — — — ok fær  
 15 æigi traust til þessa af vinunum því at suma grunaði að  
 ærnu væri áðr að svara en sumir brædduz orðróminn  
 þann er á mundi leggjaz en sumir þorðu fyrir öngau  
 mun að gjöra ok því bauð hann Bomilcari hinum mesta  
 trúnaðarvin sínum að gjöra þetta verk ok hét honum til  
 20 enn miklu fè ok biðr hann nú halda njósnið um Massivam  
 að sem læniligaz yrði þetta ígört svá að Jugurtha yrði  
 æigi berr ok leitaz fyrir sem mest þót nokkuru yrði sæinna  
 gört. nú læitar Bomilcar að gjöra þetta bragð sem fyrst  
 ok fær til slægja menn, þá er til slíks voru vel fallnir,  
 25 að njósna um vegu hans ok göngur ok ætla til stundir  
 ok staði hvenær þeir mætti að honum ganga. ok er til  
 var gildrað ok í færi komið þá ljóp framm æinn þeira  
 félaga úvarliga ok drap Massivam. þessi varð handtekinn  
 ok var læiddr þegar fyrir consulem Albinum. hann spyr  
 30 hvi hann gjörði þetta. hann segir allt það er hann væit,

1 *Massiva* > *Mallive*. 2 númerskr > romúskr. Gulusse  
 ∞ gullhffe. 3 *Masinissa* > *massinissa*. *Adherbal* > *atðbal*.  
 4 *Cirta* ∞ *Circa*. 18 *Bomilcari* > *bolmicare*. 20 miklu =  
 mecklu. 23 *Bomilcar* > *bolmicar*. 25 ætla > ætli.

ok kennir Bomilcari. ok fyrir þetta var dæmðr Bomilcar útlægr ok mæirr að réttendum ok jafndæmi en eptir síðvenju annarra þjóða því at Bomilcar hafði komið sem aðrir Jugurtha menn á trú þeira Rómverja. en er Jugurtha var berr vorðinn í þessum glæp þá stóð hann að 5 móti æigi að síðr hinu sanna þangað til djarfliga er hann fann að öll vinátta ok trúnaðr ok fægjafar er hann hafði átt við þá — sneriz allt það til öfundar við hann af alþýðunni. en í enni fyrri handgöngu Jugurtha hafði hann gefið sínum vinum fimm tigu gisla ok sýndiz nú svá sem 10 hann hefði það mæirr ráðit í hag ríkinu heldr en gislunum ok þegar skaut hann Bomilcare á braut á laun í Numidiam því at hann uggði ef þessi væri kvaliðr eða 4 drepinn að það mundi letja aðra at gjöra því lík verk að sínu boði. en fám dögum síðarr fór Jugurtha til Numidiam 15 því at öldungasvæitin bauð honum að fara sem skjótaz ór gríðum sínum. ok þá er Jugurtha gekk út af Roma segja menn að hann liti opt apr til borgarinnar þegjandi ok mælti að lyktum 'sè hér nú borg fala þá er skjótt mun 'fyrir faraz ef hóu finnr kaupara sinn'. Albinus Spurius 20 býr nú herinn sem skjótaz, flytr að sér þungann ok aðra atvinnu þá er riddararnir þurftu ok ferr í Africam sem skjótaz; því at hann vill hafa unnið sigrinn áðr skiptingardagarnir væri komnir — drepð Jugurtham eða handtekið eða að þriðja kosti gefi hann sik upp. en þar að 25 móti tók Jugurtha að gjöra sín ráð ok sendir boð Albino að hann þarf æigi herja landit ok bregðr á það að hann muni á hönd ganga eða stundum að hann muni undan flýja ok hann hræðiz ok enu stundum býr hann her sinn til að berjaz. svá dvelr hann stundina fyrir Albino að hann 30

1 Bomilcari > bolmicare. 1, 3 Bomilcar > bolmicar. 10  
 sínum < af sínum. fimm tigu = fim tigu ~ fimtigu.  
 12 Bomilcare > bolmicare. 19 skjótt = [skiot]. 20 Spurius  
 > spýri'. 22 Africam = affricā.

þikkiz æigi vita við hváru búaz skal, friði eða orrostu, ok svá læikr Jugurtha hann. 'váru þeir menn í váru liði' segir Salustius 'er það sögðu að Albinus mundi vita ráð 'með Jugurtha ok fundu það til að æigi mundi orrostan  
 5 'svá lengi frestaz ella'. en er stundinni læið fram svá að nálguðuz skiptingardagar þá ferr Albinus til Rómaborgar svá sem skulda bar honum til en setr eptir yfir herinn til stjórnar Aulum bróður sinn.

4. *Capitulum.* En í Rómaborg hófz í þenna tíma  
 10 dæila með höfðingjunum um það hverir consules skyldu vera. Publius Lucullus ok Lucius Annius höfðingjar lýðsins kostuðu sem mest að enir sömu væri ok stóðu móti félögum sínum um þetta mál: ok þetta sundrþykki stöðvaði kosninginu svá að öngir voru kosnir á þeim  
 15 misserum. af þessi dvöl þóttiz Aulus æiga mundu nökkura von tignar, sá er í Africa var með herinn, ok fyrir þí herðir hann sik að með herinn svá að hann ættar nú að berjaz við konunginn eða elta hann ór ríkinu ok taka svá fehirzalur hans. ok í Januario mánaði kallar hann  
 20 herinn ór vetrvistunum ok býr til orrosto ok ferr langar læiðir ok torvelligar að snörpum vetrinum ok kom til kastala þess er Suthul haitir er konungr á ok þar eru varðvæittar hinar stærstu fehirzalur hans. en kastalian var svá settr að af grundvellinum staðarins mátti hann æigi  
 25 vinna ok æigi um hann sitja af grimmlæk - - - því at stæinveggrinn var settr á hátt fjall utanvert ok þar um utan var læirslétta ok full af vetriligum vötnum ok voru orðin mikil dj. nú gjörði Aulus flaka ok kastala hjá borginni eptir þí sem þeir voru vanir þá er þeir  
 30 unnu borgir. en er Jugurtha sá að það var æinskis vert er Aulus görði af úkænsku ok af hégóma þá sendi hann

7 herinn = hín. 11 Lucullus > Lucillus. 16 Africa = affrica, 19, 23 fehirzalur = fe hirðzalur. 24 að +. 25 - - - > ok æigi um hann sitja.

honum orð mjök með slægð ok spotti ok lét sem hann  
 mundi heldr upp gefaz en Aulus færi þessu fram lengr  
 ok svá sem hann tryði að kastalinn mundi unninn verða  
 ok sendi opt menn til með þvílíkum orðum: en konungrinn  
 5 lét sem hann óttaðiz mjög ok fór með her sinn læyni- 5  
 stigu ok um skóga sem hann vildi forðaz hans fund. en  
 af þessu trúði Aulus að konungrinn vildi sættaz. þá sendi  
 Jugurtha orð Aulo: það hann fara frá kastala ok sækja  
 eptir honum í læynihéruð nökkur svá sem hann vildi elta  
 hann: skyldu þeir finnaz þar að sættargjörðinni, mundi 10  
 þá færi menn vita hvað þeir réði. nú sender Jugurtha  
 dag ok nótt slægja menn sína að fræista Rómverja með  
 fægjöfum, hundraðshöfðingja eða svæitarhöfðingja, ok  
 biðr þá ef orrostan verðr að berjaz æigi móti honum eða  
 flýja fyrstir en sumir skyldu þegar flýja ór sínum stöðum 15  
 er þeir hæyrði — — —. en síðan er þessar vélar voru  
 allar búnar þá er það á æinni nótt að Jugurtha kemr  
 váveifliga með mikinn fjölda hers ok sækir öllum megin  
 að herbúðum Auli. en rómverskir riddarar óttaz þenna  
 þys er kom að þeim óvörum: vápnaz sumir en sumir 20  
 flýja en sum svæitin eggjar þá er hrædduz, en flestir  
 óttaz því at mikill afli var kominn fjandmanna en nótt ok  
 ský um allan himin ok var fyrir því úsýnt hvern upp  
 skyldi taka því at óvist þótti hvárt öruggra var að flýja  
 eða viðr taka. en af þeim svæitum er fèið höfðu tekið þá 25  
 hljóp til Jugurtha v hundrað riddarar þeirar þjóðar er  
 Ligures hæita en tvennir flokkar þeirar þjóðar er Thraces  
 hæitir; hundraðshöfðingi hins fyrsta merkis ennar þriðju  
 fylkingar sá er tekið hafði sér varnarstað gaf upp staðinn  
 ok leði þeim Jugurthamönnum. nú hlaupa Numide á þá 30  
 ok í herbúðirnar sem hardaz. en Rómverjar flýja fúlum

4 til < til hans. 13 hundraðshöfðingja > hundrað hafð-  
 mg|iv. 25 viðr < viðr að. 27 Ligures > lguri. Thra-  
 ces > traceū. 29 varnarstað > uarnað stað.

flóttu en sumir kasta vápnunum: þeir hlaupa á fjallsháls  
 nökkurn. en fyrir því að myrkt var ok því öðru að herrinn  
 slóz að ræna herbúðirnar varð minna mannfallið ok verr  
 rekinn flóttinn ok minni sigrinn. en um daginn eptir  
 5 stefndi Jugurtha Aulo fund ok æinmæli ok sagði honum  
 svá 'nú held ek þér ok þínum her hér matlausum ok  
 'luktum inni með várunum vápnudum her. en æigi að síðr  
 'þó að vèr æigim nú alls kosti við yðr vil ek gjöra  
 'mannliga ok þér skoluð grið hafa: ef þér vilið sætt við  
 10 'mik þá skolu þér ganga aller alhæilir undan ok það með  
 'að þér skoluð aller braut farnir ór Numidia áðr liðnir sé  
 'x dagar'. en þó að þesser lutir væri þungir ok skamm-  
 samligir þá gekk svá að hræzla dauðans að konungr varð  
 æinn að ráða sættinni.

15 5. Harmr Rómverja. En er þetta spurðiz í Róma-  
 borg þá rann ótti á allan borgarlýðinn: sum svæitin  
 harmaði svivirðing rikissins en sum svæitin það er nú  
 spurðiz flótti til Rómverja er aldri fyrr var vant en aller  
 óttuðuz um sitt frelsi: aller voru ræiðir Aulo, ok mest  
 20 þeir er snarpastir voru, er hann hafði gengið vápnaðr til  
 sættar með svá mikilli skömm — læitað svá lífsbjargar  
 en variz æigi með drengskap. Albinus lét sér mikið  
 þikkja að skömm bróður síns, hræddiz öfund ok háska 6  
 ok fór til fundar við senatum ok spurði þá hvárt nú skal  
 25 friðr við Jugurtham ok sjá sætt haldaz. en senatus sagði  
 sem rétt var ok dæmði það að ængi sætt mætti haldaz  
 utan þeira ráð. en nú í stað lætr Albinus skrá herinn,  
 hvé mart fara skal af borginni eða af hëruðum, ok hæimta  
 að sér öll fullting hersins ok skyndir sem mest: nú vilja  
 30 höfðingjar lýðsins að hann hafi ekki svá mikinn fjölda  
 sem skráð er — fari heldr sem hvatligaz: ok fáin dögum

3 slóz < slóz í. 4 sigrinn ∞ legrn̄. 9 mannliga =  
 manliga. 10 undan ok < undir ok, ok. 12-13 skamm-  
 samligir = [kamfamlig<sup>7</sup>. 29 hersins > h̄tūn.

siðar kemr hann í Africam. en allr herrinn var í provin-  
 cia í vetrvistum, farinn ór Numidia. en er Albinus kemr  
 þar ok hann kannar siðu hersins þá finnz það að mjök er  
 spillt hugrekki riddaranna: þeir hafa vordit forflóttu ok  
 margir hallaz eptir fégjöfum Jugurtha en tekið upp sællifi 5  
 í kyrretunni mæira en siðvenja hafi til verið. en þó að  
 hann væri gjarn að vinna Jugurtham ok hefna bróður  
 síns þá þikkiz hann æigi til færri að halda orrostonum  
 með þæim her ok sat um kyrrt.

6. Tala Mamili. Mamilius Limetanus hét æinn höfð- 10  
 ingi lýðsins í Rómaborg sá er þetta talaði fyrir lýðnum  
 á æinu móti að þeir skyldi eptir læita af hverra ráðum  
 Jugurtha konungr hefði hafnað boðörðum öldunga eða  
 enn hverir fé hefði tekið af honum í sendiförum eða í  
 ríkjunum eða hverir filana seldi eða hverir eltaz léti frá 15  
 filunum ok gefiz svá upp eða hverir sættirnar hefði gört  
 í fríðinum eða hverir undan hefði skoriz í orrostonni.  
 þessi spurningu varð sæint svarað því at margar svæitir  
 kenudu mark sitt á: hrædduz sumir háska hegninganna  
 ef upp kæmi en þeir máttu æigi berliga synja að æigi 20  
 hefði þeir samþykkz þvílíkum lutum sem þar voru taldir.  
 nú urðu margir þá óttafuller af spurningu Mamili. þa  
 voru spurðir þeir menn að hvárt Marcus Skaurus hefði  
 tekið fé, er fór með Calpurnio, ok skyldu þeir ór skera  
 hvárt hann væri í þessi tölu eða æigi: því at borgarmenn 25  
 vórir ógleðjaz af flótta sumra en af kæti sumra. en þá  
 er þessu vandmæli var fram haldit þá varð þetta með  
 mikilli eptirgöngu lýðsins framið af þæim orðrómi er á  
 hefði læikið sem opt kann verða þá er óvenja leggz á  
 tiginna manna svæitina en lýðrinn þikkiz vera saklauss 30

1 Africam = affricam. herrinn = kinn. 2 vetrvistum >  
 uefr vistu. 7 bróður = brroður. 10 Mamili. Mamilius  
 Limetanus > mamill amilius limetan'. 13 öldunga = avild'.  
 21 samþykkz = samþýktz. 22 Mamili > mamill.



að venja svæitarhöfðingja hafði spillz ok slægð öldunganna  
 hafði vaxið með illum atferðum fám vetrum fyrr en þetta  
 væri af hóglífi ok af gnótt auðsins. því at áðr en unnin  
 væri Carthago hin mikla þá hafði með höndum Róma-  
 5 borgarlýðr stilliliga ok hógværliga alþýðuréttinn: æigi  
 var þá kapp milli borgarmanna um metorðin eða forráðit  
 því at ótti af óvinunum hélt þá borgina í góðum síðum.  
 en síðan er óttinn hvarf braut frá mönnum þá kom eptir  
 í staðinn eptirlæti ok metnadrinn. þeir lutir er mennirnir  
 10 elska mjög; en þá hvíldina er þeir höfðu mjög langað  
 til meðan ófriðrinn var þá þágu þeir svá þá er þeir fengu  
 að þá öfunduðuz þeir ok daildu sjálfir. en síðan er tiginna 7  
 manna svæitin tók metorðin en borgarlýðrinn frelsið þá  
 sneru þeir hvarutveggja í eptirlætið: dró hvern til sín  
 15 það er mátti ok svá dróguz öll skiptin í tvá staði, en  
 réttrinn landfólksins ok annarrar alþýðunnar er jafn ætti  
 að vera varð skaddr ok skerðr, en lýðrinn svárkaði jafnan  
 í hersýslunni af sínu fangalæysi; þá sótti ok hvern að  
 sinn frænda eða tengðamann að koma sér fram í virð-  
 20 ingar þó að upp risi fyrir þeim riddarasynir eða aðrir  
 þeir er hafa áttu; svá fór of ríkið tiginna manna með  
 ágirninni að það var með öngum hætti né stillingu. en  
 þá er nökkurir funduz af enum tignum mönnum þeir er  
 mæira virðu sanna manukosti röngum metnadi þá tók að  
 25 græinaz borgarlýðrinn til sundrþykkis ok þaðan af gjörðiz  
 úfriðr í ríkinu. en enir tignu menn þeir er fyrir urðu  
 ámælinu ræidduz mjög ok læitudu sér fulltings við frændr  
 sína ok vini ok Rómaborgar riddara ok þá er þeir mætti  
 frá spenja alþýðunni: væiltu þó svá berliga mótgöngu  
 30 að þeir drápu Tiberium fyrst en fám vetrum síðar Marcum

1 öldunganna = avldung'.    3 væri > uær.    4 Carthago  
 = Cartago.    mikla = mickla.    13 borgarlýðrinn = borgar  
 lýðrin.    18 af sínu > af sínu af sínu.

Fulvium Flaccum ok Gaium Gracchum. þeira ættir er Gracchi eru kallaðar hefndu þessa með manndrápum á tignum mönnum, ok “hvar? a avðrū. giorðu stor úk”: voru sumir drepnir en sumir brott reknir. en hæilligra hefði verið að þola mæingjörðina en að hefna illa ills. en mæirr jókz tig- 5  
inna manna svæitinni af þessu ótti en frami rikissins því at sjá úfriðr týndi mörgum stórborgum fyrir oss þá er vér keppðumz um að láta aðra sigra en ena sigruðu hefna sín. en ef ek vilda segja frá öllum borgum þæim þá mundi mik fyrir stundin þrjóta en efni. 10

7. Metellus gjörr consul. Eptir sættargjörð Auli ok flóttann hers vårs (segir Salustius) þá var Metellus ok Silanus gjörvir consules ok hlutuðu héruð milli sín. Metellus hlaut að sækja Numidiam, harðr maðr. en þó að hann væri æigi vinr sumra svæita lýðsins þá var hann þó með 15  
réttri frægð ok sannri. en síðan er hann gekk til þessar tignar þá var hann linr ok samþykkir fèlagsmanni sínum Silano, en þó lagði hann mesta áhyggju til um herferð sína. hann tortryggði mjög enn forna her þann er fyrir var í Afrika ok tók því að skrá ok velja riddara ok til 20  
að hæimta hvaðan æfa ok lét búa vápn ok allan herskap þann er þurfti í hersýslonni ok þar með atvinnu gnógliga þótt til langrar herferðar þurfti. en að gjöra þessa luti voro til hæimt fullting, að ráði öldunganna, bæði lögunautanna ok alls um Italia; en konungar sendu sjálfkrafa 25  
sinn styrk. ok fór Metellus að ráði öldunga ok allt var þetta búið í Numidia ok vettu aller borgarmenn góðs að um hans ferð fyrir sakar allra góðra iþróttu hans ok allra

1 Gracchum = graceū. ættir > ætt. Gracchi > graccij.

2 manndrápum = mandrapū. 4 hæilligra = hæilgra. 8

aðra > aðra aðra. 12 flóttann = flottan. 13 Silanus >

sillan?. gjörvir = giorf?. 18 Silano > sillaño. 20 Afrika

= affrika. 22 þurfti > þufti. 24 öldunganna = avlldung?.

26 öldunga = avlld?.

mest fyrir því að hann hafði ekki ræynz að fægirni svá  
 að mannestir fylgði því at hær til hafði í Numidia þorrið  
 auðæfi af ágirni höfðingjanna en aukid fjandmönnum. en  
 er hann kom í Africa þá selr Spurius Albinus honum í 5  
 hönd herinn, úkjænan ok úvígligan ok úþolinn við háskann  
 ok erfiði, þann er djarfari var í tungu en í höndum, rænti  
 fórunautana ok var sjálfr ránfang fjandmannanna, ústilltr  
 að klæðabúningi: mæirr var höfðingjunum af þessum ridd-  
 orum ok af þeira illum síðum annstyggð en honum væri  
 10 liðsemðar vón af þeira fjölmenni. nú gjörði Metellus það  
 í hug sér að þó að stundin tæki að skemmaz of sumarið  
 til skiptingardaganna þá vildi hann þó heldr bíða orrostu  
 ok semja riddara með erfidum svá sem síðvenja hafði til  
 verið enna fyrri höfðingja ok ætlaði að svá mundu hvessaz  
 15 hugir þeira. en er Albinus kom í Numidia ok spurði  
 úfarar hersins ok skömm bróður síns þá ætlaði hann ok  
 um sumarið að temja herinn ok berjaz ægi, hélt saman  
 liðinu í herbúðum en færði þá að æins herbúdir er ægi  
 mátti annan veg vera fyrir vista sakir: ægi lét hann  
 20 vökur halda eptir "siðueni" eða ganga undir merkjum — lét  
 gjöra hvern sem vildi. leikarar ok trúðar voru margir í  
 þessum her: þeir fóru of nætr ok daga að skemmta sér;  
 en þorparalýðrinn sá er í herinum var þá spillti hann  
 ökrum manna eða fór í þorp ok rænti menn búfè eða  
 25 mansmönnum ok keppðuz um slíkt en seldu það kaup-  
 mönnum, kæyptu vín eða annað þvilíkt: þeir seldu ok  
 hvæiti, tóko "foi" brauð, ok allt var það gört í várum  
 her er ferlíkt er það er segja má. en Metellus var ægi  
 úkænni í því að koma af herinum þessum úvenjum heldr  
 30 en í orrostu sjálfri. hann var með svá mikilli stillingu að  
 hann stillti ágirnina ok grimmlæikinn til hófs. það gjörði

4 Africa = affrica.  
 -samr) < síðvenju.  
 læikinn = grimmlæikinn.

20 "siðueni" (\* leti: latr, -semi:  
 27 "foi" < sótt (o: sætt)? 31 grim-

hann hið fyrsta boðorð að af skyldi takaz í herinum allar stuðningar letinnar: æingi skyldi selja í herinum bakað brauð eða soðinn mat ok æigi skyldu vera í herinum trúðar né læikarar ok æingi þorparinn skyldi hafa æyk né þjónostumann hvárki í herbúðunum né í fylkingunni. 5 en öðrum setr hann slíkan hátt sem hann vildi. hvern dag flutti hann herinn álæiðis. hvern aptan lét hann diki grafa umhverfis herbúðir eða stundum virki gjöra svá sem úvinir væri ávallt hjá þeim. hann lét í sífellu náttvökur halda ok fór opt sjálfr of nætr að skynja vörðinn. 10 þeir fóru ávallt með fylktu liði: var Metellus stundum í öndverðri fylkingu stundum í miðri stundum í ofanverðri stundum hér ok hvar ok skynjaði of hveru hvárt hann væri í stað eða undir sínu merki því at með merkjum var optaz gengið. riddararner báru sjálfir vistina ok vápnin. 15 ok skjótt stöðvaði hann svá ókynni hersins, með erfíðum en æigi með refsingum, að herrinn styrktiz ok stilltiz.

8. Unninn kastali af Metello. En er Jugurtha spurði af njósnum sínum hvað Metellus hafðiz að ok vissi Jugurtha þá er hann var í Rómaborg að Metellus var góðr maðr 20 ok grandalauss . . . nú óttaðiz hann um sinn lut ok nú hið fyrsta var það að hann vildi upp gefaz með sönnu ok sendir til Metellum með þarflátum orðum að þeir biði honum að æins lífs ok sonum hans en aðra luti alla leggr 9 hann á hans vald. en Metello var áðr kunnikt að sögn 25 ok að raun skaplyndi Numidiemanna að þeir voru lausgedir ok gjarnir nylundunnar: nú talar hann við sendimennina annan að öðrum með æinmæli ok stundum fræistar hann þeira með fëbøðum þá er honum gaf færi á ok telr fyrir þeim með hæitum marga luti er hann finnr að þeir 30 taka þessu æigi illa að þeir komi Jugurtha á hans vald lifanda en heldr dauðum en æigi — en segja það konungi

að hann mun fá sættir sem hann sendi orð til. fám dögum síðarr fór Metellus með herinn óðan ok ræiðan í Numidiam. þá var þar fyrir annarr háttir en títt er þá er hers er vón: þar voru menn í smáhúsum ok í ökrum ok í 5 annarri sýslu ok var héraðit fullt allt af mönnum ok fénadi. af kastölum ok svá af smábæjum fóru hertogar konungs ok aðrir menn mót honum ok færðu honum hvæiti ok aðra vist ok síðan buðu þeir honum alla sína þjónostu. ok æigi að síðr fór Metellus varliga ok svá 10 gekk hann með fylktu liði um héraðit sem ófriðrinn væri viss hjá, lét bera njósnina langt frá sér alla vega ok þótti þetta hræsnimark æitt en æigi trúlig handganga ok fór um hvern stað með varúð. Metellus var í miðri fylking ok þar með honum valið svæit fótgangandi manna 15 ok enn bogmenn ok þeir er slöngur höfðu. en Gaius Marius var með riddarasvæitum í síðurstum ferðum. en á hliðarnar skipaði hann höfðingjum flokkanna ok hertogonum ok riddara svæitunum ok enn þæim fótgangandi mönnum er hæita velites: þeir voru mjög fóthvatir ok 20 skyldu fylgja fram riddaraherinum til liðvæizlu þæim. en með Jugurtha var svá mikil slægð að æingi vissi við hverju hann bjóz, hvárt hann mundi vilja trygggr vera til friðarins eða mundi hann vilja ræyndar orrosto, ok æigi vissu þæir hvárt þæim var skaðsamara: honum voru 25 staðirnir aller kunnir enda var hann hinn kjænsti í orrosto — vissu þeir æigi hvárt hann var þæim hættari þá er hann var nær eða fjarri. æigi langt frá götu þeiri er Metellus fór með herinn var kastali sá er Vaga hæitir: þetta er hinn fjölmennsti kaupstaðr í ríki Numidarum manna 30 ok þangað særkja kaupmenn af mörgum löndum ok mjög af Italia. þangað vill Metellus fara ok fræista ef hann fái kastalann ok þikkir þar gott að setja í sína menn því

11 væri &gt; uari.

28 Vaga &gt; úaka.

32 fái &lt; fái unnið.

at það er höfuðstaðr í landinu. hann fær unnið staðinn ok lætr þangað flytja til hvæiti ok aðra luti þá er herrinn þarf ok ætlaði sem var að það var styrkr mikill honum er þangað sótti fjölmennir af mörgum löndum ok flutti þangað mörg gjæði. en er þetta var gört þá sendi Jugurtha enn nauzynliga orð ok bað þarfliga sér lífs ok sonum sínum ok bauð alla luti aðra upp að gefa í hans vald. en Metellus fræistadi þessa sendimanna með fégjöfum ok fortölum að blekkja sem hina fyrri að þeir skyldu svikja Jugurtham ok bað þá aptr fara til konungs ok segja að Metellus vill æigi næita handgöngu hans ok æigi hæita friði meðan hann væit æigi sannindi um orðsending Jugurtha ok herjar ekki í ríkinu. Jugurtha finnr að Metellus setr orð sín eptir verkunum varliga ok vitrliga ok það að hann er nú bæittr vélum sjálfs síns því at honum er boðinn friðrinn í orði en hann grunar hvárt svá er en nú mun snörp orrosta fyrir hendi ok hann sér að æigi má nú dvelja fyrir því að hin bezta borg hans er nú tekin ok það að fjandmönnum er nú kunnikt landit en hugir lýðsins snúinir af fégjöfum. nú tekr hann að njósna um ferðina ok vegu Metelli ok þíkkir nökkur von sér sigrs af landsleginu því er fyrir er ok samnar hann að sér her sem mestum hvaðan æfa allra kynja ok ferr á læynistigu nökkura á veginn fyrir her Metelli.

9. *Víðrbínaðr Jugurtha.* Í þæim luta landsins er Adherbal hafði átt sprettr upp á sú í suðrætt er Muthul hæitir. xx mílur frá ánni var fjall mikið en sléttur þar í milli. fjallið var mikið ok óbygggt. af miðju fjallinu gengr fram háls mjög hár: haun er vaxinn smáviði — oleastro ok mirtetis ok enn annars konar viðum þæim er vaxa á þurri jörðu þar sem sendit er. en sléttarnar millum fjallsins

20 hugir > hugr.    26 Adherbal > atherbal.    Muthul > moluca.    29 mjög > miag.    30 mirtetis > nurteif.



ok árinna eru vatnlausar nema í nánd: þar er viði vaxið  
ok þar gengr optliga fenaðr ok menn. Jugurtha ferr  
með sinn her í fjallshálsinn þann er áðr er frá sagt ok  
sez þar því at þar lá fram læiðin Metelli. hann setr lið  
5 sitt dræift í kjörrin ok í upphæðina frá veginum. Bomil-  
carem setr hann fyrir filana ok fyrir suma svæitina fót-  
gangandi manna ok kennir honum hvernveg hann skal  
með fara. en hann sjálfr er nær fjallinu með allri riddara-  
svæitinni ok völdum fótgangandi mönnum ok þá eggjar  
10 hann sér hverjar þær þjóðir er turmas hæita ok xxx manna  
eru í hverri turma: en eggjar hann manipulos — í þeiri  
svæit eru cc riddara — ok þar aðrar svæiter með: ok  
biðr þá vera minniga hins fyrra frama ok sigrs að þeir  
veri sjálfa sik ok sitt ríki fyrir ríki ok ágirni Rómverja  
15 því at við þá skulum vér nú æiga kapplæikinn er fyrir  
'skömmu sendum vér sigraða undir ok' segir skipt við  
þá hertogonum en æigi hugrekkiinni 'svá hefi ek fyrir séð  
'um fundinn að vér skulum vera í enum hæra staðnum  
'ok mega sjá allt fyrir um þá sem optaz gjöra hinir vitrari  
20 'við hina úkjænni — erum ok æigi færri: erum vér ok  
'æigi nýjari við orrosto en þeir að fara hart saman hendrnar.  
'verðið þér þá athygler ok skjólt búnir að renna á hina  
'rómversku þá er lúðrarnir kveða við. þenna dag skulu  
'þér ætla annað hvárt vera munu endadag várs erliðis eða  
25 'upphaf allra váttra vesælda' ok nú biðr hann hvern launa  
sér fê ok vegsemd af karlmennsku ok drengskap ok biðr  
hvern sýna öðrum sínum félaga sína framgöngu.

10. Metellus var með sínu liði á fjalli því er áðr  
var getið ok væit hann ekki til Jugurtha: ferr hann af  
30 fjallinu læið sína ok sjá nú menn Jugurtha hans her. nú  
grunar Metellum að hann sé nökkura nýlyndu til hálsins

1 nánd < nánd ánni ~ nánd við ána.    5-6 Bomilcarem >  
Bolmīcarē.    10 turmas < turme.    11 en < enn.    16  
undir ok' segir < undir. Ok feg.    21 fara < færa.

þar er hestar þeira vöfkuðu milli kjarranna því at skógrinn var svá þunnr ok lágr að æigi hulði þá vel en svá hátt til staðarins ok með brögðum setr hann herinn að þeir Metellus máttu æigi gjörla sjá. en litlu síðarr skynjuðu þeir til viss að það voru umsáter. þá skiptir Metellus liðinu ok setr saman í ena hægri hlið er nærr var fjand-  
 11 mönnum: lét þrefalt standa ok setr skotmenn ok þá er slöngur hafa í hver manipulos: lætr riddaraberinn vera í armana ok eggjar þá með fám orðum að þeir skyli vel duga því at þá var skammt lóm til: læiðir þá herinn ór fjallinu á sléttuna með þessi skipan. en er hann kemr á sléttuna nam hann stað ok ætlar að þeir muni á þá laupa ór hálsinum. en er hann sá að það var æigi þá hræddiz hann að þeir mundu nökkurn veg banna honum vatnið af sínum umsátum ok kvelja þá í drygklæysi. hann sendir þann mann er Rutilius hæitir með riddorum ok fótgangandi mönnum fram til árinna að taka sér þar tjaldstaði ok búaz þar fyrir herinu ok kvez ætla að þeir mundi æigi træysta sér til "þeff" en heldr vilja halda þeim í mæði ok þorsta ef þeir mætti. þá ferr Rutilius fram til árinna svá sem honum var boðið. en Metellus ferr læið sína með fylktu liði ok var fyrst í öndverðri fylkingu ok kannaði þar en nökkuru síðarr var Marius. þá fór Metellus í hina vinstri hlið fylkingar til riddara sinna ok svæitarhöfðingja ok dvaldiz þar. en er Jugurtha sá að enn síðarsti lutr liðs Metelli var kominn um fram allt lið hans — æigi var það skemmra en ij mílur er lið Jugurtha sat framm eptir hálsinum — þá gengr Jugurtha ofan með herinn ok tekr veginn millum þeira ok fjallsins að æigi nái þeir aptr í fjallið ok lætr kveða við lúðra ok væitir þeim áhlaup: sumir hlaupa á halaferðina sumir fram

8 hver = húr.  
 kuedz.

10 þá?

18 herinu < herinum. kvez =

hægra megin sumir vinstra megin ok ganga fast að ok  
 óðliga ok fræista ef fylkingar Rómverja svigni. en Róm-  
 verjar þeir er snarpastir voro ok harðaz tóku í gegn  
 voru blekkir í því að þegar ljópu hinir undan ok skutu  
 5 á þá ok særðu þá en Rómverjar máttu ægi höggum við  
 þá koma. svá hafði Jugurtha kennt þeim að hvar sem  
 Rómverjar gengi fram þá skyldu þeir hopa undan höggum  
 en þar er Rómverjar hopaði sækja þar að ok hlaupa að  
 hér ok hvar — fara dræift ok láta ægi mega kringja  
 10 um þá 'vèr erum ægi færi' sagði Jugurtha 'ok hvar sem  
 'þeir flýja ægi ok taka við læitum þá á aðra hlið eða  
 'þar er nökkurr dræifaz frá, en ef vèr þurfum að flýja þá  
 'er jafngott í fjallið ok á hálsinn eða á sléttuna því at  
 'hestar várir kunnu vel að renna um hrisin'. en vára  
 15 menn (segir Salustius) stöðvaði það að reka flóttann að  
 illt var yfirfarar ok oss úkunnikt. en ósýnt þótti þá um  
 orrostona hvárir sigraz mundu því at þá tók að dræifaz  
 vart lið ok fekk ægi haldiz í skipuninni en Numide sóttu  
 þar fast að en sumir várer menn létu nú fyrir en sumir  
 20 gengu fram að móti ok fylgðu ægi merkjunum svá sem  
 skipað var en þar sem hvern tók háskinn várra manna  
 þar stóð hann ok tók í gegn: þá tók að dræifaz ok  
 blandaz saman hvártrveggi herrinn ok svá vápnaburdrinn  
 ok hestarnir: þá fór ekki vart lið eptir skipun nè eptir  
 25 ráðinu heldr varð þá allt að atburðum. svá fór fram mikinn  
 luta dagsins að ægi mátti vita hverr endir mundi verða  
 á orrostonni. erfiði ok mæði óx af hitanum svá að margir  
 sýktuz af. en er Metellus sá að Numide sóttu minnr að  
 þá tók hann að hætta saman liðið í fylkingina ok iij 12  
 30 þær svæitir er cohortes hætta ok d val þeira manna í  
 hverri svæit setti hann mót fótganganda her — þessar

14 hrisin = hrisin.    18 Numide > numidae.    21 háskinn  
 = háskinn.    23 hvártrveggi = huartueggi.    30 cohortes hætta  
 > chórs.

sumar svæitir höfðu áðr setið uppi í brekkunni ok hvílt sik — ok eggjaði þá til mótstöðu ok bað þá æigi láta sigrá sik þá er ávallt flýja því at þeir hafa ækki vígi ok herbúdir til að flýja ok ekki til varnar nema vápn sín. eigi var Jugurtha enn kyrr heldr tók hann að eggja sína 5 menn ok að endruýja orrosto ok tók nú enn alls á að fræista með hinum beztum svæitum sínum — studdi sínar svæitir; en Rómverjar vissu æigi hvar hann mundi fram koma því at þá er hann sá fast standa sína menn skaut hann á hina en gekk þæim nær er hopuðu. með þessum 10 hætti keppðuz þessir íj höfðingjar hinir mestu menn jafnir í atgjörvinni en újafnir að fulltingi: Metellus hafði traustan herinn ok riddarastyrkinn miklu mæira en landið ókunnara en Jugurtha voru aller aðrir lutir hagsfeldari nema riddararnir færi. en er Rómverjar sá að þeir höfðu 15 ekki herbergi ner ok þeir máttu æigi með föstum bardaga æiga við þá en komið að aptni þá sækja þeir eptir þæim í hálsinn sem þæim var boðit. þá flýja Numide ór hálsinum: fátt féll því at þæim barg skjótlækirinn ok það að hinum var ókunnara landið ok træystuz ekki eptir að fara. 20

11. Frá úsigri Bomilearis. Bomilcar fór sem honum var boðið með filana ok mikinn fótganganda her ok sér hvar var Rutilius ok ferr ór hálsinum á jöfnuna þá er hinir voru um farnir. ok fór Rutilius til árinna ok gjörir það sem honum var boðit. en Bomilcar fylkir sínu liði ok 25 gjörir fyrir sér njósn hvað hinir hafaz að. en er hann spyr að Rutilius sitr ok hefz ækki að en hann hæyrir þá gný til orrosto ok trúir þó illa sínum riddurum... þannig ferr hann til herbúðanna. nú sá þeir Rutilius mikinn jóræyk leggja á himininn en þeir sá ekki liðið 30

6 á < í.      12 atgjörvinni = atgiorfni.      13 miklu =  
micklu.      18 Numide > numidi.      21 Bomilearis. Bomilcar  
> bolm' Bolmicár.      25 Bomilcar > bolmicar.

fyrir skógum er nær þeim voru ok ætluðu fyrst að af vindi mundi vera rykið sem þar kann opt verða er sendin er jörðin. en er þeir sá rykið með jöfnu ganga svá sem fylking færi ok nálgadiz þá þá skilja þeir að úfriðrinn var  
 5 ok taka til vápna ok standa fyrir herbúðunum sem þeim var boðit. en er þeir koma tóko að æpa hváirtveggju, rennaz að ok berjaz. nú verða þeir sæinni í athlaupinu Numide menn er með filana fóru ok varð filunum ægi saman komið sem þurfti því at skógrimm bannaði þeim  
 10 en Numidiemenn þóttuz þar æiga allt traust er þeir voru en filarnir hvörfuðu í skóginum ok mjög draeft. þá þysja Rómverjar þar að. en þeir Numidiemenn er fyrst höfðu fram laupið taka að flýja en marger kastaðu vápnunum ok læita sér hjálpar — sumir til hálsins ok flestir alhæilir.  
 15 Rómverjar tóku iij hæila fila en drápu alla aðra: það voru xxx. Rutilius ok hans lið voru mjök mæddir — fyrst að ferðinni ok af starfi er þeir gjörðu herbúðirnar en nu af örrosto: en Metellus kom ægi sem ván var: þá fylktu þeir liðinu ok fóru svá apr í móti honum því  
 20 at þeir vissu að Numide voru vélsamir ok jafnbunir til nótt ok dag. en er myrkt var af nóttinni þá hæyra hvárir vápnabrak til annarra er Metellus fór í móti ok hugðu hváirtveggju úvini sína vera mundu, ofruðu vápnunum ok gjörðu gnýinu sem mestan, ok mundi það vordid hafa  
 25 mikil glæpska af úvizkunni ef ægi sætti þeir ráði því at þeir sendu á njösu riddara ok urðu varir hins sanua. eplir óttann kom nu skjótt gleði ok fagnadr: fagnadi hverr öðrum riddarinnu, segja nú ok spyrja ok hlýða, færir hverr a lopt sem mest sín verk: fór þá sem verða kann að þá  
 30 er sigrinn fær sær hælir sér jafnt hinn blaudi sem hinn snarpi en af úsigrinum eru jafnt ámæltir hinir hraustu sem hinir blaudi.

9 bannaði = banaði. 13 kastaðu = kaft<sup>2</sup>. 16 xxx < xl.

17 að &lt; af. 20 Numide &gt; numidi.

12. Frá Metello. Metellus er iiii daga í þessum her-  
 búðum, lætr græða sára menntu ok gefr fè þeim er verð-  
 aster voru ok bez hófðu gefiz, eptir sið hersýslunnar, ok  
 þakkar öllum jamsaman á stefnu sína fylgd: eggjar enn  
 að þeir skolu jafnan hug hafa til um það er eptir ferr 5  
 ok ætlar léttrara nú munu vera fyrir höndum, þikkir þeim  
 nú vel hafa gengið til sigrs 'en annað erfíði mun nú  
 'verða til ránfangs'. Metellus gjörir frá sér njósnir --  
 Numide menn þá er á hönd höfðu gengið ok læiðir voru  
 kunnar eða aðra þá er honum sýndiz — að skynja hvað 10  
 Jugurtha hefðiz að. hvárt hann var með her ok mundi  
 enn berjaz vilja eða mundi hann þikkjaz sigraðr ok læita  
 sér hælis ok vera með skömm. þeir urðu þess varir að  
 hann hafði farið í þá staði er skógar voru miklir ok illt  
 tilsóknar ok yfirfarar: Jugurtha hafði þar her mikinn að 15  
 fjöldað ok illan til orrosto því at fólkið hafði flýið ór  
 orrostom hverir til sinna hæmíla en það æina með  
 konunginum en hans lið var handgengið ok að auk verka-  
 lýðr ok þorparar — hafði hann síðan það lið að sér  
 dregið. ekki þikkir það skömm í þeira landi þó að menn 20  
 flýi ór orrosto. Metellus sér enn grimman hug konungs  
 ok að hann vill ena orrosto upp halda en þikkir sér það  
 mjög úhægt er hann má æigi berjaz nema þá að æinnu  
 er Jugurtha vill til stefna ok þikkja sínir menn sitja  
 mæirr fyrir háskanum af áblaupunum ok læitar sér ráðs: 25  
 vill ekki sækja hann þangað sem nú er hann kominn.  
 með fylkingu, heldr öðrum hætti. nú ferr hann í landið  
 þangað sem auðgaz er ok beztr, herjar þar, æyðir akra.  
 vinnr borger ok kastala, brennir víða ok drepr þá menn  
 er vígligir voru. af þessum ótta gengu mærgir menn til 30  
 handa Rómverjum ok gáfu þeim gísla ok menn fluttu að  
 þeim sjálfkrafa hvæiti ok annað það er þeir þurftu: setti

14 miklir = miklir. 17 orrostom = orrm (~ orrm?).



hann sína menn hvar sem honum þótti sér styrkr að en þeim vörn í að sitja. en er Jugurtha spurði þetta þótti honum sér það mæiri skaði en orrosta því at hans ván var sú helz að flýja ok berjaz þar er hann sæi sjálfr 5 stadina til ok sótti Metellus jafnan eptir honum. nú varð hann nauðigr að fylgja þó herinum ok væita þannig lið sínum mönnum með áhlaupum. leitar hann sér nú ráða: hann fór opt sjálf á njósn með sínum hinum beztum 14 mönnum en lét herinn bíða sín þar er hann hafði saman samnað; opt á nóttum eða þá er þeir fóro af þjóðveg- 10 unum hljóp hann á þá ok mest á þá er úvanastir voru í herinum eða enn þá er sendir voru ok urðu þeir margir teknir eða drepnir en æingi komz braut ósárr en áðr þeir kæmi ór herbúðum að hjálpa þeim voru Numide 15 braut [ór herbúðum] í fjöll sem Jugurtha kenndi þeim.

13. Frá ágjætri frægd Metelli. Rómverjar spyrja hvað Metellus hefz að: verða þeir fegnir þeim sögum er hann gjörir sik ok sinn her með venju hinna fyrri höfðingja, að hann er sigrvegari í okunnu landi af hræsti sinni ok 20 Metellus hefir nú næyddan Jugurtha þann enn mikilláta af hæmsku Auli að vera nú í æyðimörkum ok hafa þangað flýið ok æiga þaðan að velta sér lífs ok hjálpar. ok er þeir spyrja þessi en framligu verk Metelli þá færa þeir fórnir gudum sínum ok sú borg sem Roma var er hrædd 25 hafði verið um þenna úfrid var nú glöð orðin. ágjæt frægd fór nú frá Metello. en Metellus var því ákafari fram að færa sitt ayyendi er honum gekk léttara til sigrs ok skundadi sem mest aðsókninni ok unggði það sem opt verðr að þá er manni gengr vel þá hnekkir opt skjótt 30 ok var hann æ því varari um sik er hann var lengr í herferðinni því at miklu ágjæti fylgir jafnan mikil öfund. ok af umsátum Jugurtha lét hann optaz lítið af sínum

3 orrosta = orr'.

21 Auli &gt; albini.

31 miklu = miklu.

mönnum en ef þeir þurftu að sækja hvæiti eða annað fang þá lét hann fara með sendimönnum svæitir sínar fjölmenn. hafði hann sjálf með sér suman herinn en Marius suman. mæirr æyddu þeir eldi héruð en ránum. þeir höfðu í tvennum stöðum herinn ok lét skammt milli 5 ok ef alls þurfti við þá voru aller saman en ef kvittir komu um farar Jugurtha æigi mikilvegligar þá fóru aðrir hvárir. Jugurtha njósnaði um farar þeira: fór um holt ok um hálsa að læita til álaupa: hvárt sem hann hæyrði að menn voru sendir frá herinum eða það að herrinn 10 fluttiz fram ok væri vötu þau fyrir er spilla mætti þá sætti hann því því at til vatna er þar víða illt: stundum ljóp hann á Metellum stundum á Marium eða á þá er eptir fóru en ef við var horft flýði hann brátt ok öðrum eptir annan væitti hann áhlaupiu: varð aldregi orrostan en aldri 15 hvíldin: með hætti hélt hann þeim að þeir mætti æigi hafa stór-upptehtir. en er Metellus sá þessa meðferð ok það að hann náði önga orrosto að hafa þá sneriz hann að æinni borg mikilli er haitir Zama — það var höfuð- 20 staðr í þeim hluta lands -- ok vildi æigi lengr mæðaz af eltum þessum ok hugði að Jugurtha mundi vilja tæja borgarmönnum: venti hann að þá mundi hann ná að berjaz við hann. en Jugurtha varð þessa varr af flóttamönnum: hann stefnir á gagnlæidin ok kemr fyrr til borgarinnar: hann eggjar mjök borgarmenn — það þá vel 25 verja vigin: hann kvez mundu fjölmenna þá af sinum mönnum sem hann mætti. þessi maankind var styrkst ok hörðuz af landher hans ok trúuz. en er þetta ráð var gört þá fór hann aptr í læyni. litlu síðarr var hann varr 30 að Marius fór með nökkurar svæitir epter vístum í Siccam. þá ferr Jugurtha þangað á æinni nótt með hinum beztum

5 lét < létu. 16 hætti < þeim hætti. 25 borgarinnar = b̄garinnar. 26 kvez = kveðz. 29 var < varð. 30 epter > epter | eptʔ. Siccam = sikkā.

sinum riddurum fám. en er Rómverjar verða þess varir  
 ganga þeir í borgklið ok verjaz þaðan. en er bardaginn  
 tókz þá eggjar Jugurtha borgarmennina að þeir hlaupi á  
 bak þæini: kveðr þá munu vinna sigr ágjætan 'ok ef þer  
 5 'gjöríð svá þá mun ek hafa ríkið í friði en þer vera  
 'frjálsir ok óttalausir' ok nema Marius hefði þegar látið  
 merkin fram bera á hendr Jugurtha ok hefði frá gengið  
 borginni þá mundu borgarmennirnir aller eða því nær  
 hafa skipt trúnni því at þeir eru brigðir í skapi. en þó  
 10 að Jugurtha bæði fast standa sína riddara ok þeir létu  
 fyrst að því . . . en þá er Marius tók með mæira affli að að  
 ganga flýðu þeir: féllu fáir en aller runnu. ferr Marius  
 til Zaman. þessi borg stendr á sléttum velli ok er mæira  
 vígi af virkinu en af grundvellinum ok í borginni er alls  
 15 gnótt, manna ok vápna. en er Metellus er búinn þá ferr  
 hann til borgarinnar ok sez um borgina með herinn ok  
 skipar svæitarhöfðingjum hvar hverr skal að ganga: þá  
 lætr hann blása í lúðra ok því næst er herópið hvaðan  
 æfa. ekki skelfir þetta hugi borgarmanna ok taka fast í  
 20 mót ok berjaz. Rómverjar ganga fast að hverr sem má:  
 sumir kasta grjóti sumir slöngva eldi sumir grafa undir  
 borgarveggina sumir selja stiga við veggina, ok var nú  
 hin mesta orrosta. en borgarmenn veltu á þá er undir  
 voru stæinum ok hnúðum ok kasta loganda torfviði með  
 25 þfennustæini ok skutu á þá staurum ok þó að sumir  
 þæyrði æigi nær að ganga þá hitta vápnin þá æigi síðr:  
 flestir særduz af skotum — jafn var háskinn að vera nær  
 ok fjarri en æigi jafn orðstírrinn.

14. Frá áhlaupum Jugurtha. En nú er þeir berjaz  
 30 við Zaman þá kemr Jugurtha með miklu liði á þá úvara  
 er herbúðanna gjættu: því at þar var látin eptir til gjæzlu

2 borgklið = b̄ghl̄ð.    11 því > þu.    16 sez = setz.  
 30 miklu = micklu.    31 látin = latiñ.

mikil svæit ok ætluðu þeir sér við öngu hætt: Jugurtha  
braut virkishliðin ok gekk inn í herbúðirnar. en er vórir  
menn voru bráðum bornir (segir Salustius) þá tók það  
ráð hvern er sýndiz: sumir flýðu sumir vápnuduz mart  
var drepid æða sært — en æinir xl manna af þessum fjölda 5  
minntuz rómversks nafns ok ljópu með vápnum saman í  
svæit í hæra stað ok vörðuz svá að æigi með öllu afli  
fengu Numidiemenn þæim braut komið heldr sendu þeir  
langt frá sér skot ok önnur vápn; fáir voru þeir af  
mörgum en síz gripu þeir á miss hins bezta ráðs; þeir 10  
sýndu mikinn drengskap því at þeir felldu marga þá er  
að þæim sóttu. en þá er Metellus berst snarpligaz hæyrir  
hann á bak sér mikið heróp ok snýr hestinum: þá sér  
hann flótta rekinn sinna manna ok skilr að þetta er æigi  
riddaraherr: hann sendir allan riddaraher sinn til herbúð- 15  
anna ok Gaium Marium fyrir þæim með sínar svæitir ok  
særir hann ok biðr með tárur fyrir vinfengis sakir að  
hann gefiz vel ok hann láti öngva skömm sigrlæysis verða  
í herinum ok æigi láti hann hefndarlausu fjandmennina í  
braut komaz. Marius gjörir skjótt þau boð ok kemr til 20  
herbúðanna. en þeir Jugurtha sinna æigi fyrr en herrinn  
kom að: nú varð þæim seint að hlaupa út um dikin því at  
16 þeir voru í herbúðunum: leitaði þá undan hvern er mátti:  
ljópu sumir í dikin ok voru þar drepnir en sumir vörðuz  
í þröngunum ok voru þar drepnir — sumir flýðu brott með 25  
konunginum en mart féll. Metellus hvarf frá borginni þá  
er nótt gekk að ok fekk æigi unnið: fór hann til herbúð-  
anna. en síðarra dag skipaði Metellus allri riddarasvæitinni  
fyrir herbúðirnar þar sem á var hlaupið en skiptir höfð-  
ingjum til að gjæta þar hliðanna en hann ferr til borgar 30  
ok berst þar sem hinn fyrra daginn. Jugurtha væitir  
enn áhlaup til herbúðanna mjök vávæifliga ok óttaz þeir

2 herbúðirnar > h búðirnar. 3 bornir? 15-16 herbúðanna  
= búðana. 20 þau > þa.

er næster voru ok koma þá aðrir til að "teia" þeim. nú berjaz þeir í öðrum stað við Zamam með miklu afli ok hvar sem hvern höfðingi gekk að borginni þá þótti þeim sem þar væri snörpuz orrostan ok kostaði hvern til upp-  
5 göngunnar sem mátti ok æingi træystiz öðrum betr en sér. ok þar í mót þjuggu borgarmenn fyrir í öllum stöðum ok vörðu uppgönguna. mæira var hverjum um að særa annan en hlífa sjálfum sér: blandit var herópið eggjun-  
inni, stundum fagnaðinum en stundum harminum: svá var  
10 mikill gnýrinn af ópi ok vápnabraki að til himins stóð. en þegar er nokkuð gaf uppskotið í aðsókninni þá sá þeir ofan af kastulum borgarmenn of langan veg hvar riddararnir börðuz ok enn lýðmenn ok vissu að þar mundi konungr vera ok bendi hvern öðrum til að sjá skyldi ok  
15 glödduz stundum en stundum úglödduz þeir. en er Marius fann þessa nybræytni að borgarmenn mundi sjá bardagann — því at hann var þar til aðsóknar — þá minnkaði hann aðsóknina ok lét þá skynja það er þeir sá sem þeir vildi. en þá er þeir hugðu vannligaz að orrostenni konungsins  
20 ok gáðu sízt annars þá gjörir Marius harða atgöngu, lét hera að borgarveggjunum stiga svá háfa að nær tók jafnhátt borgarveggjum ok gekk þar upp fjöldi manna. en borgarmenn þá er þeir fundu þetta bragð gengu þeir í mót ok velto ofan stórum stæinum ok skutu ok köstuðu  
25 eldi ok öllu því er þeir höfðu til varnar. ok í fyrstu stóduz várir menn (segir Salustius) en er brotnaði æinn stigi ok annar ok þeir er upp höfðu gengið voru sumir drepnir en sumir lamdir... var þá hætt þessu tiltæki: sóttu þeir þá með öðru móti að. en að kveldi var enn frá horfið:  
30 var þá fált vátta manna úsárt en sumt lamið sumt drepíð.

15. Frá Metello. Metellus sá að þetta var úsynju upp tekið að sækja að borg þessi ok það að hann má

öngum orrostum koma við Jugurtha nema það æitt er  
 Jugurtha vætir áhlaup ór fylgsnum ok læið mjök á sum-  
 arið ok sneri hann frá borginni ok setr sína menn í þær  
 borgir er hann hafði unnið af konunginum ok honum þóttu  
 þeir vel komnir ok vígi voru örugg en annan herinn 5  
 sendir hann til vetrvista í provinciam þar sem þeir höfðu  
 fyrr setið: það er næst Numidia. en er þeir komu í vetr-  
 vistir þá lætr hann þá ekki vera svá í hvíld eða gleði  
 sem þá hafði áðr titit verið. en nú er hann þikkiz æigi  
 hafa sigrað Jugurtha með orrosto sem hann vildi þá setr 10  
 17 hann vjelræði um hann ok sendir með launungu menn  
 með fêboðum ok vinmælum til vina hans þeira er hann  
 trúði að þeir skyldi vera á svikræðum við hann ok fræista  
 ef þeira útrú mætti sigra hann. Metellus sendir menn til  
 Bomilcarem er trúnaðarvinr var Jugurtha ok býðr honum 15  
 fê ok biðr hann koma á sinn fund læyniliga ok selr honum  
 grið ok kallar að hann muni auðvelligaz að komaz því at  
 Jugurtha trúir honum bezt ok biðr hann færa sér konunginn  
 annað hvárt lífs eða dauðan, ok þó að hann hafi gört  
 mikla úsæmð Rómverjum í drápi Massive ok þó að þeir 20  
 hafi hann ógildan lagðan í sínu ríki þá munu þeir láta  
 honum það allt vitislaust ok gefa honum upp fjör ok fê.  
 Metellus fær auðvelliga snúð skaplyndi hans því at hann  
 var áhlýðinn ok ótrúr ok enn það að hann hræddiz ef  
 svá væri að konungr gæfiz upp eða friðr yrði gjörr við 25  
 Rómverja að hann ok hans menn mundu fyrir utan sættir  
 ok vera dæmdir til bana eða kvala ok tekr Bomilcar við  
 þessu æyrendi. en þá er komin var stund til talar hann  
 við konung. en konungrinn talar um hamingjulæysi -itt  
 ok þröngvingar þær er hann hefir af Rómverjum. þá svarar 30  
 Bomilcar ok spyr ef honum sýniz æigi það að sjá fyrir  
 sér ok sonum sínum ok landfólkinu er góðs er vert ok

15 Bomilcarem > bolmearē. 20 mikla >. 27, 31 Bomilcar  
 > bolm'.



ganga á hönd Rómverjum 'vér höfum sigraðir verið í öllum  
 'orrostom' sagði hann 'en landit æytt mjög: margir menn  
 'herteknir ok svá drepnir, minnkaðr auðr rikissins ok  
 'ærið mjög ræyndr kraptr riddaranna' bað hann varaz að  
 5 þó að hann vildi æigi upp gefaz að vera kynni að sjálft  
 landfólkið vildi þó upp gefaz. þessum orðum ok þeim  
 líkum eggjaði hann konunginn til handgöngu. þá voru  
 menn sendir til Metellum með þeim orðum að Jugurtha  
 vill á hönd ganga ok á vald hans sjálfr ok svá aller  
 10 lutir aðrir muni á hans miskunn lagðir. nú stefnir Metellus  
 fund við alla þá er voru af öldungasvæitinni til umráða  
 um þetta mál ok vill gjöra eptir þeira ráði er honum  
 þóttu þar baz kunna en þeir réðu eptir venju enna fyrri  
 höfðingja ok sendu menn til Jugurtha með þeim orðum  
 15 að hann vildi á hönd ganga að hann skyldi fyrst senda  
 þeim cc þúsunda byrða silfrs ok alla fila þá er hann á  
 ok hesta ok vápn. ok er þetta er sagt Jugurtha þá gjörir  
 hann það sama skjótt. nú býðr Metellus öllum til sín þeim  
 er á hönd vilja ganga ok eru þeir læiddir aller á hans  
 20 fund bundner en það var mikil svæit. en nökkurir ok  
 fær flýðu í Mauritaniam til Bocchum ok vildu æigi ganga  
 á hönd Metello. Jugurtha eru þá send orð ef hann vill  
 ganga á hönd að hann skal koma til Tisidium ok skal  
 hann við honum taka. en nú sér Jugurtha sik ræntan  
 25 vápnnum ok mönnum ok miklu fè ok nú hugsar hann sitt  
 mál ok minniz hversu mikinn skaða ok svivirðing hann  
 hefir gört Rómverjum ok æðraz nú um handgönguna ok  
 frestar marga daga ok hugsar fyrir sér: þótti þungt að  
 halda orrostom ok æigi ljett að falla ór konungdómi í  
 30 þrælkan, þóttiz ok mjög hafa æytt miklum styrk er hann  
 hafði þá upp gefið: ræðr það ór að ganga æigi á hönd  
 ok hefja upp orrosto. í Rómaborg var það tíðinda að þá

15 að hann vildi < ef hann vildi. 21 Bocchum = bocchū. 23  
 Tisidium > tisidū. 25 miklu = mikklu. 30 miklum = micklū.

er kom að skiptingardögum taka Rómverjar Metellum til consulem: skal hann hafa æinn Numidiam.

15 16. Gaius Marius fór þenna tíma í þann stað er Utica haitir ok færði fórnir goðunum ok lét hofsgoðann ganga til fréttar um örlög sín en blótgoðinn sagði að yfir 5 hann mundi ganga margir stórir lutir ok undrsamligir ok hann mundi um framm verða sína ættmenn ok hann kvað Marium mundu þann mann verða sem hann hafði opt hugsað sjálf. nú ferr Marius braut styrktr af forlölum blótgoðans ok af goðunum ok ræynir nú hamingjuna sem 10 mest ok optaz ok falla aller lutir farsælliga. en honum hafði það opt í hug verið að biðja sér að vera consul. en að fá þessa tign þá hafði hann til alla atgjörvi — vizku, ráðvisi, dygglaik, kænsku hersýslunnar — nema kynferð: hugrinn var ofs mikill til orrosto, kyrr í frið- 15 inum: hann blekkði hvárki ágirni né sællifi en að æins var hann gjarn mannvirðingar. hann var borinn ok upp fæddr í Arpinum til þess er hann var frumvaxti ok þar nam hann iðróttir, þolði vel erfiðit í riddaraskapnum, nam ekki girzku eða snilld að tala á þingum — svá lét 20 hann vaxa með góðum iðróttum úspillt hugvit. ok þá fyrst er hann hafði fengið riddara nafn af höfðingjum Rómverja þótt hann væri ókunnr að sýn alþýðu þá varð hann brátt kunnr öllum Rómverjum ok héðan af tók hann annan mæistaradóm eptir annan ok svá hafðiz hann í hverri tign 25 að þeim þótti vert að hefja hann til ennar æðri tignar hvert sinn en þó hafði hann æigi enn þorað að beiðaz ennar æztu tignar er consulatus haitir en eptir spá blótgoðans ágirntiz hann mjök þess í hug sér. lýðrinn skipti ok hafði öllum mæistaradómum öðrum í Róma- 30 borg en þenna höfðu enir tignu menn æinir ok skiptu

1 Metellum > Metellē. 3 Gaius > Marius. 4 Utica > utioe. 13 atgjörvi = atgiorfi. 15 ofs = óff. 18 Arpinum > arpíní. 26 ennar = énar. 31 enir > ok = = = ení.

með sér: eingi var svá ágjætr af verkum sínum ef hann hafði ægi ættina tiginborna að hann mætti að lögum þessa tign fá. en er Marius skilr að blótgoðinn mun spáð hafa honum að fá þessa tign þá hvetr hann hugrinn til

5 að fræista ok biðja ok biðr Metellum fá sér til lof að fræista ok biðja. en þó að nógir mannkostir væri í brjósti Metelli þeir er góðum mönnum væri æskjandi þá var með honum sá löstr er flestum fylgir tignarmönnum, ofmetnadrinn, að hann vildi sík mestan ok brá honum nökkud

10 við fyst er honum kom að óvörum ok undradiz þetta ráð: hann mælti svá 'fyrir vinfengis sakir vil ek minna þik á það að þú hef ægi huginn upp yfir hamingjuna svá að þú bæidiz rangra luta: lát þér þörf vinna þær tignir er þínum burðum hæfa' ok síðarst mælti hann að ægi er

15 vitrlikt að biðja þess af Rómverjum er að réttu má varna. en er Metellus hafði slíkt mælt ok Marius væik ekki eptir því þá sagði hann að þegar er hann mætti fyrir fjölskyldum mundi hann styðja þetta mál. en er Marius kom opt á þessa ræðu þá mælti Metellus svá — það hann

20 ægi svá óðliga láta um þetta mál ok sagði það bezt hæfa að hann biði 'þar til er son minn hefir aldr til að taka þessa tign sá er nú er tvítugr: mun ek þá biðja með þér að þið takið báðir samt consulatum' sá sonr Metelli var í herinum. en fyrir þetta reiddiz Marius mjög Metello

25 ok þótti sem hann ynni honum ægi tignarinnar. svá tók hann að þrútna af ræiði ok ágirni að hann varaðiz hvárki orð nè verk við Metellum ok gjætti minnr svæitarinnar en ádr í vetrvistunum. hann lastaði mjög atferðir Metelli en hældi sér í fjölmenni ok fyrir kaupmanna svæitum er

30 margir voru ok víða komnir í kaupstaðnum ok svá mælti hann 'ef mér er fenginn hálf þessi herr þá mun ek á fám dögum hafa Jugurtham í böndum ok ekki ráð er það er hann dregr æ orrosto undan: girniz hann að hafa tign þessa fyrir ofmetnaðar sakir sem lengst'. en þæim

6 nógir ∞ noḡ (o: nógir ~ nægir). 12 hamingjuna > hamgjuua.

er hæyrðu þótti þessi ræða sannlig vera svá mikið sem æyddiz þar í langri setu því at fýsinni þikkir æ of sæint — svá var þá of Marium. Þá var í her várum (segir Salustius) sá maðr er hét Gauda sonr Mastanabalis sonar Masinissa konungs. þenna hafði Micipsa konungr annan til arfs læiddan. hann var vanhæill ok hafði höfudverki ok var vanstilltr þá er það kom að. sjá hafði beðit Metellum að hann skyldi skipa honum í háseti hjá sér ok fá honum til varðhalz yfir sér xxx rómverskra riddara svá sem Rómverjar voru vanir við þá er þeir létu konunga vera, en Metellus næitadi hvárutveggja. þenna eggjar Marius til að væita átölur Metello fyrir lýðnum með sér ok fræista ef þeir kjæmi honum ór tigninni, en Gauda varð brátt snuinn af þessum fortölum því at vit hans var æigi staðfast af sóttinni ok Marius taldi hann vel til konungs fallinn ef Jugurtha yrði drepinn eða handtekinn. Ok enn lokkar Marius Rómverja til eða kaupmenn ok alla þá er hann má ok biðr þá rita til Rómverja með átölu við Metellum en bæidaz at Marius væri consul. mörgum líkadi það vel að sá væri consul er skjótara ryddi til lyktanna, en sumir þóttuz æiga skylt æyrendi í Romam; ok svá varð að margir fluttu hans mál þetta í Rómaborg. Ok enn bar honum þetta mjög til tjænaðar er þá var alþýðunni mjög úþokkað um tignna manna svæitina ok vill lýðrinn nú hafa það er hætir Mamilius lög að hefja ættir nýjar til tignar.

17. *Capitulum.* Jugurtha býz nú enn til orrosto er næitt er handgöngu, býr herinn ok samnar í æinn stað ok gjörir ógnarboð til borga þeira er undan honum höfðu gengið en hæitr þeim fè ef þeir snúaz til hans en efler sína stadi að vígjum, lætr húa vápn eða kaupir það er hann fær ok vill nú með öllum krapti undan dragaz

4 Gauda > gauda. Mastanabalis > manastabil'. 5 Masinissa > Malfiniffa. 10 Rómverjar > romiar. 11-12 eggjar Marius > eggja Mariuf. 13 Gauda > gauda. 25 Mamilius > Mamulluf.

þrælkuninni: hann fræistar enn með fêboðum skaplyndis Rómverja þeira er til forráða voru settir í borgum eða kastölum: hann fræistar nú alls þess er honum kemr í hug að efla sinn styrk. sú borg er Vaga hætitir ok fyrst  
 5 gekk undir Rómverja ok Metellus hafði sett höfðingja yfir ok mikið lið . . . til þess staðar sótti Jugurtha. hann býðr fê borgarmönnum. ok nú með því að þeir voru í þjónkan við Rómverja þá váru þeir margir vel til hans í huginum ok létu þeir lokkaz ok gengu á hönd honum ok bundu  
 10 með swardögum því at þar er lýðrinn lausgeðr ok þikkir gott í nýnæminu ok í úfridinum. þeir setja ráð með sér. en þriði dagr þaðan frá er hæilagt haldinn um allt Numidia: þá hafa þeir mjög læika ok gleði: þá skyldu borgarmennirnir bjóða til sín til fagnaðar enum rómverskum,  
 15 þæim er kastalans gjættu, hverr sínum vin, bæði riddörum 20 ok svæitarhöfðingjum ok sjálfum græifanum Tito Turpilio Silano, en þá skyldu þeir drepa þá alla nema Turpiliū. ok þetta gekk allt fram að enir rómversku höfðingjar drápu alla ena rómversku þar að snæðinginum ok síðan  
 20 alla aðra hvar sem þeir stóðu því at þeir voru vápnlausar aller á slíkri hátíð. ok þá ljóp til lýðrinn sá er vissi þetta ráð ok slíkt sama þeir er æigi vissu áðr því at öllum líkaði þetta vel ok þóltu góð nýnæmin ok þyssinn. en rómverskir riddarar er þeir sá þenna svá vávæifligan úfríð  
 25 vissu æigi hvert forðaz skyldi: hljópu sumir til borgkliðanna ok var þar lukt, þá enn til þar er merki voru eða skildir við borgarveggina, en sumir ljópu upp í vígin. ok jafnvel konur ok ungsvæinar veltu stæinum á þá af turnum eða börðu því er til fekkz ok æigi máttu þar  
 30 við standa enir styrkstu riddarar enum óstyrkstum mönnum ok æinn veg fór um ena vösku ok ena blaudu að aller

4 Vaga > uakka. 16-17 Turpilio Silano > turpilio sillano.  
 17 Turpiliū > turpilhū. 21 slíkri > slíkr. 25-26 borg-  
 kliðanna = bġhliðanna.

voru drepnir. ok svá grimmir urðu Numide menn að þeir rannsökuðu allan staðinn ok drápu alla ena rómversku nema Turpilius komz æinn undan. en það væit ek æigi um hans undankvámu hvárt það varð af miskunn þess er honum hafði hæim boðit eða var það af nökkuru vitordi eða sættargjörð að áðr hefði hann gört við Numide eða varð það af atburð; en af því má það helz marka svá illa sem hann var staddr er honum þótti betra ljótt líf ok ámæli en deyja með félögum sínum með vegsemd. En er Metellus spyr þetta úfall þikkir honum þetta skadi mikill ok gengr frá öðrum mönnum. en er af honum gengr hryggðin þá fylliz hann ræiðinnar ok hugsar með sér hvernig hann skal skjótaz hefna þessa skada. ok um kveldið að sólarfalli kallar hann út ór herbúðunum þá fylking er með honum hafði verið um vetrinn (það voru 6000 ok 600 ok 60 ok 6), ok hann hafði með sér Numide riddara sem flesta þá er á hönd höfðu gengið ok það búaz sem skjótaz að sólarfalli: fara þeir ok um nóttina alla ok koma er sól var skammt farin á nökkura litla hæð ok dveljaz þar ok talar Metellus fyrir liðinu ok þakkar þeim er þeir hafa skjótt við brugðiz ok segir að nú er æigi mæirr en ein míla til borgarinnar ok látið 'yðr nú' sagði hann 'þetta þikkja nú auðvelt, fyrir því að 'nú skulo þér hefna borgarmanna várara, góðra drengja. á þessum enum illum mönnum, ok öllu þessu herfangi 'skal með yðr skipta að jafnadi' en menn glödduz mjög við fortölur þessar því at sjá var hin auðgasta borg í landinu. þá skipar hann herinum: lætr framarst fara numverska riddara -- var það mikil svæit, þar næst gangandi menn ok skyldu fara sem þröngst ok hafa æigi merkin á lopti fyrr en hann segði þeim. en er borgarmenn sá herinn um langan veg þá atludu þeir sem var



að Metellus mundi vera ok luku aptr borgarlið ok þjugguz við. en er að sótti borginni þá sá þeir að þessi herr spillti ekki ökrum nè húsum ok það að þeir kenndu þar marga nómverska riddara í öndverðri fylkingu ok fögnuðu 21  
 5 þá ok ætluðu að Jugurtha mundi vera ok lúka upp borgarhliðunum ok gengu út fjölmennt í mót þæim. nú taka riddarar Metelli að blása í lúðra sína ok setja upp merkin ok þáysa ræiðina: snúa sumar svæitirnar til að taka borghliðin sumir laupa upp í turnana sumir reka fólkið ok  
 10 drepa: reiðin ok ván hlutskiptissins mátti þæim mæira en mæðin; því at allt fólkið það er borgina hafði byggt var drepíð, karlar sem konur, ungt sem gamalt, en allt fè tekið að herfangi. Turpilius græifi var þá næyddr til að segja með hverjum atburðum hans félagar væri sviknir;  
 15 en í hans frásögn fekk hann ekki skírt sik frá vitorðinu ok var það dæmt að hann var fyrst barðr en þá háls-höggvinn, en hann var azkaðr af Latio héraði.

18. Frá svikum *Bomilcaris*. Bomilcar var grunsamligr konunginum Jugurtha af þessu er hann hafði eggjað  
 20 konunginn handgöngunnar þeirar er hann vildi æigi þá er að kom. en Bomilcar læitadi dag ok nótt véla við konunginn því at hann grunaði að konungr mundi nökkura nýja luti vilja gjöra í vjelræðum til hans. en er þessi vélræði óxu honum í augu tók hann sér fulltingsmann  
 25 æinn tiginn þann er Nabdalsa hét, ágjætan af miklu fè ok vinsælan við alla alþýðu — sá er opt var vaur að stýra her sér æinn þá er Jugurtha var æigi við staddr, ok hann var ok vaur að gjöra aðra luti þá er konunginum þótti miklu varða þá er hann var fjölskyldum horfinn,  
 30 ok héðan af fekk hann sér metorð ok fè af konunginum.

1 borgarlið = b̄g hlið. 8-9 borgliðin = b̄g hliðin. 18

*Bomilcaris*. Bomilcar > *bolm*. Bolmear. 20 konunginn

> *kgiñ* a. 21 Bomilcar > *bolm*car. 25 Nabdalsa >

napdalfa. 25, 29 miklu = mecklu.

nú gjöra þeir ákveðinn dag hvenær þessi svikræði skulu fullnaz ok búa nú aðra luti þá er til þessa þurfti að hafa. nú ferr Nabdalsa til hersins þess er hann gjætti milli vetrvista Rómverja til þess að ægi æyddi þeir landið. en er kom að stefnudegi er þeir skyldu hittaz að þessu ráði 5 Bomilcar ok Nabdalsa þá hræddiz Nabdalsa glæpinn ok þorði ægi ok kom ægi til stefnumnar, en Bomilecar vildi gjarna ok harmaði í hug sér er lagsmaðr hans hafði brugðiz honum ok uggði það að hann mundi nú hafa tekið nýti ráð nökkud annað. hann sendi honum bréf 10 með trúnaðarmanni sínum ok með þæim orðum að hann eggjaði hann fyrir láta huglæysi ok hæmsku ok minnti hann á svardaga sína ok bað hann þyrma sarrunum fyrir goðanna sakir ok ægi sneri hann hæitum Metelli til skaða þæim: sagði að Jugurtha var kominn að dauða hvárt sem 15 þeir gjörði það eða sigraði Metellus hann: bað hann sjá hvárt betra var að þiggja hæit Metelli, fríð ok fægjafar, eða verða sigraðr ok hafa kvalar ok bana. en er bréfið var komið til hans var hann nýkominn í rekkju sína ok mæddr af því er hann haði starfað fyrir herinum ok njög sylfjaðr. 20 en er hann sá bréfið þá rann á hann fyrst áhyggja ok þar af svefninn. ok þar var æinn þjónostumaðr hans svá kjærr honum að öll ráð vissi með honum nema þetta æitt. en er hann hæyrði sagt að rit voru komin til Nabdalsa 22 þá fór hann þangað þegar ok ætlaði enn sem vant var 25 að Nabdalsa mundi hans ráð vilja við hafa - gekk inn í tjaldbúðina. en Nabdalsa svaf ok hafði lagt á hægindið hjá sér bréfið. ok hann tók þegar bréfið ok las, ok er hann skilr að á voro svikræði við konung þá ferr hann þegar á hans fund ok segir honum allt þetta. en Nabdalsa 30

3 Nabdalsa > napdalfa. 6 Bomilecar > bolmicar. Nabdalsa > napdalfa. 7 Bomilcar > bolm'. 13 svardaga > svar-  
 óaga. 21 bréfið ∞ brepið. 24, 26, 27, 30 Nabdalsa  
 > napdalfa, napd', napd'.

vaknar ok hræðiz þegar er hann finnr æigi bréfið ok skilir þetta sem farið hefir ok spyrr að menn hafa séð hann hlaupa ok sendir menn eptir honum sem hvataz ok fá þeir tekið hann. ok er hann spyrr það þá ferr hann  
 5 sjálfir til konungs ok biðr sér miskunnar ok segir honum allt hvað hann hefir að gört ok færir völdin á hendr Bomilcar ok biðr með tatum fyrir öll góð verk þau er hann hafði áðr gört við hann ok fyrir þeira mikið vin-  
 10 fengi ok æigi hyggi konungrinn hann munu þetta gjöra optarr. en konungr svaraði honum blíðliga ok ljettliga ok var þó annað í hug ok lét fyrst drepa Bomilcar ok alla aðra hans félaga þá er þetta höfðu ráðit ok vitað. en Jugurtha var hédan í frá önga stund úhræddr ok í öngum stað dvalðiz hann með fullum trúnaði ok hræddiz jafnt  
 15 sína menn sem úvini ok opt um nætr ór svefni ljóp hann upp ok græip vápn sín ok skelfði mennina ok lét sem þeir vildi göra honum illt ok svá lét hann sem nær væri hann ærr fyrir ótta sakar.

19. Unninn kastalinn Thala. Metellus verðr viss af  
 20 flóttamönnum þessa tíðinda ok sér nú að þrotin er þessi ráðagjörð: býr nú her sinn til orrosto. hann gefr nú hæimplæyfi Mario því at hann fær nú önga stoð af hans þjónustu: svá var hann ræiðr vordinn. þá er ritin voru upp lesin í Roma þá tók lýðrinn vel hvárstveggja máli.  
 25 en ræyndar var það að tiginna manna svæitin sú er fyr hafði tjeð málinu Metelli tók þá að öfunda hvé mikill hann gjörðiz ok ágjætr ok væita hinum eptirmæli er minni tignar var að ættinni. en með hvarumtveggja gengu menn að svæitum ok með svá miklum gæysingi að um  
 30 hvarngan náðiz sanmmælið hvarki um góða luti né illa. en styrjaldarmenn þeir ener ríku æstu múginn á öllum þingum til þess að dæma Metellum sekjan ok af tigninni

4 tekið <æigi tekið. 7 Bomilcar > bolm<sup>2</sup>. 9 ok <að. 10 svaraði = f. 11 Bomilcar > bolm<sup>2</sup>. 24 hvárstveggja - hvarútveggja.

en halda upp hraustlæk ok þrekvirkjum Marii. svá var lýðrinn gæystr að smiðir ok tæigyrkjar ok verkmennt þeir er allt áttu undir handbjörg sinni lögðu niðr sýsluna ok væittu fylgd Mario ok virðu það mæira að tigna hann en nauðsun sína ok svá varð — því at þá var úvirð 5 tiginna manna svæitin ok epter margar þausnir ok þrætur — að þá hvarf lignin consulatus í nýja ætt ok var gefin Mario. sá höfðingi lýðsins er hét Titus Manlius Mancinus var þar. lýðrinn spurði hann hvárr consul berjaz skyldi við Jugurtha konung. en allr lýðrinn svaraði 'Marius, Marius'. 10 en litlu ádr hafði sá til orrosto ællaðr verið af höfðingjum er hét Paulus Decius ok var það ósynju. En er Jugurtha hafði týnt enum kjærstum vinum sínum ok sjálfir drepa látið þá ok marga aðra sína menn en marga hrædda gört svá að sumir flýðu til Bocchum konungs en hann 15 mátti æigi orrosto halda ef æigi voru menn til en honum þótti háskasamligr trúnaðr hinna nýju vina er illa höfðu gefiz fornir vinir . . . ok fór hann nú mjök ráðlauss ok 23 engi lutr ok ekki ráð ok æingi maðr líkaði honum til fulls: ríki með mönnunum eða þjónostu skipti hann jafnan; 20 vegunum af ferðinni skipti hann ok jafnan stundum að fara móti óvinum en stundum í óbyggðir, opt það sem hann vildi berjaz eða enn að flýja: ok æigi vissi hann hváro hann trúði síðr um líðið, trúnni eða hræystinni: hvað sem hann hugsaði eða hvert sem hann fór — allt 25 var móti skapi. Metellus ferr með sinn her þar til er hann hittir Jugurtha. þá býr ok Jugurtha sína riddara til orrosto ok svá gangandi menn ok þá hófz orrosta. sú fylking er konunginum fylgir tekr þegar að flýja ok svá aðrar svæitir. Rómverjar tóku hér merki ok vápn ok 30

5 nauðsun = nauðzun. 8 Titus < Gneus. Manlius Mancinus > manb' Mantu'. 9 lýðrinn spurði hann < hann spurði lýðinn. 10 svaraði = 't. 15 Bocchum = bokkv. 30 hér merki = her mki (o: hermerki?).

nökkura menn. flýði ok konungr sem aðrir því at í öllum orrostom træystuz Numidiemenn betr fótum en vápnum. í þessum flótta varð Jugurtha mjög óttafullr ok flýr fyrst í óbyggðir með flóttamönnum ok nökkurri svæit riddara  
 5 ok þaðan ferr hann langar læidir ok torsóttar til kastala þess er hæitir Thala. sá kastali er mikill ok auðigr ok hér eru margar fehirzlur konungs hirðar ok þar eru upp fæddir margir synir hans. en er Metellus spyrir þetta þá gjörir hann ferð sína þangað ok væntir að hann mun þar  
 10 ná að berjaz við konung ef hann fær komiz til kastalans: vill hann þó til hætta að fara þó að sú læið sé svá ill að það sé um fram manna megin að komaz þar með her því at frá ánni þeiri er næst fær vatnið voru 1 mílna svá að hvergi gat vatn ok allt auðt. þá lætr hann ætla her-  
 15 inum x daga vist en allan þunga annan lætr hann epter. hann lætr ok búa búkreka ok aðra þá luti er vatn mátti í hafa ok enn samnar hann ór byggðum öllum tömum kykvendum þæim er klyfjar mátti á bera — þá leggr hann á keröld þau er samnað var í byggðinni, ok þæim mönnum  
 20 er þar byggðu ok þá höfðu næst á hönd gengið bauð hann að koma til sín þann dag er hann kvað á ok ætlaði að þeir skyldu bera vatnið eptir herinum slíkt sem þeir mætti 'en ek mun' sagði hann 'ok minir menn taka vatn 'ór ánni ok fara síðan framm til þess staðar er þer skuluð  
 25 'mik hitta' ok ek kveð nú á' ok hann gjörir svá. en er hann kom í þann stað er ákveðinn var þá koma þar Numide sæm ætlað var ok kvað hann þá vel sýslað hafa sitt æyrendi — svá sem verða kann að fyrst er menn eru nýer í handgöngunni þá eru þeir hlýðnastir. nú gjöra  
 30 þeir herbúdir að vanda ok vígi um. þá gjörir regn mikið svá að það vatn vannz herinum að gnógu meðan þeir voru þar, ok mæirr næyttu riddararnir þess fyrir varúðar

7 fehirzlur = fehirðzlur.

 30 fulls hið sanna ok hann sá að borgin mundi þá vera

2 í +. 13 Flaccum > floccū. Pomptinium > pmtū. 15  
 Mulvius > molnū. 18 Vulturcio > uulturno. 21 Vul-  
 turcius = Vult. 24 Pomptinium > pmtnū.

háskalaus; en því áhyggjufullr að hann vissi varla hvað upp skyldi taka er svá marger göfgir menn höfðu í þessi glæpsku vafiz, þótti sér hræðilíkt að gjöra makliga refsing ok þungar píslir svá tignum mönnum, en ef æigi væri hegnt fyrir eljunlæysis sakir þá þótti honum berr váði að 5 alþýðan mundi þá tapa sínu frelsi. en er hann hafði þetta hugsað fyrir sér þá lét hann kalla til sín Lentulum, Cethegum, Statilium, Gabinium; ok enn bað hann kalla til sín Ceparium, Terracinensem að kyni — sá er bjóz að fara á Púl ok samna þar mönnum til liðs Catilina. þeir gjöra 10 aller svá; en Ceparium hafði litlu áðr farið af borginni en þessi boð kjæmi því at hann hafði áðr orðið varr við að þetta ráð mundi nú upp komið. en er þeir hittuz þá tók Tullius í hönd Lentulo ok læiddi hann til öldunga- stefnu — þótti það öngum manni undarlíkt því at Lentulus 15 var pretor að tign — en aðra þeira félaga lét hann ganga ok þó sína menn til varðhalz ok fóru í hof það er gyðja sú átti er Concordia hét, ok þangað stefndi hann ok öldungum: þá kom þar svæit Rómverja fjölmennu ok læiddu með sér Vulturcium með Allobrogibus: ok þangað 20 bað hann fara Flakkum pretorem ok bera fram bréf það er hann hafði tekið af Allobrogibus. en er þingið var sett þá var spurðr Vulturcius hvert hann ætlaði að fara

## D.

7 aller farsælligir lutir eptir koma; en ef þú leggur þik til 25 ókjænsku ok nenningarlæysis, úsynju biðið þér þá guðin

1 háskalaus = háfka láuff.    8 Statilium > Stahū.    8-9  
 Ceparium > Cipariū.    9 Terracinensem > tracinenē.    10  
 Catilina = Cat'.    19 öldungum = avld'.    20 Vulturcium =  
 Vult'.    21 Flakkum > flokkv ferimū (\* Flaccum Praetorem  
 scriinium [ferimū] cum litteris, quas a legatis acceperat, eodem  
 afferre iubet).    23 Vulturcius = Vult'.

fulltings því at þau æðaz þá á hendr yðr. það var með fyrirmonnum að "aul" Manlius þá er hann barðiz í Gallia — að þá er hann brá orrosto eptir siðvenju höfðingja ok lögum þá skyldi æingi hans maðr lengr berjaz en son  
 5 hans var maðr sterkr ok djarfr ok barðiz hann sem áðr ok drap fjandmenn sína en fyrir þau afbrigð ok lögbrot lét "avlul" drepa son sinn; en þér ifið um ok velkið fyrir yðr hvern dóm þér skoluð dæma hinum verstum frændrepurum! eða mæla nökkuð aðrir siðir þeira á móti þessu  
 10 að þeir sé drepnir? eða vili þér þyrma tign Lentuli? þyrmið þá ef hann hefer nökkuru þyrmt — grandverinni, frægðinni, guðunum, mönnunum. eða vili þér þyrma æskubrögðum Cethegi? vel er það nema hann hafi slíkan úfrið búið fóstrjörð sinni. eða hvað þarf ek að tala um Gabinium  
 15 eða Statilium eða Ceparium? því at það er sannaz ef þeir hefði nokkuð hins rétta með sér að þeir mundu ægi ráðið hafa jamfjandlig ráð um alþýðuhaginn. hæyri þér "famr'.f." viti guð að ek munda þetta þolinmóðliga bera þótt þeir væitti yðr áhlaup ok þér ljetið fè ok frið ef ek  
 20 vissa víst að þeir tæki ægi borgina ok mætti sá skaði verða endrbætt því at það er opt ræynt að þér gefið öngan gaum að orðum mínum. en mér þikkir það óráðan að hætta til þess því at þeir sitja hvaðan æfa um oss. Catilina sitr með her hjá oss, en aðrir fjandmenn margir  
 25 eru í faðmi borgar várrar ok hér má nú öngan lut búa eða ráða læyniliga svá að ægi viti aller, ok því verðr sem mest skynda að þessum ráðum því at mér sýniz svá að alþýðuhagrinn sé kominn að hinu mesta foraði af rækiligum ráðum borgara várra glæpafullra. þeir eru  
 30 sannir að orðnir af tilsögn Titi Vulturcii ok svá af tilsögn

9 nökkuð > navkku. 13 Cethegi = Cetegi. 14 Gabinium  
 ∞ gabimū. 15 sannaz = sañaðz. 18 "famr'.f." ∅: Patres  
 Conscripti. 24 Catilina = Cat'. fjandmenn ~ fjandmenn.  
 30 Vulturcii = Vult'.

Allobrogum ok af jáorði sjálfra þeira að þeir hafa búið oss dráp ok bruna borginni ok öll önnur ill verk ok græyp ok grimmt þau er þeir mætti við borgarmenn sína gjöra. það er siðr fyrimanna váttra að dæma jamt til dráps fyrir játta luti sem fram komna. 5

2. Capitulum. Síðan er Kato hætti ræðunni lofuðu allir tignir menn hans tölu ok mikill lutr öldungasveitar ok ávitaði hverr annan um þetta er þeim hafði svá ósköruliga vorðit ok verið æigi snarpir í þessu áðr Kato minnti þá á ok varð Kato mikill ok frægr af þessu — dæmdu 10 allt eptir hans orðum að drepa skyldi þá alla. — Salustius segir svá. Marga luti hefi ek hæyrt ok lesið (segir hann) frá því hver ágjætisverk Rómverjar hafa gört bæði hætima ok í hersýslunni á sjá ok á landi. nú vil ek það segja hverr lutr mest hefir upp haldið svá stórum verkum. 15 ek kann frá því að segja að opt börðuz þeir með lítið líð móti mörgum fylkingum ok mest færðu þeir hamingjuna við ofrkapp. Girkir voru snjallara talaðir en þeir, en Galli voro enn frægri af hræysti sinni í orræsto, ok bar þá opt svá að at ágjælligr mannskotr váttra borgarmanna 20 fara sigraði alla þessa luti ok stæig fátækið yfir audæfin en mannfæðin yfir fjölmennið. en síðan er spillaz tóku siðir borgar váttrar af sællífi ok leti þá fekk hón varla upp haldið alþýðuréttinum af löstum ræðismanna ok mæist- 8 aradómanna því at varla hefir fengiz hér jafnmikill maðr 25 að hræysti ok mannskostum. Enn segir Salustius svá. hér hafa verið í mínu minni ij menn ágjætir að kröptum ok með újöfnum síðum, Marcus Cato ok Gaius Cesar, ok vil ek æigi svá lúka sögunni að æigi vilja ek segja nökkuð frá þeim — því at áðr er getið beggja þeira — hvert 30 eðli eða siðir voru hvárs þeira: því at þeir voru nær

7 sveitar = fveit'. 13 hver = húr. 20 þá < þó. 24-25 mæistara > mæiftra.



jafnir að ætt ok að málsnilld ok styrkð hugarins ok jafnir  
 að virðingu ok þó sinnveg hvárr. Cesar varð ágjætr  
 mest af mildi en Cato varð ágjætr af æinföldu lífi ok  
 skíru. Cesar varð frægr af hógværi ok miskunnsemi  
 5 en Cato af einurð ok djarflæk: var með öðrum þeira  
 hjálp hverjum er þurfti en með öðrum töpun, kvalar eða  
 dauði illum mönnum, ok var lofaðr linleikrinn annars en  
 staðfesti ok réttlæti annars. Kato vandiz að hafa hina  
 mestu iðn stillingarinnar ok prýðinnar ok harðlæksins  
 10 til hins rétta. æigi kepptiz hann auð við auðga menn ok  
 æigi slægð við slægja menn né hrökkvísi við ótryggja  
 menn heldr keppðiz hann um mannkostina við ena beztu  
 menn því at heldr vildi hann vera sem beztr en hæita  
 að æins svá.

15 3. Síðan er öldungasvæitin sneri eptir atkvæði  
 Katonis ok dómrinn var ráðinn að þá skyldi drepa þá  
 þótti hertoganum Tullio ráð að fresta því æigi yfir þá  
 nótt er þá fór að æingi njósn yrði fjandmönnum að stöðva  
 þetta ok bauð iii mönnum að búa þeim bana: þá gaf  
 20 hann lof varðhaldsmönnum að fara hvert er þeir vildi  
 en tók sjálfr Lentulum ok læiddi hann til dýflizu; slíkt  
 sama gjörðu aðrir höfðingjar þeir er þá höfðu haft í  
 varðhaldi. sú dýfliza var þar í borginni er *Tullianum* hét:  
 hún var þannig gjör að þá er inn kom þá skyldi ganga  
 25 til vinstri handar upp nökkuð svá ~ síðan niðr á jörð  
 xii gráður ok allt utan um lukt stæinveggjum, þá var þar  
 kamarr ok settr yfir ofan steinbogum ok svá lukt allt  
 steini: sá staðr var illr ok hræðiligr, var þar myrkt ok  
 þefað illa af hræum manna. en er Lentulus var þangað  
 30 læiddr þá fóru til að bodi Tullii þeir menn er hann kvað

9 harðlæksins = harlækfínf (\* Catoni studium modestiae.  
 decoris, sed maxime severitatis erat). 18 fór að < fór að að.  
 23 hét = h. 24 gjör ∞ gró. 25 ~ < en. 29  
 þangað > þanga.

á ok í þessu ráði höfðu bundiz ok hengðu *Lentulum* þar með snöru: svá fór sá höfðingi er var af enni ágjæztu ætt *Corneliorum* manna; hann hafði haft hertoga tign í Rómaborg; ok fekk hann þó nú líflát makligt sínum verkum. slíkan sama *dauda* fekk *Cethegus*, *Statilius*, *Gabinius*,<sup>5</sup> *Ceparius*.

4. *Frá Catilina*. *Catilina* samnaði her þeim er hann fekk til sín þá er þessi tíðindi voru í Rómaborg ok var þar með honum *Manlius* með þá svæit er hann hafði fengið ok höfðu þeir alls tvær fylkingar (*en í fylking* 10 var talið vi þúsundir ok de ok 60 ok 6 menn). síðan skipti hann hernum eptir síð Rómverja: lét sér hverja riddara í þær svæitir er hæita "*Coeta*" ok eru þar "*d*" riddara í hverja þá svæit. hann skipti þeim, er til hans komu, vígligir menn, jafnt í allar svæitir. eigi hafði hann 15 í fyrstu mæirr en tvær þúsundir, en á skammri stundu dróz honum svá herr að hann hafði svá fengið sem nú var talt. en af öllum þessum fjölda hers var æigi mæirr en æinn fjórðungur liðs það er *riddarligan* herbúnað hefði; en annað lið var svá vápnað sem þá mátti verða: höfðu 20 sumir spjót *en* sumir stengr eda staura hvassa mjög.

5. *Frá* ~. *Antonius* fór með her Rómverja móti *Catilina*. en er *Catilina* varð þess varr þá sótti hann upp til fjalla ok fór fjallvegu, stefndi stundum sem hann *vildi*<sup>9</sup> til Rómaborgar stundum sneri hann norðr í *Galliam* ok 25 vildi æigi gefa Rómverjum færið til að berjaz við sik því at hann ætlaði nær stefnudeginum þeim er ákvedit var að honum mundi koma nógr styrkr af borginni þá er hans svæitungar hefði fram komið þeim verkum í borginni sem ádr var til "ætlaðr". hann træystiz að gnógt muni 30 vera fjölmenni ef aller kæmi saman samsvarningarmennirnir

7 *Catilina*. *Catilina* = *Ca'* at'. 13 "*Coeta*" < *cohortes*.  
19 *riddarligan* = *ridd'*ugan. 23 *Catilina* = *Ca'*. 31 sam-  
svarningar = samfuarngar.

ok tók þá að hataz við þrælafólkið er þar var mart saman komið ok þótti það rækiligt að hafa það í æinu sambandi ok í æinum lögum ok Rómaborgarlýð sjálfan ok lét þar fara frá sér sumt. síðan er sá kvittr kom fyrir Catilinam  
 5 ok hans menn að bert var orðið í Rómaborg um svarning þeira ok það með að drepinn var Lentulus ok aller þeir er rikastir voru hans svæitunga í borginni . . . en er þetta spurðiz að sönnu þá ljópuz margir frá Catilina þeir menn er það hafði til gengið að fara í flokkinn að þeir vildu  
 10 ræna eða komaz í hlutskipti. en Catilina ferr þá með það lið er honum fylgdi um fjöll stór-langar læiðir ok harðar til þess er hann kom í byggð þá er hæitir Pistoriensis ok hafði það við orð að fara norðr um fjall í Galliam læyniliga.

15 6. *Frá Metello.* Quintus Metellus Celer æinn rómverskr höfðingi Rómverja kominn í þann akr er Picenum hæitir — hann hafði iii fylkingar: hann ætlaði að sitja fyrir Catilina þar er honum þótti líkaz að Catilina mundi stefna af fjöllum ok gat hann þess sem var að  
 20 fyrir sakar torfæris þess sem var um fjöllin að Catilina mundi læita norðr af fjöllum til byggðanna en æigi nú aptr til borgarinnar er þar var allt við búið. Metellus tók nökkura menn af þeim er flýið höfðu frá Katilina ok sögðu þeir honum hvar herbúðir Catiline voru. síðan  
 25 færði Metellus sínar herbúðir undir hálsa þá við fjallið er leið Catiline lá af fjallinu er hann stefndi norðr í Galliam sem honum var sagt. Antonius var þaðan æigi langt með meginherinn — ok stóðu hans herbúðir firr fjallinu

4 Catilinam > catelnā. 5 svarning = svarng. 8, 10  
 Catilina = Cat'. 12 Pistoriensis > pastorienfif. 15  
 Quintus > nint'. 16 kominn < var kominn. 18, 20  
 Catilina = Cat', Cat'. 23 Katilina = Kat'. 24, 26 Cati-  
 line > Catel', Cat'.

ofan á sléttuna — ok ætlaði að taka við flóttamönnum ef dræifðiz lið Catiline.

7. *Tala Catiline.* Catilina varð varr þess hvar þá var komið þeira máli að fjallgarðinum var lukt um þá en sá útvegrinn er var til byggðanna þá var horfinn mönnum 5 ok var það herr úvígr, ekki var ok að læita aptr til Rómaborgar ok æinskis fulltings var þá ván, æigi þótti honum ok sá kostr til vera að flýja. þá kallaði hann saman herinn ok talaði fyrir þeim ok mælti svá 'sann-  
'ræynt hefi ek það góðir riddarar að æigi gjöra orð æin 10  
'saman mönnum hugrekki ok æigi má tala höfðingja gjöra 'hraustan her af huglausum mönnum eða óttalausan af 'blauðum mönnum heldr verðr á hinn veg að þvilíkr kraptr 'hugarins sýniz í orrosto sem hverr hefer eðli til ok af 'siðum numið ok hvern þann er æigi vegr til hugrekki 15  
'mannháskinn þá er að ósynju gört að eggja þann því 'at hræzla hugarins bannaði æyrunum að segja það. því 'hefi ek yðr saman kallað að ek vil minna yðr á fá luti 'ok lúka upp fyrir yðr minni ráðagjörð. vitið þer góðir 'riddarar hvè mikil hæmska ok huglæysi Lentuli varð oss 20  
'að miklum skaða en vér höfum beðið þeira fulltings 'borgarmannanna svá lengi að ek sé nú æigi yfir að vér 'megim háskalaust koma í Galliam. nú megu þer skilja 'aller er með mér eruð hverr várr kostr er nú. herr 'fjandmanna várra er "tvíðæi"<sup>000000000</sup> annar í Gallia fyrir 25  
10 'oss, en hvert sem vér viljum nú fara þá verðum vér 'járnum að ryðja götu fyrir oss. fyrir þær sakir minni ek 'á að þer séð nú með styrkjum hug; ok minniz þer að 'þá er orrosta kemr að hendi að þá eigu þer under yðru

2 Catiline > Catelne. 3 Catiline = Cat'. Catilina > Catel'. 17 bannaði > bañað. 21 miklum = micklv. 23 háskalaust > hafka ooavft. 25 fjandmanna > oooand m. "tvíðæi"<sup>000000000</sup> < tvíðæilðr: er annarr nærr borginni eptir oss en.

- 'handmagni sigrinn ok auðæfin, veginn ok prýðina, frelsið,  
 'fóstjörðina. ok ef vèr sigrumz þá eru oss öruggir aller  
 'lutir, atvinnur gnógar, þorp ok kastalar munu þá upp  
 'loknir fyrir oss. en ef vèr förum á hæl fyrir þæim fyrir  
 5 'hræzlu sakir þá eru oss þegar aller lutir gagnstaðligir  
 'því at æigi verja þann vígin nè vinirnir er æigi verja  
 'vápnin. göngum nú að þá því djarfligarr ok minnumz  
 'hins fyrra kraptz várs. líkað hefir yðr í útlegðinni að  
 'lifa eptir hinum mestum lýtum ok löstum ok þó að þèr  
 10 'hafid týnt yðrum auðæfum margir þá megu þèr enn  
 'vænta að fá annarra æigur því at þèr hafid verið fast-  
 'ráðnir "e." að fylgja þæim lutum er svá voru illir að  
 'æigi þóttu góðum mönnum gjöranda en ef þèr vilid þessum  
 'lutum af yðr koma þá mun nú þurfa dirfðariannar við  
 15 'því at ængi má þessu skipta nema sigrinn. hvað er mæira  
 'ærsl en vænta sèr hjálpar af flóttanum eða snúa þæim  
 'vápnum frá fjandmönnum er þú skalt verja þik með  
 'því at ávallt í orrosto er þæim næstr háskinn er hræddastr  
 'er en dirfðin ok hugrekkin er hverjum sem veggr sé  
 20 'fyrir honum. þèr riddarar, þá er ek hygg að yðr ok að  
 'hræystiverkum yðrum þá þikki mér sigrsins mikil ván.  
 'mik hvetr mjög fram hugrekki yðr ok æska ok hèr um  
 'fram nauðsunin yðr slik sem er: slíkt gjörer optaz hrædda  
 'menn styrkja. um oss hverfa fjallgardarnir svá að æigi  
 25 'megu fjandmenn várir öllum megin að oss ganga. en ef  
 'hamingjan öfundar mátt yðarn þá variz það að æigi  
 'fallid þèr óhefnidir ok æigi látid þèr höndlaz til kvala  
 'eða sé þèr haldnir ok höggvir sem fénadr heldr látid  
 'þèr eptir yðr vera sem gört hafa góðir hermenn fyrr  
 30 'sorgarsamligan sigr fjandmönnum ok dræyrafullan mörgum.'

11 annarra > avnarrar. 12 "e." < æ. 20 riddarar > riddarar.  
 22 yðr o: yður. 23 nauðsunin = nauðzunin. yðr o: yður.





skipar ok nefner sér hvern á nafn, eggjar þá ok talar fyrir þeim ok biðr að þeir minniz þess nú að þeir skolu berjaz móti þjófum ok illmennum ok nær vápnlausum ok slyppum ok berjaz til frelsis fóstrjörð sinni. Antonius 5 var maðr riddarligr (segir Salustius) ok hafði verið mæirr en xxx vetra í her Rómverja ok jafnan með mikilli tign: hann hafði verið tribunus eða prefectus ok enn legatus eða pretor ok kunni skyn ok nafn flestra allra riddara í herinum. en er hann minnti þá á þessa luti þá varð hann 10 mjög með hug riddaranna.

10. Hér hefz orrosta. En er Antonius hafði skynjað alla luti þá er honum þótti þurfa ok herrinn var allr búinn þá lét Petreius blása herblástr ok hræra herinn — lét fram ganga cohortes, fyrst sæint ok hófliga. slikt 15 sama gjörði ok Catilina með sinn her. en síðan er svá voru þeir komnir að skotin máttu ganga millum þeira þá æpa hváirtveggju heróp: þá skjótaz þeir á ok hlaupa saman óðfluga með merkjunum ok þegar jafnskjótt var höggorrosta hin ákafasta ok hinir fornu riddarar minntuz 20 þá hins fyrra kraps síns ok gengu hækiliga að þeim en Catilina menn stóðu í mót úhræðiliga ok börðuz með miklu alli. Catilina var þá sjálfr í öndverðri fylking með öðrum fótgangandi mönnum ok léði þar sínum mönnum hverjum sem mest þurfti ok hvar sem hans menn féllu 25 eða urðu sárir eða úvígir þá fekk hann þar í staðinn aðra úsára ok hugði fyrir öllu sem honum þótti vænligaz: hann bardiz sjálfr alldjarfliga ok drap marga fjandmenn sína: þá fekk hann það orð allt saman að hann gjörði bæði drengilig verk snarps riddara ok svá gúðs herstjóra. 30 Petreius sér nú að Katilina menn börðuz snarpligar en hann hugði ok stóðu fast svá að æingi hopaði ok féllu

13 Petreius = Petregi<sup>9</sup>. 14 cohortes > coortef. 15, 21  
 Catilina = Cat<sup>9</sup>. 22 miklu = micklu. Catilina = Cat<sup>9</sup>. 30  
 Petreius = Petregi<sup>9</sup>. Katilina = kat<sup>9</sup>.

þá mjög hvárirtveggju. þá lætr hann fram ganga þann her er sterkligastr var ok valið lið til — þar voru ekki nema græfatignir — ok gengu þeir í miðja fylking móti fjanðmönnum. en Katilina gekk svá fast að þessum að enn fekk hann svig á þæim, ok þá enn hljóp hann í annan stað þá er honum þótti enn fastaz fyrir ok bæygði þetta ok drap alla þá er mest stóðu í mót, ok þá enn læitaði hann út á armana hvárntveggja ok gekk þar að. af liði Catiline féllu fyrst Manlius ok Fesulanus ok höfðu bariz djarfliga. en er Catilina sá að fallinn var allr fjöldi hers hans en hann var þá epter með fátt lið þá minntiz hann hinnar fyrri tignar ok göfugrar ættar sinnar ok hljóp þá fram í flokk fjanðmanna sinna þar er þykkz stóðu fjanðmenn hans langt fram frá sínum mönnum ok barðiz sem hann væri óðr til þess er hann var þar stangaðr ok særðr til bana.

11. Frásögn Salustii. Salustius segir svá að þá er lokið var orrostinni mundir þú sjá mega hvé mikil dirfd ok kraptr hugarins fylgði þessu liði er Catilina hafði saman dregið; því at þann stað sem hverr þeira hafði sér tekið í fyrstu meðan þeir stóðu upp þá var hann þar fallinn, þeir æinir höfðu dræifz er höfðingjaflokkurinn hafði með afli borið sá er fyrr var frá sagt ok höfðu 12 allr svá fallið Katiline menn að framan að æins voru sárin á þæim. Catilina var fallinn ok fundinn langt fram frá sínum mönnum öllum en umhverfis hann hræ fjanðmanna hans ok blès hann æigi ok hafði allt hið sama yfirbragð sem áðr ok var fremstr í orrosto áðr hann félli. 25

---

4 Katilina = Kat'. 6 þá < þar. 8 hvárntveggja > huarntuegja vt. 9 Catiline = Cat'. Fesulanus > feftulanul'. 10, 19 Catilina = Cat'. 24 Katiline = Kat'. 25 Catilina = Cat'. fallinn = falln.

## E.

'nú æyddri. æigi þurfu þér nú að ræna voru fè: ero 15  
 'aðrar borgir gnógar til að þér gjædit með yðra menn:  
 'eingi nauzun ok ekki fátæki skyldir yðr til þessa frið-  
 5 'kaups ok bardaga er þér gjörð'. Julius reiddiz við orð  
 hans ok mælti 'allmikinn hégóma ætlar þú að þú munir  
 'svá vegligan dauða fá: æigi mun ek sörga mínar hendr  
 'í þínu blóði: öngan veg hefir þú til þess að ek muna  
 'sýna þér mína reiði. æigi muntú stýra lögum né frelsi  
 10 'í gegn mér, ok æigi mun sjá dagr blanda saman hinum  
 'hæstum lutum ok hinum lægstum — lögin sjálf verða  
 'heldr brotin af mér en haldin af þínu tillagi'. Þá er  
 Julius ræddi þetta gengu menn hans að dyrum með  
 brugðnum sverðum. en riddari einn rómverskr sá er  
 15 Cotta hét gekk að Metello ok mælti 'sér þú æigi að allt  
 'frelsi æyðiz fyrir þessu ríki er nú gengr yfir ok muntu  
 'ok öngu á leið koma þót þú vilir til hlutaz. vér verðum  
 'mörgum röngum hlutum að hlýða ok er sú líku mest  
 'að margir verða nú svá að gjöra ok vér meguum öngum  
 20 'þæim lutum neita er á oss ero lagðir. máttu ok sjá  
 'hversu mart illt þeir hljóta af aller er á mót standa þó  
 'að silt vili verja með réttu'. Metellus var síðan hand-  
 tekinn ok leiddr nauðigr frá dyrunum. síðan brutu þeir  
 upp lásana ok hurðirnar með miklu glammi ok taka brott  
 25 þann auð er eingi maðr hafði á tekið ok þar höfðu saman  
 dregið hinir fyrri consules ok hinir æztu höfðingar: Fabri-  
 cius er bardiz við Pirrhum konung í Epiro ok Metellus  
 er sigraði Jugurtham ok vann Krit ok Kato er sigraði  
 Kípr — ok allr sá fjárlutr er Pompeius hafði saman dregið  
 30 ór austrhálfu heimsins þá er hann sigraði ij konunga ok

5 bardaga > bardaga. 10 í gegn = igeönt. 15 Cotta >  
 cotta ueteriuf. 16 fyrir þessu > í þessu í þessu. 24 miklu  
 = micklu. 26 höfðingar = hofðing. 27 bardiz = bardáz.  
 Pirrhum > piru. Epiro > ephuro. 28 Jugurtham = Jugurtá.

xx. ok segir Lucanus svá að þá eitt sinn var það er Rómaborg var fátækri að fenu en Julius. Nú sendir Pompeius orð öllum þeim mönnum er honum vildu lið veita ok undir hann höfðu gengið — fyrst um Grikklandshaf ok sjálft Grikkland ok sjalönd — ok dreif til 5 hans fjölði liðs, ok segir Lucanus að hann hyggr að ægi um aldr hafi komið jammikil þjóð í einn flokk ok ægi mundi þess dæmi verið hafa að jafnmargir konungar ok jarlar hafi haft sér að höfuðsmanni æinn hertuga ok hlýddu hans boði ok banni. Julius ferr nú af Rómaborg með 10 her sinn ok ætlaði í Massiliam ok síðan í Spánland fyrir því að hann vildi leggja undir sik allt ríki þeim megin hafsins: stefndi hann fyrst til borgar þeirar “i Marfihā er “focal” heiter ok var hin sterkasta að veggjum ok að liði. Þá er borgarmenn spurðu ætlan hans þá sendu þeir 15 menn móti honum með þessum orðum ‘ávallt hefir útlendr ‘herr svá komið á Rómariki að vèr höfum bariz með 16 ‘þeim svá sem sagt er á yðrum annálum. en ef þèr vilið ‘fara í ókunnar hálfur að berjaz við yðra borgarmenn, ‘hafið þá menn með yðr er fúser eru því at hvaðan æfa 20 ‘drifr lið að um heiminn það er ekki skammaz slíkra verka ‘ok vandræða ok þurfu þèr ægi að næyða þá menn til ‘er ægi vilja ok ægi samir. ok slíkum hug skyldu aller ‘hugaðir með ykkir Pompeio ok munde þá forðaz vandræðin. ‘nú er sú bæn vár að þú snúer her þínum frá þessi borg 25 ‘“með þui er þ<sup>7</sup> þurfið yðarr að græta. en ef uihð fetiz ‘“um b̄g þessa.” þá viljum vèr að sjá staðr sè öruggr ‘Pompeio ok svá þèr hvárr ykkar sem hingað vill sækja

6 hann +. 9 höfuðsmanni = hafuðf man. 11 Massiliam > marfihā. 13-14 “i Marfihā er focal” ∴ er Massilia (\* 19S<sup>15</sup>). 18 þeim > þ<sup>7</sup> (∴: þèr). en ef þèr vilið > en ef þ<sup>7</sup> (∴: þ) uihð en ef þ<sup>7</sup> uihð. 19 ókunnar = okunar. borgarmenn ∞ b̄gar mn. 24 munde < munde — — —. 26 fetiz ∴ fettz (∴: setz, sez).

‘vápnauss ok með friði ok megin vèr svá sýna vára trú.  
‘meðr þí að þèr vilið setjaz um borg þessa með úfriði  
“ok fkipa hā þa fkm uer þo gefa tom t' að úiaz” ok  
‘fyrir munu vèr tapaz en vèr gangim ok berjunz nauðgir’.

5 þá er Julius hæyrði þessa orðsending þá reiddiz hann  
mjök ok mælti ‘víst ætla þesser menn mikinn hégóma um  
‘vár skipti: þó að oss sè mjök títt að fara í vesthálfu  
‘heimsins þá skulum vèr þó gefa tóm til að brjóta þessa  
‘borg ok æyða þetta land. þeir segja það ef ek kem einn  
10 ‘til borgarinnar ok vápnlauss að þeir munu þá lúka upp  
‘borgina fyrir mér: svá ok muni þeir vilja heldr byrgja mig  
‘inni en úti. takið vápn yðr glaðliga ok gef ek yðr upp  
‘borg þessa til herfangs.’

2. Nú kemr Julius að borginni með her sinn ok  
15 sèr að aprt eru lokin öll borgarhlíð en kórónu þykkva  
ok fagra af skjöldum ok sverðum hjálmum ok brynjum  
umhverfis borgina á veggjum ok vígskörðum. nú setr  
hann herbúðir sínar á hól einn við borgina sjálfa. síðan  
gjörði hann vegg af torfi ok grjóti á milli ok annars hóls  
20 svá mikinn ok háfan að nær var jafnhár borginni ok höfðu  
þar langt verk fyrir ok lét þar færa við marga stórviðu  
hvarumtveggja megin við vegginn svá að æigi féll þó að  
þungi væri á borinn mikill. en þar var blótskógr einn  
mikill nær borginni sá er þeir höfðu átrúnað mikinn ok  
25 træystiz herliðið fyrir því æigi að höggva. þá ljóp Julius  
fyrst fram ok hjó tveim höndum hinn sterkasta lund svá  
að nær stóð á hamri öxin ok mælti hátt ‘hræðiz æigi að  
‘höggva þenna skóg, látið mik bera ábyrgð fyrir’. þá  
hjuggu þeir upp þann skóg allan með hræzlu mikilli ok  
30 virðu meira reiði Cesaris en goðanna. nú var upp höggvinn

6 þesser > = = ffer. 11 borgina = bg̃. 12 vápn yðr ∴  
vápn yður. 15 þykkva > þýkku. 20 borginni > bg̃inn.  
24 borginni = bg̃inn ∪ bg̃inn.

skógrinn allr. en borgarmenn sá á ok mæltu 'hví munu  
 'goðin æigi hefna meingjörða? eða hví mun svá rik ham-  
 'ingja vándra manna að goðin muni öngum stýra mega nema  
 'veslum einum?' nú lætr Julius gjöra turna tvá á veggjum  
 17 sínum ok lét þaðan skjóta í borgina. en borgarmenn tóku 5  
 við af miklum afla ok þrek ok slöngðu stóru grjóti með  
 valslöngum ór borginni, ok þá er Julii meunn stóðu nær  
 borginni ok sóttu svá að þá börðu borgarmenn grjóti svá  
 að öngu mátti á leið koma um aðsóknina. nú sá Julius  
 að hann mundi ekki fá unnið borgina nema með miklum 10  
 torveldum ok langri umsát: þá skipti hann herinum í tvá  
 staði ok ferr sjálfr í Spánland með sumt liðit en hann  
 setti þann manna höfðingja fyrir það liðið er eptir var  
 er Brutus hét ok það svá fremi við skiljaz er unnin væri  
 borgin. litlu síðar riðu borgarmenn út með öllu liði sínu 15  
 ok báru eld að virkinu ok brenndu upp allt: eptir það  
 börðuz þeir á skipum við Brutum ok var sá fundr hinn  
 harðasti ok lengi úsýnt hvárir sigr mundu hafa. í liði  
 Bruti var sá maðr er Tirrhenus hét, sterkr maðr ok  
 harðskæytr: hann var höggvinn beint um þvert andlitið 20  
 framan í augun svá að þau fóruz bæði. en þótt hann væri  
 blindr þá skaut hann þó sem áðr ok bar svá til að hann  
 laust öru framan í brjóst einum manni göfgum þeim er  
 Argus hét ok féll þegar á bak aþr en faðir hans stóð  
 hjá honum sjálfum ok bendi Argus með hendi sinni að 25  
 hann vildi að faðir hans lyki saman augu hans en þá er  
 hann sá son sinn dauðvána þá mælti hann af miklum  
 harmi 'son minn Argus, fyrirgefðu það feðr þínum veslum  
 'þót ek leggja þik æigi í faðma eða ek kyssa þik nú  
 'æigi þenna hinn síðarsta koss. enn sé ek varmt blóð í 30

5 í > 1||. 6 miklum = micklum. 7 Julii = ·J·. 10 miklum  
 = mikklum. 13 manna < mann. 15 síðar (= síðar) <  
 síðarr (= síðar). 19 Tirrhenus > tiren?. 27 hann sá > fa.  
 sinn = sin. 28 minn = min. 30 hinn = hin.



‘sárum þinum ok enn er önd með þér ok enn máttu  
 ‘lengr lifa en ek ef goðin vilja lofa mér að leggja sverði  
 ‘fyrir brjóst mér’ síðan skaut hann niðr sverðshjöltunum  
 ok lét fallaz á oddinn svá í gegnum hann stóð en hann  
 5 stæypti sér þegar fyrir borð. nú lauk svá þeira viðskiptum  
 að Brutus fekk sigr ok var sjá hinn fyrsti unninn af Julii  
 mönnum.

3. ~~~~~ Nú ferr Julius í Spánland, ok váru þar  
 fyrir tveir höfðingjar, vinir Pompeii: annar hét Petreius,  
 10 en annar Afranius. þeir höfðu lið mikið ok sátu í borg  
 þeiri er llerda heitir. en á sú fellr milli borgarinnar ok  
 liðs Julii er “öruga” heitir ok mátti hann fyrir því ægi  
 ná atgöngu við borgina. annars dags eptir fór hann upp  
 með ánni ok ætlaði að ganga á hamargnipu nökkura þá  
 15 er bar yfir borgina. það sá þeir höfðingjarnir ok réðuz  
 mót honum yfir ána með lið sitt ok vildu komaz fyrir þá  
 ok verja honum bergið. síðan tókz með þeim langr bar-  
 dagi ok lauk svá að Julius náði berginu. síðan heimti  
 Julius lið saman upp á bergið. ok litlu síðar gjörði vatna-  
 20 vöxt meira en dæmi væri til af sólarhita ok snænámum  
 á háfjöll fyrir því að þetta var á vár ok var áin svá  
 mikil að hón féll hvarumtveggja megin bergsins svá að  
 Julius mátti hvarigum megin komaz bergsins um hrið. 18  
 síðan lét Julius gjöra húðskip en hann lét höggva upp  
 25 aldingarða er stóðu undir berginu ok hafði það til innviða  
 í húðskipin ok kom svá yfir öllum herinum. þá fara þeir  
 Afranius af borginni ok ætludu til fjalla þeira er löng  
 leið var: var það vígi öruggt ef til fengi komiz. en Julius  
 sá ferð þeira ok komz fyrir þá með riddaraliðinu ok  
 30 eggjaði að þeir skyldu berjaz. en þeir Afranius námu

4 oddinn = oddin. 6 fyrsti > fyrft. Julii = ·J·. 8  
 váru ~ uaro. 9 Petreius = Petregufl. 10 annar Afranius  
 > anar Aprani'. 11 milli > mill. 12 “öruga” (~ cruga)  
 < Cinga (< Sicoris). 27, 30 Afranius > aprani'.

staðar á holti einu ok fylktu hvarirtveggju ok höfðuz orð við ok stóð svá um hrið ok kennduz að þar stóðu fedr ok synir ok bræðr sér hvarir í fylking ok margir góðer vinir ok var næsta ráðit um skeið að þeir mundu sættaz við Julium áðr Petreius talaði fyrir liðinu ok eggjaði að þeir skyldu berjaz ok kvað skömm að sættaz orrostolaust ok bregðaz svá Pompeio ok ráða þeir til orrosto fyrr en Julium verði ok felldu mart lið hans. en þó kom þar loks að þeir Afranius urðu yfir komnir ok vildu flýja aprtr til borgar. en Julius fekk enn riðit fyrir þá. en þá komu þeir á sandhól einn háfan ok fylktu þar liði sínu ok eggjuðu síðan liðit hið mesta ok kvaðuz æigi flýja mundu. en er Julii menn bjugguz til atgöngu þá kallar Julius hátt á sína menn 'gangið æigi að þeim því að sá bíttr sárt er sér vill ekki forða. mun oss sjá sigr ekki vingæfr því at vér munum hér týna mörgum várum mönnum en þeir eru svá óðir sem hið óarga dýr ok hræðaz ekki bana sinn. nú skulum vér gjæta þeira hér ok láta þá kenna bæði þorsta ok kulða ok minnaz heim kvenna sinna ok ástmanna ok biðum svá unz þeir biðja sjálfir griðanna'. nú fór þetta eptir ætlan Julii. ok er þeir áttu öngan kost að berjaz þá tók fyrst reiðin að þverra en hugrinn að blotna. en þá er þeir váru lengi byrgðir á þeim hóli ok kvalðir í miklum þorsta þá gengu þeir hertugarnir sjálfir af hólunum ofan ok allt liðit eptir þeim til herbúða Julii. síðan gekk Afranius fyrir Julium ok stóð fyrir fótum honum ok hélt öllu sínu tigurlæti ok yfirbragði ok mælti 'ef ek ætta kost að falla fyrir yðrum vápnum þá skortir mik hvárki til hug né hræysti. en nú er mikil sök til að vér biðim oss hjálpar ok

5 Petreius = Petregi'. 6 skömm = skavm. 9 loks = lox. Afranius > Apraniuf. 13 Julii = ·J·. 16 munum = münū. 23 hugrinn > hungriū. 24 miklum = micklū. 26 Afranius > aprani'.

'samir yðr að gefa oss líf því að ekki höfum vér hlaupið  
 'í þessi vandræði né hafiz upp sjálfir til fjanðskapar við  
 'yðr heldr bar það saman missætti yðart Pompeii ok það  
 'er við várum settir fyrir herliði þessu ok er varðveitt  
 5 'trúlyndi við hinn fyrra höfðingja meðan mátti. viljum vér  
 'nú ekki dvelja að ægi taki þér slíkt ráð sem yðr líkar.  
 'en vér viljum til þess mæla að vér farim í friði til várra  
 'héraða ok heimkynna þót vér sém vápnlausar sem þetta  
 'fólk væri allt að jörðu lagið ok blandið ekki svívirðing  
 10 'várri við sigr yðarn ok gæfu ok lát oss ná að sitja um  
 'kyrrt ok berjaz ekki með þér: læyst höfum vér oss að  
 'sinni'. en er Julius sá hertogann ok hæyrði orð hans þá  
 varð hann við glaðr ok gaf þeim læyfi bliðliga að fara 19  
 hvert er þeir vildi. Nú má sjá (segir Lucanus) hversu  
 15 veslaðir þeir menn eru er í orrostum hafaz: þesser seldu  
 vápn sín af hendi ok fóru síðan öruggir í sínar borgir,  
 en áðr váru þeir hræddir á hverju dægri ok áhyggjufullir  
 meðan þeir váru í orrostunni.

4. Lát manna Julii. Antonius hét höfðingi yfir liði  
 20 Julii þar sem á sú fellr er lader heitir í fjörð þann er  
 Adriaticus heitir. hann vænti sér fulltings af þjóðum þeim  
 er þar byggðu í nánd en þar kom þó höfðingi sá er  
 Octavius hét með mikla vikingasveit er Pompeius hafði  
 hann yfir sett. þá komz Antonius upp á berg eitt með  
 25 lið sitt ok var það vígi öruggt við fjörðinn sjálfan en þó  
 varð hann lengi um setinn ok kreppt miklum sult. þá  
 kom maðr af mönnum Julii sá er Basilus hét með mikla  
 riddarasveit öðrum megin fjarðarins ok kom þeiri orð-  
 sending til Antonius að hann mundi þaðan bíða því at  
 30 hann kvez mundu þangað koma ok veita honum lið að

8 sem > fem þu hafer. 9 fólk ∞ folki. jörðu = iavrrðu.

20 lader > lader. 23 Octavius > octouí. 25 fjörðinn  
> fioldhñ. 26 miklum = mikelū. 27 Basilus > basíluf.

mikla = mickla. 30 kvez = kuedz.

öruggu ef hann mætti komaz yfir fjörðinn. síðan lét Antonius gjöra flota af stórviðum en umhverfis utan við flotana lét hann binda vazkeröld tóm til þess að þau héldi upp flotanum þá er manna þungi kæmi á mikill: hann lét ok gjöra kastala tvá á flotanum til þess að þeir mætti þaðan verjaz fjandmönnum sínum ef að legði ok ætlaði svá flytjaz þegar er veðr gjæfi til fundar við Basilum. en er Octavius sá viðrbúnað þeira þá lét hann leggja strengi ræyrða með járnri af hamrinum framm þar er skip hans voru ok váro strengir í kafi ok ætlaði að vinda upp þá er Antonius færi þar yfir því at eingi var leið önnur til að fara. nú ræðr Antonius til farar þá er hann er búinn ok er þeir koma flotanum yfir strengina þá undu hinir er á hamrinum váru ok varð svá að Antonius komz yfir með þá flotana er minni váru en sá flotinn er mestr var varð fastr ok varð dreginn síðan að berginu. sá höfðingi var fyrir liði því er á flotanum var er Vulteius hét ok var hinn mesti skörungr ok hinn hraustasti til vápnis: hann leitaði til að höggva strengina ok læysa sik en þá er það mátti ægi þá vörðu þeir sik hraustliga þó að þeir ætti öngva ván að sigraz — sú atlaga var skömm ok hörð því at náttmyrkr sleit bardagann. Octavius skipaði liði sínu umhverfis að þeir mætti ægi brott komaz um nóttina. þá Julii menn sá hversu mjög þæin var þröngt þá gjörðiz kurr mikill í liðinu. eftir miðnætti kallaði Vulteius saman liðit á flotanum ok mælti á þessa lund 'nú er oss gefið frelsi í nótt að sjá ráð fyrir oss. kann vera að sjá stund þikki sumum ekki löng en hón er þó gnóg að kjósa þann dauðann er vèr viljum helz hafa ok vèr verðum frægstir af. sú er hugrekki lofuð mest góðra

5 lét = lett. 7-8 Basilum = Bafihū. 8 Octavius > occour'. 15 mestr > mest. 21 þeir > þr. 22 Octavius > Occouruf. 24 þá < þá er. Julii = ·J·.

'drengja að það finnis aldri að þeir hræðiz bana sinn ok  
 'vili aldregi lengja líf sitt með svivirðing þó að æigi  
 'girniz þeir sjálfir að dæyja. þér vituð að vèr megum  
 'hvergi undan komaz er várir fjandmenn eru alla vega 20  
 5 'frá oss. gjörum svá vel nú þá, hræðumz æigi dauðann.  
 'æigi er sem vèr sém á velli sléttum í fjölmennum bar-  
 'daga þar er eingi kunni vátta vár skipti. munu goðin  
 'vilja að vèr gefim þau dæmi dauðans er oss sè frægð í  
 'fyrir því að næytt höfum vèr vápnanna meðan kostr var  
 10 'að berjaz. vitum vèr það Julius' kvað hann 'að þér mun  
 'lítill sómi í þikkja að vèr vegimz sjálfir en öngan veg  
 'megum vèr nú svá um setnir sýna meiri ást við þik en  
 'vilja æigi ganga til handa várum úvinum en þó tekr það  
 'mikið af várri frægð er vèr skulum nú æigi hér haldnir  
 15 'með fedrum várum ok bræðrum ok týndum aller samt  
 'váru lífi. nú þó að oss sè kostr griða af várum úvinum  
 'tökum aldri þann kost meðan vèr megum oss skaða veita.  
 'stórt munum vèr verða til þess að vinna að Julius kalli  
 'skaða eptir oss fá menn svá margar þúsundir liðs sem  
 20 'hann hefir með sér. nú þó að kostr væri að ek mætti  
 'héðan komaz ok forða svá mínu lífi þá vilda ek það að  
 'öngum kosti. ek kasta nú niðr lífinu því er verið hefir  
 'en ek girnumz til dauðans þess er nú er fyrir hendi:  
 'þeim einum er lofað að skilja það rétt hversu gott það  
 25 'er að dæyja til þess að þá lifi þeir að æylifu en goðin  
 'læyna hina því er girnaz að lifa'. nú er Vulteius hafði  
 þessum orðum talað þá gjörðuz þeir glaðir ok eggjuðuz  
 á það ráð er Vulteius hafði til gefið ok biðu svá um  
 nóttina. en þá er lýsti lögðu menn Pompeii að þeim ok  
 30 buðu þeim sáttir ok grið en þeir nittu öllum sættum.  
 síðan réðu þeir á þá með bardaga en þeir vörðuz nökkura  
 stund ákafa vel. en þá er Vulteius sá að ekki mátti vörn  
 við koma þá rétti hann fram hálsinn ok bað sik höggva  
 þann mann er honum var næstr. en er hann féll þá  
 35 hjugguz þeir, bræðr ok frændr — hverr sinn hinn kærasta

vin, ok fekk Vulteius þann dauða ok hans lið er hann mundi kjósa. nú hlaupa menn Pompeii upp á flotann ok undruðuz mjök er þeir sá þar nálíga alla menn dauða: tóku þeir síðan vápn þeira ok fjárluti ok varð þeira manna fall nálíga frægt um allan heim. 5

5. Dráp Curionis ok hans manna. Curio hét einn hinn göfgasti maðr í liði Julii, rómverskr að kyni; hann vildi fara til Sikilæyjar að draga saman vistir ok leiðangra til handa Julio: þessi Curio kom á móti Julio við Rubicon ok eggjaði að með vápnum skyldi sækja Rómariki: en 10 nú fekk hann andviðri mikið ok rak hann að landi því er Libia heitir (það er í Africa); síðan gekk hann á land upp ok setti herbúðir sínar á hólum nokkurum skammt frá borg þeiri er Carthago heitir ok ríkuþ borg er í Africa. en þar var fyrir í landi mikill fjöldi manna Pom- 15 peii ok sá höfðingi fyrir er Varus hét. hann spurði það er Curio kom þangað ok fór þegar á fund Juba konungs er þá hafði ríki nálíga yfir öllu Africa (er vör köllum Serkland) ok bað hann veita sér lið eptir því sem Pompeius mundi vænta. konungr tók vel máli hans ok hét 20 honum sinni liðsemð: hann munþi það gjörla

## F.

21 aðrir höfðingjar. Appius beiddi blótmann þann er þar var fyrir að ganga til fréttu fyrir hans hönd við skurðgoðið. en blótmaðrinn byrgði inni í hofinu mæy eina þá 25 er Femonoe hét ok mælti að hún skyldi svara því er spurt væri. en er Appius hæyrði svör hennar þá skilði hann af viti sínu að það var mæjar rödd en ekki Apollo

7 hinn = hn.    9 Curio > curi'.    12 Africa = affrica.  
 14 er Carthago > Cartago.    15 Africa = affrica.    16 er  
 > er | er.    18 Africa = affrika.    26 Femonoe >  
 > femonoen.



þá varð hann reiðr mjög ok bað hana þegja ok kvez grimmo gjalda mundu vélina nema nokkur fengiz órslit af goðinu. mærin varð hrædd ok hljóp í undirhús það er stóð undir hofinu þar jafnt sem goðit stóð yfir uppi  
 5 ok er það sagt að hún fekk spáleik af goðinu ok sagði Apollo það fyrir munn hennar 'Appius' kvað hún 'ef þú 'vill forðaz allan háska Rómverja ok vill æinn sitja um 'kyrrt far þú í æyna Euboeam ok muntu hirðr frá þessum 'óróa'. nú gekk Appius frá hofinu með sína sveit ok fór  
 10 í æyna Euboeam ok hugði að hann mundi þar fá ríki. en þegar er hann kom þar þá fekk hann sótt ok dó þar. en mærin var fundin vitlaus í hofinu áðr en vatni væri á hana ausið.

2. Frá Julio ok hans fortöllum. Nú hefir Julius  
 15 sigraz í Spania ok "hibium" ok lýser hann nú yfir því að hann vill fara til Romann sem skjótaz má hann ok síðan út yfir hafið eptir Pompeio. það var mikill hlutr liðs hans er leidduz orrostor mjök ok vildu fara gjarna til heimkynna sinna ok berjaz æigi við frændr sína ok  
 20 vini ok mæltu á þessa leið 'vér viljum þiggja læyfi til þess að skiljaz við þessi vandræði því at þú hefir leiðt 'oss í mikinn háska bæði á sjá ok á landi: vart lið er 'sumt fallið í Saxlandi sumt í Spáne sumt í Rómaborgar-  
 'landi. hvert verkkaup höfum vér fyrir það er vér höfum  
 25 'barz í Saxlandi með þér nema það að berjaz nú við vára 'borgarmenn? nú höfum vér tekna Rómaborg ok rekna 'öldungana, rænt ok goðin sjálf ok gengið í hverja úhæfu 'með þér, ok viltu enn leiða oss í dauða í ókunnar hálfur 'heimsins: nú vitum vér æigi hverra gjæðanna er ván  
 30 'fyrir vandræðin, en það fylgir að þú kannt þér "avfufu"

1-2 kvez grimmo = kuedz grimo. 4 yfir > yf. 8, 10 Euboeam > roborā. 15 Spania ∞ spaniā. "hibium" \* Lucan. V 237 Interea domitis Caesar remeabat Iberis. 22-23 er sumt > er fum.

‘Þess alls hverngi sigr er vör vinnum. nú viljum vér  
 ‘sjálfir leita fyrir oss að goðanna ráði. væntum vér að  
 ‘þetta mun til friðar snúaz þót þú reidiz’. síðan ætlaði  
 mikill hluti liðs hans að skiljaz við hann. en er Julius sá  
 það að þeir ætluðu brott að fara þá bað hann þá fyrst 5  
 hlýða sér ok mælti á þessa leið fyrir þeim ‘þeir riddarar  
 ‘er nú eru óðir orðnir ok vilja brott frá mér þá skolu  
 ‘aller fara vápnausir en láta mik taka við vápnum.  
 ‘fari þér sem yðr líkar en látið mik ábyrgjaz mín forlög.  
 ‘þessi en sömu vörn munu mér finna jammarga menn sem 10  
 ‘nú flýja — eða ætlið þér að aller menn af Rómaborgarlandi  
 ‘hafi flýit með Pompeio ok gengið á skip hans en öngir  
 22 ‘muni til verða að fylgja mér ok taka upp þann sóma  
 ‘allan er þér hafið hafðan? — ok kann þá vera að svá skipti  
 ‘um að þér fátækir kallar er nú hafa barz með mér sjáid 15  
 ‘þá sóma hinna ok virðing í Rómaborg er nú hafa barz  
 ‘með mér fár orrostor. æða ætli þér það, vesæler menn,  
 ‘að yðarr flótti muni nokkuð um mína gæfu skipta? jafat  
 ‘mun vera sem þá er árnar heitudoz við sjáinn að þér  
 ‘mundi ægi í hann falla lengr, ok mundi hann vera hinn 20  
 ‘sami en þær mundu ægi vita hvað þær skyldu við sik  
 ‘gjöra. eða ætli yðart fullting nakkvað skipta um minn  
 ‘hag? aldri munu goðin virða sik svá litils að þau muni  
 ‘yðra framgöngu láta ráða mínu aldralagi; heldr mun mín  
 ‘gæfa stýra yðrum hag: svá er skipað að margir skulu 25  
 ‘þjóna en fær drottna. veit ek að þér munduð fullfúsir  
 ‘flýja með Pompeio af þeiri ógn er mínu nafni fylgir ok  
 ‘þeim sigri er ek vann í norðrhálfu heimsins er þér þorið  
 ‘ægi að fylgja mér ok mínum sigri. vitið það að Labienus  
 ‘þótti hinn mesti höfðingi með sínum vápnum ok hinn 30  
 ‘hardasti meðan hann var með mér en nú er hann kominn  
 ‘í annan flokk ok er hann nú hinn herfílígsti flóttamaðr

19 þer (o: þær) = þ̄.

32 herfílígsti = h̄ulígfti.

'hæði á sjá ok á lande. setið niðr nú merkin mín ok flýi  
 'þeir er það vilja ok taki þeir upp vápnin er betri karl-  
 'menn eru ok mun ek halda upp orrostum jamt sem áðr.  
 'en þeir fáer menn er valda "þessi" skulu taka maklikt  
 5 'viti fyrir sinn ótrúleik: nú skulu þeir rétta fram hálsana  
 'ok skulum vör sjá aller samt hvárt þesser hinir nýju  
 'riddarar kunni stórt að höggva er nú vilja mér fylgja'.  
 við þessa ræðu varð fólkið svá hrætt að æingi þorði brott  
 að fara en aller játuðu honum sinni hlýðni. nú ferr Julius  
 10 með allan herinn í borg þá er Brundisium heitir ok lætr  
 þar heimta saman öll skip þau er fá mátti af Púle. en  
 hann sjálfr riðr til Rómaborgar með litlu liði ok var þar  
 gjörrdictator ok consul af því liði er þar var til. síðan  
 fór hann í borg þá er Alba heitir ok blótaði þar epter  
 15 fornri venju Rómaborgarhöfðingja ok ferr síðan aprt í  
 Brundisium sem skjótaz má hann við komaz eptir þeim  
 föngum sem þá mátti til verða.

3. Frá hættuferð Juli. Eptir það ferr hann út yfir  
 hafið með her sinn í borg þá er Paleste heitir. en þó  
 20 var mikill herrinn ægi búinn: þá setti Julius þann höfð-  
 ingja yfir liðinu er Antonius hét ok bað hann til sín  
 koma svá sem hann yrði fyrst búinn til. nú setr Julius  
 herbúðir sínar skammt frá því er Pompeius hafði sínar  
 herbúðir; en tvær ár miklar féllu millum herbúðanna svá  
 25 að hvárigir máttu til annarra komaz, ok hét önnur Apsus  
 en önnur Genusus. svá segir Lucanus að hamingjan fekk  
 þenna stað til þess að varðveita þessa tvá höfðingja heimsins 23  
 er æztir váru ok skirra svá úhæfuna nokkura stund þó  
 að meiri kvöl yrði heiminum en svá að þessi dvöl kjæmi  
 30 til sættar. hér mátti hverr þeira sjá annan ok mæla við  
 annan ok minnaz á það hversu lengi þeir höfðu með

10 heitir +.      19 Paleste > palestria.      20 herrinn = hñ.

22 koma +.      24 miklar = mikklar.      25 Apsus > Capfus.

26 Genusus > Genufus.      30 hverr = húr.

mikilli ást saman haldiz í fögrum tengðum. nú var Julius fúss til orrosto, en honum þótti Antonius seinn til fundar við sik: þá gjörði hann orðsending til hans ok mælti 'gjör svá vel, dvel æigi herinn; því at ek veit að hann vill gjarnliga hingað koma þó að hann viti víst skipbrot 5 'fyrir. nú er mér mikil sótt í svá búnu, ok æigi skiptum 'vér nú jafnt heiminum: Cesar ok aller öldungarnir sitja 'nú í Epiro en þú hefer nú einn Rómaborg'. en er Antonius dvalði myklu meirr kvámuna en Julius vænti þá fór Julius brott frá herinum nótt eina ok hafði eins 10 riddara klæðnað: hann gekk með sjávarströndu ok fann eitt lítið skip sett í bergskor eina ok fest með reipi: hann sá þar hjá hús lítið grasi vaxið ok byrgðar dyrr: hann gekk að hurðinni ok knúði hendi sinni. en þar var fiskimaðr einn fátækr inni sá er Amiclas hét: hann gekk 15 til hurðar ok spurði hvern svá fátækr væri kominn að hans skjóls þurfti að vitja: síðan kvæykði hann ljós ok lauk upp dyrunum ok skildi æigi hvað goðin veittu honum er hann hræddiz ekki en sú mundi eingi borg eða herbergi að menn mundi æigi hræðaz ef Julius knúði sjálfr 20 dyrrin. síðan mælti Julius við hann 'ef þú vill fylgja mínu 'ráði ok flytr mik yfir hafid á Púlsland þá skaltu æigi 'þurfa að æiga björg þína alla undir báti þessum eða 'undir verki þínu: far þú skjótt ok bú þik ok dvel æigi 'fyrir því að það mun þin gæfa að gjöra minn vilja'. 25 Amiclas talði torveldi á ferðinni en þó lauk svá að hann læysti skipið ok setti fram. nú snúaz þeir skjótt ok sigla í haf en vindinn gjörði hvassan ok sæinn stóran. nú hræddiz fiskimaðrinn mjök ok vildi þar taka land sem fyrst gjæti hann. en Julius sagði 'hræz æigi þú ógn hafsins 30 'ok sigl beint í mót veðrinu ok stefn á Italia land, ok

8 Epiro > ephiro. 9 myklu = myeklu. 15 Amiclas > amnclaf. hann = han. 25 minn ∞ mín. 25-26 vilja. Amiclas > = = Amnclaf.

'sú ein er rétt "trua" til hræzlu þinnar að þú veiz ekki  
 'til hverjum þú fylgir fyrir því að gæfan ok goðanna  
 'fullting mun aldregi við mik skiljaz. nú stefnum "uið  
 "'þessa hafnar er Calabrū heit'" fyrir því að þar að eins  
 5 'mun sú lending er við munum lífi halda'. nú sigla þeir  
 á hafið þót Amiclas vildi æigi; en veðrið óx að einu:  
 nóttina gjörði ok myrkri en dæmi væri til því at veðrit  
 var þykkt ok skúrir við eða drífa ok þeir sá æigi siglu-  
 tréið ofanvert ok máttu öngu við koma öðru en sigla  
 10 forviðris. þar kom loks að Julius ætlaði ekki annað en  
 þeir mundu týnaz skulu ok mælti 'undrumz ek það er  
 'goðunum verðr svá mikið fyrir að týna mér er þau æsa  
 'allt hafgjálfr að mér þar er ek sit á einum litlum báti. 24  
 'ef minni virðingu er æigi ætlað að látaz í orrosto ok  
 15 'skal ek heldr drukkna í sjá þá mun ek úhræddr taka  
 þann dauða er goðin ætla mér ok þót nú lúki skjótt yfir  
 'mína æfi þá hefi ek unnið mér nær til yfrins ágjætis:  
 'ek hefi kúgað allar norðrhálfur heimsins ok mínir óvinir  
 'ero aller á flótta fyrir mér; svá var ek nú næst í Róma-  
 20 'borg að Pompeius var mér lægri, tók ek nú þar alla  
 'þá tign er ek veit dæmi til að rómverskr maðr hafi  
 'fengið. en nú bið ek þess að eingi viti hvað af mér er  
 'orðit ok stíga ek svá dictator ok consul fullr allra tigna  
 'í dauðann: láti goðin mik önga eplingjörð hljóta ok  
 25 'hvergi lík mitt til landa bera ok önga sáluelda kynda  
 'fyrir því að várir úvinir munu aldri við mik úhræddir  
 'meðan þeir vita æigi vísan bana minn'. svá mælti hann  
 meðan þeir voru í þessum mikla háska. en þó lauk svá  
 að þá bar að landi ok komz hann til fundar við Antonium  
 30 ok hans lið ok allmjök á úvart ok er hann var kenndr  
 þá dreif að honum nær allr herrinn ok mælti 'hvar til

1 "trua" < sök.    5 þeir +.    6 Amiclas = 'A'.    10 loks  
 = lox.    14 minni > min.    22-23 er orðit +.    28 mikla  
 = mickla.

‘ætlar þú þá er þú hættir lífi þínu í svá mikinn háska ok  
 ‘lætr oss forostulausa en þú læypr á hafið við annan  
 ‘mann í svá miklum stormi? Því at líf þitt er hjálp ok  
 ‘hæilsa lýðsins en nú ertu æitt hið hæsta höfuð heimsins  
 ‘þá eru nær ærsl í að vilja svá dæyja því at æingi er 5  
 ‘sá þinna höfðingja eða riddara að æigi vili aller með  
 ‘þér lifa ok dæyja fyrir hvern mun ef vèr ættim kost  
 ‘— en nú *skæm* vèr sofa meðan þú vart í lífsháska!  
 ‘ok yfrið mjök ræynir þú “þi” *æm* “ingiu” í orrostum  
 ‘þót þú hlaupir æigi á haf út í úfærum veðrum því at 10  
 ‘öllum vör *æm* eptir þér að koma’.

4. Julius bjóz nú sem hvataz ok vānu bráðara kom  
*ællu* liðinu í Epirum. Pompeius sá nú að Julius var  
 kominn nær herbúðum hans með allan sinn afla. hann  
 vildi slytja Corneliām konu sína í æy þá er Lesbos heitir 15  
 ok væri hōn þar hirð frá öllum háska. nótt hina næstu  
 eptir vaknaði hōn er á leði ok vildi krjúpa að honum  
 ástsamliga ok kyssa hann, en þá er hōn tók hendi sinni  
 á kinn honum þá fann hōn að kinnin var vāt af tárūm  
 ok varð hōn ákafa hrædd ok þorði eingis að spyrja fyrir 20  
 því að hann var ekki vanr að gráta. en af stundu mælti  
 Pompeius þar er komið að mér þikkir æigi bliðara að  
 ‘lifa en að dæyja því at sá dagr mun nú koma er vèr  
 ‘höfum dvalið með smá ok stōru. Julius er nú kominn  
 ‘hèr með lið sitt ok sýniz mér ráðligra að þú farir frá 25  
 ‘vārum fundi ok í Lesbos “þa” er þú sèr vel haldin.  
 ‘skaltu nú eingis þess þar um biðja er ek vil æigi. mun  
 ‘þessi stund skjótt liða fyrir því að *ek* sè að sköpin hrapa  
 ‘nú mjök ok mun *tíl*

3 miklum = mikklu. 8 *skæm* < *skyldim*. 9 “þi” *æm*  
 “ingiu” < þína hamingju. 11 *æm* < yfrið annt. 12  
 Julius > uhuf. 13 *ællu* > hann öllu. Epirum > ephiro.  
 17 honum ∞ hm. 26 “þa” (o: þá) < þar.



## G.

‘er það kynlikt að þér ætlið mik yðr líkan er minna 25  
‘unnið Pompeio en ek ann dauðanum’.

2. Nú kemr Julius þagað með her sinn ok þar  
5 kemr hann sem Sceva var nálíga fallinn: taka þeir hann  
upp ok bera á öxlum sér ok lofa aller hans hraustleik  
ok þótti þeim heldr sem það væri goðanna kraptr er  
hann hafði en manns. nú leggja þeir hann niðr á völl  
einn sléttan ok taka af honum vápnin ok þá mælti Julius  
10 ‘mikill harmr er það, enn sterkasti Sceva, er þú mátt  
‘æigi prýða hofin með þínu fengi ok æigi njóta sigrs  
‘með þínum lánardrottni svá sem þú vart ágjætliga viljaðr’.  
ok þá lét hann lífi sínu við mikinn hraustleik ok vaskleik.

3. Pompeius lætr nú færa herbúðir sínar að þangað  
15 sem virkið hafði verið ok dræifði liði sínu ok bjóz þar  
um sem öruggligaz ok gjörði æigi ganga yfir út þót kost  
væri. en Julius hafði ekki komið sér við þenna bardaga  
en sá virki sitt brotið ok brennt ok menn sína marga  
fallna: hann undi nú illa við er Pompeius ok hans menn  
20 höfðu hvild ok hægjan herbúðastað ok varð hann svá óðr  
við að hann eggjandi menn sína yfer virkið ok frýði öllum  
hugar er æigi vildu að ganga með honum. nú ræðr Julius  
til atgöngu með mikla sveit manna ok fylkti sínu liði  
öllu á velli einum sléttum. en Pompeius gengr út ór  
25 herbúðum ok fylkja þeir margar fylkingar umhverfis lið  
Julii. þá var æsi-gnýr mikill af kalli ok vápnabraki ok  
lúðragangi ok gjörði svá myrkt af moldryki að nálíga  
mátti ekki sjá. þá sló ótta miklum á lið Julii ok þótt  
þeir vildi flýja þá hljópu þeir í hendr úvinum sínum. svá  
30 lauk þessum fundi að drepið var mjög mart af liði Julii.

2 ætlið mik +. 4 Nú > u. þagað ~ þangað. 5, 10  
Sceva > Seepa. 12 ágjætliga > agæthga | a. 14 Pompeius  
> ompei'. 16 öruggligaz = avrugghaz. 23 mikla = mikkla.  
28 miklum = micklū.

ok þá er svá var komið þá stöðvaði Pompeius sjálfr lið sitt að æigi væri að gengið þar sem Julius sjálfr stóð með sína sveit. nú snýr Julius aprt yfir virkið til sinna manna ok flýr hann síðan ok allt lið hans.

4. Síðan fór Julius eptir þenna úsigr brott ór Epiro 5 ok kom með lið sitt í það land eða hérað er heitir Emathia en Thessalia öðru nafni. En Lucanus ræðir svá um þenna fund 'hér mundi nú' segir hann 'hafa lok á fallið 'um þenna ófrið í Rómaborg ok lögin sjálf mundu náð 'hafa sínu fullu frelsi ef Silla hinn ríki föstri Pompeii 10 'hefði þenna sigr fengið' kallar Lucanus það stórligan harm er Julius með sitt ofrkapp skyldi eiga þessa dæilu við mág sinn svá mildan ok miskunnnsaman.

5. Þá er Julius var brott farinn með her sinn þá vildi Pompeius fara eptir honum með öllu liðinu. en 15 höfðingjar ok vinir hans vildu að hann færi til Rómaborgar ok sögðu að þar mundi æingi fjanðmanna fjöld fyrir. en 26 Pompeius svarar á þessa leið 'aldregi skal ek gjöra að 'dæmum Julii ok æigi mun ek koma til Rómaborgar nema 'ek koma með friði. vel hefða ek mátt halda Rómaborg 20 'ef ek vilda berjaz á miðju torgi eða í nánd helgum 'musterum: hefi ek því farið í fjarlæggt ríki að ek sparða 'mjög fóstrland mitt til allra vandræða — því at enn skal 'ek þín vitja Roma ef ek fæ sigr, ok fyrir því flýða ek 25 'að ek vilda æigi vandræði þín. þó að Julius vegi á mér sigr þá vil ek æigi fyrir því að heldr að hann þýðiz þik'. eptir þessa stefnu ferr Pompeius austr í Emathiam landveg. hann setr herbúdir sínar í nánd því sem herbúdir Julii váru. var það mjög lengi að þeir sátu þar fyrir því að hvárutveggja liði var ólti að öðrum. Sextus 30 Pompeius hét son hins mikla Pompeii: hann gjörðiz mjög

5 Epiro > ephiro. 7 Thessalia > thefaha. 14 þá er > a er. farinn = farin. 23 enn (= eñ) < (eif o:) eins. 31 mikla = mekka.

fíuss að vita fyrir, hversu reiða mundi. í Thessalia var fjöldi mikill galdramanna: þeir gjörðu stundum daginn svá myrkjan sem nótt væri en stundum nóttina svá bjarta sem dagr væri.

- 5 6. Frá Erichtho. Erichtho hét kona sú er ágjæzt var af sinni fjölkynngi: hón byggði æigi í borgum né húsnum, hón lá í hellum eða í leiðum dauðra manna: hón var mögr en litr hennar var jörðu svartare ok gekk af henni daunu illr: hón var vön að kvæykja upp dauða
- 10 menn ok láta segja sér slíkt er hón vildi. hennar leitaði enn ungi Pompeius ok fannz hón um síðir í helli nökkurum. enn ungi Pompeius kvaddi hana fyrri ok mælti 'hæyr þú frægð allra tröllkvænna. spurt hefi ek að þú 'mátt mörgum hlutum stýra ok forlögum manna stýra
- 15 'með þínum kænleik en ek vil biðja þik að þú segir mér 'hvern enda hafi várir bardagar: æigi krefr þik þessa 'virðingarlauss maðr af Rómaborg heldr sonr hins mikla 'Pompeii sá er erfingi er eptir til konungsrikis en eptir- 'gjörðarmaðr ef þess þarf við: rannsaka þú annars heims
- 20 'staði ok seg mér hvað falla mun af váru liði'. Erichtho svaraði honum 'miklu má ek stýra um eins manns forlög 'ok líf, svá ok um dauðann; en ekki má ek ráða forlögum 'alþýðunnar'. þar kemr loks að þau taka dauðs manns lík ok draga það í helli þann er hón hafði verið í ok var
- 25 myrkt nálíga. svá er mikið að segja frá hennar kænleik að nálíga hrærði hón alla jörðina ok hafid ok fara mátti hón í gegnum holt ok hamra: hón mátti kvæykja upp fylkingar dauðra manna ok láta berjaz sem hón vildi. Erichtho

1 Thessalia > thesalia. 2 daginn = dagin. 5 Erichtho > ericto, Ericto. 7 eða > eð = =. 8 jörðu ~ jörðu. 13 spurt > Spur. 16 bardagar > bardagar. 17 mikla = mickla. 19 rannsaka = Ranzaka. 20 Erichtho > Ericto. 21 miklu = Mikclu. 23 loks = lox. 27 fylkingar > fylkinga. 28 Erichtho > Ericto.

klæðir sik nú undarligum búningi ok magnar svá sína galdra. en Sextus Pompeius ok hans förönautar tóku að hræðaz mjök. þá mælti Erichtho 'hvárt hræðiz þér þótt þessi maðr lifni ok mæli við oss of stundar sakir? vera mætti að þér hræddiz ef ek lyka upp fyrir yðr helvíti 5 'ok sæi þér þar eldsfulla staði ok ár þær er með æitri 'fëllu eða höfðingja þá hina ógurliku er þar eru'. síðan tók Erichtho höggorm einn lifanda ok bardí með líkama hins dauða manns unz

## II.

10

27 að öllu. í þenna tíma laust á veðri myklu með eldingum ok reiðarþrumum ok svá var mikið veðrið að fjöldi manna féll fyrir en upp tók skjöldu ok vápn manna í loptið. en svá var fólkið rasanda að þá er vápnin féllu ofan ór loptinu þá kölluðu þeir að goðin sýndi það að þau vildi 15 berjaz láta er þau sendu vápnin ofan ór loptinu. [Sua uar fólkið rasanda að] þeir leituðu sér margra líkna við himnagoðin. en Lucanus kallar á því líkendi að Julius mun nú blótað hafa til sigrs sér svá marga góða menn sem hann drap í þessum bardaga. svá er sagt að vísenda- 20 maðr einn sá er Aponus hét sat á fjallshálsi einum yfir uppi þar sem liðit hjóz hvártveggja undir niðri ok sá þaðan til ok mælti 'nú kemr mikill dagr ok mun stórt í 'gjörasz: hér gangaz að móti fylkingar þeira Pompeii ok 'Julii, tveggja hinna æztu manna er nú eru í heiminum, 25 'ok himininn sjálfr sýnir ógnir á sér um þessa dæilu 'hversu óskaplig er.'

2. ~~~. Nú fara menn Pompeii fram á vígvölluna í sólarupprás ok þá er sól rann upp ok tók að skína á vápn manna þá tóku nálíga allar hæðir að skína af skjöldum 30

2 förönautar (= fauravnautar) < förönautar. 3. 8 Erichtho = 'e'. 11 myklu = mýkclu.

ok vápnum. enum vinstra fylkingararmi stýrði Lentulus consul með öllum Rómverjaher þeim er hraustastr var, en hinum hægra fylkingararmi stýrði Domitius er fyrstr barðiz við Julium í Lumbarði, en í miðri fylking váru  
 5 borin fram merki Pompeii ok fylgði dýrðligr höfðingi sá er “libico” hét ok með honum fjöldi höfðingja af Rómaborg ok váru valðir hinir beztu riddarar af útlendum her: var þar gjör ákafa þykk fylking. önnur fylking stóð þar er nökkuru var lægra við vatnföll nökkur ok stýrðu því  
 10 liði höfðingjar ór Asia. en þriðja fylking stóð á hæð nökkurri frá Rómverja liði ok stýrði þar konungr af Siria ok þar með vikingar ór Grikklandshafi.

3. ~~~. Nú sér Julius að lið ferr fram á völlum ok menn sýna sik búna til orrosto í gegn honum. þá óttaz hann  
 15 nokkuð í fyrstu ok kallar saman allan herinn ok mælti á þessa leið ‘hæyrið nú riddarar er sigraz hafa víða um ‘heiminn með minni hamingju. nú er sá dagr kominn er ‘vèr höfum opt til langað: nú þarf hans æigi að æskja. ‘næytilið nú svá vápnum að vèr biðim *annað* hvárt í dag  
 20 ‘bót eða bana. þèr hafið nú yðr í hendi í dag hvað manna ‘ek skal vera í kveld. ek man gjörla þann dag er þèr ‘hétuð mèr fulltingi við Rubicon ok af þeirri ván ræð ek ‘til bardaga þá er mèr var varnað alls sóma í Rómaborg. ‘nú mun ræyna hvárir vèr berum sannara mál til því at 25  
 25 ‘þeir munu sekir ganga er sigraðir verða. en èr kváðuz ‘fyrir mínar sakir sækja fóstrjörðina með vápnum ok eldi: ‘beriz nú hart þá ok læysið nú af hendi þenna bardaga. ‘öngum manni verðr að sóma bardaginn þeim er þá skipter ‘hamingjunni. æigi liggir minn lutr við að eins. ek bið að  
 30 ‘þèr frelsið yðr ok fáid vald yfir öllum þjóðum. ek em

3 Domitius = Domer'. 6 “libico” (o: Scipio) \* Lucan. VII  
 223 Scipio, miles in hoc, Libyco (Libyo) dux primus in orbe.  
 12 Grikklandshafi > gr~~~~landz hafi. 13 Nú > u. 22  
 Rubicon ∞ rubiton. ræð o: ræð.

'fúss að koma í Rómaborg með friði ok kalla mik þá  
 'ótiginn sem einn hvern yðarn en láta yðr yfirgang hafa  
 'sem framarst sómír í mínu trausti. ægi mun yðr mikið  
 'þikkja að sigra útlendan her er hér er saman kominn 5  
 'af Grikklandi — ok sá lýðr af "palaftina" er sjaldan hefir  
 'vápn borið, ok þá er lúðrar kveða við ok heróp kemr  
 'upp þá munu þeir varla bera mega sjálfra sín "kuav"  
 'þvígít fleiri hendr munu með kappi berjaz oss í móti.  
 'ægi þarf að spara útlendan herinn /xi at þeir eru  
 'ávallt várir úvinir. ráðum þar fyrst á sem þeir standa. 10  
 'kemr yðr nökkuð þad í hug að þeim muni undir þikkja  
 'hverr höfðingi er í Rómaborg eða þeir muni fúser að  
 'kaupa sínu blóði ríki Pompeio? hatar sá lýðr Rómverja  
 'er kúgaðr er undir vart ríki. nú er undir yðru afli mín  
 'hamingja, þeira manna er ek hefi ræyndan hraustleik 15  
 'áðr í mörgum orrostum ok ek kenni nær hvers manns  
 'vápn ok ek skil hvar hvergi skýtr fram sínu spjóti.  
 'sè ek nú að þau merki yðarra hertoga er lítt hafa brugðiz  
 '~~~~~ harðligt yfirbragð ok ógurlikt hafa svá sem fyrr  
 'meirr þá er þer váguð sigrinn. ek þikkjomz ok nær sjá 20  
 'alla þessa völlu fljóta í blóði ok undir fótum troðin lík  
 'konunganna ok öldunganna ok várara fjandmanna. fyrir-  
 'gefið mér þótt ek dvelja yðr nú þessa stund að hlýða  
 'mér svá sem ek sé að þer eruð nú fúsir að berjaz.  
 'aldregi sá ek himnagoðin jafn nálæg fyrir þau er oss gefi 25  
 'sigrinn. stöndum vér nær þeim völlum er vér munum  
 'sigraz á. ek mun ósparr að veita yðr þau gjæði er þesser  
 'konungar hafa átt. svá mun lúka þessi orrosto að vér

3 trausti > "travst" ~~~. 5 "palaftina" \* Lucan. VII 270-71  
 Graiis dilecta iuventus Gymnasiis aderit, studioque ignava pala-  
 strae. hefir = hefú. 7 "kuav" ~~~ < kvöð. 8 munu  
 < munu munu. 9 útlendan > ~~~lendan. 17 hvergi  
 = hūgi. skýtr > ~~~ýtr. 18 að þau < þau. hafa =  
 hafua. 19 ~~~ < ok. 20 ek þikkjomz ok > ~~~ þikkjomz  
 ~k. 25 himnagoðin > himn ~~~ goðin.



'munum upp taka annað tveggja gjæðin mikil eða svívirðing  
 'elligar. látið yðr í hug koma hverr yðarr kostur mun þá  
 'er þér sjáið mik *sjötraðan* eða *mítt* höfuð á spjóta oddum  
 'eptir þá orrosto er vèr berjumz við þann hertoga er  
 5 'fóstri er Silla hins ríka. þér skoluð það víst vita um mín  
 'órræði ef ek sé ægi að vèr *sigrumz* að ek skal sjálfr  
 'minni hendi veita mér skaða. goðin þau er sjá af himn-  
 'inum hvert missætti Rómverja láti þann *sigras* er ægi  
 'þikkir það nauðsyn að drepa þá alla er *sigradir* verða ok  
 10 'kallar það ægi hina mestu úhæfu þótt menn hafi missáttir  
 'vorðið við sína borgarmenn. muni þér það nú er Pompeius  
 'helt yðrum fylkingum svá að þér náðuð varla að berjaz  
 'eða hversu mart líð hann drap fyrir yðr. nú er sú bæn  
 'mín við yðr að þér *höggvið* öngan þann mann er baki  
 15 'snýr við yðr: látum frið hafa þá er flýja ~~~~~ðan

## I.

*í miklum stormi ok kom~~~~~Palinurus- strandar* 29  
*en Kato. Gneius Pompeius son* hins mikla Pompeii kenndi  
 skipið er að fór landinu ok kenndi mennina þá er hann  
 20 sá. hann fór þegar á mót skipinu ok kallaði á bróður sinn  
 er hann sá standa á þiljum frammi ok mælti 'bróðir.  
 'hvað segir þú mér til föður míns? hvar stendr hið hæsta  
 'höfuð heinsins? eða erum vèr farnir ok Magnus farinn?  
 Bróðir hans svaraði honum á þessa lund 'sæll ertu bróðir  
 25 'er þú vart ægi þar staddr sem vèr várum ok skaltu  
 'heldr hæyra úgjæfuna en sjá á föður þíns dauða ok hans  
 'hórmulikt líflát. ekki féll hann fyrir vápnum Julii mágs  
 'síns, heldr léz hann fyrir vápnum ens illa konungs á

9 nauðsyn = nauðzýn. sigraðir verða > ~~~~~sigradir uerð~~~~.

12 varla > ua~~~~la. 13 eða > ~~~~~ða. 14 öngan >

avng~~~~n. 15 ~~~~~ðan <. en meðan. 17 kom~~~~~

< komu þeir síðar til. *Palinurus* > *palinorl*. 18 *Gneius* =

*Gnegi*?. mikla = mickla.

‘Egiptalandi þess er makligr er harðra hefnda ok æigi  
 ‘launaði sæmiliga það ríki er var honum veitt ok hans  
 ‘forellri. enn ek sá gjörla er faðir minn var veginn. ek  
 ‘trúða æigi að Egiptalandskonungr mætti stórvirki slíkt  
 ‘vinna. þótti mér æigi svá þungt að sjá blóð hans ok 5  
 ‘sár sem það er þeir báru höfuð á stöng ok færðu upp  
 ‘til borgar ok gjörðu það til frægðar sér ok ætla það að  
 ‘sýna Julio ok gjöra það til vinganar við hann. ok vitum  
 ‘vér æigi hvárt fuglar eða hundar rífa hræin eða hefir  
 ‘bál það læynilíkt er vér sáum um nóttina verið gört eptir 10  
 ‘hann. nú veit guð ef það hefir verið. en ek harma það  
 ‘er goðin létu slíka úgjæfu verða framða af svá miklum  
 ‘víkingi’.

2. Þá er Pompeius enn ellri hæyrði þessa sögu þá  
 grét hann æigi né harmaði heldr reiddiz hann karlmannliga 15  
 ok höfðingliga ok mælti ‘setjum fram skipin sem harðaz  
 ‘ok snúum aptr til Egiptalands. gjörið svá vel höfðingjar,  
 ‘fylgið mér. “alldr” mun verið hafa verkkaupið meira  
 ‘orrostinni, en nú mætti svá vel verða að þér seddið  
 ‘mína ræiði á blóði víkingsins. með því að faðir minn 20  
 ‘hefir öngan umbúnað sæmiligan þá skal ek upp brjóta  
 ‘leiði hins mikla Alexandri ok allra þeira höfðingja er  
 ‘þar eru jarðaðir ok kasta á sæ út þeira beinum: ek skal  
 ‘taka goð þeira Isim ok Osirim ok svipta af líndúkum ok  
 ‘þar skal fylgja hið helga goð þeira Apis ok skal þeim 25  
 ‘þar elda undir öllum sem brennt er höfuð Pompeii. svá  
 ‘vilda ek leika við Egiptaland að æingi maðr byggði þar  
 ‘ok áin Níl gjörði mannigi grand ok væri faðir minn þar  
 ‘æinn eptir þá er æytt er bæði goðunum ok mönnum’.  
 að svá mæltu hljóp hann til skipa sinna ok mart manna 30

3 enn (= en) < en.    11 hefir = hefú.<sup>7</sup>    12 miklum =  
 mikklū.    14 þá er > a er.    22 mikla = mikkla.  
 30 hann +.

með honum. en Cato gekk til ok stöðvaði þá en kallaði þó stórmikla várkunn á að honum bjöggi mikið í skapi um hefndina.

3. Nú voru sögð tíðindin öllu fólkinu, fráfall Pompeii
- 5 Magni, ok reis þar upp með ströndinni allri grátr ok aumkun svá mikil að menn vissu æigi dæmi til að allt fólk bæri svá þungliga æins manns dauða. en þó þótti þá miklu á auka er menn sá Corneliam læidda af skipi ok svá fólva að æigi mátti sjá mannslit í andlitinu ok hafði
- 10 laust hárið. en þá er hún kom á land þá kom hún til 30 ok lét bera saman vápn þau en ágjætu er átt hafði Pompeius Magnus ok klæði gullofin ok gullsaunuð þau er hann hafði þrim sinnum borið inn í þórshof eptir hina æztu sigra er hann vann. síðan lét hún gjöra sáluelda
- 15 eptir fornum sið ok kastaði þar á fram klæðunum ok vápnunum. eptir það risu þar upp sálueldar eptir allri ströndinni þar sem herrinn byggði. þar fylgdi síðan kall mikið af öllu fólkinu ok ámæltu goðunum er þau létu slíka úgæfu fram ganga ok kváðu Pompeium þeim æðra a víðsu. en
- 20 þó var honum meiri vegr að þeim orðum er Cato talaði fyrir fólkinu ok hóf málið á þessa leið 'sá maðr er nú frá fallinn er úlíkr ok újafn er hinum fyrrum mönnum 'várum að kunna hóf að sínu ríki en þó nytsamligr þeira 'æfi er nú eru. hafði hann með sér ást hins rétta. var
- 25 'hann svá ríkr að aller Rómverjar héldu sínu frælsi. þó 'vildi hann ekki tignarnafn bera þótt alþýðan vildi honum 'þjóna. stýrði hann öldungunum að þeir héldi sínu ríki. 'mat hann ekki kaups við þá orrostornar eignaðiz hann 'stórmikið fè en færði miklu meira öldungunum í Róma-
- 30 'borg. bar hann opt vápnin ok kunni niðr að leggja þót 'hann væri vápnaðr. elskaði hann friðinn undir vápnunum 'ok tók með virðingu hverja tign. gjætti hann sín við

2 stórmikla = stormickla.    4 Nú > u.    8 miklu = micklu.

24 æfi = æfui.    29 miklu = micklu.

‘allri svivirðingu. nafn hans var göfugligt fyrir öllum  
 þjóðum ok mikið jók hann Rómariki. Þá er þeir Silla  
 ok Marius dæildu fórst hið sanna ríki ok frelsi Róma-  
 borgar, en nú er Pompeius er frá tekinn fórst yfirbragð  
 frelsissins. mun nú Julius ráða ok ríki æinn öllu, er nú 5  
 farið afl öldunganna. Þikki mér sá sæll er svá skjótt kemr  
 dauðinn að hendi þá er hann er sigraðr sem nú gjörðu  
 Egiptalandsmenn við þann er gjarna vildi æigi lifa við  
 skömm. það er hinn æzti manngostr að kunna að dæyja.  
 ef ek kem í ríki Juba konungs þá mun ek biðja hann 10  
 ef oss veitir þungt að hann láti höggva af mér höfuð  
 ok spari það æigi heldr Julio’. nú var þetta miklu meiri  
 vegr Pompeio (segir Lucanus) er Cato talaði þvilikum  
 orðum en þó að allr Rómaherr veitti honum mikið orðlof.

4. Eptir þetta gjörðiz sundrþykki með honum ok 15  
 öllum herinum ok vildu margir skiljaz frá ok ganga til  
 sættar. Tarkon hét vikingr æinn sá er fyrstr varð til  
 þess að skilja við Catonem ok fór með honum mart manna  
 til skipa ok vildu á braut. Cato gekk að honum ok  
 mælti við hann ‘hæyr þú hiim grimmi vikingr. hvárt viltu 20  
 enn fara aptr í hernað? mun það fylgja fráfalli Pompeii  
 að aller vikingar munu leggjaz vilja í haf’. eptir það sá  
 Cato að allþýða manna bjóz. þá gekk æinn riddari að  
 honum ok talaði fyrir hönd alls hersins ok mælti ‘Cato’  
 sagði hann ‘al þú oss várkunn þótt vér vilim brot. vér 25  
 gengum í dæilu þessa fyrir ástar sakir við Pompeium en  
 æigi fyrir því að oss þikki gott að berjaz við vára borgar-  
 menn ok frændr ok fóstbræðr. nú er sá frá fallinn er  
 allt fólk virði meira en sjálfan fríðinn

---

5 ríki (= ríki) < ríkja.    7 dauðinn = dauðin.    15 Eptir  
 > ptz.    17 Tarkon ~ Carkon < Tarkondimotus. fyrst ∞  
 fyrftz (∞: fyrst).

## X.

### UPPHAF RÓMVERJA.

---

#### I.

1. *Af Romulo ok Remo bræðrum.* Svá segja róm- 12<sup>3</sup>  
5 verskar bækr frá uppreist ok esleng Rómaborgar í fyrstu  
at dóttir þers manns er Numitor hét var nefnd Rhea ok  
þá er hón var mæð var hón í musteri einnar gyðju ágjætlega  
klædd svá sem til daglegrar þjónustu ok þá bar svá til  
perse sömu jungfrú annat hvárt í draumi eða einshverri  
10 andalegri vitran at henni þótti scálftr bardagaguðit sem  
Mars heitir á látínu ok vör köllum Tý koma til sín í  
líking karlmannlegrar sambúðar af hverri hón gat ok  
fæddi tvá tvíbura sem annar hét Romulus en annarr Remus  
hvaðan af er allra heiðinna manna bekr sýna ok sanna  
15 nefnda bræðr hafa verit synir Martis hvat er oss sýniz  
at hváru með öllu ótrúanda með hverjum öðrum efentýrum  
sem þeirra getnaðr hefir til komit. móðer þeirra var síðan  
gráfin kvik í jörð eptir lögum þeirra fyrir þann ljótlega  
hórdóm sem hón sýndiz drýgt hafa. eftir þat voro synir  
20 hennar kastaðir í eitt jarðfall eða helli við ströndina  
árinnar Tífr. þar segjaz þeir af cinni vargynju fæddir

---

2 +. 6 Numitor > múnitor. Rhea = rea. 12 karlmann-  
legrar = karlmanleg. 13 fæddi ~ feddi. 15 Martis ∞  
marcis. 16 efentýrum = efventyrü.

verit hafa nokkora hrið leynilega ok drukkit hana. eptir þetta fann þá höfðingi einn sá er Faustulus hét ok bar þersa sveina til konu sinnar þeirrar er Laurentia hét ok fósttraðu þau þá nokkora stund með mikilli virkt eptir því sem þau höfðu fōng á. enn því at þerse Laurentia 5 var hardla fögr þá segiz þat af henni at hōn væri fullkomin portkona. af því kölluðu nāgrannar hennar hana lupam, þat er á norænu vargynja. af hennar nafni er síðan kallat á látínu lupanaria pútnahús, þat er þers kyns herbergi er portkonur byggja í. enn fyrr nefnd Laurentia 10 kona Faustuli er þá Romulum ok Remum fæddi á brjósti sér — þá efaz sumir spekingar í hvárt hōn hafi *verit* skipt í vargynju eða eigi. enn því at þeir hafa af samri vargynju fæddir *verit* þá tjá þat allir fornir greftir ok pentarar hvervetna á marmarasteinum ok dýrum marmara- 15 hallarveggjum voldugra höfðingja ok sæmilegra ritara. Svá segir Teitr hinn öfundsjúki. þeir fyrr nefndir bræðr Romulus ok Remus þegar þeir tōku at vaxa ok þroskaz þá söfnodu þeir hjarðreka ok illvirkja með miklum fjōlda ribbalda ok fóru með þeim her á hendr Amulio konungi 20 ok drāpu hann því at hann hafde á brott rekit Numitorem móðurfōður sinn eptir því sem fyrr var ritat ok settu hann síðan aptr í rikit. Af þersum tveim bræðrum Romulo ok Remo *var* síðan Rómaborg eslut eptir þeirra fyrirsōgn ok skipan: þerser voro niðrstigande af ætt ok afspringhi 25 Enee Trójomannahertuga: þá var liðit frá niðrbroti ok auðn Trójuborgar cccc vetra ok I ok iiij ár. svá seger meistari Orosius at Rómaborg væri fullkomlega esld á þeim tíma sem Achaz konungr rikti á Gyðingalandi. Romulus setti gullskript í Rómaborg gjörva eftir sjālfum 30

2 höfðingi < hirðingi. 3, 5, 10 Laurentia = laurencia, laurencia.  
 19 miklum = micklū. 20 Amulio > amulā. 21 Numitorem  
 > mīnitorē. 22 sinn < þeirra. 26 Enee > Enai. 30  
 gjörva = giorfa.



sér ok mælti svá 'falli þerse líkneskja eigi fyrr en mæ'r  
 'hefir son fæddan'. Á þriðja áre eptir er Roma var  
 diktut ok saman sett var Remus drepenn af *Fabio* hertuga  
 með skjótum ok umdarligum atburð því at hertuginn sló  
 5 hann úvaranda undir kinnarbeinit með einum hjarðreka  
 staf eða sprota með svá þungu höggi ok slagi at þegar  
 fekk hann bana af — þerse same *Fabius* var hertugi  
 Romuli bróður hans af þeim atburð at þeir bræðrnir  
 höfðu þrætt af fyrirburð galdrs ok sinnar fjölkynngi at  
 10 hvárrtveggi þeirra skyldi sèt hafa gjóða nokkora eða  
 vaka með sínum seiðgaldri eptir því sem segir Teitr enn  
 öfundsami. svá sem þeir bræðr voru tviburar, sagðe hann, 13  
 ok meðr jöfnum aldri þá kepptuz þeir um ríkisstjórn  
 með miklu forsi hvárr herri metorð eða stjórn skyldi hafa  
 15 yfir ríkinu. enn um síðer með hinna stærstu manna tillögu  
 ok meðalgöngu þá samþykktu þeir þat með sér um síðer  
 at hvárr sem meira kynni at seiðmagnan eða fjölkynngis  
 fyrirburð þá skyldi sá stjórna Rómariki eptir þeim hætti  
 sem hann væri fyrri fæddr ok hinn ellri bróðer ok fyrir  
 20 þersa sök höfðu þeir báðer komit upp í fjallit Aventinum  
 hvárr með sínum mönnum eptir því sem skipat var. þá  
 segja svá fróðar bækr Rómverja at fyrri birtiz Remo vij  
 gjóðar af sinni fjölkynngi enn síðarr birtiz Romulo tvifallig  
 tala fyrr nefndra fugla. horfði þeim nú til myklu meira  
 25 sundrþykkiss en *áðr*; því at hvárrtveggi sannade sik nú  
 rikara ok meira fyrirburð hvárr öðrum sèt hafa: *Romulus*  
 sagði sik meðr því sigraz hafa er hann steig yfir í sínum  
 fyrirburð með fleiri fjöld fuglanna, Remus með því er  
 hann sá fyrri. síðan sneriz þeim þetta til mikils úfriðar  
 30 ok stríðs bardaga ok eptir þetta var Remus drepinn sem

12 sagðe > sa||fagðe.    14 forsi = forzí    24 myklu =  
 mycklu.    25 en ∪ (eñ ∘:) enn.    26 rikara = rikaða.  
 30 stríðs bardaga = stríðs | bardaga.

fyrir var sagt, nú at hverju er þat almennileg frásögn ok þó merkileg at Remus hafi því verit drepinn at hann hafi nýja múra gjöra látit yfir fram þat endimark ok sáttmál sem skipat var milli þeirra bræðranna. Lýkr hér nú at segja frá *Remo*.

5

2. *Af Romulo*. Lukanus nefner í sinni frásögn móður fyrir nefndra bræðra Iliam er hér er áðr nefnd Rhea. Romulus kallaðe síðan borgina af sínu nafni Roma eptir dráp bróður síns, hann var hinn mesti spekingr ok var lengi konungr, hann setti fyrst rímtal ok skipaðe þá fyrst 10 árinu í *ix mánaði* — ok kallaðe hinn *fyrsta mánað* Martium af nafni föður síns — enn litlu síðarr var *skipt* í xij mánaði sem nú er haldit. Hann setti þá sveit manna er hann kallaðe *senatores* ok voro þat x *tigir manna*. Þeirra nöfn lét hann skrifa á tabulo af eiri gerva en ritat var 15 með gullstöfum. Þeir skyldu ráða ráðum öllum í *ríkinu* ok alla dóma dæma, með því at nokkorr þeirra *dæmdi* rangan dóm *eda tæki mútur* af mönnum til liðs sér þá skyldi á þingi skafa nafn hans af tabulo ok skyldi hann aldrei síðan eiga ván sæmdar í Rómverja hirð enn rita 20 þegar annan í hans stað.

3. *~~~~~*. Lukanus greinir eigi hversu at barst um líflát Romuli. Þó finnst svá ritat í bókum rómverskum at einn tíma svá sem Romulus var staddr við eina mýri hjá borg þeirri er Kapua hét á látinu enu Norðmenn 25 kalla Kápuborg — ekki er hér getit hversu fjölmennr hann var þar — þá varð sá atburðr at lopt ruglaðiz með óða stormi ok gjörðiz myrkr mikit umhverfis hann: taka

3 gjöra látit > ooooooo. 6 Lukanus > 'ooooos. 7 fyrir nefndra > oooooöndra. Rhea = rea. 8 borgina af sínu > b̄gooooooiu. 10 lengi konungr > ooooo~. 11 hinn > ooo. Martium = M̄cium. 13 mánaði > manooo. 14 þeirra > ooo. 16 ráða ráðum > raooooödü. 18 *eda?* 22 Lukanus > vkan'. 27 lopt > ~pt.

nú skýin sjálf at skakaz með eldingum ok hræðiligum reiðarþrumum af veðranna samkvámu ok í þersum enum *sögulega* myrkva ok ógurlegri skýjaferð þá segiz hann horfit hafa ok aldrei birz hafa *síðan enn þat kann* eingi <sup>5</sup> *glöggliga* at skrifa hvat af honum mun vorðit hafa. var hann af því *kallaðr heilagr* af Rómverja öldungum ok upp hafinn *millem* sjálfra guðanna.

## II.

*Hér hefr ~~~~~ lut Rómverja sögu ok segir fyrst hversu* 14

10 *lengi hvert ríki stóð.* Romulus ok Remus voro tveir konungar á Italia landi ok er svá sagt að þeir væri synir Martis er Rómverjar kölluðu orrostuguð en vēr köllum Tý en móðir þeirra hét Ilia ok var konungs dóttir af langfæðgum komin frá Enea mági Priami konungs ór Trójoborg. þeir bræðr <sup>15</sup> gjörðu Rómaborg. en þá er borgin var gjör þá vildi hvártveggi þeirra gefa nafn borginni af sínu nafni ok gjörðiz þaðan af svá mikið missætti þeirra að hertogi sá er Fabius hét drap Remum með samþykki Romuli konungs. eptir þat gaf hann nafn borginni af sínu nafni ok kallaði <sup>20</sup> Romuleam. Romulus var hinn mesti spekingr að viti ok var lengi konungr. Hann setti fyrst rímtal ok skipaði þá fyrst árinu í ix mánaði — ok kallaði hinn fyrsta mánað Martium af nafni föður síns — en litlu síðarr var skipt í xii mánaði sem nú er haldið. Hann setti þá sveit manna <sup>25</sup> er hann kallaði senatores ok voro þat x tigur manna. þeirra nafn lét hann skrifa á tabolo af æiri gjörva en ritað var með gullstöfum. þeir skyldu ráða ráðum öllum í ríkinu ok alla dóma dæma. meðr þí að nökkur þeirra dæmði

3 *sögulega* ~~~~~ *sögulega* (< *frásögulega*?). skýja = fkygia.

4 birz = birtz. eingi +. 6 *kallaðr heilagr* < *kallaðr ~~~~~*

*heilagr.* 9 ~~~~~ < (*ānan* ∴) *annan*(?). 10 Romulus

> omuluf. 14 Enea > eneā. 22 ix < x. 23 Martium ∞

marciū. 26 gjörva = giorfua. 27 í ríkinu > ríkinv-].

rangan dóm eða tæki mútur af mönnum til liðs sér þá skyldi á þingi skafa af nafn hans af tabolu ok skyldi hann aldri síðan æiga ván sæmðar í Rómverja hirð en rita þegar annan í hans stað. Eptir það er Romulus féll frá réðu konungar fyrir ríkinu hverr eptir annan langa hríð 5 þar til er sá konungr varð yfir Rómarríki er Tarquinius enn drambláti hét. hann var ooooo| "fæll ma" ok nálíga leiðr hverjum manni fyrir sinn ósóma ok ofdramb. í þann tíð var sá höfðingi í Rómaborg er Brutus hét: hann átti konu fríða ok ættstóra þá er Lucretia hét. en þá er Brutus var 10 æigi heima í borginni þá er ýmist sagt hvárr, Tarquinius eða son hans sá er Aruns hét, færi of nótt til húsa Bruti ok legðiz með konu hans að úvilja hennar berlíga. en þegar um morgininn eptir kallaði hún til sín alla senatores á málstefnu ok sagði þeim sína svívirðing: hún hafði undir 15 skikkju sinni sverð brugðit er Brutus átti bóndi hennar ok lauk hún svá sínu máli að hún bað þá hegna ósóma konungsins en hún léz æigi vilja lifa við skömm eða til svívirðingar bónda sínum — síðan lagði hún sverðinu fyrir brjóst sér ok dó þar þegar á þinginu. en Tarquinius 20 konungr var þá ok skjótt rekinn ór borginni. litlu síðar fór að honum Brutus hinn fyrsti consul ok drap Tarquinium ok æyddi öllu hans ríki. Þá réðu senatores ok settu þau lög að eingi maðr skyldi bera konungsnafn í borginni en tveir menn skyldu vera höfðingjar yfir Róm- 25 verjaher ok kölluðu þeir þá menn consules en vër þýðum það ræðismenn. þeir skyldu æigi lengr vera

1 eða tæki > eðoooo.    2 tabolu ok > taboluooo.    4 þegar annan í hans > þegaoooooooo.    5 langa hríð > ooooooooo.    7 ooooo| "fæll ma" < óvinsæll maðr.    9 var > uooo.    10 ættstóra = ættora.    Lucretia > lucreooo.    12 Aruns > aron.    18 léz = letz.

## XI.

### ÚR KARLAMAGNÚSS SÖGU.

#### A.

Þá er Karlamagnús kóngur stóð við glugg einn í höllinni 26<sup>20</sup>  
5 ok sá út á Rín leit hann hvar svanur einn kom upp í  
vatnino ok hafði silkistreing um háls sér ok hëkk þar á  
bátr einn en á bátinum var riddari einn vel vapnaðr ok  
hafði rit eitt á hálsi sér en er riddarinn kom at landi þá  
fór svanurinn út aftr ok sá engi maðr hann síðan. Namlun  
10 gekk á mót manningom ok tók í hönd honum ok leiddi  
hann fyrir kóng. þá spurði Karlamagnús kóngur þenna mann  
at nafni. en hann kunni eigi máli ok fekk honum ritið.  
en ritið sagði at Geirarðr svanur var kominn at þjóna  
honum til lands ok konu. Namlun tók vápn hans ok  
15 klæði ok hirði en Karlamagnús kóngur gaf honum skikkju  
góða ok gekk síðan til borðs. En er Rollant sá þenna  
hinn nýkomna riddara þá spurði hann hvat manna sá  
væri. Karlamagnús kóngur svarar at þann riddara hafði  
guð sent honum. Rollant spurði hvat hann hét. Karla- 27  
20 magnús sagði at hann hét Geirarðr svanur. Rollant svarar  
'vist er sá maðr höfþingligr'. Kóngur bað þjóna honum  
vel. Geirarðr var vitr maðr ok þjónaði vel Karlamagnúsi  
kóngi ok þótti hverjum manni hann góðr ok nam skjótt

mál ok var góðr riddari ok vænn maðr. Karlamagnús kóngr var honum ráðholr ok gifti honum “adaliz” systr sína ok gerði hann hertuga yfir “ardena”.

## B.

41<sup>23</sup> Nú verðr at geta Oddgeirs danska. hann var öðrum 5  
 megin undir skógarnefi nökkuru skammt frá bardaganum  
 ok með honum x. c skjaldsveina. hann gekk á hæð nökkura  
 ok sá til orrostonnar. hann sá fámenni mikit með kóngi.  
 hitt sá hann annat at “alori” flýði undan með merki kóngrs  
 ok c Lungbarða með honum. síðan skyndi Oddgeirr til 10  
 lagsmanna sinna ok sagði þeim þau tíþendi er hann sá  
 ‘nú ef ek ræð þá munom vér fara at móti “alorā” ok  
 ‘láta þá eigi hëðan hafa vápu eða hesta. síðan skulum vér  
 ‘verða kóngi at liðveizlo ok biða annat tveggja bót eðr  
 ‘bana’. þeir játtuðu því glaðliga. síðan riðu þeir at móti 15  
 42 flóttamönnum. ok þegar þeir funduz spurði Oddgeirr “alorā”  
 hví þeir flýði eða hvat þeim væri orðit. en “alori” svarar  
 ‘Karlamagnús kóngr var höndum tekinn ok lið vart fallit  
 ‘ok verðum nú undan at flýja’. Oddgeirr svarar honum  
 ‘illmannliga lýgr þú ok er hitt heldr at þú þorðir eigi 20  
 ‘við at haldaz ok ert þú samr drottinssviki’. síðan greip  
 hann til hans ok steypiti honum af hesti sínom ok rak  
 hnefa sinn á háls honum ok fletti hann af brynjo sinni  
 ok tók skjöld hans ok sverð af linda honum allt gullvatit.  
 síðan hét Oddgeirr á sína lagsmenn — þeir voru x. c 25  
 skjaldsveina — ‘tökum þá’ segir hann ‘ok flettum þá  
 ‘af klæðum: látum þá hafa hvárki hëðan, hervápu eða  
 ‘hesta’. síðan gerðu þeir svá sem hann bauð. en eftir þat  
 dubbaði hann þá til riddara með vápunum flóttamanna; en  
 þar sem skjöld skortir ljósta þeir börk af trjám ok höfðu 30  
 sér fyrir hlifur. Oddgeirr tók merki kóngrs í hönd sér  
 ok riðu síðan til vígvallar. Oddgeirr gerðiz höfþingi fyrir  
 því liði er þá höfðu riddarar gjörz af skjaldsveinum ok  
 mörgum öðrum riddorum.



## C.

(1.) Karvel gekk þá fram ok herklæddi Oddgeir 70<sup>16</sup>  
með inum beztum vápnum er vera mátti — fyrst með  
góðri brynjo en síðan setti hann hjálm á höfuð honum  
5 allan settan gimsteinum ok mælti við hann ‘ek gef þér  
sverð mitt ok sé ek at þér sómir at bera þat ok sver  
‘ek við trú mína ok Maúmet guð vart at ek gæfa þat  
‘eigi bróðr mínum nè öðrum frendum mínum þót þeir  
‘byði fram fjóra vagna af gulli. sverð þat heitir “kurtein”,  
10 ‘hafðu þat ok njót vel’. Oddgeirr tók við sverðino ok  
þakkaði Karvel gjöf þá, hljóp síðan á hest sinn ok reið  
til Rómaborgar ok til eyjar þeirrar er hólmstefna var  
lögð í. en Karlamagnús kóngur hafði hönd at sýslo ok  
sendi menn í skóga þá er voru í nánd hólmstefnu þeirra  
15 ok bað þá við því standa at heiðnir menn ætti nú eigi  
kost á Oddgeiri sem þeir höfðu fyrr farið með svikom.

(2.) Nú var Oddgeirr til hólmstefnu kominn ok hafðiz  
þar við. en Burnamend herklæddiz vel ok skjótt — fór  
fyrst í brynjo sína ok setti hjálm á höfuð sér þann er 71  
20 átt hafði “nabagudunosor” kóngur ok hann gyrði sik með  
sverði því er átt hafði “eleon” inn sterki en þat sverð  
var faðms langt í millum hjalts ok höggstaðar ok hafði  
þat aldri numið í höggvi staðar hvað sem fyrir varð. en  
síðan var fram leiddr hestr hans “berfolen” allr albrynj-  
25 aðr ok steig á bak honum. en þá kom Gloriant kóngsdóttir  
þar farandi ok mælti við hann ‘Burnamend’ sagði  
hón ‘mikill skörungr ertu: kosta nú ok gefz vel ok lát  
‘þat spyrjaz ok eir þú Oddgeiri enum danska’. Þá svarar  
Burnament ‘at viso, kóngsdóttir, segi ek þér þat at ek  
30 ‘skal eigi drepa hann en fyrir bæn yðra þá skal ek færa  
‘þér hann kvikan’. Kóngsdóttir svarar ‘vel mæltir þú nú

3 vápnum = vafnū.

22 hjalts &gt; hiatllz.

höggstaðar ∞  
hagg\_\_\_\_\_.

‘Burnamend’ segir hún ‘þú skal vera samgangr okkar er þat er sýst’. síðan reið hann í brott til hölmstefnu. þá hét Gloríant á guð sinn ok bað þess at hann skyldi aldri aftr koma.

(3.) Því næst sá Burnamend fyrir sér hvar Oddgeirr 5 var ok æpli hárrí röddu ok mælti ‘illu heilli komtu hingað fyrir því at ek sé nú feigð á þér ok með sverði míno ‘skal ek bana þér. en ef þú vilt gefa upp vápn þín ok ‘neita guði þínum ok segz yfir kominn sem þú ert, ‘þá skal ek gefa þér líf fyrir sakir kóngsdóttur því at 10 ‘hón hefir árnað þér miskunnar við mik ef þú vilt þiggja’. en Oddgeirr þakkaði honum ok bað hann taka þau laun er honum þætti mestu skipta ‘en þó vil ek freista vápna ‘þinna nakkvað áðr ok segjaz eigi fyrr yfir kominn en ‘þat er’. síðan lustu þeir hesta sína með sporum ok reið 15 hvárr þeirra at öðrum ok lagði hvárr til annars með spjóti ok brustu spjótssköptin bæði í sundr ok kom hvárrgi þeirra öðrum af hesti. síðan drógu þeir sverð sín ór slöðrum ok hjó Burnamend til Oddgeirs af mikinn hlut hjálmi hans en Burnamend fylgdi eigi mjök höggvi síno 20 en Oddgeirr laut undan ella mundi hann hafa drepit hann. en Frankismenn ok heiðingjar er varðhald höfðu á þeim sá athæfi þeirra ok uggðu hvárer sínom manni. Oddgeirr reiddiz við högg þat sem Burnamend hafði veitt honum 72 ok þóttiz þá vita at hann var hraustr drengr ok vápn- 25 fimr: frestaði hann þá sverðs síns ok vildi vita hvè gott var at höggva með “kurtein” ok hjó til Burnamend af honum hjálminn allan hægra megin svá at brúnin fylgdi í brott hjálmsbrotino ok dugði honum lítt Maúmet í því sinni ok nam sverðit eigi fyrr en í mundriða staðar. nú 30 mælti Burnamend ‘bölvað verði þitt líf ok svá líkamr ið

6 heilli > heillu. 10 gefa = gefua. 26 frestaði ɔ: freist-  
aði. 27 höggva > huaggva.

- 'sama en aldri fann ek þann riddara er mér gerði fyrir  
 'stóru sárara en þú'. Oddgeirr svarar 'skammt skal þér  
 'til verra, lítið er þetta enn af öðru ok skal þat gert  
 'vera í þökk við Gloriant kóngsdóttur er þú ætlar unnusto  
 5 'þína vera skulo'. Þá svarar Burnamend 'ýmsir skulum  
 'vèr eiga' segir hann. síðan hjó hann til Oddgeirs af  
 honum nefbjörgina ok kom þá eigi sári við hann at því  
 sinni. Þá æfti Burnamend hárrí röddo ok mælti 'dauðr ertu,  
 'Oddgeirr, ok er nú kóngsdóttir laus frá þinni gjæzlo'.  
 10 Oddgeirr svarar 'filmsku talar þú nú' ok hjó síðan til  
 hans á hjálminn ok spratt sverðit af hjálminum (sem  
 verr var) ok nam í jörðu staðar ok kom eigi sári við  
 hann at því sinni. Þá höggv Burnamend til Oddgeirs af  
 honum allan hjálminn ok allt hárið við svörðinn öðrum  
 15 megin ok barg guð er eigi nam djúpara ok rann þá blóð  
 um hann allan niðr. en hann reiddiz mjök við högg þat  
 ok hjó til Burnamend ok klauf í sundr hjálm hans ok  
 allt ofan í herðar ok gekk frá honum dauðum. Þá mæltu  
 heiðingjar 'nú er Burnamend fallinn en Oddgeirr hefir  
 20 'hest hans ok sverð' ok var þeim öllum á þersum gripum  
 in mesta elska. nú ferr "hú" þeirra heim síns vegar. en  
 Milon páfi kom þar farandi með tvær þúsunder riddara  
 ok gekk í móti honum með "proceffio" ok hafði með sér  
 armlegg Péturs postola ok marga aðra helga dóma. síðan  
 25 tók Oddgeirr höfuð Burnamend ok batt við slagálar sér  
 ok reið á fund Karvels ok kóngsdóttur ok færði þeim  
 höfuðið. en þau þökkuðu honum vel þá fórn.

- (4.) Síðan fór Karvel til fundar við Ammiral kóng  
 ok færði honum höfuðið ok mælti síðan 'þat er mitt ráð 73  
 30 'herra' segir hann 'at vèr farim heim til ríkis várs ok  
 'landa ok berjumz eigi lengr til annarra kónga ríkis, því

10 filmsku o: fiflsku?. Þú > þo. 17 sundr ∞ funder.  
 22 páfi = pafu.

'at skjótt segi ek yðr mína ætlan at aldri eigum vér  
 'síðan orrosto við í móti Karlamagnúsi kóngi; en á hvert  
 'land annað sem þér vilið fara með herskildi þá bjóðumz  
 'ek til með mínum mönnum. Þess vil ek biðja ok at þú  
 'gefir Oddgeiri grið ok leyfi at fara heim til Karlamagnúss 5  
 'kóngr ok með vináttu yðra ok leys hann vel af hendi  
 'sem góðan dreng skyldi með gjöfum ok góðum gersimum'.  
 en Ammiral kóngr hlýddi öllum orðum þeim at hann  
 leysti Oddgeir vel af hendi með sámilegum gjöfum. síðan  
 gerði Karvel för Oddgeirs í brott sámilega ok heilsaði 10  
 vel ok kurteisliga Ammiral kóngi. en Karvel ok kóngrs-  
 dóttir gjæddu Oddgeir mörgum góðum gersimum. síðan  
 för Karvel með Oddgeiri ok fann Karlamagnús kóngr ok  
 tók af honum leyfi ok vináttu ok öllum hans mönnum ok  
 hafði þó um fram góðar gjafir ok margar gersimar. Eftir 15  
 þetta sneri Ammiral kóngr heim aftr til Babilonar með  
 öllum her sínum ok er ekki getið at þeir Karlamagnús  
 kóngr hafi oftast orrostor áttar svá at í þessi sögu sé  
 ritað. en Karlamagnús kóngr för heim til Frakklands þá  
 er hann hafði síðað ok í lag fært Rómariki eftir þann 20  
 mikla hernað sem áðr hafði þar á legið um stundar sakir  
 ok sat þá í náðum nökkura stund. Fellr hér lykt á annan  
 þátt sögu Karlamagnúss kóngrs.

### D.

78<sup>14</sup> Þá er Karlamagnús kóngr var staddr við borgina 25  
 "baion" með her sinn þá gaf einn riddari er "Romarik"  
 hét hest sinn fyrir sál sinne skriftaðr ok huslaðr. en eftir  
 andlát hans seldi frendi hans hestinn fyrir c skillinga silfrs  
 sá sem hann hafði um boðið at gefa hestverðið fátækum  
 mönnum en hann sjálf eyddi þessu fé á fám dögum fyrir 30

2 við (∞ oid ∪ tid) í móti < í móti. . 15 um (= vm) ∞  
 om. 18 sögu > saugdu. 19 ritað ∪ ritið.

mat ok drykk ok klæði. en eftir xxx daga birtiz honum  
 inn framliðni maðr ok mælti við hann þessum orðum 'ek  
 'fal þér á hendi mína penninga at gefa fátækum mönnum  
 'fyrir sál minni — þá skaltu þat vita at guð gaf mér upp  
 5 'allar mínar syndir; en fyrir þat er þú tókt rangliga ölmoso  
 'mína þá hefi ek verið í hörðum píslum xxx daga; en á  
 'morgin muntu koma í minn stað en ek í paradísun'. nú  
 sem menn heyrðu draum hans of morgininn þótti flestum  
 ógurligr þessi fyrirburðr. því næst heyrðu menn upp í  
 10 loftið yfir hann sem leon rautaði eða úlfar þyti eða grið-  
 ungar gnellði, ok í því var þessi vesli maðr tekinn í loftið  
 upp svá at engi maðr sá hann síðan lífs. fjóra daga var  
 hans leita farið á hestum ok fótum ok fannz eigi. nú sem  
 liðnir voro tólf dagar eftir þenna atburð var fundit lík  
 15 hans á bergi cino brotið allt í sundr fjórar dagleiðer  
 frá þeim stað er hann hafði í brott horfið: djöflar höfðu 79  
 honum þar niðr kastað grimmlegha.

### E.

(1.) Nú kemr Karlamagnúsi kóngi í hug hvað kona hans 283<sup>14</sup>  
 20 hefir mælt. nú leitar hann þessa kóngrs er svo var mjök  
 lofaðr ok vill at vísu finna hann. en um morguninn þá  
 fór kóngr ór borginni ok allt lið hans til "Jherico" ok  
 tóku þar pálma. patriarcha fór með þeim ok var þá nótt  
 með kóngi ok skorti ekki þat er þeir þurftu. en um  
 25 morguninn í dagan stigu þeir á hesta sína ok fóro til  
 Miklagarðs réttleiðis. patriarcha tók leyfi heim at fara ok  
 hvarf hverr þeirra til annars ok skilduz síðan. en hver-  
 vetna þar sem kóngr fór þá gerðuz jartegnir fyrir sakir  
 heilagra dóma: blindir fengu sýn, ganglausir gang, dumbir  
 30 mál; öll vötn lágu þurr fyrir þeim hvar þeir fóru.  
 (2.) Nú ferr Karlamagnús kóngr ok léttir eigi fyrr

en hann kom til Miklagarðs. hálfu mílu frá borginni var  
 grasgarðr kóngs með alls konar grösom. þar fann kóngur  
 xx þúsundir riddara — allir með guðvef skryðdir ok  
 512 með “ermíns” ok martes, sumir með skáktafli sumir at  
 kvotrotafli, sumir báru gáshauka sumir vali á höndum. 5  
 fjórar þúsundir meyja gerðu þar hringleik, klæddar með  
 guðvefjar-pellum, hver annarri fegri, ok hélt hver í hönd  
 annarri ok svo sínum unnasta. þá mælti Karlamagnús  
 kóngur við Rollant ‘hér er mikið lið. hver man kynna oss  
 ‘til kóngs?’ þá kom riddari í mót kóngi ok spurði hann 10  
 hvar kóngur þeirra væri. ‘kóngur várr’ segir hann ‘situr undir  
 ‘guðvefjar-pelli því er þar er yfir’. síðan ferr Karlamagnús  
 kóngur þangað ok fann þar kóng at arðri. eigi gekk hann  
 at þeim arðri sem aðrir menn heldr sat hann á gullstóli  
 ok hafði gullvönd í hendi sér ok elti með öxn sín en 15  
 svo beint gekk sá arðr fram sem lína væri at borin. síðan  
 heilsaði Karlamagnús kóngur kóngi vel ok kurteisliga ok  
 spurði kóngur hvaðan hann væri. en Karlamagnús kóngur  
 svaraði ‘ek heiti Karlamagnús kóngur af Frakklandi en  
 ‘keisari af Rómaborg. ek sóttu Jórsalaborg en nú em ek 20  
 ‘kominn þín at vitja’. þá svaraði Hugon kóngur ‘sjau vetr  
 ‘eru síðan liðnir er ek heyrða at engi kóngur væri jafn-  
 ‘ægætr sem þú’. síðan bauð hann honum at vera þar tólf  
 mánoðr ok taka svo mikið fé sem þeir vildi ‘en nú mun  
 ‘ek leysa öxn mína fyrir þína kvomu’ segir Hugon. þá 25  
 svaraði Karlamagnús kóngur ‘sjá arðr er mikils fjár verðr  
 ‘ok er ráð at hann sé vel varðveittr’. Hugon kóngur  
 svaraði ‘þó at hann lægi þar sjau vetr þá mundi engi  
 ‘maðr misþyrma honum’. þá fór Hugon kóngur heim til  
 hallar sinnar ok Karlamagnús kóngur með honum ok allt 30  
 lið hans en Hugoni kóngi fylgdu sjau þúsundir riddara  
 allir búnir með silki ok guðvefjar-pelli. þeir tóku hesta

2 alls konar = allzkon. 4 martes ∞ marces. 22, 28 engi  
 ∪ enginn.



þeirra ok leiddu til herbergis síns. Sú höll var einkanlig. ræfurið var allt skrifað með ýmsum sögum. sú höll var kringlótt ok einn stólpi í miðjo er hón stóð öll á, en um þann stólpa voro e annarra stólpa allir gylltir en af

5 hverjom þeirra var barnslíki gert af eiri ok hver líkn-  
 eskjan hafði olívanthorn í munni sér: þeir stólpar voro  
 allir holir innan ok blés undir höllina upp í stólpana ok 285  
 blésu börnin með þeim vindi á hvers konar lung er fagrt  
 var en hvert þeirra rétti fingr at öðru sem kvik væri. en

10 Karlamagnús kóngur undradiz ok sannaði þá þat er kona  
 hans hafði sagt. þá kom á vindr hvass ok sneri höllinni  
 sem mylna ylti: þá blésu börnin ok hló hvert at öðru en  
 þeim þótti fagrt til at heyra er inni voro. öll glyggin  
 voro af cristallo. Karlamagnús kóngur undradiz þat er

15 höllin sneriz ok hann mátti eigi á fætr standa nè engi  
 hans manna ok hugði þeim gervar gjörningar 'hallar-dyrr  
 'eru opnar' segja þeir 'ok er þetta ið mesta undr er vèr  
 'megum eigi í brott komaz'. þá kom til þeirra Hugon  
 kóngur — bað þá eigi hræðaz 'ok mun vedrit minnka í

20 'mót kveldino' ok svo var ok stöðvaðiz þá höllin váno  
 bráðara.

(3.) þá voru borð fram sett. þá settiz keisari í háseti  
 sitt en Karlamagnús kóngur næst honum en á aðra hönd  
 honum drottning ok dóttir keisara en Rollant ok tólf

25 jafningjar sátu næst Karlamagnúsi kóngi. en mærin var  
 svo fögr sem blóm af "rose" eða "lilio". þangað leit  
 Olíver oft sem mærin sat ok tók at unna henni mikið ok  
 mælti 'guð vildi at ek hefða þik á Frakklandi þá mundi  
 'ek mega hafa minn vilja af þér'. alls konar fæzla var

30 þar á borðum sú er sjaldsæn er víðaz annars staðar ok  
 þar með drykk. alls konar skemmtan var þar framin  
 kóngum til gleði. en er þeir voru mettir þá fór hverr

til síns innis. en keisari tók í hönd Karlamagnúsi kóngi ok leiddi hann til svefnbúrs síns ok tólf jafningja með honum. en þat hús var hvelft ok sett með dýrligum steinum ok skrifað, en einn carbunculus lýsti þar; þar voro tólf sængr af eiri ok in xiiij. í miðjo ok allar gylltar, í þeim 5 hvilom voro alls kyns klæði er góð voro. en er þeir höfðu lengi skemmtað sér um kveldið þá fór hverr í sína sæng, en keisari bað þá hafa góða nótt ok fór eftir þat til rekkju sinnar.

286 (4.) En í því buri var steinstólpi holr innan. en keis- 10 arinn lét einn mann í þann stólpa at sjá ok heyra hjal ok athæfi Frankismanna. en sá maðr sá öll þeirra tíðendi um nóttina. en er þeir voro í hvílo komnir þá mæltu þeir sér gaman ok skerski, sem siðr er til Frankismanna, ok undruduz mjök þá byggð — báðu guð at Karlamagnús 15 kóngr hefði unnið þat ríki með freknleik sínom. síðan bað Karlamagnús kóngr at hverr þeirra skyldi segja sína íþrótt. þeir báðu hann fyrstan segja sína íþrótt.

‘Taki keisarinn á morgin enn hvassasta riddara í hirð ‘sinni’ segir hann ‘ok færi hann í tvær brynjor ok tvo 20 ‘hjalma á höfuð honum, fái honum hest þann er beztr er ‘í hirðinni allan brynjaðan, fái mér síðan sverð sitt: en ‘ek skal höggva í höfuð þeim manni ok kljúfa hann ok ‘hestinn brynjaðan í sundr ok spjózskafz-lengd höggva ‘sverðino í jörð niðr nema ek vilja aftr halda áðr’. Þá 25 svarar njósna maðr er í var steinstólpanum ‘mikill ertu ‘ok sterkligr ok úvitrliga gerði keisari er hann veitti yðr ‘þetta herbergi ok skal hann þetta vita áðr dagr kemr á ‘morgun’.

Þá tók Rollant at segja sína íþrótt. ‘taki keisari á 30 ‘morgin olifanthorn sitt ok fái mér. en síðan skal ek ‘ganga utanborgar ok blása svo hart at öll borgarhlíð

'skulo upp lúkaz ok aftr bæði, ok allar hurðir með, þær  
 'sem í borginni eru; en ef keisari kemr út, skal ek þá  
 'blása af honum hár ok skegg ok klæði öll'. Þá svarar  
 njósarmaðr 'þessi er útrúlig íþrótt ok úvitrliga gerði  
 5 'keisari þá er hann veitti yðr þetta herbergi'.

(5.) Dví næst segir Olíver sína íþrótt. 'taki keisari  
 'á morgin\_\_\_\_\_'. 'þat veit trúa mín' 287  
 segir njósarmaðr 'at þú mælis mikla fíllsku ok týnt  
 'muntu hafa vináttu keisarans'.

10 Þá svarar Bernarðr 'taki keisari á morgin þrjá hesta  
 'ina beztu í hirð sinni ok láti renna þeim sem harðast.  
 'en ek skal í mót renna ok hlaupa yfir tvo ok á inn þriðja  
 'ok henda fjögr epli meðan þeir renna skeið sitt, en ef  
 'nokkuð þeirra fellr niðr þá skal keisari eiga höfuð mitt'.  
 15 'þat veit trú mín' segir njósarmaðr 'þetta er fáheyrt  
 'gabb' segir hann 'en í þessu er keisari ekki skemmdr  
 'né niðraðr'.

(6.) Eftir þat hefr Villifer af "orengé" sína íþrótt.  
 'sè hér göllböll þenna er hér liggr: hann er gerr af  
 20 'gulli ok silfri: en oft ganga til xxx manna ok fá eigi  
 'upp lyft — svo er hann þungr; en á morgin mun ek  
 'upp lypta einni hendi, síðan mun ek kasta honum á  
 'borgarvegg ok fella niðr fjóra fadma á hvern veg'. Njós-  
 armadr svarar 'þat veit trúa mín' segir hann 'þú talar  
 25 'mikla bernsku'.

Því næst segir Oadgeirr sína íþrótt. 'á morgin er  
 'dagr kemr mun ek ganga ok fedma stólpa þann er upp  
 'heldr höllinni ok snúa hann í sundr ok fella niðr höllina'.  
 'þat veit trúa mín' segir njósarmaðr 'þú ert örvíti, láti  
 30 'guð þik því á leið koma. óhyggiliga gjörði keisari er  
 'hann veitti yðr herbergi'.

(7.) Síðan sagði Nemes hertugi enn gamli sína íþrótt.

13 fjögr (= fjoqr) ∪ fjogr (= fvoqr). 19 göllböll (= gaullbaull)  
 < gullböll. 30 því < því eigi ∪ því aldri.

‘taki keisari á morgin tvær brynjor ok fái mér í at fara.  
288 ‘en síðan skal ek setjaz niðr hjá keisaranum fyrr ‘en hann  
‘verði varr við svo at hverr hringr skal falla frá öðrum  
‘sem brennt hálmstrá’. Þá svarar njósnarmadr ‘gamall  
‘ertu ok hvítr fyrir hærur’.

5

Þá tók Bæringr at segja sína íþrótt. ‘taki keisari á  
‘morgin öll þau sverð er í eru borginni ok grafi niðr  
‘hjöltin en upp oddana ok seti sem skjótaz má hann hjá  
‘kastalavegg. en síðan skal ek fara í enn hæsta turn ok  
‘falla ofan á þau svo at þau skulo í sundr bresta en ek 10  
‘skal úskaddr brott ganga’. ‘Þat veit trúa mín’ segir  
njósnarmadr ‘ef þú drýgir þessa íþrótt þá ertu af járni  
‘gerr eðr stáli’.

Þá sagði Turpm erkibyskup sína íþrótt. ‘í borgina  
‘skal ek ganga til ár þeirrar er heitir “Iber” ok skal ek 15  
‘vísa henni ór stað sinum ok láta hana renna yfir Mikla-  
‘garð ok fylla hvert hús, en keisarinn skal svo óttafullr  
‘verða at hann man flýja í inn hæsta turn ok þaðan aldri  
‘komaz nema minn sé vili til’. ‘Þat veit trúa mín’ segir  
njósnarmadr ‘sjá maðr er óðr — láti guð þik því aldri á 20  
‘leið koma — ok úvitrliga gerði keisari er hann fekk yðr  
‘herbergi, enda skal hann á morgin alla yðr í brott reka’.

(8.) Þessu nest segir Germ sína íþrótt. ‘taki keisari  
‘á morgin fjórar klyfjar blýs ok steypi þeim vellanda í  
‘katla eðr ker. en síðan skal ek sitja þar í til þess er 25  
‘kalt er, síðan skal ek upp risa ok skaka niðr af mér  
‘blýð ok skal eigi svo mikið við mik loða at vert sé eins  
‘penings en þó skal ek í sitja frá morni til nóns’. Undar-  
‘liga íþrótt heyrði ek nú’ segir njósnarmadrinn ‘ok aldri  
‘vissa ek nokkrn mann svo harðholdaðan sem sjá er ok 30  
‘af járni er hann gjörr ef hann drýgir þessa íþrótt’.

8 hjöltin en upp oddana = oddana en vp hölltin. skjótaz ∴

þéttast (.skjótaz hjá ∴ næst). 14 í borgina < ór borginni.

21 gerði > ger.

Þá segir "eimer" sína íþrótt. 'ek hefi hött einn gervau af sæfiski. en þá er ek hefi hann á höfði mér á morgin at matmáli þá skal ek ganga á baki honum ok eta allan mat í frá honum ok drekka vín hans, síðan skal ek 289  
ljósta hann hnecfahögg svo mikið at hann skal steypaz á borðið en síðan skal ek láta hvern þeirra berjaz við annan ok togaz með skeggjom ok kömpum'. Þat veit trú mín segir njósarmaðr þessi maðr er vitlaus. ferliga gerði keisari er hann veitti yðr herbergi.

10 (9.) Ðá tók Bertram at segja íþrótt sína. 'taki kóngur á morgun fjóra skjöldu ok fái mér. en síðan skal ek fara um alla dali ok skóga ok fljúga svo hátt ok æpa at heyra skal fjórar milur á hvern veg ok skulo ór fljúga öllum þeim skógum hirtir allir ok kollr ok alls konar 15 'dýr ok svo fiskar allir ór vatnum'. Þat veit trú mín segir njósarmaðr 'hér er mikið gabb ok mjök mun keisari þessu reiðaz'.

Þá tók Geres at segja sína íþrótt. 'fái keisari mér á morgin spjót þat er manns byrðr sé ærin af en járníð 20 'sè álnar langt en síðan leggi hann á turn kastalans upp tvá penninga silfrs. en síðan skal ek ganga hálfu milu frá borginni, síþan skal ek skjóta ok fella niðr annan penning svo at sá skal eigi hræraz er eftir liggr, síðan skal ek svo fimliga renna at ek skal taka á lofti spjótið 25 'aðr en á jörð komi'. Þat veit trúa mín segir njósarmaðr þetta gabb er vert annarra þriggja ok í þessu gabbu er kóngi ekki mein ekki skemmd né svivirðing'.

En er þeir höfðu lokið viðræðu sinni þá sofnuðu þeir.

1 "eimer" ~ "enner" (~ "emier"). hött = hautt. 3 á < at.  
9 keisari > keisara. 10 kóngur ~ keisari. 14 alls konar = allzskonar. 20 á +. 21 tvá > fiau.

## XII.

### ÚR KIRJALAX SÖGU.

---

(1.) Nökkuru síðar býr Kirjalax sik at sigla af Jórsala-landi ok snýr sinni ferð til suðrhálfu veraldar. Ok einn hvern dag sjá þeir í hafinu eyjar tvær þær er þeim 5 sýndust undarligar; því at um nætr stóð af þeim birti mikil, af annarri hvít en annarri rauð. en sem þeir koma nær eyjunum voru þær sæbrattar ok luktar hömrum ok máttu ekki komast í eyjarnar. þessar eyjar kallar Isidorus í sinni bók Chrisen ok Argiren, ok því svo, at önnur 10 hefir í sér svo mikla gnótt gulls sem grjót er í fjöllum en önnur þvílíka gnótt silfrs ok þar af varð svo mikil birta loptsins at skinandi málmrinn gaf af sér. Þaðan sigla þeir með Indíalands útströndum. þeir sjá þar mikla birti ok fegrð til landsins ok fjöllin skínandi af mikilli birti: 15 en þat veldr því, at svo nógt er í þeim fjöllum gullit sem grjót er í öðrum fjöllum: en þó er þar mönnum ómáttuligt til at komast sakir drepsamligra dreka ok grimra griffóna. en svo mikinn ilm kenndu þeir úr skógum þeim er vindrinn hrærði af landinu at þó lysti 20

---

2 +. 9 Isidorus > ysodorus, ysodorús: 10 Chrisen > trisen, trílen. 20 þeim < þann. at þó > þo (\* 559 A: en svo mikinu ilm kenndu þeir þar úr skógum þeim er vindrinn hrærði þar af landinu, at þá lysti at halda þar at landinu).



þá at halda þar at landinu ok kanna nökkut svo landit ok svo gjörðu þeir. Kirkjalax gengr á land ok lætr sinn hest á land leiða ok fjöldi annarra riddara; en sumt liðit var eptir at gæta skipa. þeir stíga á hesta sína ok ríða  
 5 fyrst fram með skóginum. ok á einhverri hæð sjá þeir kvikendi hrærandi sik harðla stórt vexti, ok sem þeir nálgudust sjá þeir at þetta var einn undarliga stórr fugl. hans fiðri allt var miklu framar skínanda enn hit skærasta gull, með öllum litum: gulum, grænum, rauðum, blám.  
 10 hann fló braut þegar þeir nálgudust. þat hyggja menn at þar muni verit hafa fuglinn Fenix er Isidorus ok fleiri spekingar hafa sagt at hann fæddist þar á útströndum Indíalands ok sé hann eigi meir enn einn í veröldunni. en svo segir at sú sé hans náttúra at þann tíma sem  
 15 hann finnr at hann tekr at eldast safnar hann sér teinungum þeim sem á vaxa hinar dýrustu jurtir ok þar af hleðr hann bulung en þá er sólin skinn sem heitast blakar hann þar at báðum vængjum ok af krapti þess er veit fyrirætlan sinnar skepnu kyndist hér í eldr ok þá er  
 20 bálit logar sem óðast setr Fenix sik hit beinsta í logann ok brennir sik þar til ösku: þá kviknar einn ungi hvar af Fenix verðr í annan tíma endrgetinn af sinni eiginligri ösku. Kirjalax ríðr nú þar til sem hann kemr í nökkurn dal stóran. þar voru alls kyns aldintré. þar kenndist þeim  
 25 hunangsdögg á grasinu. þar voru þeir fuglar millum margra annarra sem cinnami heita. þessir fuglar bera í sitt hreiðr hinar dýrustu jurtir hverjar er af fuglanna nafni heita cinnamomum. en þeir fuglar hreiðrast í hinum hæstum trjám; en þær jurtir fást svo at menn skjóta  
 30 þær ofan úr limum með blýskeytum, ok kaupast þær allar þriðjungi dýrra af kaupmönnum er svo fást enn

11 Isidorus > ýsodórus, ýsadoríus. 26 cinnami: cinnamomi  
 (ο: κιννάμωμοι) = cinnamum: cinnamomum.

hinar. Psittacus heitir sá fugl sem þar fæðist margr ok heyrst svo sem hann tali nökkur artíkuleruð orð ok þat gjarnast at heilsa mannum sem hann sér hann ok segir svo 'heill ok vel kominn, kæri'. annat mál enn at heilsa nemr hann svo sem af nökkurri manna tilskipan. þaðan 5 af hefir svo sagt einn meistari af fuglsins vegna:

Psittacus a vobis aliorum nomina discam;

Hoc didici per me dicere CESAR AVE.

þetta segir svo 'annarra nöfn mun ek af yðr nema; en þat nam ek af mér sjálfum at segja svo VER HEILL OK 10 'VEL KOMINN'. Síðan stíga þeir af hestunum at reika um völlinn ok aldinviðinn ok litlu síðar heyra þeir brak ok gný til þess sama dals sem þeir höfðu eptir látit sína hesta ok skunda nú aptr ok sem þeir nálgast sjá þeir marga gryphones sækja at hestunum slítandi þá kvika í 15 sundr. hestrinn Aquila verr sik vel ok betr enn hinn grimmosti león. þá voru dauðir fimm hestar riddaranna. Kirjalax snarar fram at einum griffóni ok höggr á hans háls svo at úr gekk hálsliðinum en sakir þess harða fiðris sem á var hans hálsi beit ekki á sverðit. griffóninn 20 er svo orðinn, at hann hefir fjóra fætr stóra ok sterkliga ok hefir klær svo harðar ok hvassar sem hinir hvössustu járngaddar: hann hefir hala mjök langan ok á neðan þrír stórir lagðar: í bógum er hann leóni líkastr en í höfðinu er hann aranum líkastr: hans fiðri tekr aptr um bógu ok 25 hans vængir standa upp af bógunum ok eru þeir svo sterkir með fiðrinu at varla bíta járn á: hann er miklu grimvari ok sterkari enn león: hann gírnist á ekki kvikendi svo sem á hestana ok þá grimmost hann mest á

1 Psittacus > Sítacus, dítacus. 7 Psittacus a vobis > Sítacus (dítacus) anobis. 15 gryphones (o: gryphas, gryphos) > griffónis. 17 león = leòn (489). 18 griffóni \* 489 (589 A: griffon). 20 griffóninn > Griffannenn (489), Griffonet (589 A).

mennina ef þeir eru nökkur hestunum nærri. í því bili snaraði einn griffónn at Kirjalax ok setr sínar klær svo fast í skjöldinn at í gegnum gekk ok hefr sik svo á lopt at fætr Kirjalax tóku ekki jörð. þetta sèr Romanus ok  
 5 leggr sínu spjóti í kvið griffóninum ok allt í hit fremra hólit, ok nú fellr griffónit til jarðar. nú bregðr Kirjalax sínu sverði ok höggr af fætrna en hans klær stóðu eptir í skildinum. þá hafði Rómarik drepit einn griffón. í því bili flugu tveir gryphones braut með tvo riddara ok aldri  
 10 sá þeir þá síðan. nú hjó Kirjalax til eins griffóns á hans bak svo at í sundr tók ok nú veita þeir stór högg ok lög þessum kvikendum, ok um síðir flýja í braut þessi dýr þau sem eptir voru. Nú biðr Kirjalax þá skunda til skipa ok svo gjörðu þeir — láta nú frá landi þegar þeir  
 15 voru búnir ok sigla enn í haf. Svo segir, at þessi Kirjalax hafi víða kannat heiminn ok sèt marga undarlíga hluti, dýr ok skrímsl mjök skessilig, ok hafi unnit stóra risa ok marga dreka ok dýr. hann kannaði víða Afrícam ok Asiam ok allt kom hann til Herculisstólpa er hann kallaði  
 20 heims enda: þeir standa í hafi, ok þíkkir svo þeim er sèt hafa sem varla hafi mátt mannligr kraptr því orka. en af hans ferðum eða verkum skrifa ek ekki fleira sakir fáfræði, ok því skunda ek til þeirrar frásagnar sem nökkur sannenda-  
 röksemd fylgir eptir því sem forn kvæði votta ok enn  
 25 fylgja nökkut fróðir annálar ok aðrar vísendabæk.

(2.) Hér eptir er ekki getit um ferð Kirjalax fyrr enn hann kom til Sikileyjar. ok sem Lodovicus fréttir at Kirjalax var þar við land kominn, tekr hann ágæta vel við honum, bjóðandi honum ok hans mönnum til ágætrar  
 30 veizlu, ok þat þiggir hann blíðliga, ok var gjör hin bezta veizla í móti honum. þar kvomu fram loddarar ok leikarar,

6 griffónit \* 489 (589 A: þesse griffon). 9 gryphones (o: gryphes, gryphi) > griffónís, griffón's. 10 griffóns \* 489 (589 A: griffon's).

fremjaudi margs konar gleði: sumir blésu pípur; aðrir höfðu bumbur, gígjur, eða salterium, eða hörpur. Dætr kóngsins fjórar kvomu sér við þessa gleði í höllinni; því at hin ellsta lék hörpu svo vel at allir lofuðu hennar list, en hinar léku fyrir svo mjúkliga at menn skildu varla þó at þeir hyrfdi upp á. Rómarik hinum kurteisa riddara fannst mikit um þessa mey ok lagði á hana heita elsku. ok sem þat undirstendr Kirjalax, sagði hann Lodovico kóngi, at ef honum þætti nökkurs vert þat er hann frjalsaði hans riki, skyldi hann gipta dóttur sína hinum frækna Rómarik, ok vill hann gefa honum bertugadæmi er hann hefir áðr undir sik unnit. en sakir þess at kónginn vissi áðr frækneik Rómariks ok atgjörvi, ok fyrir verðskyldan Kirjalax, var mærin honum gefin; ok var þeirra brúðlaup með mikilli sæmd ok æru veitt áðr Kirjalax fór þaðan; ok gjörir Lodovicus kóngr Rómarik stjórnarmann síns rikis ok landvarnarmann. En at fyllum ok fram komnum þessum öllum hlutum siglir Kirjalax til Grikklands ok kemr við Thessaliam. ok sem faðir hans fréttir hans kvomu, verðr hann harðla feginn ok riðr með öllum sínum völdum mönnum í móti sínum syni með öllum þris. hans móðir ok systir ganga móti honum með fagnaði ok blíðu, ok allr lýðr verðr honum feginn. kóngr gjörir honum fagra veizlu ok öllum lýð sakir síns sonar. ok at þeirri veizlu gjörir Kirjalax þá skemmtan fólkinu at segja frá sinum ferðum. ok eptir þat lætr hann heim færa herfang allt af skipum sínum ok allra handa stórgripi ok þar af lætr hann föður sinn velja dýrgripi þá sem hann vill hafa ok því næst systur sína ok móður ok þar næst gefr hann

1 pípur \* 489 (589 A: j pípur). 2 salterium o: psalterium. 13 frækneik > frækleik. 20-21 öllum sínum völdum \* 589 A (489: sínum völdugū). 27 stórgripi \* 489 (589 A: godgripi). 29 systur sína ok móður < móður sína ok systur.

höfðingjum dýrmætar gersimar ok þar út í frá öllum heimuligum mönnum föður síns. ok af slíku ok mörgu öðru lofar hann hvern maðr fyrir sinn örleik ok alla framkvæmd ok atgjörvi.

- 5 (3.) Sem þessi veizla hafði staðit sjau nætr kallar kónggrinn á málstefnu sína höfðingja ok Kirjalax son sinn. kónggrinn hóf svo sitt mál 'öllum oss er kunnigt at minn 'kæri son Kirjalax er nú hér kominn með miklum frama, 'ok er nú svo komit at honum hæfir sitt ráð at staðfesta
- 10 'með sæmd. en þó at hann þikkist hafa unnit ríki sér 'til handa í Frigia þá stendr honum varla at minnka ríki 'síns bezta vinar Sóba kóngrs: eigi stendr honum ok vel 'at herja á ríki saklausra kóngra þeirra er rétt fengit *ríki* 'halda. nú þó at hann taki ríki þetta Thessalia sem ek
- 15 'hefi nú at stýra þá sýnist mér þat lítilræði til svo mikils 'metnadar sem hann stendr þó at ek fara þá í Syriam. 'ekki sé ek ok þann höfðingja er von sé at viljugr gefi 'upp fyrir honum sitt ríki. hvert ráð er nú til at því? 'ek sé þat gjörla. Lotharius stólkónggrinn í höfuðborginni
- 20 'Constantinopolis — hann er yfirkóngr þessa ríkis ok 'allir á landinu eru hans undirmenn; hann á eina dóttur 'er Florentia heitir: hón er svo fögr ok fríð at engi 'þikkist sèt hafa hennar líka; hón er um fram hvern 'þann mann sem til biðr á öllu Grikklandi at vizku ok
- 25 'allri kvennligri atgjörvi, hón hefir rannsakat ok skilit 'allar spekinga bækr ok sigrat þeirra atgjörvi, öll vandamál 'þau sem gjörast kunnu í ríkinu koma til hennar úrskurðar. 'þar til vil ek efla minn son at fá hennar, ok gjörum 'þangat hina frömustu sendiboða ok hafi þeir með sér
- 30 'fagætar gersimar at presenta kónginum ok hans höfðingjum. 'nú vill kónggrinn ekki undir víkjast þessi erendi þá eru

5 sjau nætr \* 489 (589 A: vm síau daga). 11 í Frigia (o: í Phrygia) > ~ friggía (589 A). 26 vandamál > vaunda mal (589 A).

'orðin efni til sundrþykkis ok megu þér þá reyna yðvarn  
 'krapt ok til hvers þér eruð færir, ok þikki mér von at  
 'þetta stórræði sé svo fremi upp hafit at yðvart kapp  
 'leggi ekki af fyrr enn hamingjan hefir haft sitt mátèr ef  
 'hón vill yðr ekki út kasta. verðr ok svo vel at þér fáid 5  
 'meyna þá er víst "ef yðr endizt lífit" með því at Lotharius  
 'kóngr gjörist við aldr, þætti mér von at Kirjalax mætti  
 'verða höfðingi yfir öllu Grikklandi. nú segi son minn ef  
 'hann fær annat ráð vildara ok vitrligra'. en allir sam-  
 þykkja ræðu kóngsins, en þó er þetta Kirjalax hjartan- 10  
 ligast, ok er nú þessu ráðit. Nú verðr nökkut fram at  
 segja af frúinni Florentia er fyrr var getit. hennar likamr  
 var svo æskiliga vaxinn sem laukr eða lind væri, mjór  
 ok mundangligr. hennar höfuð var því líkt sem eyjar epli  
 með gullligum lokkum; skær ok skemmtilig var hennar 15  
 ásjóna með rauðum ok rósáligum kinnum; holdit var  
 náttúrliga hvítt ok skínanda sem skyggðr berillus; augun  
 voru sem carbunculi, svo skínandi sem stjörnur. engi var  
 svo *hygginn* eða hagr í sínu hjarta at mætti kunna fyrir  
 at segja þvilika skapan áðr hann *hefði* þessa hina dýrliku 20  
 skepnu sèt———. en svo fagrliga sem hón var sköpuð  
 ok hennar likamr þá kunní hón þó enn fram at fagr-  
 ligar at hegða sínum likam með heidarligri hæversku  
 ok öll læti hennar *lima* ok líkams voru listuligri miklu  
 enn fyrr hefði nökkurr sèt. svo var hón málsnjöll at hvert 25  
 orð þótti límt við annat. hón var blíð ok lítillát ok allt  
 þat sem vel stóð vildi hón gjarna veita: svo bjó mikil  
 mildi í hennar hjarta at hón vildi hvers manns vandræði  
 lina ok leysa. atgjörvi hagleiks ok lista þat sem kvenn-  
 manni til heyrði bar hón yfir allar kóngadætr þær sem 30  
 menn vissu í þeim hálfum heimsins. hón elskaði mjök  
 föður sinn ok móður ok alla sína frændr.

4 mátèr = mater (589 A), mát'e (489).    14 eyjar = eyfár,  
 489, 589 A; eikar, 532.    17 sem > ~~~



### XIII.

#### PARADISUS.

---

1. Hoc dicit Moyses de Paradiso. Paradisus heitir staðr. sá er eigi á himnum ok eigi á jörðu, heldr er hann  
5 í miðjo lopte jamnær himni ok jörðu svá sem hún var sett af guði. Paradisus er xl mílna hærrí en Nóaflóð varð. Paradisus er öll jamlöng ok jambreið. þar er hvorki fjall né dalr. þar er eigi frost né snjórr. þar ero allir landskostir, en þar er ekki illkvikendi ok eingi  
10 andmarki. þar er brunnr góðr, sá heitir lífsbrunnr. þar er einn fagr skógr ok dásamligr er heitir “radion fallt”: hann fölnar aldri: þar er hvert tré rétt sem kólfr ok svá hátt ath eigi má yfir sjá: þar ero hvers kyns tré þau er með allri fegrð standa ok bera á sér alls kyns blóm ok  
15 birti epla ok aldina með mörgu móti: þar fellr aldri lauf af viði: sjá skógr er í miðri Paradiso: eitt tré með ávexti var bannat Adam, þar er í fölgín vitra góðs ok ills. þar er hvorki hatr né hungri; ok aldri er þar nótt né myrkr, heldr er hinn sami dagr ávallt ok skinn sól þar vij hlutum  
20 hjartari en í þessum heimi því at þar kemr við öll birti himintungla. þar ero settir englar ath reysta til skemmtunar. þangat skulo fara sálur góðra manna ok una þar

til dómadags, síðan er guð lauk upp þá er hann leiddi þangat önd þjófs þess er lif sitt lét á krossinum. Í Paradiso er einn fugl er Fenix heitir. hann er harðla mikill ok undarligr ath skepnu svá sem guð skóp hann ok er hann drottinn yfir öllum fuglum. hann laugar sik í lífsbrunni ok flýgr upp á þat tré er hæst er í Paradiso í gegn sólo. þá skínn af honum sem af sólargeisla. hann glóar allr sem gull. fjaðrar hans ero líkari englum guðs. brjóst hans er svá fagrt ok nef sem áðr var sagt of fjaðrar. augu hans ero sem kristallus. fætr hans ero sem blóð. 10. enn þá er sá enn fagri Fenix flýgr upp ór Paradiso á Egiptaland ok er þar xv vikur þá safnaz til hans alls kyns fuglar ok syngja um hann á hverja lund. þá heyra menn þat þeir er þar ero ok fara til hans hvaðan æfa ok mæla svá 'kom heill Fenix hingat til lands! þú glóar 15. 'allr sem gull rautt! allra fugla ertu kóngr!' þarlandsmenn gjöra ór vaxi ok eiri annan Fenix ok marka sem líkast ath öllu. allir fuglar falla til fóta honum ok tigna hann með glaðri röddu. rauð rönd liggir eptir baki honum endilöngu fögr sem gull sé brennt. þá er xv vikur ero liðnar ferr enn fagri 20. Fenix aptr til Paradisar. allir fuglar fljúga með honum, sumir fyrir neðan hann en sumir fyrir ofan ok á hvortveggju hlið; en þá er þeir mega eigi fara leingra þá ferr hverr til síns heima.

2. Hoc dicit Johannes apostolus de Paradiso. Þath 25. var iiij þúsundum vetra fyrir burð Krists (þá var ein þúsund geingin) þá var Fenix gamall vordinn ok þá safnar hann sér fuglaliði miklu ath bera saman viðköst mikinn, en af guðs vilja varð svá þá er sól skein á viðköstinn ok af hita sólarinnar kom eldr í viðköstinn, en 30 Fenix féll ofan í eldinn miðjan ok brann allr ath ösku. en eptir á hinum þriðja degi þá reis hann upp af dauða

16 þarlandsmenn > þa | landz menn. 17 gjöra +. 18 öllu - öllu. 30 ok o: at. 31 miðjan > miðfann.

ok er hann þá ungr í annat sinn ok ferr þá til lífsbrunn  
 ok laugar sik þar; þá vaxa honum fjaðrar sem þá er  
 fegrstar voro. hann verðr gamall um þúsund vetra; þá  
 brennir hann sik í annat sinn ok rís upp ungr. enn eingi  
 5 maðr veit hvort hann er karlfugl eða kvennfugl, nema  
 guð einn. —

3. Paradisus er í austri heims. Þar var Adam settr  
 til byggðar ef hann héldi þat er guð bauð honum. Þar  
 stendr tré þat er maðr kennir eigi sóttar nè meinsemdar  
 10 ef maðr etr af aldini þess ok hann hrymz eigi nè eldiz  
 ef hann etr af ok heitir þat lífstré. Brunnr sá er þar  
 er fylgja öll vatnfríðendi. Ór þeim brunni falla iiij ár í  
 þenna heim. Ein heitir Phison eða Ganges öðro nafne.  
 hón sprettr upp undan fjalli þí er "orcobaril" heitir.  
 15 Phison fellr á Indíalandi ok fellr út í umsjó er ath bók-  
 máli heitir oceanus. Önnur á sú er fellr ór Paradiso  
 heitir Nilus eða Geon öðro nafni. hón skilr þriðjunga  
 heims, Asiam ok Africam. hón fellr um Bláland ok um-  
 hverfis Egiptaland. hón kemr í vij stöðum til sjóvar ok  
 20 mikil í öllum stöðum. Hin þriðja á fellr ór Paradiso. sú  
 heitir Tigris. hón fellr of Serkland ok um Ermland hit  
 mikla. hón sprettr upp í fjöllum þeim er heita Eldinga-  
 fjöll. En fjórða á heitir Eyphrates. hón sprettr þar upp  
 undir Eldingafjöllum. hón fellr af Ermland ok of Meso-  
 25 potamia. þar stendr borg er heitir Babilon. þar fellr  
 Eyphrates í gegnum ok kemr fram í Miðjarðarsjó skammt  
 frá Antiochiam. Þar ero ok á Ermlandi fjöll þau er  
 annat heitir Tabor enn annat Hermon. þar nam staðar  
 örkn Nóa meðal þeirra fjalla: þar sté hann ór örkn sinni  
 30 ok kona hans ok synir hans iij ok konur þeirra.

3 fegrstar ~ fegurstar. 11 Brunnr > Brunr. 13 Ein > Ein.  
 17 þriðjunga ∞ þriðjunga. 18 Africam > affrikā. 19 kemr  
 > ké. sjóvar = siofar. 24-25 Mesopotamia > mesopotanía.  
 29 örkn = órkn.

## XIV.

### AF ÞRIMR KUMPÁNUM.

Svá er sagt um einn dag at í einhverju ríki kvámu á dýraveiði þrír stórburðugir menn: kóngssun, hertugasun ok jarlssun. Þeir váru þá allir kristnir menn ok sterkir ok fulltíða en höfðu þá eigi með tekit ríkisstjórn þí at feðr þeirra stýrðu þá enn löndum. Nú herra þat til efnis um daginn at hleypingar verða miklar þí at hirtir margir verða fyrir þeim: er þat dýr svá flugskjótt at hinir beztu vápnhestar fá varla tekit þat. verðr nú svá at kveldi at öll fylgð þessarra þriggja er dreifð ok riðluð í náttmyrkri at engi sveinn er hjá þeim sem þeir stíga af ok taka náttstað. sem þeir hafa um búiz í mörkinni talar kóngssun 'hvat höfum vér at gleðjaz viðr síðan hvárki er at bita 'né súpa?'. Þeir segja at hann skal þar fyrir ráða. kóngssun segir þá enn 'þat legg ek til at hverr várr 'kumpána segi þann part ór æfisögu sinni hvar hann 'þóttiz minnst vera staddr ok skaltu jarlssun hefja söguna'.

Hann byrjar ok segir svá 'snimma lagða ek fyrir mik 'úfagarar ferðir um nætr at úvitanda feðr mínum. vöndumz ek at riða í eitt þorp þí at þar var mín unnasta. hafða

- 'ek skósvein minn fyrir trúnaðarmann hér um. svá veik  
 'viðr veginum at þar var hraungata mikil, ok er ek setta  
 'hestinn á rás brast niðr hulða nökkur í hrauninu, hljóp  
 'þá hestrinn í þá sömu gjá niðr undan mér svá hátt at  
 5 'ek bar enga heyrn yfir hvar hann kvam niðr, en mér  
 'skaut út af í fluginum ok varpaði mér á einn klett: var  
 'þá svá langt upp á gjárbakkann yfir höfuð mér at ek  
 'þóttumz þrotinn at ráðum til brautkvámu. ek heyrða þá at  
 'sveinninn var eptir kominn ok kveinaði mjök er hann  
 10 'hugði mik dauðan. ek kallaða þá ok bað ek hann bíða.  
 'sem ek lituðumz um sá ek bergit alla vega upp í frá mér  
 'svá bratt at engi var ván í at ek mætta þar fæti fara  
 'án festi ok þí tók ek þat ráð um síðir at ek sneið í  
 'sundr með saxinu kápuna ok kyrtillin af mér ok saumaða  
 15 'ek saman í dregla (þí at þér vituð sið í landinu vera  
 'at hofmenn bera með sér nál ok þræðr). sem ek hafða  
 'til búit taug þá sem mér þótti ramligast fekk ek mér  
 'stein á klettinum ok knýtta ek í taugarendann, snaraða  
 'ek síðan í lopt upp sem ek hafða fong á, ok sakir þess  
 20 'at guð ætlaði mér lengra líf gekk steinninn allt upp yfir  
 'gjárbakkann ok bar út yfir þröminn annan veg svá at  
 'sveinninn náði steininum ok með þessarri stoð las ek  
 'mik síðan upp svá at ek varð frjáls. var ek þar staddr  
 'er mér þótti verst, ok 'er úti mitt efni'. Kóngssun  
 25 svarar 'klókliga þótti mér þú fara, eða man ekki svá  
 'takaz at frásagnir várar verði nökkut líkar, eða hvat  
 'lætr þú til hertugasun?'.

Hann svaraði 'rétt hygg ek þik geta at upphöfin  
 'verði lík at sögunum þí at eina ríks manns dóttur elskaða  
 30 'ek — var þat stundar vegr af garði feðr míns — ok  
 'sem yfir stóð okkarr kærleikr tekr hón stranga sótt svá  
 'at hón þóttiz vita fyrir dauða sinn ok sem þar er komit

'görir hön eptir mér sinn trúnaðarmann um nátt en ek  
 'brá við í stað at finna hana. en er ek kwam fram til  
 'þeirrar skemmu sem hön lá í hafði hön svá viðr mér  
 'búiz at hön var ein samt inni. ek gekk at henni, þí  
 'at ek hugða þat erendit at hön myndi vilja tala viðr 5  
 'mik nökkut einkamál, ok hön görði þess nökkurn lit í  
 'fyrstu, en síðan sagði hön svá 'lúk upp, sæti minn, kistuna  
 "'þá stóru sem hér stendr fyrir sænginni, þí at á botni  
 "'hennar er sá hlutr er ek vil þér einum til trúa at geyma.  
 'ek görða svá. var kistan tón, utan þí likt á botninum 10  
 'sem trefr ok afsnið nökkur: þar fór ek til at gruffa niðr  
 'í: var kistan svá djúp at bakhlutr minn fór heldr hátt  
 'en höfuðit lágt ok þí varð ek eigi fyrr varr viðr en  
 'tekit var harðri hendi undir fótahlutinn á mér ok strengðr  
 'niðr í kistuna — skellt aptr "vett" ok settr láss fyrir; 15  
 'ok svá brátt eptir kvámu menn inn farandi; hafði unnasta  
 'mín kostat svá mjök aflit at koma mér til staðar at þegar  
 'sendir hön eptir feðr sínum, en er hann kwam talaði hön  
 'svá 'svá líðr, faðir minn', segir hön, 'at skilnaðr okkarr  
 "'man brátt verða; er sú bæn ein er ek vilda þiggja af 20  
 "'yðr, at kistu þá hina stóru sem hér stendr hjá okkr  
 "'læti þér fylgja mér í gröf svá at hön standi í kirkju ok  
 "'grafin undir minni kistu þí at í henni hefi ek lukt þann  
 "'einn hlut er ek ann engum lifanda manni at njóta eptir  
 "'mik: þikki mér allmiklu varða at þiggja þetta, svá ok 25  
 "'þat með at engi forvitniz hvat þar er í. faðir hennar  
 'segir at hön skal þiggja sína bæn — þótt þrjár kistur  
 'væri. þótti mér nú ekki vænkaz um, en þó kaus ek þann  
 'at þegja þí at skemmdin þótti mér enn ljótari en vera  
 'kviksettr. hvat um langt! deyja fór hön — litlu síðar 30  
 'til graptar búin ok til kirkju borin. sömu leið fór ek í  
 'kistu minni. svá váru mit bæði til grafar borin ok niðr

15 vett, 657 B; *uett* (?), 335; lokjnu, 586. 32 grafar ∞  
 seafar (657 B).



'sett. lá hennar kista ofan á mér. var gröf sú fylld ok  
 'síðan frá horfit. spurðiz víða nýjung þessi (sem ek varð  
 'síðan varr við) at kista sú hin mikla var jarðsett at bæn  
 'dóttur ríka manns ok þí trúa margir at gull ok dýrgripir  
 5 'þeir sem hón unni mest myndi þar í luktir. þetta heyra  
 'þjófar nökkurir, gildir menn ok sterkir, fara til næstu nátt  
 'ok aftæma gröfina, setja upp kisturnar báðar, ok fara til  
 'ráðagörðar hversu þeir skulu upp lúka hina stærri kistuna  
 'þí at hón var alla vega járnuð, ok staðfestiz þat með  
 10 'þeim at þeir skulu reisa kistuna örðiga til háls ok bera  
 'stokk á endann með stóralfi. var nú enn mitt líf í hættu  
 'nökkurri at þeir myndi lemja mik með stokkinum ok þí  
 'tek ek þat ráðs at jafnfram sem ek fann at endafjölin  
 'brast setta ek upp stór-óp mikit. en þeir kasta stokk-  
 15 'inum svá "lmhlaupn" í braut sem úvinrinn myndi eptir  
 'fara. var þá um leyst at ek kvámumz út þótt erfitt yrði.  
 'velta ek þá fljótt ok hermiliga báðum kistunum aþr í  
 'gröfina ok síðan skildumz ek viðr þí sem líkast ok áðr  
 'var frá gengit. leitaða ek braut með leynd ok lýkr þar  
 20 'minni sögu'.

Kóngssun svaraði 'meinliga þótti mér þú kominn svá  
 'at ek fæ eigi skilt hvat yfir má bera. er þat ok ljóst,  
 'góðr vin, at þú valdir þær vanda unnustu síðan hennar  
 'elska sneriz í morð ok manndráp. en með þessum  
 25 'æfintýrum man fara skemmtun þí at hvat man öðru  
 'líkt. Unnustu átta ek mér ok sat í þeim bý sem nálægr  
 'stendr svartmunkaklaustri nökkuru. reið ek þangat opt-  
 'liga einn samt um nætr þar til at þat gördiz í ríki  
 'feðr míns, sem optliga kann til at bera, at hans réttenda-  
 30 'vald dæmdi til snöru þá menn er stolit höfðu braut af  
 'sér lífit: var þeirra dauðastaðr rétt annan veg út í frá

10 örðiga = ordiga (657 B, 335), aurdýga (586). 15 lmhlaup<sup>7</sup>,  
 657 B; lhlhlaup<sup>7</sup>, 335; hræddj<sup>r</sup>, 586. 24 sneriz \* 335, 586  
 (657 B: su [∞ vu] eddiz).

þeirri braut sem ek var vanr at ríða. ok á næstu nátt  
 sem þeir létu líf reið ek minn veg því at ek þóttumz svá  
 gildir maðr at ekki skylda ek þá hræðaz. en er ek kvam  
 gagnvert þeim þjófinum er sterkastr hafði verit í stulðinum  
 kallar hann á mik ok segir svá 'þú dugandi maðr, sýn 5  
 mér manndóm ok frjálsa mik af kvöl þessi: ek var þorinn  
 úsannri sök ok þí held ek mínu lífi: nú vik til mín ok  
 slá á virgilinn með sverði þínu. ok sakir þess at sá  
 úfagnaðr kallaði þetta allt með hógværu yfirbragði, festa  
 ek trúnað á þí er hann sagði ok veik ek til hans. en er ek 10  
 sá hann. sýndiz mér hann svá bannsettligr at ek trúða  
 hann allt logit hafa ok snera ek frá. hann kallaði þá  
 eptir mér, bað mik eigi hræðaz, sagði mér þat mikinn  
 glæp ef ek létu hann deyja saklausan. eigi þarf þat langt:  
 svá fór annan tíma at ek snera til ok frá ok it þriðja 15  
 sinn. en fyrir hans kall reið ek aprt ok reidda ek sverðit  
 á virgilinn fyrir ofan höfuð honum, féll hann þá ofan en  
 ek setta hestinn á rás. ok litlu síðar heyrða ek at mér  
 var eptirför veitt; leit ek þá aprt ok sá ek at sá fjandinn  
 hafði rifit upp gálgann ok reiddi um öxl ok tók á ferð 20  
 æsiligri eptir mér svá at tók undir. ek lét þá hestinn  
 hlaupa sem af tók ok lá þó við sjálfst at saman drægi  
 meðr okkr. lauk svá skeiðinu at ek kvam at kirkjugarði  
 klaustrsins, varpaða ek mér þá sem færiligast upp ór  
 söðlinum inn yfir garðinn, ok af kunnleik þeim sem ek 25  
 hafða til staðarins kvámumz ek inn í kirkjuna. eigi leið langt  
 áðr en úvinrinn kvam at durum ok knúði hurðina svá  
 hart með gálganum at búit var allt til brots — biðr  
 mannskrafuna upp lúka, segir at 'flótti þinn man at illu  
 verða ok hann skal gjalda þér ofanhöggit áðr mit skiljum. 30  
 ek vilda eigi upp lúka þótt ek væra hart eggjaðr. sem  
 þat var reynt kallar hann hátt ok segir svá 'þú kumpán'

'segir hann 'er þar liggur inni, státt þú upp ok veit mér  
 'lið at ek ná honum'. nú varð ek við þat varr at dauðr  
 'maðr lá þar inni hjá mér, ok viðr þetta úfagnaðarins  
 'ákall færiz hann á fætr ok lymkaz þegar í stað fram at  
 5 'durunum ok skýtr frá lokunum. berr nú brátt at broddi  
 'at þeir sækja mik báðir í ákafa en ek lét horfa undan  
 'á hæli þí at ek varð allr aflvani fyrir. þeim. hafða ek  
 'sverðit fyrir mér ok sneið ek af viðunum slíkt er beit:  
 'hafði hinn minni fjandinn fjöl sína fyrir vígvöl. svá rek-  
 10 'umz ek alla leið um kirkjuna endilanga ok þar með kórinn  
 'innan ok þar með síðast allt austr um háaltarit. var ek  
 'þá svá móðr at ek máttu engri vörn upp halda. mustarit  
 'var vel gluggat en veðr skært úti ok þí bar inn mikit  
 'ljós af tungli. ek lagða þá mitt mál í guðs vald ok trúnað  
 15 'hans heilagrar þínu: kastaða ek frá mér sverðinu en ek  
 'hneigðumz öfugr upp at altarinu sjálfu með réttum höndum,  
 'fótum á víxl ok lútu höfði. ok várr græðari Jesus Christus  
 'gaf þann krap, at sá úfagnaðrinn sem mik hafði lengr  
 'sött sökktiz í gólfít niðr en hinn er þar þóttiz heima  
 20 'eiga (þó at illr væri) skrefaði aptr ok fram um gólfít  
 'at lesa saman fjalaspíkr sínar ok lagðiz þar á niðr. síðan  
 'leitaða ek braut til hests míns með þí þakklæti til guðs  
 'at mér var minna síðan um slíkar ferðir. læt ek lykta  
 'sögu mína'.

25 Þeir báðir þakka honum skemmtun ok segja sem  
 sannleikr beiddi at miklu nauðuligast var hann staddr.  
 en hverr þeirra tók síðan sína náð ok svefn sem verða  
 mátti. ok lyktaz með þí þess háttar efni.

## XV.

### INDVERSKIR GIMSTEINAR.

---

Einn lýðmaðr í Danmörk fýstiz at fara af landi braut suðr í heim at skemmta sér. hann ferr land af landi allt þar til er hann kwam út á Indíaland. ok er hann var þar 5 kominn fór hann um borgir ok bæi þar til er hann kwam í einn sæmiligan stað. hann tekr sér þar herbergi með einum húsherra: sá var einn af ráðsmönnum stadarins. hann kwam sér í tal við húsherrann. þessi hinn sami mælti við hinn danska 'hvaðan af löndum ertu?' hann sagðiz 10 danskr vera. herrann mælti 'þú mant mart skemmtilig 'kunna oss at segja af löndum yðrum'. hann svaraði 'eigi 'kann ek þaðan segja nökkura þá hluti er mér sýnaz 'frásagnar verðir'. herrann mælti 'eru nökkurir gimsteinar 'í yðru landi?' hinn danski svarar 'eigi veit ek þar vera 15 'gimsteina'. herrann mælti 'ek skal fá þær í hendr þrjá 'gimsteina: þá skaltu fá í hendr kóngi yðrum' síðan tók hann þrjá litla steina at sjá ok fekk í hendr hinum danska manni. ok er hann var búinn fór hann ferðar sinnar allt þar til er hann kwam í Danmörk ok leitar á kóngs fund 20 ok kveðr hann vel. hann tekr honum vel ok fréttir at um ferðir hans eða hvert hann hefir lengst farit. hann

segir kóngi allt hit sanna. kóngr mælti 'með þí at þú  
 'hefir farit á Indíaland, mantu hafa nökkurar fásénar  
 'gersimar oss at færa'. 'ekki er mikit um þat' sagði hann:  
 berr síðan fram steinana ok fær í hendr kóngi. hann tekr  
 5 við ok lítr á ok mælti 'eigi kann ek sjá at þessir steinar  
 'sè nökkurar gersimar, þikki mér ok mikil ván at eigi  
 'gefa ek góðs mitt móti þessum steinum þí at eigi veit  
 'ek náttúru þeirra; en varðveita skal ek þá þí at ek  
 'trúi at sá sem sent hefir vill nökkut móti hafa'. Ok er  
 10 stundir líða fram berr svá til einn dag er kóngr sitr  
 undir borðum at úkunnr maðr gengr í höllina ok fyrir  
 kóngsborð: sjá kveðr kóng vel ok mælti síðan 'herra,  
 'hafa yðr nökkurir steinar færðir verit sunnan ór löndum?'  
 kóngr sagði komit hafa. hinn komni maðr spurði 'vili þér  
 15 'nökkur laun fyrir leggja þeim er yðr sendi?' kóngr  
 svarar 'ek veit eigi at mér þikki launa fyrir vert þí at  
 'ek veit eigi hvað mér skal'. hann svaraði 'sýnið mér'.  
 kóngr görði svá. sem þessi maðr hafði við tekit steinunum  
 lagði hann þá í lófa sér ok mælti til kóngs 'nú þikkir  
 20 'yðr, herra, engi mæti á steinum þessum; en með orlofi  
 'yðru skal ek segja nökkut af náttúru þeirra'. síðan tekr  
 hann einn steininn ok hélt upp ok mælti 'þat er náttúra  
 'þessa steins ef þér vegið gull jafnvægi hans ok leggið  
 'hann við gullit þá vex þat svá at þat er skjótt hálfu  
 25 'meira ok svá lengi sem þat er þar með verðr þat æ  
 'hálfu meira'. kóngr varð hljóðr viðr ok mælti 'þetta er  
 'kónsgersimi'. hann tók annan stein ok mælti 'þat er  
 'náttúra þessa steins at þá er þú ert í bardaga þá skiptir  
 'þik eigi hvárt þú hefir hlífar eða eigi þí at ekki mant  
 30 'þú sár fá ef þú hefir þenna stein á þér'. kóngr varð  
 úkveði við ok angraz er hann hafði lausa látit steinana.  
 þessi tók hinn þriðja ok hélt upp fyrir kóngi ok mælti  
 'þat er þessa steins náttúra at nú em ek hér en næst  
 'man ek út á Indíalandi'. síðan hvarf hann þeim at luktum

durum svá at aldri sá þeir hann síðan. Ekki kann ek segja hverr kóngur þessi hefur verið; en sagt hafa sumir menn at verið hafi Valdimarr gamli þí at hann hefur átt fásæna gripi þá sem af Indíalandi váru komnir, en eigi veit ek þat með vísendum at segja.

5

---

4 af +.

---

---



## XVI.

### AF MEISTARA PERO OK HANS LEIKUM.

1. **B**ræðr tveir váru út í lönd er tekit höfðu hertuga-  
dóm eptir feðr sinn: hét annarr Vilhjálmr en annarr  
5 Eiríkr. Systir þeirra hét Ingibjörg, kvenna vænst ok vel  
at sér um flesta hluti. Ráðgjafi þeirra hét Perus er mjök  
hafði ríkisstjórn með þeim bræðrum. hann hafði beðit  
systur þeirra ok vildu þeir ekki gipta honum hana fyrir  
þí at hann var nafnbótarlauss ok úférikr; en allra manna  
10 var hann bezt mennt. ekki er þess getit at þeir bræðr  
hafi verit vitrir menn. systir þeirra Ingibjörg átti sér  
skemmu ok þar drakk hún jafnan með sínum fylgiskonum.  
ekki er getit móður þeirra systkina. Perus sagði svá at  
frá þí er hann gekk til borðs á kveldum ok til þess  
15 er sól er í austri vill hann at engi mál sé kærð ok í  
engum ráðagörðum með hertugunum vera: þenna tíma  
vildi hann vera frjáls af öllu ákalli. Bræðr tveir váru  
með hertugunum þeir sem mjök öfunduðu meistara Perum:  
svá at hans metnaðr mætti minnkaz, vildu þeir gjarna fá  
20 fengit nökkut efni til at rægja hann fyrir hertugum. Þat  
bar til eitt sinn sem þessir bræðr reikudu úti, er alþýða  
gekk til aptandrykkju, ok í nánd skíðgarði Ingibjargar

— þeir heyrðu þangat gleði mikla ok fyrir þetta sama fýsaz þeir at komaz inn yfir garðinn ok vita hverju gegnir ok þetta fá þeir leikit ok sá inn um glugg einn er á var herberginu: þeir sjá hvar sitr frú Ingibjörg ok hjá henni meistari Perus ok “lífiz” við yfrit blíðliga með 5 kossunum ok faðmlögum. þeir verða fegnir þí at nú hafa þeir fengit nógt efni til úfrægðar meistara Pero. þí flýta þeir sér í höllina. sem þeir koma þar sá þeir at meistari Perus sitr í sæti sínu eptir vana: hann hefir hjá sér tvá sveina þá er þjóna dagliga. ok at þessu senu þikkjaz 10 þeir eigi vita hverju gegnir ok þora ekki til at tala at sinni en hugsa þó at þeir skulu eigi fyrr af láta en þeir vitu hvat satt er. þeir fara at sinni í sæti sín. Annat kveld koma þeir enn til skemmunnar. sýniz þeim sem meistari Perus sití með þeim hætti sem hit fyrra kveld ok 15 at þessu senu flýta þeir sér inn í höllina. þeir sjá meistara Perus sitja í höllinni eptir vana í sæti sínu ok taka við kerum svá sem honum váru upp skenkt. ok nú örugga þeir sik svá at þeir skulu vita fyrir víst hverju gegnir þí at þeir kunnu þat skilja at hann má eigi í tveimr 20 stöðum senn vera: ganga nú þar til sem hann sitr ok tala til hans; en hann svarar öngu. en æ þí meir forvitnar þá um hans hag: þeir ganga nú at djarfliga ok þreifa til hans þar sem þeim sýniz at hann sití. nú kenna þeir at rúmit er autt ok hann er ekki þar, kalla nú til sín fleiri sina félaga: 25 verða nú allir samt visir hvat satt er ok segja þegar hertugunum. þeir kalla til sín menn ok fara til skemmunnar ok brjóta hana upp ok hlaupa þegar inn. þar er til máls at taka er meistari Perus er í sæng hjá Ingibjörgu ok verða ekki fyrr vör við en þau heyra hark ok háreysti ok skemman 30

5 ok ————— með, 657 B; ok sýniz þeim bræðrum þau látaz mjök blíðliga við bæði með, 343; þeim bræðrum sýniz sem þau leikiz við blíðliga bæði með, 586.

er upp brotin. talar hún þá til hans ok segir dauða hans  
vísan. hann biðr hana vel um mælaz, segir at ekki man  
til saka, sprettr upp í linklæðum ok kastar yfir sik feldi  
blám er hann bar hversdagliga ok lagðiz niðr í frúinnar  
5 háseti. þá mælti Vilhjálmr 'láti mik gjalda honum þessa  
'skemmd þí at ek em okkarr ellri' — hann var stórr  
sem risi ok sterkr — grípr til Perum með hermð ok  
reiði ok sviptir honum ofan á gólfít, stigr síðan öðrum  
fæti á annan fót hans en tekr annan tveimr höndum ok  
10 rifr í sundr í fyrsta rykk allt upp at bringspölum en í  
öðrum kippir hann honum í tvá hluti. fellr nú blóð með  
innýflum um allt skemmugólfít, ok til skemmdar við frúna  
fyrirbjóða þeir at skemman sé hreinsuð. síðan ganga þeir  
í braut með sínum mönnum. frúin fellr í úvit er hún sér  
15 sinn ástmann svá sárt ok svívirðliga leikinn. ok eigi líðr  
langt áðr hún raknar viðr ok sér at meistari Perus gengr  
at henni heill ok úskaddr. hún þikkiz nú eigi vita hverju  
gegñir. hann biðr hana eigi hræðaz, segiz vera heill ok  
úskaddr 'þí at hær var rifít í sundr eitt skálmatrè er  
20 'liggr á gólfínu. en þeir tóku ekki á mér'. sér hún þá  
hvárki blóð né önnur úhreinendi á gólfínu. hún biðr hann  
forða sér. hann svarar 'fyrst man ek klæðaz ok ganga  
'síðan í höllina'. hann görir svá. sem hertugar sjá hann  
þikkjaz þeir eigi vita við hver brögð þeir eru komnir,  
25 bjóða sínum mönnum at taka hann ok binda ok setja í  
járn. síðan kalla þeir saman mikinn mannfjölda: er hann  
fluttr til skógar. ok er þeir koma í þann stað er þeir  
ætla at drepa hann ok hann stendr fyrir þeim bundinn,  
mælti hann 'nú hefi ek verit bundinn um stund en hédan  
30 'af skal ek lauss vera. en þit bræðr eruð mjök heimskir  
'menn: ek bað systur ykkarrar ok vildu þit eigi gefa  
'mér þí at ykk þótti ek lítills háttar hjá ykk, en þó at  
'ek sé ykk úrikari fyrir penninga sakir þá em ek ykk  
'þó vitrari ok ef várar mægðir hefði tekiz mætti þit minnar

‘vizku æfinliga notit hafa þí at þá hefða ek aldri við  
 ‘ykkur skilit. mæli ek þat um at öll ykkur framferð snúiz  
 ‘ykkur til úfrægðar ok hamingjuleysis’. síðan sýndiz þeim  
 sem hann tæki eitt blátt hnoda ór brókabeltispussi sínum  
 ok kastadi upp í loptit ok þat yrði at einum streng, 5  
 sýndiz þeim sem hann haldi þar í annan enda ok læsi  
 sik upp eptir — ok hvarf hann þeim svá at þeir sáz  
 eigi síðan.

2. Af meistara Pero ok Pinz. Skammt þaðan var  
 einn ríkr höfðingi er Pinz var kallaðr. hann var ríkr 10  
 maðr ok hélt sik um fram hvern mann í þí landi at  
 klæðum ok kosti. hestum ok öllum tygjum. einn dag reið  
 hann út af sínum garði með xij sveinum sínum eina þjóð-  
 braut um skóg einn, riðandi ágætu essi með öllum sínum  
 bezta búningi. allir váru hans sveinar vel búnir. ok er 15  
 þeir riðu um skóginn sjá þeir at maðr ríðr í mót þeim  
 mikill ok vaskligr: hann hefir svá góðan hest at engan  
 hafa þeir slíkan sèt bæði sakir gangs ok vaxtar: klæða-  
 búnaðr þessa manns sýndiz þeim um fram alla þá sem  
 þeir höfðu fyrr sèt, þar eptir eru öll hans tygi ok sjálfr 20  
 er hann afbragð annarra manna. nú af þí at hvárir fara  
 öðrum í mót þá finnaz þeir skjótt: heilsa þar hvárir  
 öðrum. Pinz talar svá til þessa manns ‘þú dugandi maðr’  
 segir hann ‘sel mér þat ágæta ess með búnaðinum ok öll  
 ‘þín vápn ok klæði þí at þetta er eigi útigins manns 25  
 ‘eign allt saman: vil ek gefa þér viðr mitt ess ok öll  
 ‘mín klæði ok þar með aðra aura svá at þú sér vel  
 ‘haldinn af’. þessi svarar ‘ekki fýsir mik til at hafa þitt  
 ‘ess eða tygi: má hvárr okkarr una þí er áðr hefir’.  
 Pinz segir ‘vilir þú eigi selja mér eða gefa þá hlýtr þú 30

8 síðan, 343. 657 B; síðan. ok lýkr hær at segja frá meistara  
 Perus. En guð geymi vor allra, AMEN, 586. 9. 10. 23, 30  
 Pinz < Prinz (v) prinz) \* 343.

‘þó laust at láta’. hann svarar ‘þó at þú takir af mér allt  
 ‘þat er ek hefi þá er þó úvist at þín ágirni seðiz með  
 ‘þessu, en eigi læt ek af meðan ek em únauðigr, en eigi  
 ‘man ek einn halda fyrir yðr xiiij’. síðan taka þeir hann  
 5 höndum, færa hann af sínum klæðum ok fá honum í  
 staðinn þau sem þeirra formaðr hafði. ekki brauz hann  
 um. skilja þeir við þetta ok riða sinn veg hvárir. einn  
 af þeim kumpánum ihugaði mest þeirra görd þí at hann  
 var þeim vitrari. hann átti einn náttúrustein þann ef hann  
 10 leit í hann þá mátti ekki missýna fyrir honum. þenna  
 stein tekr hann ok lítr í, þí at hann grunaði at honum  
 myndi annan veg sýnaz en væri, ok nú sýniz honum  
 undrliga: hann sér sinn formann riða einni hrisbyrði, hón  
 er bundin saman með tágum; en þeim sýniz öllum hinn  
 15 fríðasti faraskjóti með ágætum búnaði. nú með þí at  
 öllum öðrum en honum er þetta úsýniligt þá kallar hann  
 til sín annan ok hinn þriðja at þeir megi vita með honum  
 hvat satt er ok lætr þá líta í fyrr sagðan stein ok sýniz  
 þeim þá einn veg öllum. síðan segja þeir sínum formanni  
 20 ok láta hann sjálfan sjá. hann verðr við æfar reiðr ok  
 biðr þá riða eptir þeim vanda galdramanni, þí at hann  
 var skammt frá þeim, ok bað þá taka hann. ok sem  
 þeir funduz bar hann at honum at hann hefði svikit  
 af honum hans tygi. hann sagði þat eigi satt vera, kvez  
 25 aldrigi hann beitt hafa nökkurs umskiptis, sagði at ágirni  
 hans hefði blindat hans hugskotsaugu, bað hann sjálfan  
 gjalda heimsku sinnar ok taldiz sýkn í alla staði. for-  
 maðrinn bað þá taka hann ok binda ok svá gördu þeir.  
 síðan ætluðu þeir at láta drepa hann, ok kalla saman  
 30 mikinn mannfjölda. þeir settu sinn dóm á bryggju einni  
 þar sem sjór var allt fyrir framan, en alþýða skipar sik  
 allt fyrir ofan ok alla vega at sjónum svá at þessi vandi  
 maðr megi eigi lauss verða þí at öllum sýniz hann dauða-  
 maðr fyrir sína galdra. sem svá var komit hans máli, tekr

hann til orða 'ek hefi verit bundinn nú um stund, en nú  
 'vil ek lauss vera, en þó man ek eigi hlaupa enn á sjóinn'.  
 ok er hann hafði þetta mælt sat hann lauss hjá þeim á  
 bryggjunum. síðan sýndiz þeim sem hann tæki ór pungi  
 sínum lítit af bleikju ok drægi þar á bryggjunni skip með 5.  
 öllum reiða, ok er þeim var minnst ván heyrðu þeir brest  
 mikinn ok rugl í sjónum ok líta til: þá sá þeir at hann  
 er kominn út á sjóinn ok á skip ok vindr upp segl ok  
 siglir þessi maðr í haf út. skilr svá með þeim landsmönnum  
 ok með Pero. verðr hann víðara við at koma. 10.

3. *Af meistara Pero ok hertuga.* Þar sem Perus kwam  
 at landi var einn hertugi með herskipum; ekki er getit at  
 hann ætti ríki fyrir at ráða; hann var sagðr maðr réttlátr  
 í þeirri stétt sem hann var, drap niðr vikinga ok ránsmenn  
 en lét alla góða menn fara í friði, var hann af þessu vinsæll, 15.  
 hafði hann af hverjum kóngi hvat er hann vildi. þetta var  
 þann tíma dags, er Perus fann hertugann, er matsveinar  
 matbjoggu: pörtuðu þeir einn hana til borðs fyrr sögðum  
 hertuga. Perus kvaddi hann vel ok mælti 'svá mikil frægð  
 'flyz af yðr at þér séð röskvir í stríði ok réttlátir viðr 20  
 'alþýðu — eða hvárt er at þér vilid eigi verða kóngr  
 'yfir einhverju ríki eða kunni þér eigi fá?' hertuginn  
 svarar 'enga ástundun hefi ek til þess haft'. Perus mælti  
 'myndi þér vilja verða kóngr ef yðr væri kost?' hann  
 svarar 'fyrir víst vilda ek'. Perus mælti 'vel myndir 25.  
 'þú þá launa þeim er þi kvæmi áleiðis?' 'víst skyldi hann  
 'hafa verðkaupit' segir hertuginn. Perus mælti 'myndir  
 'þú vilja gefa honum x merkr gulls á hverju ári svá lengi  
 'sem þér ríkið?' 'x merkr' segir hertuginn 'ok þó at hann  
 'tæki cc marka'. hann svarar 'ekki beiðumz ek meira en 30.  
 'x merkr'. 'þat gef ek gjarna' segir hertuginn. ok viðr

5 drægi > dragi (657 B).

11 ok hertuga > ~~~ (657 B).



þetta skilja þeir. ferr Perus braut. Þaðan skammt var ein kóngs-atseta. hann var kvæntr ok átti sun þrevetran. þat barz at þar at svá sýndiz sem sjá kóngr yrði bráð-dauðr. landsmenn kvöddu þings til kóngstekju. kemr þar  
 5 saman mikill mannmúgi. þar kemr drottning með syni sinum. sýniz þat öllum réttast at kóngssun taki ríki eptir feðr sinn. í þann tíma sýniz Perus á þinginu: hann tekr svá til orða 'þat er satt at sun á arf eptir feðr sinn; en 'fyrir aldrs sakir er hann lítill til stjórnar eða afruðnings  
 10 'ef víkingar kunnu koma til lands — eða hafi þér nökkt 'spurt tíðenda?' þeir kölluðuz ekki fregnat hafa. hann segir 'mér er þat hermt at fjöldi herskípa er komit við 'landit, ok þér sjálfir sjáið at hver höfn er full af her-'skipum en hafit er sem kolum sé sát, ok er ekki annat  
 15 'til ráðs en fá uruggan formann þann er þessu vandkvæði 'mætti af yðr víkja þí at þeir munu hvárki spara at 'taka drottningina né góðs yðart með herfangi'. menn hyggja nú þetta munu satt vera, sjá nú at herr er kominn í landit: skýtr nú alþýðu skelk í bringu. til verðr einn  
 20 hverr ok spyr hvern hann sér vel til fallinn kóngrs yfir landit. Perus segir engan jafnvel til fallinn sem hertugann sakir sigrsælðar, vits ok førsjó, ok hvert afbragð hann er annarra manna. hér kemr at þetta samþykkir landsfólkit ok svá sýniz drottningu. fór þá Perus til fundar  
 25 við hertugann ok segir honum nú kost at taka kóngrs-tign ef hann vill gefa honum x merkr gulls á hverju ári. hertuginn sagðiz þenna kost vilja ok lýkr honum þegar x merkr. síðan ferr hertugi heim til kóngrshallar ok fær þar góðar viðtökur: er hann þar til kóngrs tekinn ok fær  
 30 drottningar sér til eiginkonu. sez hann þar til ríkis ok unir vel við. en herr sá hinn mikli er þar hafði við land komit hvarf svá skjótt at engi vissi hvat af varð. Nú líðr fyrsta ár ok kemr Perus at jafnlengð ok gengr í höll kóngrs ok heilsar honum. kóngr tekr honum blíðliga.

Perus mælti 'ek em kominn at heimta fè mitt af yðr'. 'já 'já' segir kóngur 'þat er til reiðu' lætr í stað vega honum x merkr gulls. hirðmönnum þikkir undarligt. Annat sinn kemr Perus at jafnlengð ok heimtir fè sitt: verðr nú rómr mikill um höllina at þessi maðr heimtir æ penninga 5 at kóngi ok segja illt mundu undir búa. sem kóngur heyrir þat, biðr hann Perum ekki heimta at sér penninga lengr, biðr þó fá honum at sinni x merkr. en Perus segiz heimta munu sitt hvat sem kóngur segir, tekr við fènu ok ferr braut síðan. Þriðja sinn sem liðnir eru xij mánaðir kemr 10 Perus fyrir kóng ok heimtir x merkr gulls. nú verðr þyss mikill í höllinni, er hirðin segir at þessi maðr hafi gört kónginn skattgildan — þikkir víst at illt man undir búa. sem kóngur heyrir þat segir hann Pero með reiði 'þú ert 'firrna-maðr djarfr er þú þorir at heimta fè at mér ok 15 'launa mér svá þann góðvilja er ek görða þér, ok lát af 'dirfd þinni ef þú vill eigi fá á þér úfagnað'. Perus svarar 'litol ván er þér at ek láta af fyrir stóryrði þín at heimta 'mitt góðs'. kóngur mælti 'vilir þú eigi af láta þá er ván 'at ek láta þik höndum taka ok eigi úvíst at þú sér 20 'drepinn'. Perus mælti til kóngrs 'mantu hvar mit fund- 'umz fyrstan tíma?' 'man ek' segir kóngur. Perus mælti þá til kóngrs 'þá vart þú hertugi ok sagðr maðr réttlátr 'ok eigi mjök ágjarn, en nú þegar er þú ert rikari ertu 'ágjarn ok újafnaðarfullr er þú mátt sem þú vill, ok fyrir 25 'þí at nú hefi ek prófat þik hverr þú ert trúi ek at 'haninn sé soðinn'. bregðr nú þí við at hertuginn er við skip sín, ok eigi hafði lengri stund verit en haninn var soðinn þar sem hann þóttiz kóngur vera svá at árum skipti ok eiga drottning ok hafa landsstjórn, ok allt 30 þetta var ekki utan sjónhverfing ok í móti þí sem satt

var, þí at villt var fyrir honum skynsemi ok vildi Perus  
prófa hverr hann væri þegar hann mætti sem hann vildi.  
Þetta sama snertr marga of mjök; þí at þat er of gjarnt  
valdinu at metnaðrinn spillir ok vill einn öllu ráða — virða  
5 ok stundum of lítils þat sem vel var áðr við hann gört  
en hann fekk valdit. Lýkr hér at segja af Pero at sinni.

---

## XVII.

### AF KÓNGSSYNI OK KÓNGSDÓTTUR.

 eldr es í endum,  
 eitr es í miðju —  
 svá es umb Flosa ráð  
 sem fari kefli, 20  
 svá es umb Flosa ráð  
 sem fari kefli;

þá þótti honum hann skjóta brandinum austr til fjallanna fyrir sik ok þótti honum hlaupa upp eldr mikill í móti svá at hann þóttiz ekki sjá til fjallanna fyrir; honum 25 sýndiz sjá maðr ríða austr undir eldinn ok hvarf þar. síðan gekk hann inn ok til rúms síns ok fékk langt úvit ok rétti við ór því. hann mundi allt þat er fyrir hann hafði borit ok sagði föður sínum, enn hann bað hann segja Hjalta Skeggja syni. hann fór ok sagði Hjalta. ‘þú 30 ‘hefir sêt gandreid’ sagði Hjalti ‘ok er þat jafnan fyrir ‘stórtiðendum’.

(7.) Flosi bjó sik austan þá er tveir mánuðr váru til vetrar ok stefndi til sín öllum sínum mönnum þeim er honum höfðu ferð heitit. hverr þeira hafði tvá hesta ok 35

góð vápn. þeir komu allir til Svínafells ok váru þar um nóttina. Flosi lét snimma veita sér tíðir sunnudaginn enn síðan gekk hann til borðs. hann sagði fyrir öllum heimamönnum hvat hverrgi skyldi starfa meðan hann væri  
 5 í brautu. síðan gekk hann til hesta sinna. þeir Flosi riðu vestr á Sand. Flosi bað þá fyrst ekki allákast riða ok kvað þó hinn veg lúka mundu. hann bað alla biða ef nökkurr þyrfti at dveljaz. þeir riðu vestr til Skógahverfis ok komu í Kirkjubæ. Flosi bað alla menn koma til kirkju  
 10 ok biðjaz fyrir. menn görðu svá. síðan stigu þeir á hesta sína ok riðu á fjall ok svá til Fiskivatna ok riðu nökkuru fyrir vestan vötnin ok stefndu svá vestr á sandinn — létu þeir þá Eyjafjallajökul á vinstri hönd sér — ok svá ofan í Goðaland ok svá til Markarfljóts ok komu um  
 15 nónskeið mánadaginn á Þríhyrningshálsa ok biðu til miðs aptans. komu þar þá allir nema Ingjaldr frá Keldum ok töldu Sigfúss synir á hann mjök enn Flosi bað þá ekki ámæla Ingjaldi meðan hann væri eigi hjá ‘enn þó skulu ‘vèr gjalda honum síðar’.

20 (8.) Nú er til máls at taka at Bergþórshváli at þeir Grímr ok Helgi fóru til Hóla — þar váru þeim fóstruð börn — ok sögðu föður sínum at þeir mundu eigi heim um kveldit. þeir váru í Hólum allan daginn. þar komu konur fátækjar ok kváðuz konnar at langt. þeir bræðr  
 25 spurðu þær tíðenda. þær kváðuz engi kunna tíðendi at segja enn segja þó nýlundu nökkverja. þeir spurðu hverja nýlundu þær segði ok báðu þær eigi leynd. þær sögðu svá vera skyldu ‘vèr komum at ofan ór Fljótshlíð ok sá ‘vèr Sigfúss sonu alla riða með alvæpni ok stefndu þeir  
 30 ‘upp á Þríhyrningshálsa ok váru fimmtán í flokki; vèr ‘sám ok Grana Gunnars son ok Gunnar Lamba son ok ‘váru þeir fimm saman — þeir stefndu hina sömu leið: ‘ok kalla má at nú sé allt á för ok á flaug’. Helgi mælti ‘þá man Flosi kominn austan ok munu þeir allir komnir  
 35 ‘til móts við hann ok skulu vit Grímr vera þar sem

‘Skarphèðinn er’. Grímr kvað svá vera skyldu ok fóru þeir heim. Þenna aptan hinn sama mælti Bergþóra til hjóna sinna ‘nú skuluð er kjósa yðr mat í kveld at hverr hafi þat er mest fýsir til því at þenna aptan man ek ‘bera síðast mat fyrir hjón mín’. ‘þat skyldi eigi vera’ 5 sögðu þeir er hjá váru. ‘þat man þó fram koma’ sagði hón ‘ok má ek miklu fleira af segja ef ek vil ok man þat ‘til marka at þeir Grímr ok Helgi munu heim koma í ‘kveld ok ef þetta gengr eptir þá man svá fara fleira ‘sem ek segi’. síðan bar hón mat á borð. Njáll mælti 10 ‘undarlíga sýniz mér nú: ek þykkjumz sjá um alla stufuna ‘ok þykki mér sem undan sè gaffveggirnir báðir enn ‘blóðugt allt borðit ok matrinn’. Þá fannz öllum mikit um öðrum enn Skarphèðni: hann bað menn ekki syrgja né láta annars konar herfiligum látum svá at menn mætti 15 orð á því göra ‘man oss vandara gört enn öðrum mönnum ‘at vèr berim oss vel ok er þat at vánum’. Þeir Grímr ok Helgi komu heim áðr borð váru ofan tekin ok brá mönnum mjök við þat. Njáll spurði hvi þeir færi svá hverft enn þeir sögðu slíkt sem þeir höfðu frétt. Njáll 20 bað engan mann til svefns fara ok vera vara um sik.

(9.) Nú talar Flosi við sína menn ‘nú munu vèr riða ‘til Bergþórshváls ok koma þar fyrir náttmál’. dalr var í hválinum ok riðu þeir þangat ok bundu þar hesta sína ok dvölduz þar til þess er mjök leið á kveldit. Flosi 25 mælti þá ‘nú skulu vèr ganga heim at bænum ok ganga ‘þröngt ok fara seint ok sjá hvat þeir taki til ráðs’. Njáll stóð úti ok sýnir hans ok Kári ok allir heimamenn ok skipuðuz fyrir á hlaðinu ok var þat nær þrír tigur manna. Flosi nam staðar ok mælti ‘nú skulu vèr at hyggja hvat 30 ‘þeir taka til ráðs því at mér líz svá ef þeir standa úti ‘fyrir sem vèr munim þá aldri sóttá geta’. ‘þá er vár ‘fór ill’ sagði Grani Gunnars son ‘ef vèr skulum eigi þora ‘at at sækja’. ‘þat skal ok eigi vera’ sagði Flosi ‘ok ‘munu vèr at ganga þótt þeir standi úti; enn þat afráð 35

'munu vér gjalda at margr man eigi kunna frá at segja  
 'hvárir sem sigraz'. Njáll mælti til sinna manna 'hvat  
 'segið ér frá hversu mikit lið þeir hafa?' 'þeir hafa bæði  
 'mikit lið ok harðsnúit' sagði Skarphéðinn 'enn því nema  
 5 'þeir þó nú stað at þeim þykkir sem illa muni sækjaz at  
 'vinna oss'. 'þat man ekki' sagði Njáll 'ok vil ek at menn  
 'gangi inn; því at illa sóttiz þeim Gunnarr at Hlíðarenda  
 'ok var hann einn fyrir: eru hér hús rammleg sem þar  
 'váru ok munu þeir eigi sótt geta'. 'þetta er ekki þann  
 10 'veg at skilja' sagði Skarphéðinn 'Gunnar sóttu heim þeir  
 'höfðingjar er svá váru vel at sér at heldr vildu frá hverfa  
 'enn brenna hann inni; enn þessir munu sækja oss með  
 'eldi ef þeir megu eigi annan veg því at þeir munu allt  
 'til vinna at yfir taki við oss — munu þeir þat ætla sem  
 15 'eigi er úlíkligt at þat muni þeira bani ef oss dregr undan.  
 'em ek úfúss at láta svæla mik inni sem melrakka í greni'.  
 Njáll mælti 'nú man sem optar at ér munuð bera mik  
 'ráðum synir mínir ok virða mik engis; enn þá er ér  
 'váruð yngri görduð ér þat eigi ok fór yðvart ráð þá  
 20 'betr fram'. Helgi mælti 'göllum vér sem faðir várr vill:  
 'þat man oss bezt gegna'. 'eigi veit ek þat víst' sagði  
 Skarphéðinn 'því at hann er nú feigr; enn þó má ek  
 'göra þat til skaps föður míns at brinna inni með honum  
 'því at ek em ekki hræddr við dauða minn'. Hann mælti  
 25 þá við Kára 'fylgjumz vel mágr svá at engi várr skili við  
 'annan'. 'þat hefi ek ætlat' sagði Kári 'enn ef annars  
 'verðr auðit þá man þat verða fram at koma ok man ekki  
 'mega við göra'. 'hefn þú vár' sagði Skarphéðinn 'enn  
 'vér skulum þín ef vér lifum eptir'. Kári kvað svá vera  
 30 skyldu. Gengu þeir þá inn allir ok skipuðuz í dyrrin.  
 Flosi mælti 'nú eru þeir feigir er þeir hafa inn gengit:  
 'skulu vér nú heim ganga sem skjótast ok skipa sem  
 'þykkvast ok geyma þess at engi komiz í braut — hvárki  
 'Kári né Njáls synir — því at þat er várr bani'. Þeir  
 35 Flosi komu nú heim ok skipuðuz umhverfis húsir ef

nökkurar væri laundyrr á. Flosi gekk framan at húsunum ok hans menn. Hróaldr Özurar son hljóp þar at sem Skarphédinn var fyrir ok lagði til hans. Skarphédinn hjó spjótit af skapti fyrir honum ok hljóp at honum ok hjó til hans ok kom öxin ofan í skjöldinn ok bar at honum 5 þegar allan skjöldinn enn hyrnan sú hin fremri tók andlittit ok féll hann á bak aptr ok þegar dauðr. Kári mælti 'litt dró enn undan við þik Skarphédinn: þú ert vár 'fræknastr'. 'eigi veit ek þat' sagði Skarphédinn ok brá við grönnum ok glotti at. Þeir Kári ok Grímr ok Helgi 10 lögðu út mörgum spjótum ok særðu marga menn. enn þeir Flosi gátu ekki at gört. Flosi mælti 'vér höfum 'fengit mikinn skaða á mönnum várum er margir eru 'særðir enn sá veginn er vér myndim sízt til kjósa. nú 'er þat séit at vér getum þá eigi með vápnum sótta. er 15 'sá nú margr at eigi gengr jafnsköruliga at sem létu. 'enda munu vér nú verða at göra annat ráð fyrir oss. eru 'nú tveir kostir ok er hvárrgi góðr: sá annarr at hverfa 'frá ok er þat várr bani; enn hinn annarr at bera at eld 'ok brenna þá inni ok er þat stór ábyrgð fyrir guði er 20 'vér erum kristnir sjálfir — enn þó munu vér þat bragðs 'taka'. þeir tóku nú eld ok görðu bál mikit fyrir dyr- unum. Þá mælti Skarphédinn 'eld kveykvið er nú sveinar: 'hvárt skal nú búa til seyðis?' Grani Gunnars son svaraði 'svá skal þat vera ok skaltu eigi þurfa heitara at baka'. 25 Skarphédinn mælti 'því launar þú mér sem þú ert maðr 'til er ek hefnda föður þíns ok virðir þat meira er þer 'er úskyldara'. Þá báru konur sýru í eldinn ok slökktu fyrir þeim. Kolr Þorsteins son mælti til Flosa 'ráð kemr 'mér í hug: ek hefi sèt lopt í skálanum á þvertrjám ok 30 'skulu vér þar inn bera eldinn ok kveykva við arfasátu 'þá er hér stendr fyrir ofan húsin'. síðan tóku þeir arfa- sátuna ok báru þar inn eldinn, ok fundu þeir er inni váru eigi fyrr enn logaði ofan allr skálinn. görðu þeir Flosi þá stór bál fyrir öllum dyrum. tók þá kvennaliðit 35



illa at þola þat er inni var. Njáll mælti til þeira ‘verðið  
‘vel við ok mælið eigi æðru því at el eitt man vera; enn  
‘þó skyldi langt til annars slíks: trúið er ok því at guð  
‘er miskunnsamr ok man hann oss eigi láta brinna bæði  
5 ‘þessa heims ok annars’. slíkar fortölur hafði hann fyrir  
þeim ok aðrar hraustligri. nú taka öll húsin at loga. þá  
gekk Njáll til dyra ok mælti ‘er Flosi svá nær at hann  
‘megi heyra mál mitt?’ Flosi kvez heyra. Njáll mælti  
‘viltu nökkvat taka sættum við sonu mína? eða leyfa  
10 ‘nökkurum mönnum útgöngu?’ Flosi svaraði ‘eigi vil ek  
‘taka sættum við sonu þína ok skal nú yfir lúka með  
‘oss ok eigi frá ganga fyrr enn þeir eru allir dauðir;  
‘enn lofa vil ek útgöngu konum ok börnum ok húskörlum’.  
Njáll gekk þá inn ok mælti við fólkit ‘nú er þeim út at  
15 ‘ganga öllum er leyft er, ok gakk þú út þórhalla Ásgríms  
‘dóttir ok allr lýðr með þér sá er lofat er’. Þórhalla  
mælti ‘annarr verðr skilnaðr okkarr Helga enn ek ætlaða  
‘um hrið, enn þó skal ek eggja föður minn ok bræðr at  
‘þeir hefni þessa mannskaða er hér er görr’. Njáll mælti  
20 ‘vel man þér fara því at þú ert góð kona’. síðan gekk  
hón út ok mart lið með henni. Ástriðr af Djúpárbakka  
mælti til Helga Njáls sonar ‘gakk þú út með mér ok man  
‘ek kasta yfir þik kvenskikkju ok falda þik með höfuð-  
‘dúki’. hann taldiz undan fyrst enn þó görði hann þetta  
25 fyrir bæn þeira. Ástriðr vafði höfuðdúki at höfði honum  
enn Þórhildr lagði yfir hann skikkjuna ok gekk hann út  
á meðal þeirra: þá gekk út Þorgerðr Njáls dóttir ok  
Helga systir hennar ok mart annat fólk. enn er Helgi  
kom út þá mælti Flosi ‘sú er há kona ok mikil um herðar  
30 ‘er þar fór — takið ok haldið henni’. enn er Helgi  
heyrði þetta kastaði hann skikkjunni — hann hafði haft  
sverð brugðit undir hendi sér — ok hjó til manns ok kom  
í skjöldinn ok af sporðinn ok fótinn af manningum. þá  
kom Flosi at ok hjó á háls Helga svá at þegar tók af  
35 höfuðit. Flosi gekk þá at dyrum ok mælti at Njáll skyldi

ganga til máls við hann ok svá Bergþóra. þau görðu svá.  
 Flosi mælti 'utgöngu vil ek þér bjóða Njáll bóndi því at  
 'þú brennr úmakligr inni'. Njáll mælti 'eigi vil ek út  
 'ganga því at ek em maðr gamall ok lítt til búinn at hefna  
 'sona minna enn ek vil eigi lifa við skömm'. Flosi mælti 5  
 til Bergþóru 'gakk þú út húsfreyja því at ek vil þik fyrir  
 'engan mun inni brenna'. Bergþóra mælti 'ek var ung  
 'gefin Njáli: hefi ek því heitit honum at eitt skyldi ganga  
 'yfir okkr bæði'. síðan gengu þau inn. Bergþóra mælti  
 'hvat skulu vit nú til ráða taka?' Njáll svaraði 'ganga 10  
 'munu vit til hvílu okkarrar ok leggjaz niðr'. Síðan mælti  
 hún við sveininn Þórð Kára son 'þik skal bera út ok  
 'skalt þú eigi inni brinna'. 'hinu hefir þú mér heitit amma'  
 sagði sveinninn 'at vit skyldim aldri skilja ok skal svá  
 'vera því at mér þykkir miklu betra at deyja með ykk 15  
 'enn lifa eptir'. síðan bar hún sveininn til hvílunnar.  
 Njáll mælti við brytja sinn 'nú skaltu sjá hvar vit leggj-  
 'umz niðr ok hversu ek býg um okkr; því at ek ætla  
 'hæðan hvergi at hræraz hvárt sem mér angrar reykr eða  
 'bruni: mantu þá nær geta hvar beina okkarra er at leita'. 20  
 hann sagði at svá skyldi vera. uxa einum hafði slátrat  
 verit ok lá þar húðin. Njáll mælti við brytjann at hann  
 skyldi breiða yfir þau húðina ok hann hét því. þau leggjaz  
 niðr bæði í rúmit ok leggja sveininn í milli sín. þá signdu  
 þau sik ok sveininn ok fálu önd sina guði á hendi ok 25  
 mæltu þat síðast. þá tók brytinn húðina ok breiddi yfir  
 þau ok gekk út síðan. Ketill ór Mörk tók í móti honum  
 ok kippti honum út. hann spurði vandliga at Njáli mági  
 sínum enn brytinn sagði allt hit sanna. Ketill mælti  
 'mikill harmr er at oss kveðinn er vèr skulum svá mikla 30  
 'úgæfu saman eiga'. Skarphæðinn hafði seit er faðir hans  
 hafði niðr lagiz ok hversu hann hafði um sik búit; hann  
 mælti þá 'snimma ferr faðir várr í hvílu ok er þat sem  
 'ván er — hann er maðr gamall'. Þá tóku þeir Skarp-  
 hæðinn ok Kári ok Grímr brandana jafnskjótt sem ofan 35

duttu ok slöngðu út á þá ok gekk því um hrið. Þá skutu þeir spjótum inn at þeim; enn þeir tóku öll á lopti ok sendu út apr. Flosi bað þá hætta at skjóta því at oss ‘munu öll vápnaskipti þungt ganga við þá: meguð er vel

5 ‘bíða þess er eldrinn vinnr þá’. Þeir gördðu nú svá. Þá féllu ofan stórviðirnir ór ræfrinu. Skarphédinn mælti ‘nú man faðir minn dauðr vera ok hefir hvárki heyrt til ‘hans styn nè hósta’. Síðan gengu þeir í skálaendann: þar var fallit ofan þvertréit ok var brunnit mjök í miðju.

10 Kári mælti til Skarphédins ‘hlaup þú hér út ok man ek ‘beina at með þér enn ek man hlaupa þegar eptir ok ‘munu vit þá bádir í braut komaz ef vit breytum svá því ‘at hingat leggr allan reykin’. Skarphédinn mælti ‘þú ‘skalt hlaupa fyrri — enn ek man þegar á hæla þér’.

15 ‘ekki er þat ráð’ sagði Kári ‘því at ek má vel komaz ‘annars staðar út þótt hér gangi eigi’. ‘eigi vil ek þat’ sagði Skarphédinn ‘hlaup þú út fyrri — enn ek man þegar ‘eptir’. ‘þat er hverjum manni boðit at leita sér lífs’ sagði Kári ‘ok skal ek svá göra; enn þó man sá skilnaðr með

20 ‘okkr verða at vit munum aldri sjáz síðan: ef ek hleyp ‘út ór eldinum þá man ek eigi hafa skap til at hlaupa ‘inn apr til þín í eldinn ok man þá sína leið fara hvárr ‘okkarr’. Skarphédinn mælti ‘þat hlægir mik ef þú kemz ‘í braut mágr at þú mant hefna vár’. Þá tók Kári einn

25 stökk loganda í hönd sér ok hleypir út eptir þvertrénu — slöngvir þá stokkinum út af þekjunni ok fellr hann ofan at þeim er úti váru fyrir: þeir hljópu allir undan: þá loguðu klæðin öll á Kára ok svá hárit: hann steypir sér út af þekjunni ok stiklar svá með reykinum. Þá mælti

30 maðr einn ‘hvárt hljóp þar maðr út af þekjunni?’ ‘fjarri ‘fór þat’ sagði annarr ‘ok kastaði Skarphédinn þar eldi- ‘stokki at oss’. síðan grunuðu þeir ekki. Kári hljóp til þess er hann kom at læk einum ok kastaði sér í ofan ok slökkti á sér eldinn. Þaðan hljóp hann með reykinum í

35 gróf nökkverja ok hvildi sik ok er þat síðan kölluð Kára-

gröf. Nú er at segja frá Skarphéðni at hann hljóp út á þvertréit þegar eptir Kára. enn er hann kom þar sem mest var brunnit þvertréit þá brast niðr undir honum. Skarphéðinn kom fótum undir sik ok ræð þegar til í annat sinn ok rennr upp vegginn. þá reið at honum brúnássinn 5 ok hrataði hann inn aþr. Skarphéðinn mælti þá 'sèit 'er nú hversu vera vill'. gekk hann þá fram at hliðvegginum. Gunnarr Lamba son hljóp upp á vegginn ok sér Skarphéðin ok mælti 'hvært grætr þú nú Skarphéðinn?' 'eigi er þat' sagði Skarphéðinn 'enn hitt er satt at súrnar 10 'í augunum; enn svá sýniz mér sem þú hlæir, eða hvært 'er svá?' 'svá er víst' sagði Gunnarr 'ok hefi ek aldri 'fyr hlegit síðan þú vátt Þráin á Markarfljóti'. Skarphéðinn mælti 'þá er þer hér nú minjagriprinu' — tók jaxl ór þussi sínum er hann hafði höggvit ór Þráni ok 15 kastaði í auga Gunnari svá at þegar lá úti á kinninni: féll Gunnarr þá ofan af þekjunni. Skarphéðinn gekk þá til Gríms bróður síns: hélduz þeir þá í hendr ok tráðu eldinn; enn er þeir komu í miðjan skálann þá féll Grímr dauðr niðr. Skarphéðinn gekk þá til enda hússins. þá varð 20 þrestr mikill: reið þá ofan öll þekjan: varð Skarphéðinn þá þar í millum ok gaffhlaðsins: mátti hann þaðan hvergi hræraz. þeir Flosi váru við eldana þar til er mornat var mjök. þá kom þar maðr einn ridandi at þeim. Flosi spurði hann at nafni. hann nefndiz Geirmundr ok kvez 25 vera frændi Sigfúss sona ok mælti 'er hafð mikit stórvirki 'unnit'. Flosi svaraði 'bæði munu menn þetta kalla stórvirki ok illvirki; enn þó má nú ekki at hafa'. Geirmundr mælti 'hversu mart hefir hér fyrirmanna látiz?' Flosi svaraði 'hér hefir látiz Njáll ok Bergþóra ok synir þeira 30 'allir, Þórðr Kára son ok Kári Sölmundar son, Þórðr 'leysingi — enn þá vitu vér úgörla um fleiri menn þá 'er oss eru úkunnari'. Geirmundr mælti 'dauðan segir 'þú þann nú er vér höfum hjalat við í morgin'. 'hverr 'er sá?' sagði Flosi. 'Kára Sölmundar son fundu vit Bárðr 35

'búi minn' sagði Geirmundr 'ok fékk Bárðr honum hest  
 'sinn, ok var brunnit af honum hárit ok svá klæðin'. 'hafði  
 'hann nökkvat vápna?' sagði Flosi. 'hafði hann sverðit  
 'Fjörsvafni' sagði Geirmundr 'ok var blánaðr annarr egg-  
 5 'teinninn ok sögðu vit at dignat mundi hafa; enn hann  
 'svaraði því at hann skyldi herða í blóði Sigfúss sona eða  
 'annarra brennumanna'. Flosi mælti 'hvat sagði hann til  
 'Skarphéðins eða Gríms?' 'á lífi sagði hann þá báða þá  
 'er þeir skildu' sagði Geirmundr 'enn þó kvað hann þá  
 10 'nú mundu báða dauða'. Flosi mælti 'sagt hefir þú oss  
 'þá hluti er oss man eigi setugrið bjóða; því at sá maðr  
 'hefir nú á braut komiz er næst gengr Gunnari at Hlíð-  
 'arenda í öllum hlutum. skuluð er nú ok þat hugsa Sigfúss  
 'synir ok aðrir várir menn, at svá mikit eptirmál man  
 15 'verða um brennu þessa at margan mann man þat göra  
 'höfuðlausan enn sumir munu ganga frá öllu fénu. grunar  
 'mik nú þat at engi yðvarr Sigfúss sona þori nú at sitja  
 'í búi sínu ok er þat þó mikil várkunn: vil ek nú bjóða  
 'yðr öllum austr til mín ok láta eitt ganga yfir oss alla'.  
 20 þeir þökkðu honum.

## XXXVI.

### ÚR LÖGUM.

#### 1. LÖGSÖGUMANNS-ÞÁTTUR.

Svá es enn mælt at sá maðr skal vesa nökkurr ávallt á landi óru es skyldr sè til þess at segja lög mönnum ok 5 heitir sá lögsögumaðr. Enn ef lögsögumanns missir við, þá skal ór þeim fjórðungi taka mann til at segja þingsköp upp hit næsta sumar es hann hafði síðast heimili í. Menn skulu þá taka sèr lögsögumann ok sýsla þat föstudag hvern vesa skal áðr sakar sè lýstar. þat es ok vel ef 10 allir menn verða sáttir á einn mann. enn ef lögréttumaðr nökkurr stendr við því es flestir vilja ok skal þá hluta í hvern fjórðung lögsaga skal hverfa. enn þeir fjórðungsmenn es þá hefir hlutr í hag borit skulu taka lögsögumann þann sem þeir verða sáttir á, hvárt sem sá es ór 15 þeira fjórðungi eða ór öðrum fjórðungi nökkurum, þeira manna es þeir megu þat geta at. nú verða fjórðungsmenn eigi á sáttir ok skal þá afl ráða með þeim. enn ef þeir eru jafnmargir es lögréttusetu eigu es sinn lögsögumann vilja hvárir þá skulu þeir ráða es byskop sá fellr í fullting 20 með es í þeim fjórðungi es. nú eru lögréttumenn nökkurir þeir es nita því es áðrir vilja, fái engi mann sjálfir til lögsögu ok eigu enskis þeira orð at metask. lögsögumann á í lögréttu at taka þá es menn hafa ráðit hvern vesa skal, ok skal einn maðr skilja fyrir enn áðrir gjalda sam- 25



kvæði á, ok skal þrjú sumur samfast hinn sami hafa nema menn vili eigi breytt hafa. Ór þeiri lögrétu es lögsögumaðr es tekinn skulu menn ganga til lögbergs ok skal hann ganga til lögbergs ok setjask í rúm sitt ok skipa

5 lögberg þeim mönnum sem hann vill; enn menn skulu þá mæla málum sínum. Þat es ok mælt at lögsögumaðr es skyldr til þess at segja upp lögþáttu alla á þimr sumrum hverjum enn þingsköp hvert sumar. lögsögumaðr á upp at segja sýknuleyfi öll at lögbergi — svá at meiri

10 hlutr manna sè þar, ef því umb náir — ok misseristal ok svá þat ef menn skulu koma fyrr til alþingis enn tíu vikur eru af sumri ok tína imbrudagahald ok föstuíganga, ok skal hann þetta allt mæla at þinglausnum. þat es ok at lögsögumaðr skal svá görla þáttu alla upp segja at

15 engi viti einna miklugi görr. enn ef honum vinnsk eigi fróðleikr til þess þá skal hann eiga stefnu við fimm lögmennt hin næstu dægr áðr eða fleiri þá es hann má helzt geta af áðr hann segi hvern þátt upp; ok verðr hvern maðr útlagr þimr mörkum es úlofat gengr á mál þeira

20 ok á lögsögumaðr sök þá. Lögsögumaðr skal hafa hvert sumar tvau hundruð álna vaðmála af lögréttufjám fyrir starf sitt. hann á ok útleððir allar hálfar þær es á alþingi eru dæmðar hér, ok skal dæma eindaga á þeim öllum annat sumar hér í bóanda kirkjugarði miðvikudag í mitt

25 þing. útlagr es hvern maðr þimr mörkum es sè lætr dæma ef hann segir eigi lögsögumanni til ok svá hverir dómsuppsögu-váttar hafa verit. þat es ok þá es lögsögumaðr hefir haft þrjú sumur lögsögu ok skal hann þá segja upp þingsköp hit fjórða sumar föstudag hinn fyrri í þingi.

30 þá es hann ok lauss frá lögsögu ef hann vill. Nú vill hann hafa lögsögu lengr ef aðrir unna honum, þá skal hinn meiri hlutr lögréttumanna ráða. þat es ok at lögsögumaðr es útlagr þimr mörkum ef hann kömr eigi til alþingis föstudag hinn fyrri, áðr menn gangi til lögbergs,

at nauðsynjalausu; enda eigu menn þá at taka annan lögsögumann ef vilja.

## 2. LÖGRÉTTU-ÞÁTTUR.

Lögrétta skulu vér ok eiga ok hafa hér hvert sumar á alþingi ok skal hón sitja í þeim stað ávallt sem lengi 5 hefir verit. Þar skulu þallar þrír vesa umbhverfis lögréttuna svá viðir at rúmliga megi sitja á hverjum þeira fernar tylptir manna. Þat eru tólf menn ór fjórðungi hverjum es lögréttusetu eigu ok lögsögumaðr umb fram, svá at þar skulu ráða lögum ok lofum: þeir skulu allir sitja á 10 miðpalli ok þar eigu byskopar várir rúm. Þeir menn tólf eigu lögréttusetu ór Norðlendingafjórðungi es fara með goðorð þau tólf es þar váru þá höfð es þeir áttu þing fjögur enn goðar þrír í hverju þingi. enn í öllum fjórðungum öðrum þá eigu menn þeir níu lögréttusetu ór 15 fjórðungi hverjum es fara með goðorð full ok forn þau es þá váru þrjú í várþingi hverju es þing váru þrjú í fjórðungi hverjum þeira þriggja; enda skulu þeir allir hafa með sér mann einn ór þingi hverju hinu forna svá at þó eignisk tólf menn lögréttusetu ór fjórðungi hverjum. 20 enn forn goðorð Norðlendinga öll eru fjórðungi skerð at alþingisnefnu við full goðorð önnur öll á landi hér. Þat es ok umb þá menn alla es svá eigu lögréttusetu sem nú vas tínt, at þeira hverr á at skipa tveim mönnum í lögrétta til umbráða með sér, öðrum fyrir sér enn öðrum 25 á bak sér, ok sínum þingmönnum: þá verða þallar skipaðir til fulls ok fernar tylptir manna á hverjum palli. — Engir menn skulu sitja fyrir innan palla þá es lögrétta es rudd nema þeir es mál eigusk við — enn sitja ávallt þess á milli, ok á lögsögumaðr at skipa rúm þat. út frá pöllum 30 á alþýða at sitja. Þeim einum mönnum es rétt at standa upp at lögrétta, þá es þar skal kæra lög eða lof, es umb mál manna skulu mæla ok þeim öðrum es yztir eru þeira es þar eru komnir. útlagr es hverr þrimr mörkum es

eigi görir svá, ok á sá sök es vill. Enn ef menn troðask svá mjök at lögrétu fyrir öndkost eða göra þar hrang þat eða háreysti at fyrir því afglapask mál manna ok varðar þat fjörbaugsgarð sem öll þingsafglöpun. Ef þeir  
 5 menn koma til lögrétu es þar eigu setur enn aðrir hafa sezk í rúm þeira þá skulu þeir beiða sér rúma ok es hinum vitislaust ef þeir ganga þá í braut. enn ef þeir hira við þá es rúms es beitt ok varðar þat þriggja marka útlegð. þá skal eigandi beiða setu sinnar með vátta ok  
 10 varðar þat fjörbaugsgarð ef þá es varnat. þat eru allt stefnusakar ok skal kveðja níu heimilisbúa þess es sótr es til fjörbaugssaka enn fimm til útlegðar. — þat es ok at lögrétta skal út fara drottinsdaga báða í þingi ok þinglausnadag ok ávallt þess í milli es lögsögumaðr vill eða  
 15 meiri hlutr manna ok í hvert sinn es menn vilja ryðja lögrétu. þar skulu menn rétta lög sín ok göra nýmæli ef vilja. þar skal beiða mönnum sýknuleyfa allra ok sáttaleyfa þeira allra es einkalofs skal at beiða ok margra lofa annarra svá sem tint es í lögum. þat skal allt metask  
 20 svá í lögrétu sem lofat sé es engi maðr neitir sá es lögréttusetu á enda veri engi lýriti fyrir utan lögrétu. Hverr maðr þeira es lögréttusetu á skal göra annat tveggja umb leyfi hvert at játa eða níta; útlagr es hann ella þrimr mörkum. Ef menn biðja lofa í lögrétu svá at þeir  
 25 menn eru úgörla þar komnir eða á braut gengnir es lögréttusetu eigu enn þó eru fernar tylptir manna eða fleiri þá má lögsögumaðr skipa því liði í rúm þeira manna es setur eigu til fulls ok útlagask hverr es synjar þess. nú verðr miðpallr alskipaðr þá skal lögsögumaðr nefna sér  
 30 vátta 'í þat vætti' skal hann kveða 'at þessir sitja allir í 'lögrétu at mínu ráði ok réttir til þess at fylla lög ok 'lof: nefni ek þetta vætti at lögum hveim es njóta þarf'. enda skulu þá verða lof öll jafnföst þar sem goðar sæti sjálfir ok fyrir þeim einum skulu hinir upp risa es áðr

sátu. — Þat es ok at þat skulu lög vesa á landi hér sem á skrám standa. enn ef skrár skilr á ok skal þat hafa es stendr á skróm þeim es byskopar eigu. nú skilr enn þeira skrár á þá skal sú hafa sitt mál es lengra segir þeim orðum es máli skipta með mönnum. enn ef þær 5 segja jafnlangt ok þó sitt hvár þá skal sú hafa sitt mál es í Skálaholti es. þat skal allt hafa es finnsk á skró þeiri es Hafliði lét göra nema þokat sé síðan enn þat eitt af annarra lögmanna fyrirsögn es eigi mæli því í gegn ok hafa þat allt es hitzug leifir eða glöggra es. Nú 10 þræta menn umb lögmál ok má þá ryðja lögrétu til ef eigi skera skrár ór. enn svá skal at því fara at beiða með vátta goða alla at lögbergi ok lögsögumann at þeir gangi í lögrétu ok í setur sínar 'at greiða lögmál þetta 'svá sem héðan frá skal vesa: beiði ek lögbeiðing' skal 15 sá kveða es reyna vill. ef nökkurir þeir menn es setur eigu göra eigi ganga í rúm sín es þeir vitu at lögrétu skal ryðja ok varðar þat fjörbaugsgarð sem önnur þingsafglöpun — enda es rétt at telja goðann þá hvern útlagan þrimr mörkum ok ór goðorði sínu; þat varðar ok allt 20 slíkt hit sama þeim mönnum öllum es lögréttusetu eigu at gegna at lögrétu þeiri sem þá skylda lög til. á lengr es goðar koma í setur sínar þá skal hverr þeira skipa manni á pall fyrir sik enn öðrum manni á hinn yzta pall á bak sér til umbráða. síðan skulu þeir menn es þar 25 eigusk mál við tína lögmál þat es þá skilr á ok segja til þess hvat í deilir með þeim. þá eigu menn síðan at meta mál þeira til þess es þeir hafa ráðinn hug sinn umb þat mál ok spyrja síðan alla lögréttumenn þá es á miðpalli sitja [at skýra þat] hvat hverr þeira vill lög umb þat mál. 30 síðan skal hverr goði segja hvat lögin mun kalla ok með hvárum hverfa at því máli, ok skal afl ráða. enn ef þeir eru jafnmargir lögréttumenn hvarirtveggju es sitt, kalla lög hvarir vesa þá skulu þeir hafa sitt mál es lögsögu-

maðr es í liði með. enn ef aðrir eru fleiri þá skulu þeir  
 ráða, ok skulu hváirtveggju vinna vefangseið at sínu  
 máli ok fela undir eið sinn at þeir hyggja þat vesa lög  
 umb þat mál sem þeir fylgja at ok kveða á af því þat sé  
 5 lög. nú es nökkurr lögréttumaðr svá sjúkr eða sárr at sá má  
 eigi úti vesa þá skulu þeir hváirtveggju sækja orð hans  
 til búðar ok segja hvat í deilir með þeim; enn hann skal  
 eið vinna slíkan sem aðrir ok kveða á þat með hvárum  
 hann vill hverfa. enn ef þá es lögréttumaðr nökkurr  
 10 úmáli eða úviti eða andaðr es þessa máls þarf ok skal  
 sá maðr í stað hans es dómnafnu átti upp at taka ef hans  
 væri þá við misst. nú lýsa lögréttumenn hug sinn ok  
 verða þeir tólf eða fleiri es lið hafa minna þá skulu þeir  
 es færi eru saman vinna eiða at sínu máli. þá verða  
 15 hinir es lið hafa meira ok skyldir at vinna eiða at sínu  
 máli svá at þeir sveri manni fleiri eða tveimr hit fæsta  
 ef lögsögumaðr es í hinni minni sveit; enn ef þeir metask  
 eiða við í hinu meira liði ok skulu þeir hluta með sér  
 nema þeir vili allir sverja. nú verða þeir færi saman  
 20 enn tólf es lið hafa minna þá eru þeir þegar af sínu máli  
 ok eru engir menn ór hinu meira liði þá skyldir at vinna  
 eiða at móti eiðum þeira es færi eru saman enn tólf.  
 ef þeir eru nökkurir lögréttumenn es með hvárungi látask  
 vesa munu eða varna þeir annarra skila umb þau mál ok  
 25 varðar þat allt slíkt sem áðr vas tint, ok á sá þeira sakar  
 þær es þær eigusk mál við es heldr vill sækja til fullra  
 laga. enn ef hvárrgi vill sækja þá á sök þá hvarr es  
 vill. enda skal lögsögumaðr skipa rúm þeira manna  
 es þær göra lögskil fyrir sek ok taka mann ór várþingi  
 30 því es glöpin kömr ef þat má; enda varðar þá hverjum  
 fjörbaugsgarð es synjar þess. enn ef lögsögumaðr kann  
 þær eigi menn fyrir í þá sveit þá skal hann beiða sam-  
 þingisgóða þess es skila varnar at þeir fái honum mann  
 í stað svá at þá megi í því fylla lögrétu ok varðar þá



slikt þeim es þess synjar sem hinum es glöp görði. nú vill engi samþingisgoðanna skil göra þá skal beiða manna í annat þing ok í hit þriðja ef eigi fæsk áðr; enda eigu þá jafnmikit þeira orð at standask sem annarra lögréttumanna. þat es ok at (einn) hvern maðr skal tína við 5. vátta lögmál þat es afl fæsk til enn allir skulu samkvæði gjalda á. síðan skal upp segja at lögbergi. þat es ok skylt þeim mönnum öllum es lögréttusetu eigu at fylla uppsögu ávallt es lögsögumaðr vill lög upp segja hvárt sem þat es at lögbergi eða í lögrétu ok þótt í kirkju 10 sè ef veðr es úsvást úti. enn ef nökkurir lögréttumenn hafa eigi tóm til þess þá skulu þeir menn tveir heyra á uppsögu fyrir hvern þeira es til þess eru teknir af þeim at sitja á pöllum í lögrétu. nú es at hvarugi gaumr gefinn þá megu ekki standask þeira lögréttumanna orð 15. es svá skipa á sama sumri þar es umb þat lögmál es þrætt es þá vas upp sagt enda varðar þriggja marka útlegð ok eigu aðrir lögréttumenn sök þá ok skal stefna at lögbergi ok kveðja til heimilisbúa fimm þess es sótt es. Enn lögsögumaðr á at skipa lögberg ok útlagask 20 þeir þrimr mörkum es at úlofi hans sitja þar. nú bjóða menn þau úskil lögsögumanni at láta hann eigi ná setu sinni eða þá menn es hann hefir einnefnda til þess at sitja at lögbergi með sér ok varðar þat fjörbaugsgarð ok skal þat sækja sem aðra þingsafglöpun. — Þess es lög- 25 sögumaðr skyldr at segja öllum þeim es hann spyrja hér lögmál bæði hér ok heima enn esat hann framar skyldr sakráða við menn. Hann skal ok upp segja þingsköp hvert sumar ok aðra þáttu alla svá at þeir verði upp sagðir á þrimr sumrum hverjum ef meiri hlutr manna vill 30 hlýtt hafa. föstudag hinn fyrri í þingi skal þingsköp ávallt upp segja ef menn hafa tóm til at hlýða. þat varðar allt þriggja marka útlegð lögsögumanni ef hann eysir eigi af hendi þau skil öll es hann es skyldr til at



nauðsynjalausu ok á sá maðr þá útlegð hálfá es sækir  
enn hálfá dómendr. enn ef lögsögumaðr görir þau úfjöt  
nökkur es meiri hlutr manna vill kalla þingsafglöpun ok  
varðar honum þat fjörbaugsgarð. þat es ok at á því  
5 einu várþingi á hann útlegðir es hann heyr sjálf.

### 3. UM ERFÐIR.

Ef maðr andask á Saxlandi eða sunnar at þat fè skal  
eigi láta virða áðr þat kömr til Danmarkar. enn ef þar  
es hætt fè hans eða fjörvi þá skal í Noregi. Ef maðr  
10 andask á Englandi eða í Eyjum vestr eða í Dýflinni at  
þat fè skal eigi virða áðr hann kömr þar es úhætt sé fè  
hans ok fjörvi. Nú kömr hann í Noreg með fèt ok es  
annarr maðr þar skyldri þá skal hann láta út ganga fèt  
at lögum. hann skal hafa ávöxtinn allan þann es orðinn  
15 es þangat til hvargi es hann tók. Ef maðr ferr út af  
Danmörk eða af öðrum löndum enn ór Noregi með dánarfè  
ok treystisk hann eigi at láta virða fèt þá skal hann  
heimta til skipverja þá es hann vill þegar er þeir eru í  
haf komnir ok segja þeim hvè mikit fè þat es ok nefna  
20 vitni at því at hann tekr fè þat til ábyrgðar, ok eignask  
hann þá vöxtu á fènu slíka sem hann tæki í Noregi at  
lögum ef hann fær þann kvið at hann myndi virða láta  
fè þat ef hann kvæmi til Noregs ok vissi hann þat at  
hann myndi ná út at hafa fyrir Noregsmanna sökum.

# XXXVII.

## ÚR VÖLUSPÁ.

<p>1. <i>Hljóðs bið ek allar helgar kindir, meiri auk minni mögu Heimdallar:</i> 5 “<i>ulðo</i>” at ek “<i>ualfavþ</i>” vel fur telja fornspjöll fíra þau es fremst <i>umb man.</i></p> <p>2. <i>Ek man jötna</i> 10 ár umb borna þá es forðum mik fædda höfðu; níu man ek heima, níu íviði, 15 mjötvið mæran fur mold neðan.</p> <p>3. <i>Ár vas alda</i> þar es Ýmir byggði,</p>	<p>vasa sandr nè sær nè svalar unnir, 20 jörð fannsk æva nè upphiminn, gap vas ginnunga enn gras hvergi.</p> <p>4. <i>Áðr Burs synir</i> 25 bjöðum umb yppðu, þeir es Miðgarð mæran skópu: sól skein sunnan á salar steina; 30 þá vas grund gróin grænum lauki.</p> <p>5. <i>Sól varp sunnan,</i> sinni mána, hendi hinni hægri 35 <i>umb himin “iodýr” - - -</i></p>
------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

1—16: RH. 2 - - - kindir R. 5 *uldo* ~ *ulðu* R; *villtu* H. *ualfavþ* § *vafödrf* H. 6 *fur* § fram H. 8 es § er ek H. 14 *íviði* § *íudur* H.

17—24: RHruw. 17 *alda* § *halda* r. 18 þat (þar u) er ekki var \* ruw. 20 unnir § vnd<sup>7</sup> u. 21 æva § é r, eī u. 24 gras hvergi § gras (gs — ǰ o: grass? — r) ekki \* Hrw.

25—36: RH. 25 *Burs* § borf H. 26 *bjöðum* = *biöðu* R, *biöðu* H. 27-28 *miðgarð mæran* (*mæran* = *mæran* ∞ *mætan* R) § *mæran* *miðgarð* H. 36 of - - - *iodur* ~ of - - - *iodor* H.

<p>6. - - - sól þat nè vissi hvar hón sali átti, stjörnur þat nè vissu</p> <p>40 hvar þær staði áttu, máni þat nè vissi hvat hann megin átti.</p> <p>7. Þá gengu regin öll á rökstóla,</p> <p>45 ginnheilug guð, auk umb þat gættusk - - -</p> <p>8. - - - nátt auk niðjum nōmn umb gáfu, morgin hetu</p> <p>50 auk <i>miðjan</i> dag, undurn auk aptan — árum at telja.</p> <p>9. Hittusk æsir á <i>Íðavelli</i>,</p> <p>55 þeir es hörg auk hof hátimbruðu, afla lögðu,</p>	<p>auð smíðuðu, <i>tangir</i> skópu auk tól görðu. 60</p> <p>10. Tefldu í túni, teitir váru, vas þeim vettugis vant úr gulli — unz þrjár kvámu 65 þursa mayjar, ámáttkar mjök, úr Jötunheimum.</p> <p>11. Þá g. r. _____ : hverr skyldi dverga 70 drótt of skepja úr brinni blóðgu auk úr Bláins leggjum.</p> <p>12. Þar vas Móðsognir mæztr umb orðinn 75 dverga allra, enn Dürinn annarr:</p>
-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

37—42: RHruw. 39-42 máni þ. nè v. h. h. m. á., stjörnur þ. nè v. h. þ. s. á. \* ruw.

43—68: RH. 55-56 afls kostuðu, *alls freistuðu* \* H.

69—73: RHruwx. 70 \* R, u (SnE. II 260<sub>3</sub>), w, x; at s. d. \* r, u (SnE. II 260<sub>1</sub>); hver flýlldv dugar H. 71 doot of skepja r, drott of skepja (∞ fkegia) w, drott vf (∞ vp) fkeggia x, drof v spekia u; drott<sup>7</sup> fkepia H; drotin fcepia R. 72 or þmif bloði R. 73 z or bla- | enf leggiu. w, z ur blaenf leggiu. x, ok or blaenf (∞ blaenf) leggiu H, z blám<sup>7</sup> leciū. u, z or blam fleciū. r; z or blám (∞ blam) leciū R.

74—77: RH. 74 þar mot | fogu<sup>7</sup> R. (75 orðinn \* 264-65 sá es undinn salr orma hryggjum.)

	þeir mannlíkun	<i>Ask auk Emblu</i>	100
	mörg umb görðu	örlöglausa.	
80	dvergar í jörðu,	16. Önd þau né áttu,	
	sem Dúrin sagði. —	óð þau né höfðu —	
	13. Mál es dverga	lá né læti,	
	í Dvalins liði	né litu góða:	105
	ljóna kindum	önd gaf Ódinn,	
85	til Lófars telja —	óð gaf <i>Hæmir</i> ,	
	þeir es sóttu	lá gaf Lóðurr	
	frá salar steini	auk litu góða.	
	aurvanga sjót	17. Ask veit ek standa —	110
	til Jöruvalla.	heitir Yggdrasill	
90	14. ——— þat man uppi,	hár baðmr — ausinn	
	meðan öld lifir,	hvíta auri:	
	langniðja tal	þaðan kuma döggar	
	Lófars hafat - - -	þærs í dala falla:	115
	15. Unz þrír kvámu	stendr æ yfir grœnn	
95	úr þí liði	Urðar brunni.	
	öflgir auk ástkir	18. Þaðan kuma mayjar	
	æsir at húsi —	margs vitandi	
	funðu á landi	þrjár, úr þeim sæ	120
	litt megandi	es und þolli stendr - - -	

78—81: RHruwx. 78 þeir § þar \* r, w (þar), x. mannlíkun § manlíkan H. 79 mörg of (af x) görduz \* rwx. 80 dvergar § dūga H. í § or R. jörðu § iorðu w, iordum x. 81 sem þeim dýrinn kendi. u.

82—109: RH. 86 þeir § þm̄ H. 88 aurvanga liavtt R, orvanga liot H. 90 man § man æ H. 94 þrír > þriár (R), þriar (H). 95 þulla brud<sup>r</sup> H. 96 \* R (ástkir > aftgir); aaltk̄ ok oflg<sup>r</sup> H. 101 orlavg lavla R, orluglaufa H.

110—17: RHruwx. 110-13 Ask ——— Yggdrasill, hár, borinn, heilagr, hvíta auri \* u; A. v. ek ausinn — heitir Yggdrasill (yggd<sup>r</sup> hllf r) hár baðmr heilagr — hvíta auri \* rw(x). 116 stendr hann æ yf<sup>r</sup> grv̄n r; stendr | yvir greim u.

118—60: RH. 120 sæ § tal H. 121 und § -a H.

19. Urð hétu eina  
aðra Verðandi  
skáru á skiði  
125 Skuld hina þriðju:  
þær lög lögðu,  
þær lif kuru,  
alda börnum,  
örlög seggja.
- 130 20. Þat man hón fólkvíg  
fyrst í heimi,  
es Gullveig  
geirum studdi - - -  
21. - - - auk í höll Hárs
- 135 hana brenndu:  
þryssvar brenndu  
þryssvar borna —  
opt, úsjaldan;  
þó hón enn lifir.
- 140 22. Heiði hana hétu,  
hvars til húsa kvam,  
“úolo uel spá”:  
“uttu” hón ganda;  
seið hón kunni —  
145 “feip hō leikn”;  
æ vas hón angan  
illrar brúðar.
23. Þá g. r. ——— :  
hvárt skyldu æsir  
afráð gjalda 150  
eðr skyldu guðin öll  
gildi eiga.  
24. Flaygði Óðinn  
auk í fólk umb skaut:  
þat vas enn fólkvíg 155  
fyrst í heimi.  
brotinn vas borðveggr  
borgar ása.  
knáttu Vanir vígspá  
völlu sporna. 160  
25. Þá g. r. ——— :  
hverr hefði lopt allt  
lævi blandit,  
eða ætt jötuns  
Óðs may gefna. 165  
26. Þórr einn þar vá,  
þrunginn móði;  
hann sjaldan sitr  
es hann slíkt umb fregn:  
á gengusk eiðar, 170  
orð auk særi —  
mál öll meginlig  
es á meðal fóru.

129 orlog at legna H. 133 studdi § stvddv R. 142 ok völu  
vel spá H. 143 uttu § uti H. 144 feid hon hvarf hon kunni H.  
145 \* R (feip ~ feip); feid h° hogleikn H. 146 angan R; angann  
H. 147 brúðar = þiðdar. (R), brúðar (H). 156 fyrst § fyr H.  
161—73: RHruv. 162 hverr § hvir R. lopt allt § lopt  
u. 165 Óðs § ofk u. 166-73 \* RH (vá = vaa H[\* u]; v̄ R.  
fóru \* Rru; voru H); Á g. e., o. ok s. — m. ö. “meginhk” er á  
m. f.: þórr einn þar vá, þr. m.; h. sj. s. er hann sl. of fr. \* u;  
Agengvz eiþar orð z sære mal avll meginlig er a | meðal forv. þor

	27. Veit hón Heimdallar	“z fpa   ganda” - - -	
175	hljóð umb fólgit	sá hón vítt auk umb vítt	200
	undir heiðvönum	of veröld hverja.	
	helgum baðmi.	32. Sá hón valkyrjur	
	á sér hón ausask	vítt umb kumnar,	
	aurgum forsi	görvar at riða	
180	af veði Valföðrs.	til guðþjóðar - - -	205
	vituð er enn eða hvat?	33. Skuld hélt skildi	
	28. Ein sat hón úti	enn Skögul önnur —	
	þá es hinn aldni kvam	Gunnr, Hildir, Göndul	
	yggjungr ása	auk Geirskögul.	
185	auk í augu leit - - -	nú eru talðar	210
	29. - - - hvers fregnið mik?	nönnur Herjans,	
	hvi freistið mín? - - -	görvar at riða	
	30. Allt veit ek Óðinn	grund, valkyrjur.	
	hvar þú auga falt:	34. Ek sá Baldri,	
190	í hinum mæra	blóðgum “tivor”,	215
	Mímis brunni.	Óðins barni,	
	drekkur mjöð Mímir	örlög fólgin:	
	morgin hverjan	stóð umb vaxinn	
	af veði Valföðrs.	“vollo” hæri	
195	vituð er enn eða hvat?	mjór auk mjök fagr	220
	31. Valdi henni Herföðr	mistilteinn.	
	hringa auk men,	35. Varð af þeim meiði,	
	“fe spioll fpaclig	es mér sýndisk,	

ein þat van þrvngn moþi. hann fialdan ftr er hann | flukt of fregn.  
 r; - - - þorr æin þat va (< vann) þrvngū moði hann fialdan | ftr  
 er hann flukt of fregn. w.

174—81: RII. 179 aurgum = avrgō (R), ǫrgū (H).

182—87: R.

188—95: Rruwx. 189 þú § á r. 190 í § í þeim \* u;  
 vr þeim r (\* drekkur 192). 191 Mímis § mími<sup>l</sup> x. 192 mjöð §  
 moð (o: möð o: mjöð) r. Mímir § mí<sup>n</sup> x. 194 Valföðrs § v.  
 R; valffavþ u.

196—237: R.



	harmflaug hættlig:	umb eitrdala	
225	Höðr nam skjóta.	söxum auk sverðum:	
	Baldrs bróðir	Slöðr heitir sú - - -	
	vas of borinn snimma:	39. Stóð fur norðan	250
	sá nam Óðins sunr	á Niðavöllum	
	einnætr vega.	salr úr gulli	
230	36. Þó hann æva hendr	Sindra ættar.	
	nè höfuð kembði	enn annarr stóð	
	áðr á bál umb bar	á "okolni" —	255
	Baldrs andskota.	bjórsalr jötuns;	
	Enn Frigg umb grèt	enn sá Brimir heitir.	
235	í Fensölum	40. Sal sá hón standa	
	vá Valhallar.	sólu fjarri	
	vituð èr enn eða hvat?	Náströndu á —	260
	37. Hapt sá hón liggja	norðr horfa dyrr:	
	undir hvera lundi	fëllu eitrdropar	
240	"lægiarn lic"	inn umb ljóra:	
	Loka áþekkjan.	sá es undinn salr	
	þar sitr Sigyn	orma hryggjum.	265
	þaygi umb sínum	41. Sá hón þar vaða	
	ver vel glýjuð.	þunga strauma	
245	vituð èr enn eða hvat?	menn meinsvara	
	38. Á fellr austan	auk morðvarga	

238—41: R. § þa kna vala vígbond (— vígdeild) ~~~~~|ua helldr v̅  
hardgior høft or þormū H.

242—45: RH.

246—57: R. 251 = anþa f̅ollō (\* Gylfaginning 52).

258—69: RHruwx. 258 sá hón § l̅~~~~ hon H; veit ek \*  
ruw (258 Salr veit e° [ft̅u̅a <] stendr x). 260 nástravndv̅; á u.  
261 nord² dyr horfa. x. 262 fëllu § falla \* Hruwx. 266-69  
Sa ho þar \_\_\_\_\_ m̅ m̅orð vargar<sup>a</sup> | meinf̅ vara z. R; Ser hon þar  
\_\_\_\_\_ m̅n meinf̅vara ok morðv̅~~~~ H; — Skulu þar \_\_\_\_\_  
menn meinsvara ok morðvargar (mord úga x) \* rwx; Skolv þar  
\_\_\_\_\_ meñ meinf̅varar z morþingar. u.

α) ~ vargar<sup>°</sup>.

270 auk þannar annars glepr ayra rúnu - - - 42. - - - þar saug Niðhögg nái fram gengna; sleit vargr vera.	veðr öll válynd. vituð er enn eða hvat? 45. Sat þar á haugi auk sló hörpu gýgjar hirðir "gladr egþér": gól umb hánum í gaglviði fagrrauðr hani sá es Fjalarr heitir.	290 295
275 vituð er enn eða hvat? 43. Austr sat hin aldna í Járnviði auk fœddi þar Fenris kindir.	46. Gól umb ásum Gullinkambi: sá vegr hölða at herja fœðrs. enn annarr gelr fur jörð neðan sótrauðr hani at sölum Heljar. 47. Gayr Garmr mjök fur Gnúpahelli.	300 305
280 verðr af þeim öllum einna nakkvarr tungls tjúgari í trölls hami. 44. Fyllisk fjörvi		
285 feigra manna, rýðr ragna sjöt rauðum drayra: svart var þá sólskin umb sumur eptir —		

270—71: RH. 271 éyrna runa H.

272—73: RHruwx. 272 þar § þa r. saug \* R (l'vg), H (avg); kveir \* ruwx. 273 gengna § gēga r.

274—75: RH.

276—91: RHruw. 276 sat § býr \* Hruw. aldna § arma u. 277 ~~~~~iarnviði H, 1 iánviðu w. 278 fœddi § fœðir \* Hruw. 281 einna § ima u. 282 tjúgari § ~~~~~ | garu H, tgaru u. 288 svört verða sólskin \* Hruw. 290 veðr oll ualvnd w, vþr | avll valvð r, vþr oll va. ly. u. 291 utv þ' em en eðr hvat H; v. enn z. h. u.

292—315: RH. 295 glaðr egd<sup>r</sup> H. 296 gol ýf<sup>r</sup> - - - H. 297 igalgudi H. 299 en ~ en | ~~~~~ lað heit<sup>r</sup> H. 300 umb § yf<sup>r</sup> H. 302 fa uecr havlþa at hjarar R. 304 gelr § ~~~~~ H. 309 Gnúpahelli § gnup~~~~ | helli H.

- 310 Festr man slitna  
enn freki rinna.  
Fjöld veit hún fræða,  
fram sè ek lengra,  
umb ragnarök
- 315 rōmm sigtíva.  
48. Bræðr munu berjask  
auk at bönum verðask.  
munu systrungar  
sifjum spilla - - -
- 320 49. Hart es í heimi —  
hórdómr mikill,  
skeggöld, skálmöld,  
skildir ru klofnir,  
vindöld, vargöld —
- 325 áðr veröld stappisk:  
man engi maðr  
öðrum þyrma.
50. Leika Míms synir  
enn mjötuðr kyndisk  
at hinu gamla 330  
Gjallarhorni - - -  
51. Hátt blæss Heimdallr —  
horn es á lopti.  
Mælir Óðinn  
við Míms höfuð - - - 335  
52. Skelfr Yggdrasils  
askr standandi —  
ymr hit aldna trè;  
enn jötunn losnar - - -  
53. - - - "hræðaz allir 340  
"a helvegū  
"aðr ~~~ | ~~~  
"f~~~ of gleyþ".  
54. Hvat es með ásum?  
hvat es með álfum? - - - 345

312 fræða = froða (R). 312-13 fram̄ fe ek lengra | fjöld kañ  
ek segja H. 315 sigtíva § figtíva R.

316—25: RIIruw. 317 verðask § verða \* Ru. 320 í heimi  
§ með höldum \* rw. 322 skeggöld = fceg avld (R), SkeG olld  
(u), fkeggoll (H); fkeggollld (r), fkeggjollld (w). 323 ru klofnir  
(= ro klofn̄ R) § klofna u, klofnir \* Hrw. 325 áðr § vndz u.

326—27: RIIu. 326 man § grund<sup>r</sup> galla gífr flugandi man H.

328—31: RII. 329 mjötuðr = mīotvðr (R), mīotvðr (II).  
330 hinu gamla (= hínv gamla II) § en (< enu) galla R.

332—39: RIIruwx. 332 blæss § blæf x. 333 horn er alopt|r.  
334 Mælir § mer (∞ mey) r. 335 Míms § mīmif u, mīmínf x.  
336-39 ymr íþ aldna tre en iotvñ losnar (eelfr yedrafíll afer ft-  
andandi. R. 338 aldna § alna r, alna u. 339 æfir év | a þingi.  
u (\* 347).

340—43: H.

344—45: RIIruwx. 345 hvat m; afyñiv̄. u. — 344-68 §  
352-68, 344-51 R.

	55. Gnýr allr Jötunheimr.	enn Loki stýrir.	
	Æsir ru á þingi - - -	fara fiðmegir	365
	Stynja dvergar	með freka allir.	
	fur steindurum	þeim es bróðir	
350	veggbergs vísir.	“bý leipz” í för.	
	vituhð er enn eða hvat?	59. Surtr ferr sunnan	
	56. Gayr nú G. — - -	með sviga lævi:	370
	57. Hrymr ekr austan,	skinn af sverði	
	hefisk lind fyrri.	sól valtíva.	
355	Snýsk jörmungandr	grjótbjörg gnata	
	í jötunmóði:	enn gifr hrata;	
